

Niðurstöður starfshóps um faglega heildarendurskoðun
á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæði
og verndunarsvæði á Íslandsmiðum – **lokaskýrsla**
til Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Reykjavík, 5. september 2018

EFNISYFIRLIT	bls.
ÁGRIP	3
1. INNGANGUR	11
2. ENDURSKOÐUN ALMENNRA REGLUGERÐA	13
3. ENDURSKOÐUN SÉRVEIÐILEYFA	15
3.1 SÉRVEIÐILEYFI FYRIR TEGUNDIR Í AFLAMARKI	15
3.2 SÉRVEIÐILEYFI VEGNA DRAGNÓTAVEIÐA	19
4. KJÖRHÆFNI VEIÐARFÆRA	29
4.1. FISKIBOTNVARPA	29
4.2. HUMARVARPA	35
4.3. RÆKJUVARPA	35
5. LOKANIR VEIÐISVÆÐA	41
5.1. VIÐMIÐUNARMÖRK	43
5.2. SVÆÐALOKANIR Á GRUNNSLÓÐ	43
5.3. AÐRAR SVÆÐALOKANIR	71
6. FRÍÐUNARSVÆÐI – VERNDUN BÚSVÆÐA	73
7. NÆSTU SKREF	83
8. SÉRVERKEFNI	85
8.1. STÆRÐARMÖRK FISKISKIPA	85
8.2. EYRARBAKKABUGUR	97
9. FYLGISKJÖL	99
Verkefni starfshópsins	
1. Umsögn Farmanna- og fiskimanasambands Íslands	101
2. Umsögn Landsambands smábátæigenda	103
3. Umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi	105
4. Samantekt tillagna um svæðalokanir í umsögnum	109
Sérveiðileyfi	
5. Greinargerð Fiskistofu	113
6. Greinargerð Hafrannsóknastofnunar	113
7. Ályktun aðalfundar Samtaka dragnótamanna	115
8. Umsögn SFS v. deilistofna	117
9. Umsögn SFS v. tegundir innan lögsögu	117
10. Athugasemd LS v. útgáfu sérveiðileyfa	119
Rækjuvarpa – útbúnaður	
11. Greinargerð Hafrannsóknastofnunar v. smárækju- og fiskiskilju ofl.	119
12. Greinargerð Hafrannsóknastofnunar v. vörpupoka og skiljur	121
Síld- og loðnuveiðar með flotvörpu	
13. Umsögn SFS	123
14. Umsögn Hafrannsóknastofnunar	125
Gildi lokana veiðisvæða	
15. Greinargerð Hafrannsóknastofnunar	127
Viðmiðunarmörk	
16. Greinargerð Hafrannsóknastofnunar	135
Kjörhæfni botnvörpu	
17. Greinargerð Hafrannsóknastofnunar	137
Hrygningarstopp	
18. Erindi SFS til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis	145
19. Greinargerð Hafrannsóknastofnunar	147

Lokanir svæða á grunnslóð – innsendar tillögur/athugasemdir	149
<i>Eftir kynningarfund</i>	
20. Frá formönnum þriggja svæðisfélaga LS við Faxaflóa (I)	149
21. Frá Halldóri G. Ólafssyni, Skagaströnd	149
<i>Í kjölfar tillagna starfshópsins</i>	
22. Frá formönnum þriggja svæðisfélaga LS við Faxaflóa (II)	151
23. Frá Bárði Guðmundssyni, formanni SSÚ	153
24. Frá stjórn Snæfells félags smábátaeigenda á Snæfellsnesi	155
25. Frá stjórn Eldingar félags smábátaeigenda í Ísafjarðarsýslum	157
26. Frá stjórn Skalla, félags smábátaeigenda á Norðurlandi vestra	159
27. Frá smábátasjómönnum á Borgarfirði eystra	161
28. Frá Guðlaugi Birgissyni, stjórnarm. í Fél. smábátaeigenda á Austurlandi	161
29. Frá Gauta Jóhannessyni, sveitarstjóra á Djúpavogi	162
30. Frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (I)	163
31. Frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (II)	163
Stærðarmörk fiskiskipa	165
32. Umsögn Hampiðjunnar	165
33. Umsögn FFSÍ	165
34. Umsögn SFS	167
35. Umsögn Samtaka dragnótamanna	169
36. Umsögn Samtaka smærri útgerða	169
37. Umsögn Fiskistofu	171
38. Umsögn Sjómannasambands Íslands	173
39. Umsögn Landssambands smábátaeigenda	175
40. Umsögn Hafrannsóknastofnunar	179
VIÐAUKI - REGLUGERÐASAFN	183

ÁGRIP

Haustið 2015 skipaði sjávarútvegs- landbúnaðarráðherra starfshóp til að gera faglega heildarendurskoðun á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæða og verndunarsvæða á Íslandsmiðum. Í skipunarbréfinu kom fram að ákveðið hafi verið að skipa sérstakan vinnuhóp um vinnuna með aðild Hafrannsóknastofnunar, Fiskistofu og ráðuneytis.

Samhliða kynnti ráðherra, með bréfi, fyrir helstu hagsmunaaðilum í sjávarútvegi og undirstofnunum ráðuneytisins, fyrrgreind áform og að samtökum og stofnunum yrði gefinn kostur á að koma á framfæri við ráðuneytið skriflegum athugasemdum við núverandi fyrirkomulag og hvað megi bæta. Þá kom fram í bréfinu að hagsmunaaðilar yrðu fljótlega boðaðir til fundar með starfshópnum.

Umsagnir og tillögur bárust frá þremur aðilum, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landsambandi smábátaeigenda og Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (fylgiskjöl 1, 2 og 3).

Starfshópurinn vann verkáætlun og ákvað að skipta verkefnum í eftirtalda verkþætti:

1. V-I: Endurskoðun almennar reglugerða
2. V-II: Endurskoðun sérveiðileyfa
3. V-III: Kjörhæfni veiðarfæra
4. V-IV: Gildi skyndilokana og reglugerðir um lokun veiðisvæða
5. V-V: Friðunarsvæði – verndun búsvæða
6. V-VI: Önnur verkefni, næstu skref

V-I: Endurskoðun almennra reglugerða

Starfshópurinn skilaði fyrstu tillögum, til ráðuneytisins, í maí 2016. Þær tillögur voru að:

- uppfæra og endurútgefa 13 stofnreglugerðir með 59 breytingum. Með aðgerðinni yrðu 72 stofn- og breytingareglugerðir að 13 reglugerðum.
- sameina og endurútgefa tvær stofnreglugerðir varðandi kóralsvæði í eina reglugerð.
- sameina og endurútgefa þrjár stofnreglugerðir með fjórum breytingum varðandi friðun veiðisvæða á hrygningartíma, í eina reglugerð. Með þeirri aðgerð yrðu sjö stofn- og breytingareglugerðir að einni reglugerð.
- fella brott þrjár stofnreglugerðir.

Ofangreindar tillögur miðuðu að því að fækka reglugerðum um 69, úr 84 stofn- og breytingareglugerðum í 15 reglugerðir. Meirihluta tillagnanna hefur verið framfylgt.

V-II: Endurskoðun sérveiðileyfa

Starfshópurinn skilaði tillögum til ráðuneytisins, í apríl 2017 um útgáfu sérveiðileyfa vegna veiða á sjö tegundum sem allar eru í aflamarki.

Sérveiðileyfi til veiða á tegundum innan lögsögu.

Starfshópurinn lagði til að fallið yrði frá kröfu um sérstakt leyfi til veiða á tegundum sem háðar væru aflamarki og veiddar væru innan lögsögu. Umrædd sérveiðileyfi voru til veiða á:

- gulllaxi.
- íslenski sumargotssíld með vörpu.
- hörpudisk.
- innfjarðarækju.

Krafa um sérveiðileyfi til veiða á fyrrgreindum tegundum hefur verið afnumin.

Sérveiðileyfi til veiða úr deilistofnum.

Starfshópurinn lagði til að við útgáfu árlegra reglugerða um veiðar á eftirtöldum tegundunum deilistofna, yrði fallið frá áskilnaði um sérveiðileyfi. Umrædd sérveiðileyfi eru til veiða á:

- kolmuna.
- norsk-íslenski síld.
- úthafskarfa (Reykjaneshryggur).

Sérveiðileyfi til dragnótaveiða.

Starfshópurinn skilaði tillögum í maí 2017 varðandi útgáfu sérveiðileyfa vegna dragnótaveiða og lokana veiðisvæða fyrir dragnót.

Það var niðurstaða starfshópsins að engin efnisleg rök stæðu til að viðhalda útgáfu svæðisbundinna sérveiðileyfa til veiða með dragnót. Afnám sérveiðileyfis til veiða með dragnót, eitt og sér, myndi ekki hafa áhrif á aðrar reglur sem í gildi eru s.s. varðandi veiðitímabil, veiðiskip, gerð og búnað veiðarfæris og veiðisvæði.

Lokanir veiðisvæða fyrir dragnót

Starfshópurinn tók til skoðunar svæðisbundnar lokanir fyrir dragnót sem voru í eftirtöldum reglugerðum:

1. reglugerð nr. 1062/2013, um bann við dragnótaveiðum í fjörðum Vestfjarða og út af Ströndum.
2. reglugerð nr. 780/2015, um bann við dragnótaveiðum fyrir Norðurlandi.
3. reglugerð nr. 1063/2013, um dragnótaveiðar fyrir Norðausturlandi og Austfjörðum.
4. reglugerð nr. 1065/2013, um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi.
5. reglugerð nr. 1066/2013, um dragnótaveiðar í Faxaflóa.

Það var mat starfshópsins að engin efnisleg verndunar- eða fiskifræðileg rök lögju að baki ákvörðunar um lokun flestra þessara svæða. Starfshópurinn lagði því til að öll ákvæði varðandi framangreind bannsvæði yrðu felld úr gildi að undanskildu ákvæði í reglugerð nr. 1066/2103 um lokun uppeldissvæða skarkola í Hafursfirði í Faxaflóa. Tillagan tekur ekki til svæða þar sem veiðar eru bannaðar vegna hrygningar nytjastofna, verndunar ungviðis eða verndunar búsvæða.

Samhliða tillögu starfshópsins var bent á að rétt væri að samráð yrði haft við sveitarfélög á viðkomandi svæðum áður en hún kæmi til framkvæmda þar sem önnur efnisleg sjónarmið en starfshópurinn tók tillit til gætu verið gild.

V-III: Kjörhæfni veiðarfæra

Tillaga starfshópsins varðandi reglur um fiskibotnvörpu:

Ákvæði um útbúnað fiskibotnvörpu er að finna í reglugerð nr. 543/2002, um möskvastærðir- og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri.

Það er mat starfshópsins að í meginatriðum séu þrjár leiðir færar varðandi endurskoðun reglna um fiskibotnvörpu.:

- A. að uppfæra reglur á grunni núverandi reglna þ.e. tiltaka nánast allt, sem er heimilt eða bannað, bæði hvað varðar gerð og uppsetningu botnvörpunnar.
- B. að vera með svæðisbundnar reglur um lágmarksmöskvastærð (pokalínur) ásamt reglum um gerð og uppsetningu botnvörpunnar.
- C. að leyfa útgerðum og skipstjórum að útfæra og þróa sín veiðarfæri sjálf, en gera strangar kröfur um að ekki séu stundaðar skaðlegar veiðar (veiðar á ungvíði eða veiðar sem valda umtalsverðu raski á botni eða lífríki þess).

Samkvæmt fyrirliggjandi rannsóknum á kjörhæfni fiskibotnvörpu er ljóst að umtalsverður munur er á kjörhæfni tiltekinnar möskvastærðar miðað við einstakar fisktegundir. Þá eru fjölmörg önnur atriði en möskvastærð (lágmarks- eða hámarksmöskvi) sem hafa áhrif á kjörhæfni. Efnisgerð (stíf- og sverleiki garns), uppsetning þ.e. lega möskva (upptaka, leggur eða síða), fjöldi byrða, ummál poka, slaki í neti o.fl. getur einnig haft mikil áhrif á kjörhæfni vörpunnar. Gífurleg þróun m.a. í kjölfar aukinna rannsókna Hafrannsóknastofnunar og framleiðanda veiðarfæra hefur gert það að verkum að nánast ógerlegt er að ná utan um öll möguleg tilvik er varða uppsetningu og efnisgerð fiskibotnvörpu.

Hugmyndir um pokalínu eða svæðisbundnar reglur um lágmarksmöskva hafa margsinnis komið fram hjá togaraskipstjórum, en erfitt hefur reynst að afmarka svæði þar sem gilda ættu sérákvæði um lágmarksmöskva. Það er bæði vegna þess að fisktegundir færa sig um set vegna breyttra umhverfisþátta sem og að á flestum veiðisvæðum, a.m.k. hluta úr ári, getur aflinn verið mjög tegundablandaður.

Í ljósi þess sem að framan greinir leggur starfshópurinn til að núverandi reglum um fiskibotnvörpu verði breytt í þá veru að fellt verði út ákvæði um lágmarksmöskva, sem í dag er 135 millimetrar. Einnig að fellt verði út ákvæði um smáfiskaskilju sem og margvíslegar reglur um styrktarbúnað á poka.

Samhliða því að ákvæði um lágmarksmöskvastærð verði fellt úr gildi leggur starfshópurinn til að bætt verði við viðurlagaheimild í lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, þar sem kveðið verði á um heimild til að áminna og síðan svipta skip veiðileyfi þegar um er að ræða ítrekuð tilvik um skaðlegar veiðar (smáfiskaveiðar).

Starfshópurinn bendir á að verði ráðist í framangreindar breytingar þarf samhliða að huga að breytingum á regluverki og framkvæmd veiðieftirlits í samvinnu við Fiskistofu og Landhelgisgæslu.

Tillaga starfshópsins varðandi reglur um humarvörpu:

Starfshópurinn leggur til að sameina reglugerð um humarveiðar og ákvæði um humarvörpur í reglugerð nr. 543/2002. Slík sameining væri til einföldunar, ekki síst fyrir sjómenn og útgerðarmenn sem stunda humarveiðar.

- Starfshópurinn telur að ekki séu forsendur fyrir breytingum á reglum um lágmarksmöskva humarvarpa þ.e. *lágmarksmöskvastærð í netþaki humarvörpu skal vera 135 mm en 80 mm í öðrum hlutum vörpunnar*, né á reglum um notkun leggglugga við veiðar á humri.
- Starfshópurinn hvetur til frekari rannsókna til að skilja í sundur fisk og humar í veiðarfærinu. Slíkt myndi vafalítið bæta aflameðferð humars og reyndar einnig alls meðafla.

Tillaga starfshópsins varðandi reglur um rækjuvörpu:

Það er mat starfshópsins að sameining reglugerða um rækjuveiðar, rækjuvörpur og rækjuskiljur, eða eftir atvikum brottfall, væri til einföldunar.

- Ekki þóttu vera forsendur til að leggja til breytingar á reglum um lágmarksmöskva rækjuvarpa þ.e. *45 mm í vængjum aftur að þaki (miðneti) og 36 mm í öðrum hlutum vörpunnar*.
- Lagt er til að notkun þvernetspoka verði gerð að skyldu í stað smárækjuskilju eða leggþoka. Samhliða verði reglugerð um smárækjuskilju felld brott.
- Lagt er til að skylt verði að nota seiðaskilju við allar rækjuveiðar, seiðaskilju með að hámarki 19 mm teinabili innan viðmiðunarlínu og með að hámarki 22 mm teinabili utan viðmiðunarlínu.
- Lagt er til að stærðartakmarkanir vegna rækjubáta sem stunda veiðar á innfjarðarækju verði afnumdar eða í það minnsta rýmkaðar. Slík breyting myndi auka öryggi og aðbúnað áhafnar og möguleika á betri aflameðferð.

V-IV: Lokanir svæða til verndunar ungvíðis

Tillaga starfshópsins varðandi viðmiðunarmörk:

Starfshópurinn tekur undir tillögu Hafrannsókanstofnunar um viðmiðunarmörk vegna lokana veiðisvæða. Að viðmiðunarmörk fyrir þorsk, ýsu og ufsa verði við 50% af fjölda, í stað 25% í þorski og 30% í ýsu og ufsa, en lengdarmörk verði óbreytt (55 cm í þorski og ufsa og 45 cm í ýsu).

Tillaga starfshópsins varðandi lokanir veiðisvæða á grunnslóð:


Samráð var haft við sjómannafélög um allt land vegna hugmynda starfshópsins um lokanir veiðisvæða á grunnslóð.

Byggt á innsendum tillögum og athugasemdum sem og gögnum um skyndilokanir á grunnslóð vegna línu- og handfæraveiða á undanförunum árum leggur starfshópurinn til að neðangreindum svæðum verði lokað með reglugerð. Starfshópurinn leggur til að reglugerðin gildi tímabundið til tveggja til þriggja ára og árangur lokannanna metin að þeim tíma liðnum.

Tillögur starfshópsins – sjá mynd 1.

1. **Tillaga starfshópsins, byggt á sögu skyndilokana.**
Svæði í sunnanverðum Faxaflóa fyrir veiðum með línu (lokað 1/1. – 1/3.).
2. **Tillaga starfshópsins, byggt á sögu skyndilokana.**
Svæði vestur af Akranesi fyrir veiðum með línu og handfærum (lokað 1/5. – 31/7.).
3. **Innsend tillaga staðkunnugra sjómanna.**
Svæði á Búðargrunni fyrir veiðum með línu og handfærum (lokað 1/7. – 31/1.).
Breyting á reglugerð nr. 1044/2012 (svæðismörkum – svæði stækkað og gildistíma breytt).

4. **Innsend tillaga staðkunnugra sjómanna.**
Svæði út af Búlandshöfða fyrir veiðum með línu og handfærum (lokað 1/7. – 31/1.).
Breyting á reglugerð nr. 810/2009 (svæðismörkum – svæði minnkað og gildistíma breytt).
5. **Innsend tillaga staðkunnugra sjómanna.**
Svæði við Breka fyrir veiðum með línu og handfærum (lokað 1/7. – 31/1.).
6. **Innsend tillaga staðkunnugra sjómanna.**
Svæði á norðanverðum Breiðafirði fyrir veiðum með línu, handfærum og fiskibotnvörpu (lokað 1/7. – 31/1.). Breyting á reglugerð nr. 193/2007 (svæðismörkum – svæði stækkað, gildistíma og veiðarfærum breytt).
7. **Tillaga starfshópsins, byggt á sögu skyndilokana.**
Svæði út af Skálavík fyrir veiðum með línu (lokað 1/10. – 31/12.).
8. **Innsend tillaga staðkunnugra sjómanna.**
Svæði við norðanverðan Skaga fyrir veiðum með línu og handfærum (lokað 15/5. – 31/7.).
9. **Innsend tillaga staðkunnugra sjómanna.**
Svæði norður af Vatnsnesi fyrir veiðum með línu og handfærum (lokað 15/5. – 31/7.).
10. **Tillaga starfshópsins, byggt á sögu skyndilokana.**
Svæði út af Gjögurum fyrir veiðum með handfærum (lokað 15/5. – 31/7.).
11. **Tillaga starfshópsins, byggt á sögu skyndilokana.**
Svæði norðan við Langanes fyrir veiðum með handfærum (lokað 15/5. – 31/7.).
12. **Tillaga starfshópsins, byggt á sögu skyndilokana.**
Svæði við og suður af Glettinganesi fyrir veiðum með handfærum (lokað 15/5. – 31/7.).
13. **Innsend tillaga staðkunnugra sjómanna.**
Svæði fyrir sunnaverðum Austfjörðum fyrir veiðum með handfærum (lokað 15/5. – 15/7.) Breyting á reglugerð nr. 588/2015 (svæðismörkum breytt – svæði minkað).




Mynd 1. Tillaga starfshópsins að svæðalokunum á grunnslóð (blá svæði) og gildandi reglugerðir vegna lokana svæða fyrir veiðum með línu og/eða handfærum (gul svæði).

V-V: Friðunarsvæði – verndun búsvæða

Tillögur starfshópsins um friðunarsvæði - verndun búsvæða

Reglugerð nr. 310/2007, um friðunarsvæði við Ísland hefur verið nánast óbreytt frá 1993 og hluti svæðanna hafa verið lokað mun lengur. Starfshópurinn leggur til að hluti þeirra svæða verði skilgreindur sem verndunarsvæði (mynd 2). Svæðin eru fjögur fyrir Vesturlandi, norðaustur af Horni, fyrir Norðausturlandi og á Langanesgrunni. Þessar tillögur byggja á skýrslu Hafrannsóknastofnunar "Svæði innan landhelgi Íslands og viðkvæm vistkerfi" sem unnin var að beiðni ANR vegna vinnu starfshóps á vegum þriggja ráðuneyta um verndarsvæði í hafi.



Mynd 2. Reglugerð 310/2007, starfshópurinn leggur til að hluti þessara svæða verði skilgreindur sem verndunarsvæði. Svæðin eru fjögur: Fyrir Vesturlandi grænt nr. 1, norðaustur af Horni gult nr. 2, fyrir Norðausturlandi gult nr. 5 og á Langanesgrunni gult nr. 6.

Í samræmi við umsögn Hafrannsóknastofnunar leggur starfshópurinn til að svæðalokanir til verndunar þorsks á hrygningartíma, svokallað Hrygningarstopp, verði áfram í gildi. Jafnframt er lagt til að áfram verði í gildi reglur um friðun vegna hrygningar skarkola, steinbíts og blálöngu og svæðum til verndunar kóröllum.

Starfshópurinn leggur til að allar reglugerðir sem kveða á um að varpa skuli búin smáfiskaskilju á ákveðnum tilgreindum svæðum, eða notaður skuli poki með 155 mm möskvastærð, svokölluð skiljusvæði, verði felldar úr gildi.

Sum svæði til friðunar á ungfiski hafa verið lokað í meira en áratug án þess að hafa verið könnuð. Starfshópurinn leggur til að þau verði könnuð og að ákvarðanir um framhald lokana verði teknar á grundvelli niðurstaðna slíkra kannana.

V-VI: Næstu skref

Tillaga starfshópsins varðandi einföldun reglna um svæðalokanir:

Starfshópurinn telur mikilvægt að einfalda regluverkið varðandi lokanir svæða fyrir veiðum með tiltekin veiðarfæri eða til veiða á tilteknum tegundum. Þó ráðuneytið hafi þegar framkvæmt hluta af tillögum starfshópsins um sameiningu og einföldun reglugerða sem starfshópurinn lagði fram í maí 2016 þarf þó að fara í enn frekari vinnu við sameiningu og einföldun reglugerða.

Hægt er að einfalda reglurnar með sameiningu einsleitra reglugerða. Sameining allra reglugerða er varða bann við veiðum með fiskibotnvörpu í eina reglugerð yrði til mikillar einföldunar. Það sama á einnig við um reglugerðir er varða bann við veiðum með línu. Slíkar breytingar yrðu til hagsbóta fyrir alla aðila þ.e. bæði útgerðar- og sjómenn en einnig þá sem sinna eftirliti með viðkomandi veiðum. Einföldun með sameiningu reglugerða á einnig við um aðrar reglugerðir sem banna veiðar með tilteknu veiðarfæri þó fjöldi þeirra sé ekki sambærilegur og um veiðar með fiskibotnvörpu eða línu.

Það er einnig hægt að auðvelda þeim sem eiga að vinna eftir reglunum aðgengi að reglunum með markvissari hætti. Starfshópurinn fékk mjög víða ábendingar um að regluverkið væri flókið og óaðgengilegt. Það sé í raun mjög erfitt að fá heildaryfirsýn yfir hvaða reglur séu í gildi á hverjum tíma. Einnig var gagnrýnt að ekki sé í boði að færa upplýsingar um t.d. lokuð svæði (hnit) með rafrænum hætti í siglingatæki fiskiskipa. Slíkar upplýsingar þurfi hver skipstjóri fyrir sig að slá inn (handvirkt) um borð í sínu skipi.

Það væri æskilegt að til staðar væri, á einum stað, tæmandi listi yfir öll lög, reglugerðir og auglýsingar sem í gildi eru. Hluta þessara reglna dugir að birtast í textaskjali, en lögum og reglugerðum um veiðar, veiðisvæði og verndunarsvæði þarf, ásamt textaskjalinu, að fylgja kort af viðkomandi svæði. Slík kort þarf að vera tæknilega einfalt og auðvelt að hlaða niður í siglingatæki um borð í bátum og skipum.

1. INNGANGUR

Vorið 2013 samþykkti þáverandi ríkisstjórn aðgerðaáætlun um einfaldara og skilvirkara regluverk fyrir atvinnulífið og sérstaklega tekið upp í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að einfalda regluverk. Líta má svo á að þessi skýrsla sé unnin í anda þessarar samþykktar.

Kerfið sem lýtur að því að stuðla að sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda s.s. verndun ungvíðis nytjastofa, veiðisvæða og viðkvæmra búsvæða hefur lítið breyst undanfarna áratugi. Grundvallarreglurnar er að finna í löggjöf á sviði fiskveiðistjórnunnar og ítarlegri efnisreglur eru útfærðar í reglugerðum. Sjávarútvegurinn er mjög reglusettt svið og um fiskveiðistjórn gilda fjölmargar reglugerðir. Kerfisins vegna er reglugerðum oft breytt. Af því leiðir að erfitt getur verið að fá heildarmynd af því hvaða reglur eru í gildi og regluverkið hefur ekki verið nægilega aðgengilegt fyrir þá aðila sem vinna í sjávarútvegi. Einnig er þörf á að endurskoða reglugerðir, forsendur þeirra og framkvæmd í ljósi þeirra miklu breytinga sem átt hafa sér stað á undanfönum árum við nýtingu sjávarauðlinda og almennra viðhorfa til umgengni við auðlindina. Mikilvægt er að gildandi reglugerðir taki mið af nýrri þekkingu, tækni og breytingum sem orðið hafa á stjórn fiskveiða.

Stofnreglugerðir á sviði sjávarútvegs eru flestar settar samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. eru þær um 150 talsins. Til viðbótar hafa verið gefnar út um 130 breytingar á stofnreglugerðunum.

Sjávarútvegs- landbúnaðarráðherra skipaði haustið 2015 starfshóp til að gera faglega heildarendurskoðun á regluverki er varðar notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum. Í skipunarbréfinu segir að ákveðið hafi verið að fela sérstökum vinnuhópi með aðild Hafrannsóknarstofnunar, Fiskistofu og ráðuneytis framkvæmd þessa verks.

Í skipunarbréfi ráðherra kemur fram að hlutverk starfshópsins sé að kanna, með hliðsjón af nýjustu þekkingu og umsögnum hagsmunaaðila, hvort þörf sé á að breyta, þ.m.t. einfalda og leita nýrra útfærslna á lögum og reglugerðum er þetta varðar. Var þar nefnt til leiðbeiningar kjörhæfni og veiðisvæði fiskibotnvörpu, humarveiðar, dragnót, veiðarfæri sem snerta botn, línu- og krókaveiðar, gildi skyndilokanna, uppsjávarveiði, tilraunaveiðar, áframeldisveiðar, plógveiðar og netaveiðar. Jafnframt er tekið fram að þessi atriði séu nefnd til viðmiðunar og á það lögð áhersla að þetta sé ekki tæmandi upptalning.

Í starfshópinn voru skipuð eftirfarandi:

Annas Jón Sigmundsson, formaður, sérfræðingur í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu
Björn Ævarr Steinarsson, þáverandi sviðsstjóri Veiðiráðgjafarsviðs hjá Hafrannsóknastofnun
Erna Jónsdóttir, lögfræðingur í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu
Guðmundur Jóhannesson, þáverandi deildarstjóri veiðieftirlitssviðs hjá Fiskistofu,
(Guðmundur tók svo formlega við sem starfsmaður starfshópsins í upphafi árs 2016)
Þorsteinn Sigurðsson, sviðstjóri Uppsjávarsviðs hjá Hafrannsóknastofnun

Starfshópurinn vann verkáætlun í samræmi við ofangreint skipunarbréf og ákvað að skipta verkefnunum í eftirtalda verkþætti:

Verkþáttur V-I: Endurskoðun almennra reglugerða

Verkþáttur V-II: Endurskoðun sérveiðileyfa

a. Tegundir innan lögsögu.

- b. Deilistofnar.
- c. Dragnót.

Verkpáttur V-III: Kjörhæfni veiðarfæra – möskvastærð, gerð og búnaður

- a. Fiskibotnvarpa.
- b. Humarvarpa.
- c. Rækjuvarpa.

Verkpáttur V-IV: Skyndilokanir og reglugerðir er varða lokanir veiðisvæða

- a. Hrygningarstopp.
- b. Viðmiðunarmörk.
- c. Lokanir veiðisvæða á grunnslóð.

Verkpáttur V-V: Friðunarsvæði – verndun búsvæða

Verkpáttur V-VI: Önnur verkefni – næstu skref

Samhliða skipun starfshópsins var hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma á framfæri skriflegum athugasemdum við núverandi regluverk og óskað eftir hugmyndum um úrbætur. Við vinnu sína hélt starfshópurinn jafnframt fjölda funda með hagsmunasamtökum útgerðarmanna og sjómanna og óskaði formlegra eftir umsögnum frá Hafrannsóknastofnun og Fiskistofu um nokkra verkþættina.

2. ENDURSKOÐUN ALMENNRA REGLUGERÐA

Í þessum verkhluta tók starfshópurinn til endurskoðunar þær reglugerðir sem ekki vörðuðu sérveiðileyfi, kjörhæfni veiðarfæra eða lokanir veiðisvæða. Í þessum verkhluta var ekki tekið á efnislegum breytingum, fyrst og fremst til einföldunar fyrir þá sem þurfa að þekkja innihald reglna.

Reglugerðir sem féllu undir þennan verkhluta eru:

- reglugerðir sem gerðar hafa verið ein eða fleiri breytingar á (þarfnast uppfærslu).
- reglugerðir sem eru einsleitir verði sameinaðar.
- reglugerðir sem hópurinn leggur til að felldar verði úr gildi.

Uppfærsla/endurútgáfa stofnreglugerða

1. Reglugerð nr. 163/1973, um hvalveiðar (10 breytingar).
2. Reglugerð nr. 299/1975, um fiskveiðilandhelgi Íslands (2 breytingar).
 - Lagt er til að gerð verði lögfræðileg úttekt á því hvort enn sé til staðar þörf á ákvæðum reglugerðarinnar og reglugerðin þá uppfærð með áorðnum breytingum ellegar felld úr gildi.
3. Reglugerð nr. 24/1998, um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga (1 breyting).
4. Reglugerð nr. 150/1998, um mælingar á fiskilestum (2 breytingar) og tilvísun til Siglingastofnunar breytt í Samgöngustofu.
5. Reglugerð nr. 224/2006, um vigtun og skráningu sjávarafla (13 breytingar).
6. Auglýsing nr. 240/2006, um grunnstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð (7 breytingar).
7. Reglugerð nr. 557/2007, um afladagbækur, er uppfærð í sérprentun (6 breytingar).
8. Reglugerð nr. 692/2008, um kostnað vegna sölu afla á uppboðsmarkaði samkvæmt 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 (2) breytingar).
9. Reglugerð nr. 549/2009, um leyfisskyldar frístundaveiðar (2 breytingar).
10. Reglugerð nr. 736/2009, um úthlutun aflaheimilda í þorski vegna tilrauna við föngun fisks til áframeldis og framkvæmd þess (3 breytingar).
 - Lagt er til að gerð verði lögfræðileg úttekt á því hvort þörf sé enn til staðar á ákvæðum reglugerðarinnar og reglugerðin þá uppfærð ellegar felld úr gildi.
11. Reglugerð nr. 205/2012, um botnfiskveiðar færeyskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi (4 breytingar).
12. Reglugerð nr. 433/2013, um stjórn veiða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) utan lögsögu ríkja (2 breytingar).
13. Reglugerð nr. 795/2013, um veiðar á sæbjúgum (5 breytingar).
 - Lagt er til að nokkur ákvæði reglugerðarinnar s.s.: ákvæði um vigtun, afladagbók og viðurlög, ásamt ákvæði til bráðabirgða verði tekin til athugunar hjá ráðuneytinu. Að því loknu yrði reglugerðin uppfærð með áorðnum (5) breytingum og endurútgefin.

Sameining/endurútgáfa stofnreglugerða

14. Reglugerð nr. 1140/2005, um verndun kóralsvæða við suðurströndina.
15. Reglugerð nr. 1095/2011, um verndun kóralsvæða út af Suður- og Suðausturlandi
 - Lagt er til að sameina þessar tvær reglugerðir um verndun kóralsvæða, ásamt bryttri uppsetningu (röðun svæða).
16. Reglugerð nr. 202/2004, um friðun blálöngu á hrygningartíma.

17. Reglugerð nr. 30/2005, um friðun hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð.
18. Reglugerð nr. 754/2010, um friðun steinbíts á hrygningartíma á Látragrundi.
 - Lagt er til að sameina þessar þrjár reglugerðir um friðun vegna hrygningar í eina reglugerð og jafnframt lagfæra rithátt hnita, bæta inn hnitum og athuga skilgreiningu á „kolanetum“.

Eftirtaldar reglugerðir yrðu felldar úr gildi;

19. Reglugerð nr. 18/1974, um róðrartíma fiskibáta frá Faxaflóa, Sandgerði og Grindavík.
 - Ákvæði reglugerðarinnar hafa ekki verið nýtt undanfarna áratugi.
20. Reglugerð nr. 16/1983, um róðrartíma frá Rifshöfn, Ólafsvík og Grundarfirði.
 - Ákvæði reglugerðarinnar hafa ekki verið nýtt undanfarna áratugi.
21. Reglugerð nr. 307/1999, um notkun seiðaskilju við rækjuveiðar á alþjóðlegu hafsvæði í Barentshafi.
 - Reglugerðin er samhljóða 10. gr. reglugerðar nr. 433/2013, um stjórn veiða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsveiðinefndarinnar (NEAFC) utan lögsögu ríkja og því ekki þörf fyrir sérstaka reglugerð lengur.

Samantekt á tillögum starfshópsins um einföldun almennra reglugerða:

- Uppfæra og endurútgefa 13 stofnreglugerðir með 59 breytingum, þannig yrðu 72 stofn- og breytingareglugerðir að 13 reglugerðum.
- Sameina og endurútgefa tvær stofnreglugerðir varðandi kóralsvæði í eina reglugerð.
- Sameina og endurútgefa þrjár stofnreglugerðir varðandi friðun á hrygningartíma, með fjórum breytingum í eina reglugerð, þannig yrðu sjö stofn- og breytingareglugerðir að einni reglugerð.
- Fella brott þrjár stofnreglugerðir þar sem efni þeirra hefur ekki gildi lengur.

Ofangreindar tillögur eru fyrst og fremst til að einföldunar á regluverkinu og miða að því að fækka reglugerðum um 69, úr 84 stofn- og breytingareglugerðum í 15 reglugerðir

Starfshópurinn skilaði ofangreindum tillögum til ráðuneytisins í maí 2016. Meirihluti þessara tillagna hefur komið til framkvæmda.

3. ENDURSKOÐUN SÉRVEIÐILEYFA

Í þessum verkhluta tók starfshópurinn til umfjöllunar útgáfu sérveiðileyfa og tilgang þeirra. Sérveiðileyfi eru gefin út af Fiskistofu og voru til u.þ.b. 25 tegundir sérveiðileyfa, en nokkur þeirra hafa ekki verið gefin út undanfarin ár af ýmsum ástæðum.

Meirihluti sérveiðileyfa eru vegna veiða á tilteknum tegundum sem ekki eru í aflamarki, vegna veiða íslenskra skipa í lögsögum erlendra ríkja og vegna veiða erlendra skipa í íslenski lögsögu. Starfshópurinn gerir ekki tillögu um niðurfellingu þeirra sérveiðileyfa.

Tekin voru til skoðunar átta sérveiðileyfi. Annars vegar sjö sérveiðileyfi sem gefin eru út til veiða á tegundum sem eru í aflamarki og veiddar eru innan og utan lögsögu og hins vegar eitt sérveiðileyfi sem gefið er út til veiða með tilteknu veiðarfæri innan lögsögu.

Fyrirgreind átta sérveiðileyfi eiga það sameiginlegt að óheimilt er að stunda viðkomandi veiðar nema hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og fullnægjandi aflaheimildir. Sérveiðileyfið eitt og sér veitir ekki heimild til að stunda veiðarnar.

3.1 SÉRVEIÐILEYFI FYRIR TEGUNDIR Í AFLAMARKI

a) Veiðistjórnun innan lögsögu

Fjögur sérveiðileyfi taka til veiða á nytjastofnum innan lögsögu og miðast útgáfa leyfanna alla jafna við fiskveiðiárið. Tvö þessara sérveiðileyfa eru einnig svæðisskipt þ.e. til veiða á hörpudiski og til rækjuveiða innfjarða, sérveiðileyfin fjögur eru að finna í eftirfarandi reglugerðum:

- reglugerð um veiðar á gulllaxi.
- reglugerð um veiðar á íslenski sumargotssíld.
- reglugerð um hörpudiskveiðar.
- reglugerð um rækjuveiðar innfjarða.

Framangreindar reglur um sérstakt leyfi frá Fiskistofu eru settar með stoð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Í ákvæðinu segir að sé þörf á að koma í veg fyrir staðbundna ofnýtingu á tilteknum stofni, óeðlilegan meðafla af öðrum tegundum en veiði beinist að eða önnur óæskileg áhrif veiða geti ráðherra ákveðið að veiðar úr tilteknum nytjastofni séu háðar leyfi Fiskistofu. Sama á við ef þörf er á að skipuleggja veiðar úr stofnum sem ekki er stjórnað með skiptingu heildarafla milli einstakra skipa sbr. 7. gr. laga nr. 38/1990 t.d. vegna óvissu um veiðiþol viðkomandi stofns.

b) Veiðistjórnun deilistofna

Þrjú sérveiðileyfi taka til veiða á deilistofnum og miðast við almanaksár og taka gildi samhliða árlegri útgáfu reglugerða þar að lútandi.

- Reglugerð um togveiðar á kolmuna.
- Reglugerð um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum.
- Reglugerð um veiðar úr úthafskarfstofnum (Reykjaneshryggur).

Framangreindar reglugerðir voru settar með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 151/1996, um veiðar utan lögsögu þar sem segir að ráðherra skuli binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum sé það nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands, til þess að fullnægja almennum ákvörðunum sem teknar eru með stoð í 3. gr. eða til að vernda hagsmuni Íslands sem kveðið er um á í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

Þegar veiðar á umræddum nytjastofnum hófust var skilyrði um sérveiðileyfi einn þáttur fiskveiðistjórnunarinnar. Eftir að þessir nytjastofnar voru settir í aflamark varð ekki sama þörf fyrir sérstöku leyfi til fyrrgreindra veiða. Þá má benda á að ekki eru útgefin sérveiðileyfi fyrir alla deilistofna því ekki er krafist slíks við veiðar úr loðnu-, gullkarfa eða grálúðustofnum.

Samráð við stofnanir og hagsmunaaðila

Óskað var umsagnar Hafrannsóknastofnunar, hvort einhver þörf væri fyrir útgáfu þessara átta tilteknu sérveiðileyfa (ofangreind sjö leyfi og leyfi til veiða með dragnót) með tilliti til fiskifræðilegra sjónarmiða. Einnig var óskað umsagnar Fiskistofu, um þörf á útgáfu þessara sérveiðileyfa með tilliti til veiðieftirlits, þ.m.t. aflaskráningar.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar (fylgiskjal 6) kom m.a. eftirfarandi fram:

„Alþjóðahafrannsóknaráðið og/eða Hafrannsóknastofnun veita ráðgjöf um hámarkskafla allra þeirra tegunda sem sérveiðileyfi gilda um og er aflamarki úthlutað til skipa á grunni þeirrar ráðgjafar. Í sumum tegundum er um fleiri en einn stofn/veiðisvæði að ræða og í þeim tilfellum er ráðgjöf veitt í samræmi við það. Hafrannsóknastofnun telur því ekki fiskifræðileg rök fyrir því að gefa út sérveiðileyfi vegna veiða á þessum tegundum né til veiða á ákveðnum svæðum.“

Í umsögn Fiskistofu (fylgiskjal 5) kom eftirfarandi fram:

„Fiskistofa telur ekki ástæðu til að gefa út sérveiðileyfi til að veiða tegundir sem eru í aflamarki út frá þörfum veiðieftirlits þar sem hægt er að fylgjast með veiðum og aflamagni þeirra tegunda í gegnum GAFL aflaskráningakerfi Fiskistofu. Það sama gildir um sérveiðileyfi sem eru að auki með svæðaskiptingu þar sem að veiðisvæði slíks afla eru jafnframt skráð í Gaflinn. Þó skal tekið fram að verndarsjónarmið gætu stutt útgáfu slíkra leyfa en Hafrannsóknastofnun er best til þess fallin að fjalla um þau sjónarmið.“

Í byrjun janúar 2017 fundaði starfshópurinn með Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), þar sem rætt var um gildi þeirra fjögurra sérveiðileyfa vegna veiða á tegundum sem sæta aflamarki innan lögsögu. Auk þess var sameining reglugerðar um rækjuveiðar innfjarða og reglugerðar um veiðar á rækjustofninum á miðunum við Snæfellsnes reifuð. Á fundinn mættu Kristján Þórarinsson og Steinar Ingi Matthíasson. Fram kom hjá fulltrúum SFS að vandfundin væru rök fyrir því að viðhalda útgáfu sérveiðileyfa til veiða á fyrrgreindum fjórum tegundum innan lögsögunnar. Jafnframt kom fram í máli SFS að í framhaldi fundarins myndi forusta SFS leita áhlits sinna félagsmanna og yrði starfshópurinn upplýstur um sjónarmið SFS að því loknu. Í þeirri umsögn sem barst starfshópnum á vormánuðum 2017 (fylgiskjal 9) er m.a. ítrekuð afstaða samtakanna um að þau telji umrædd sérveiðileyfi ekki þjóna sérstökum tilgangi.

Þá var SFS einnig boðið með bréfi að koma á framfæri viðhorfum sínum varðandi afnám fyrrgreindra þriggja sérveiðileyfa utan lögsögu (deilistofna). Í bréfi SFS (fylgiskjal 8) kemur m.a. fram að það sé „vandséð að útgáfa sérveiðileyfa þjóni nokkrum tilgangi við stjórnun þessara veiða. Í þessu sambandi vilja samtökin þó árétta að tryggt sé að mögulegt afnám þeirra leiði ekki af sér vandamál vegna tilkynninga fánaríkja við hafnríkiseftirlit (NEAFC PS). Með vísan til ofangreinds er það afstaða Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi að umrædd sérveiðileyfi

Þjóni engum tilgangi og eru samtökin því fylgjandi tillögu um afnám sérveiðileyfa til fiskveiða á fyrrgreindum þremur tegundum.

Leitað var umsagnar Landsambands smábátæigenda (fylgiskjal 10) varðandi niðurfellingu sérveiðileyfis til veiða á tegundum sem lúta aflamarki. Í umsögn LS kemur m.a. fram að LS sé sammála að ekki sé ástæða til sérveiðileyfis til veiða á þessum tegundum. „*Auk einföldunar spara viðkomandi útgerðir sér greiðslu fyrir hvert leyfi sem nú er kr. 22 þúsund. LS lítur svo á að með breytingum sem þarna eru lagðar til eigi það sama að gilda um makríl og grásleppu. Í báðum tilvikum er um lokaða hópa að ræða sem eiga rétt til veiðanna. LS telur að ekki sé eðlismunur á þótt tegundir byggi á aflahlutdeild og leggur til að árlegt gjald vegna grásleppuleyfis og leyfis til makrílveiða verði fellt úr gildi. Í tilfalli grásleppuleyfa liggur fyrir með reglugerð veiðitímabil og hversu marga daga má stunda veiðarnar. Við veiðar á makríl er ljóst hvert það magn er sem hver bátur má veiða hverju sinni.*“

Samantekt starfshópsins

a) Veiðistjórnun innan lögsögu

Í öllum reglugerðum varðandi veiðar á fyrrgreindum tegundum, að undanskilinni reglugerð um veiðar á gulllaxi (en hún var gefin út áður en gulllax var settur í aflamark), er tekið fram að skipum sé óheimilt að stunda veiðarnar nema skipið hafi fullnægjandi aflamark í viðkomandi tegund. Þá er einnig gerð sú krafa í gildandi reglum um veiðar á hörpudiski og innfjarðarækju að skipi sé óheimilt að stunda veiðarnar nema skipið hafi fullnægjandi aflamark í viðkomandi tegund á viðkomandi svæði. Þær ástæður sem voru til staðar þegar ákveðið var að gera áskilnað um sérveiðileyfi þrátt fyrir að tegundin væri í aflamarki virðast ekki vera til staðar í dag. Fram kemur í bréfum Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar að hvorki séu fiskifræðileg né eftirlitsleg rök fyrir því að gera áskilnað um sérstakt leyfi frá Fiskistofu í tegundum sem háðar eru aflamarki. Til að ráðherra sé heimilt að leyfisskylda tegundir í aflamarki þá þurfa skilyrði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands að vera uppfyllt. Með vísan til þess sem þar segir sem og svara Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu telur starfshópurinn áskilnað um sérstakt leyfi frá Fiskistofu ekki uppfylla þau skilyrði sem þar koma fram. Starfshópurinn leggur því til að afnumin verði krafa um sérveiðileyfi í umræddum fjórum tegundum sem einnig sæta aflamarki og veiddar eru innan lögsögu.

Rétt þykir að árétta að afnám sérveiðileyfis í umræddum fjórum tegundum sem eru háðar aflamarki innan lögsögu þarf eitt og sér ekki að breyta neinu hvað varðar aðrar reglur sem gilda um þessar veiðar. Afnám sérveiðileyfa til veiða á rækju innfjarða kemur t.d. ekki í veg fyrir að mismunandi reglur gildi um til dæmis það sem varðar veiðitímabil, veiðarfæri og veiðiskip á veiðisvæðum innfjarðarækju.

b) Veiðistjórnun deilistofna

Í öllum reglugerðum varðandi veiðar á kolmunna, norsk-íslenskri síld og úthafskarfa er tekið fram að skipum sé óheimilt að stunda veiðarnar nema skipið hafi fullnægjandi aflamark í viðkomandi tegund. Um veiðar utan lögsögu gilda lög nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Til að ráðherra sé heimilt að leyfisskylda tegundir í aflamarki sem veiddar eru utan lögsögu þurfa skilyrði 2. mgr. 4. gr. að vera uppfyllt. En þar segir að slíkt þurfi að vera nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands, til að fullnægja almennum ákvörðunum sem teknar eru til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins sbr. 3. gr. laganna eða til verndar hagsmunum Íslands að því er varðar fiskistofna sem um ræðir í 5. gr.

Það var niðurstaða starfshópsins að engin rök standi til þess að viðhalda útgáfu þessara þriggja sérveiðileyfa þar sem veiðum á þessum tegundum er stjórnað með úthlutun aflamarks. Afnám sérveiðileyfis mun eitt og sér ekki að breyta neinu, hvað varðar aðrar reglur sem gilda um þessar veiðar.

Starfshópnum þykir rétt að áréttta fyrirvara SFS varðandi tilkynningar fánaríkja við hafnríkiseftirlit NEAFC.

Tillögur um afnám sérveiðileyfa til veiða á tegundum í aflamarki

Starfshópurinn leggur til að fallið verði frá því að gera kröfu um sérstakt leyfi til veiða í tegundum sem háðar eru aflamarki og veiddar innan lögsögu Íslands.

Þá leggur starfshópurinn einnig til að fallið verði frá því að gera kröfu um að sérstakt leyfi til veiða í eftirtöldum deilistofnum.

- Kolmuna.
- Norsk-íslenska síldarstofninum.
- Úthafskarfstofnum (Reykjaneshryggur).

Starfshópurinn skilaði ofangreindum tillögum til ráðuneytisins í apríl 2017. Hluti þessara tillagna hefur komið til framkvæmda, nánar tiltekið þær sem lúta að veiðistjórn innan lögsögu.

3.2 SÉRVEIÐILEYFI VEGNA DRAGNÓTAVEIÐA

Starfshópurinn tók til umfjöllunar útgáfu sérveiðileyfis til veiða með dragnót. Að ósk ráðuneytisins var samhlíða tekið til skoðunar regluverk er varðar veiðarfærið dragnót, lokanir svæða fyrir veiðum með dragnót og tilgang þeirra.

Almennt um dragnótaveiðar

Dragnótaveiðar munu fyrst hafa verið stundaðar við Ísland skömmu fyrir 1930. Veiðarnar hafa oft á tíðum verið mjög umdeildar, ekki síst dragnótaveiðar í Faxaflóa eins og sést á þeim breytingum sem urðu á heimildum til dragnótaveiða í Faxaflóa á árunum 1952 til 1981. Á þessum árum var togstreita á milli smábátasjómannanna og dragnótaveiðimanna. Töldu smábátasjómenn að þegar minna var um bolfiskaafli í flóanum mætti rekja það til dragnótaveiða og færðu fyrir því ýmis rök m.a. að dragnótin eyðileggi botn og botngróður, spilli hrygningu og klaki þorsks og ýsu, veiði mikið af smáfiski og hreki fisk burt af slóðinni. Fiskifræðingar hafa bent á að dragnót er aðalega beitt á sand og leirbotni og óverulegt rask verði á botni þegar fótreiði og dragstrengir (tóg) dragast eftir botninum. Einnig hefur verið bent á að hrygning og klak þorskfiska eigi sér stað að vori upp í sjó og því litlar líkur á dragnótaveiðar hafi skaðleg áhrif þar á. Breytingar á fiskgengd í Faxaflóa virðist fremur hægt að rekja til breytinga í árganga- og stofnstærð þorskfiska.

Veiðar með dragnót eru nánast eingöngu stundaðar á mjúkum botni (leir eða sandi) mest á um 20-100 metra dýpi og er því aðeins hægt að beita dragnót á tiltölulega litlum hluta landgrunnsins. Rannsóknir benda til að áhrif dragnótar á botn og lífríki séu fremur lítil (Árni Friðriksson 1934, Guðni Þorsteinsson 1980, Guðrún Þórarinsdóttir og fl. 2010, Haraldur Arnar Einarsson 2011) og hefur dragnótin verið flokkuð með handfærum fremur en botnvörpu hvað varðar áhrif á vistkerfið.

Dragnótin var aðallega notuð til flatfiskveiða en á seinni árum einnig til bolfiskveiða. Stór hluti flatfisksaflans fæst í dragnót. Fiskveiðiárið 2015/2016 var yfir 90% sandkola og milli 60 og 70% skarkola, þykkvalúru og langlúru veiddur í dragnót. Af öðrum tegundum var innan við 5% veitt í dragnót, hæstu hlutföllin voru: steinbítur 14%, skata 13%, lýsa 11% og ýsa 10%. Hlutfall annarra tegunda sem veiddar voru í dragnót var mun lægra, t.d. þorskur 5%.

Sérveiðileyfi til dragnótaveiða

Í 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands segir að íslenskum skipum séu bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi Íslands nema á þeim svæðum sem tilgreind eru með nánari hætti í ákvæðinu (12 sjómílna fiskveiðilandhelgi). Í 6. gr. sömu laga segir að þrátt fyrir 5. gr. sé heimilt að leyfa veiðar með dragnót nær landi samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu. Aðeins sé heimilt að veita leyfi skipum styttri en 42 metrar, enda séu þau með aflvísi lægri en 2.500 (vélarafi x þvermál skrúfu) og skuli ráðherra með reglugerð kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein. Þá segir einnig í ákvæðinu að ráðherra geti sett almennar og svæðisbundnar reglur í því skyni að stuðla að hagkvæmri nýtingu fiskstofna, að teknu tilliti til veiða með öðrum veiðarfærum sem stundaðar eru á viðkomandi svæðum. Ráðherra getur einnig m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði tiltekinn fjöldi skipa, skip sem skráð eru á því svæði, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip sem áður hafa stundað dragnótaveiðar. Þá geti ráðherra, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar ákveðið að dragnótaveiðar á ákveðnu svæði miðist við nýtingu ákveðinnar fisktegundar. Þá segir einnig í fyrirnefndu lagaákvæði að sé talin þörf á að takmarka notkun tiltekinnar veiðarfæris til að tryggja skynsamlega nýtingu þess stofns sem veiðarnar beinast að eða vegna þeirrar skaðsemi sem

notkun þess kann að hafa í för með sér fyrir nýtingu annarra stofna geti ráðherra með reglugerð ákveðið að veiðar með því veiðarfæri séu háðar sérstöku leyfi Fiskistofu.

Tvær reglugerðir kveða á um sérstakt leyfi frá Fiskistofu til veiða með dragnót innan 12 sjómílna fiskveiðilandhelginnar. Leyfi til veiða með dragnót eru þrenns konar og miðast við fiskveiðiárið:

1. Almennt leyfi til veiða með dragnót, sbr. reglugerð nr. 1061/2013, um dragnótaveiðar.
2. Leyfi til kolaveiða með dragnót, sbr. reglugerð nr. 1061/2013, um dragnótaveiðar.
3. Leyfi til veiða með dragnót í Faxaflóa, sbr. reglugerð nr. 1066/2013, um dragnótaveiðar í Faxaflóa.

Óheimilt er að stunda veiðar með dragnót nema hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og fullnægjandi aflaheimildir. Sérveiðileyfið eitt og sér veitir ekki heimild til að stunda veiðarnar.

Almennt dragnótaleyfi, skv. 2. gr. reglugerðar nr. 1061/2013, um dragnótaveiðar.

Leyfið veitir skipum undir ákveðinni stærð og vélarafli heimild til að stunda veiðar innan 12 sjómílna fiskveiðilandhelginnar. Miðunum umhverfis landið er skipt í fjögur veiðisvæði (Suður- og Vesturland, Breiðafjörður og Vestfirðir, Norðurland og Norðausturland og Austfirðir) og skilyrt er að skip hafi skráða heimahöfn innan þess svæðis sem það stundar dragnótaveiðar á.

Núverandi svæðaskipting (almenna dragnótaleyfið fjögur svæði og kolaleyfið tvö svæði) birtist fyrst í reglugerð nr. 687/1997 um dragnótaveiðar. Þ.e. þegar útgáfa sérveiðileyfa var færð til Fiskistofu frá ráðuneytinu.

Á fiskveiðiárinu 1996/1997 voru alls 137 bátar með almennt sérveiðileyfi til veiða með dragnót. Suður- og Vesturland 54 bátar, Vestfirðir og Breiðafjörður 46 bátar, Norðurland 16 bátar og Norðausturland og Austfirðir 21 bátar. Á fiskveiðiárinu 2016/2017 voru 43 bátar með almennt sérveiðileyfi til veiða með dragnót. Suður- og Vesturland 13 bátar, Vestfirðir og Breiðafjörður 21 bátar, Norðurland 7 bátar og Norðausturland og Austfirðir 2 bátar. Á þessu tuttugu ára tímabili hefur bátum með leyfi til veiða með dragnót fækkað um 94 úr alls 137 bátum í 43 báta.

Dragnótaleyfi til kolaveiða, skv. 4. gr. reglugerðar nr. 1061/2013, um dragnótaveiðar.

Kolaleyfið var upprunalega ætlað skipum sem vildu stunda langlúruveiðar og heimilaði m.a. notkun smærri möskva í poka (120 mm) og er bundið við tvö svæði (Suðurland og Vesturland) og tímabilið 1. september – 15. maí. Við endurskoðun reglugerðar um dragnótveiðar skömmu eftir síðastliðin aldamót voru sérákvæði er snertu langlúruveiðar felld brott og kolaleyfið varð þá lítt frábrugðið almenna dragnótaveiðileyfinu.

Kolaleyfi hafa ekki verið gefin út síðastliðin ár. Fiskveiðiárið 1996/1997 voru alls 22 sérveiðileyfi til kolaveiða, Suðurland (11 leyfi) og Vesturland (11 leyfi). Fiskveiðiárið 2000/2001 var síðast gefið út sérveiðileyfi til kolaveiða fyrir Vesturlandi (1 leyfi) og fiskveiðiárið 2011/2012 var síðast gefið út sérveiðileyfi til kolaveiða fyrir Suðurlandi (1 leyfi).

Leyfi til dragnótaveiða í Faxaflóa, skv. reglugerð nr. 1066/2013, um dragnótaveiðar í Faxaflóa.

Leyfið heimilar tilteknum bátum með heimahöfn við Faxaflóa (og gerðir eru þaðan út) veiðar með dragnót í Faxaflóa innan tiltekinnar línu (þó ekki í Hafursfirði) á tímabilinu 1. september – 20. desember. Leyfið er háð þeim skilyrðum að skipin séu ekki stærri en 24 m að lengd, lágmarksstærð möskva sé 155 mm (135 mm í almenna dragnótaveiðileyfinu) og að ekki séu notaðir steinastiklarar (rockhopper) á fótreiði dragnótarinnar. Veiðar skulu fara fram frá kl. 07.00 að morgni til 19.00 að kvöldi og ekki á laugardögum og sunnudögum. Jafnframt er skilyrt að skipin hafi aflahlutdeildir í skarkola og sandkola og að hlutur þorsks fari ekki yfir 30% af heildarafla.

Dragnótaveiðar í Faxaflóa voru bannaðar árið 1952 vegna mikillar smáysugengdar og hás hlutfalls af smáysu í afla dragnótabáta sem á þessum árum notuðu mun smærri möskva (100-110 mm). Árið 1960 var því banni aflétt til ársins 1971 þegar dragnótaveiðar voru aftur bannaðar í Faxaflóa. Veiðar voru heimilaðar á nýjan leik að tillögu Alþingis árið 1979. Í tilraunaskyni fengu tveir bátar þá leyfi til veiðanna. Banninu var síðan formlega aflétt með breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands árið 1981. Leyfum til dragnótaveiða í Faxaflóa fór fjölgandi ár frá ári, og nú eru þau alls 14. Einungis þrjár aðilar nýttu sér leyfi til veiða með dragnót í Faxaflóa á árinu 2016 aðalega vegna bágs ástands sandkolastofnsins og markaðsaðstæðna en einnig hefur dragnótabátum fækkað verulega á undanförunum árum.

Frá upphafi voru sérveiðileyfi til veiða með dragnót útgefin af sjávarútvegsráðuneytinu, en frá árinu 1997 hefur Fiskistofa annast útgáfu leyfanna. Fiskistofu er eingöngu heimilt að veita skipi leyfi til dragnótaveiða á því svæði sem skipið á heimahöfn enda skal skipið skráð innan þess svæðis og gert þaðan út. Takmörkun á fjölda skipa sem fengið hafa leyfi til veiða með dragnót í Faxaflóa voru fyrstu áratuginn fyrst og fremst hugsuð til að takmarka veiðiálag á afmörkuðum svæðum. Það sama má segja um sérveiðileyfi til kolaveiða. Enda er Fiskistofu aðeins heimilt að veita þeim skipum dragnótaleyfi til kolaveiða og dragnótaleyfi í Faxaflóa, sem slík leyfi fengu á árinu 1997 og skipum sem komið hafa í þeirra stað. Með tilkomu aflamarkskerfisins má segja að fjöldatakmörkanir veiðiskipa, varðandi einstök veiðarfæri, þjóni ekki lengur sama tilgangi og áður.

Samráð við stofnanir og hagsmunaaðila

Samráð við Fiskistofu og Hafrannsóknastofnun

Óskað var umsagnar Hafrannsóknastofnunar (fylgiskjal 6) hvort talin væri þörf fyrir útgáfu átta tiltekinnar sérveiðileyfa, þar á meðal sérveiðileyfa til veiða með dragnót, að teknu tilliti til fiskifræðilegra sjónarmiða. Samhliða var einnig óskað umsagnar Fiskistofu (fylgiskjal 5) hvort talin væri þörf á útgáfu framangreindra sérveiðileyfa með tilliti til veiðieftirlits, þ.m.t. aflaskráningar. Líkt og að framan greinir þá voru hvorki fiskifræðileg né eftirlitsleg rök fyrir útgáfu sérveiðileyfa með dragnót þar sem veiðistjórnunin er á grundvelli úthlutaðs aflamarks.

Samráð við haghafa

Samtökum dragnótamanna var boðið til fundar í lok nóvember árið 2016 ásamt fulltrúum SFS, á fundinn mættu: Bergur Þór Eggertsson Garði, Baldur F. Kristinsson Hellisandi, Einar Guðmundsson Bolungarvík, Jónas Jóhannsson Þórshöfn, Kristján Þórarinnsson frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og Friðrik G. Halldórsson frá Samtökum dragnótamanna.

Á fundinum skiptust fundarmenn á skoðunum og komu fram efasemdir fulltrúa dragnótamanna um að gera róttækar breytingar á reglum um dragnótaveiðar þ.e. afnám svæðaskiptingar, sem niðurfelling sérveiðileyfis til dragnótaveiða myndi leiða af sér. Töldu menn að ákveðin sátt

hefði skapast á milli smábátasjómannanna og dragnótaveiðimanna á hverju svæði og að afnám svæðaskiptingar gæti m.a. leitt af sér árekstra á milli heimamanna og aðkomubáta ef svæðaskiptingin væri afnumin.

Þá kom fram á fundinum að málefnið yrði rætt á aðalfundi Samtaka dragnótamanna aðalfundarins sem haldinn yrði í nóvember 2016. Í kjölfar aðalfundarins kom samantekt (fylgiskjal 7) til starfshópsins varðandi álit dragnótamanna á endurskoðun á regluverki um dragnótaveiðar. Bæði hvað varðar sérveiðileyfi og bannsvæði. Aðalfundurinn taldi rétt að endurskoða lagaramma dragnótaveiða en lýsti því að skiptar skoðanir væru meðal félagsmanna um það hversu langt skuli ganga varðandi það að opna fyrir veiðum milli svæða og undirstrikuðu mikilvægi þess að dragnótin fái notið sannmælis áður en svæðaskipting og sérveiðileyfi yrðu tekin til endurskoðunar.

Álit starfshópsins varðandi útgáfu sérveiðileyfa til veiða með dragnót

Það er niðurstaða starfshópsins að hvorki fiskifræðileg né eftirlitsleg rök kalli á útgáfu sérveiðileyfa til veiða með dragnót. Sérveiðileyfið veitir eingöngu heimild til að veiða með dragnót innan ákveðins tiltekins svæðis. Almennt leyfi til dragnótaveiða skv. 2. gr. reglugerðar nr. 1061/2016, um dragnótaveiðar skiptir landinu niður í fjögur afmörkuð svæði og er hvert leyfi gefið út á tiltekið svæði sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Sama gildir um leyfi til dragnótaveiða í Faxaflóa skv. reglugerð nr. 1066/2016, um dragnótaveiðar í Faxaflóa. Samkvæmt núgildandi reglum geta einungis útgerðir með heimilisfesti á svæðinu fengið leyfi til dragnótaveiða á viðkomandi svæði. Veiðar með dragnót lúta að öðru leyti sömu reglum og veiðar með öðrum veiðarfærum s.s.: botnvörpu, netum, línu og handfærum. Almennt gildir að það þarf leyfi til veiða í atvinnuskyni og nægar aflaheimildir við allar veiðar sem eru stundaðar í atvinnuskyni.

Ef afnema á útgáfu sérveiðileyfa með dragnót kallar það á breytingar á 5. gr. og 6. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, þar sem 5. gr. bannar allar veiðar með dragnót innan 12 sjómílna fiskveiðilandhelgi og í 1. og 2. málslíð 6. gr. laga nr. 79/1997 segir: „Þrátt fyrir 5. gr. er heimilt að leyfa veiðar með dragnót nær landi en um ræðir í 5. gr. samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu. Aðeins er heimilt að veita leyfi skipum styttri en 42 metrar, enda séu þau með aflvísi lægri en 2.500, en ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein.“

Komi til afnáms sérveiðileyfa til dragnótaveiða fellur einnig niður krafa um heimilisfesti útgerðar í viðkomandi svæði, sem þýðir að útgerð dragnótabáta er ekki lengur bundin tilteknu landsvæði. Slíkt yrði viðurhlutamikil breyting. Á samráðsfundi með dragnótamönnum mátti merkja áhyggjur meðal dragnótamanna um að afnám sérveiðileyfanna myndi valda núningi milli þeirra sem þegar stunda dragnótaveiðar á svæðinu og annarra sem telja sig hafa hagsmuna að gæta.

Þá þykir rétt að benda á að afnám sérveiðileyfa til veiða með dragnót kemur ekki í veg fyrir að áfram gildi ýmis sérákvæði svo sem hvað varðar veiðitímabil, aflsamsetningu/meðaðla, gerð veiðarfæris og stærð veiðskipa á hinum ýmsu veiðisvæðum. Einnig er rétt að ítreka að, með afnámi sérveiðileyfa til dragnótaveiða er ekki verið að leggja til breytingar á aðgengi veiðisvæða til dragnótaveiða á grunnslóð, einungis að sömu reglur gildi um alla dragnótabáta.

Endurskoðun reglugerða um bann við dragnótaveiðum á tilteknum svæðum

Starfshópurinn tók til skoðunar svæðisbundin bönn við veiðum með dragnót sem er að finna í eftirtöldum reglugerðum:

1. Reglugerð nr. 1062/2013, um bann við dragnótaveiðum í fjörðum Vestfjarða og út af Ströndum.
2. Reglugerð nr. 780/2015, um bann við dragnótaveiðum fyrir Norðurlandi.
3. Reglugerð nr. 1063/2013, um dragnótaveiðar fyrir Norðausturlandi og Austfjörðum.
4. Reglugerð nr. 1065/2013, um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi.
5. Reglugerð nr. 1066/2013, um dragnótaveiðar í Faxaflóa.

Forsendur bannsvæða fyrir dragnótaveiðum

Á undanförunum árum og áratugum hefur Hafrannsóknastofnun ítrekað bent á að fyrirbyggjandi athuganir og rannsóknir sýni að áhrif dragnótaveiða á botn og lífríki séu tiltölulega lítil og því engar verndunar- eða fiskifræðilegar forsendur fyrir banni við notkun dragnótar á mörgum þeim svæðum sem nú eru lokuð. Þetta kemur m.a. fram í skýrslu Hafrannsóknastofnunar nr. 151, 2010 „Áhrif Dragnótaveiða á lífríki botns í innanverðum Skagafirði“ og í svarbréfi stofnunarinnar til ráðuneytisins frá 17. maí 2010 varðandi þá fyrirhugaðar takmarkanir á veiðum með dragnót á svæðum fyrir Norður- og Austurlandi.

Framangreindar svæðalokanir fyrir dragnót voru því fyrst og fremst til komnar vegna málamiðlunar milli hagsmunaaðila eða tilrauna til sátta milli ólíkra sjónarmiða svo sem milli landshluta, sveitarfélaga, veiðarfæra eða bátastærða. Ákvæði um bann við veiðum með dragnót hafa því oftast orðið til sem „pólítískar“ ákvarðanir stjórnvalda þess tíma er þær voru teknar.

Svæðalokanir fyrir dragnót

Allt fram til ársins 2010 voru ákvæði um svæði, sem dragnótaveiðar voru bannaðar einungis að finna í sérveiðileyfum. Undantekning frá þessu er reglugerð um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi. Friðunin tók fyrst í stað (1987) aðeins til veiða með fiskibotnvörpu, en frá árinu 1992 einnig til veiða með dragnót.

Sérveiðileyfi til dragnótaveiða fyrir Vestfjörðum og Breiðafirði.

Ákvæði í sérveiðileyfi fyrir tíma reglugerða (*Fiskveiðiárið 1. september 2010 - 31. ágúst 2011*) Dragnótaveiðar eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Fyrir Vestfjörðum, á tímabilinu frá og með 1. júní til og með 31. október innan línu, sem dregin er frá Blakksnesi um Kópanesvita í Fjallskagavita og frá Barða í Sauðanesvita, á bátum lengri en 20 metrar miðað við mestu lengd.
2. Á Breiðafirði innan línu, sem dregin er frá Selskeri (austan Sigluness á Barðaströnd) um Selsker sunnan fjarðarins í Eyrarfjall.
3. Á Grundarfirði á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. desember innan línu, sem dregin er úr Krossanessvita í suðurenda Melrakkaeyjar og þaðan í bæinn Akurtraðir.
4. Á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst, að báðum dögum meðtöldum, eru dragnótaveiðar á leyfissvæðinu bannaðar frá kl. 08.00 á laugardögum til kl. 07.00 á mánudögum. Þrátt fyrir það er heimilt að stunda dragnótaveiðar þar sem togveiðar eru heimilar skv. lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Í kjölfar fréttatilkynningar sjávarútvegsráðherra í apríl 2010 var gefin út reglugerð þann 2. júní 2010, nr. 475/2010, um bann við dragnótaveiðum. Með þeirri reglugerð var sex svæðum lokað fyrir dragnótaveiðum tímabundið frá og með 7. júní 2010 til og með 6. júní 2015. Þessi sex svæði voru á: Húnafirði, Skagafirði, Hrutafirði – Miðfirði, Húnaflóa, Seyðisfirði – Loðmundarfirði og Önundarfirði.

Þann 1. sept. 2010 var reglugerð nr. 475/2010 felld úr gildi og í hennar stað gefin út reglugerð nr. 678/2010, um bann við dragnótaveiðum. Reglugerðin tók til sömu sex svæða og var áfram tímabundin, en nú frá og með 1. september 2010 til og með 31. ágúst 2015, jafnframt var veitt undanþága til veiða með dragnót innan fjögurra svæða (á/í Skagafirði, Hrútafirði – Miðfirði, Húnaflóa, og Öndarfirði) tímabundið til 31. des. 2010 (upphafstíma frestað um fjóra mánuði).

Þann 24. mars 2011 var gefin út reglugerð nr. 296/2011, um bann við dragnótaveiðum út af Ströndum. Reglugerðin tók til svæðis í fjörunni frá Hornbjargi af Gjögurvita.

Þann 24. ágúst 2011 var gefin út reglugerð nr. 798/2011, um bann við dragnótaveiðum í fjörðum Vestfjarða. Reglugerðin tók til átta svæða (á/í Hesteyrarfirði, Veiðileysufirði, Jökulfjörðum, Ísafjarðardjúpi, Öndarfirði, Dýrafirði, Arnarfirði og Tálknafirði og Patreksfirði) auk þess sem dragnótaveiðar skipa lengri en 20 metrar voru bannaðar innan línu á svæði út af Vestfjörðum frá Blakksnesi um Kópanesvita í Fjallskagavita og frá Barða í Sauðanesvita. Ýmsar undanþágur voru í reglugerð nr. 798/2011, svo sem skipum styttri en 20 metra var heimilt að stunda dragnótaveiðar tiltekinn hluta úr árinu inni á nokkrum fjarðanna. Þá var skipum sem höfðu stundað dragnótaveiðar á tímabilinu 1. nóvember 2008 til 31. maí 2011 og voru styttri en 20 metrar heimilað að stunda dragnótaveiðar á tilteknum svæðum hluta úr árinu inni á nokkrum fjarðanna. Þá var bannsvæðið í Öndarfirði sem áður hafði verið tímabundið ákvæði nú orðið ótímabundið.

Þann 15. september 2011 var reglugerð nr. 798/2011 felld úr gildi og í hennar stað gefin út reglugerð nr. 843/2011, um bann við dragnótaveiðum í fjörðum Vestfjarða. Reglugerðin tók til sömu svæða og reglugerð nr. 798/2011, en nokkrar breytingar urðu s.s. dagsetning á heimild til að stunda dragnótaveiðar tiltekinn hluta úr árinu inni á nokkrum fjarðanna og dragnótaveiðar skipa lengri en 20 metra sem voru bannaðar innan línu á svæði út af Vestfjörðum voru heimilaðar á tímabilinu 1. júní til 31. október ár hvert.

Þann 15. nóvember 2013 var reglugerð nr. 843/2011 felld úr gildi og í hennar stað gefin út reglugerð nr. 1062/2013, um bann við dragnótaveiðum í fjörðum Vestfjarða og út af Ströndum. Reglugerðin tók til sömu svæða og reglugerð nr. 843/2011. Í reglugerðinni var tímabundið ákvæði til bráðabirgða um að allar veiðar með dragnót eru bannaðar innan svæðis sem markast af línu sem dregin er milli Rana í Hornbjargi í Selsker og þaðan í Gjögurvita til og með 31. desember 2015 (reglugerð nr. 296/2011).

Sérveiðileyfi til dragnótaveiða fyrir Norðurlandi.

Ákvæði í sérveiðileyfi fyrir tíma reglugerða: (*Fiskveiðiárið 1. september 2010 - 31. ágúst 2011*)

Dragnótaveiðar eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Húnaflói - veiðar eru bannaðar skipum lengri en 22 m að mestu lengd innan línu sem dregin er eftir 66°00' N þvert yfir Húnaflóa.
2. Hrútafjörður - Miðfjörður innan svæðis sem markast af línu sem dregin er þvert yfir utanverðan Hrútafjörð og Miðfjörð eftir 65°27' N.
3. Húnaflói innan svæðis sem markast af línum sem dregnar eru á milli Sölvabakka 65°42,5' N - 020°16,5' V, norðurenda Fáskrúðsskers 65°42,5' N - 020°42,8' V og þaðan í 180° réttvísandi til lands.
4. Skagafjörður innan svæðis sem markast af línu sem dregin er á milli Ásnefs 65°56,5' N - 019°53,0' V og Þórðarhöfða 65°58,4' N - 019°29,7' V.
5. Innan lína sem dregnar eru úr Kögri á Þórðarhöfða í norðurenda Málmeigar og þaðan réttvísandi austur til lands.
6. Á Ólafsfirði innan línu, sem dregin er úr Bríkurskeri í Æðasker sunnan fjarðarins.

7. Á Eyjafirði innan línu, sem dregin er réttvísandi austur/vestur um Hríseyjarvíta.
8. Á Skjálfandaflóa innan línu, sem dregin er milli Bríkur og Stakka á tímabilinu 15. mars til 1. september.

Í kjölfar fréttatilkynningar sjávarútvegsráðherra í apríl 2010 var gefin út reglugerð 2. júní 2010, nr. 475/2010, um bann við dragnótaveiðum. Þar var sex svæðum lokað fyrir dragnótaveiðum tímabundið frá og með 7. júní 2010 til og með 6. júní 2015. Þessi sex svæði voru á: Húnafirði, Skagafirði, Hrutafirði – Miðfirði, Húnaflóa, Seyðisfirði – Loðmundarfirði og Önundarfirði.

Þann 1. sept. 2010 var reglugerð nr. 475/2010 felld úr gildi og í hennar stað gefin út regl. nr. 678/2010, um bann við dragnótaveiðum. Reglugerðin tók til sömu sex svæða og var áfram tímabundin, en nú frá og með 1. september 2010 til og með 31. ágúst 2015, en veitt var undanþága til veiða með dragnót innan fjögurra svæða (á/í Skagafirði, Hrutafirði – Miðfirði, Húnaflóa, og Önundarfirði) tímabundið til 31. des. 2010 (upphafstíma frestað um fjóra mánuði).

Þann 29. nóvember 2013 voru felldir úr gildi 1.-4. tl. 1. gr. (svæði á Skagafirði, Hrutafirði – Miðfirði og Húnaflóa), 2. gr. og 3. gr. reglugerðar nr. 678/2010 um bann við dragnótaveiðum, og í þeirra stað gefin út reglugerð nr. 1064/2013, um bann við dragnótaveiðum fyrir Norðvesturlandi og út af Ströndum. Ákvæði reglugerðarinnar voru tímabundin til og með 31. ágúst 2015. Í reglugerðinni var jafnframt sett inn ákv. reglugerðar nr. 296/2011, um tímabundið bann við dragnótaveiðum út af Ströndum, þ.e. bann við veiðum innan svæðis sem markast af línu sem dregin er milli Rana í Hornbjargi í Selsker og þaðan í Gjögurvita til og með 31. desember 2015.

Þann 4. september 2015 var reglugerð nr. 1064/2013 felld úr gildi og í hennar stað gefin út reglugerð nr. 780/2015, um bann við dragnótaveiðum fyrir Norðurlandi. Regl. tók til sömu svæða (Húnafjörður, Skagafjörður, Hrutafjörður – Miðfjörður, Húnaflói og svæðið frá Hornbjargi að Gjögurvita) tímabundin til og með 31. ágúst 2017. Þá voru sett í reglugerðina. ákvæði 6., 7. og 8. tl. úr sérveiðileyfinu þ.e. svæði á Ólafsfirði, Eyjafirði og Skjálfandaflóa.

Sérveiðileyfi til dragnótaveiða fyrir Norðausturlandi og Austfjörðum.

Ákvæði í sérveiðileyfi fyrir tíma reglugerða: (*Fiskveiðiárið 1. september 2010 - 31. ágúst 2011*)

Dragnótaveiðar eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. a. Á Þistilfirði frá og með 1. apríl til og með 14. júní innan línu, sem dregin er milli Grenjaness og Rauðaness.
- b. Frá og með 15. júní til og með 30. júní innan línu, sem dregin er milli Melrakkaness og Svínalækjartanga.
- c. Frá og með 1. júlí til og með 15. ágúst innan línu, sem dregin er milli Grenjaness og Laxártanga.
2. Á Bakkaflóa innan línu, sem dregin er milli Skarfatanga og Svartsness allt árið. Frá og með 15. febrúar til og með 30. júní innan línu, sem dregin er milli Fossáróss, Saurbæjartanga, Skarfatanga og Svartsness.
3. Á Vopnafirði allt árið innan línu, sem dregin er milli Tangasporðs og Drangsness. Á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með 30. júní innan línu, sem dregin er milli Fuglaness og Svartsness.
4. Á Borgarfirði allt árið innan línu, sem dregin er milli Landsenda og Hafnartanga.
5. Seyðisfjörður - Loðmundarfjörður innan svæðis sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra fjögurra punkta: 65°21,672' N - 013°43,330' V, 65°19,954' N - 013°43,330' V, 65°19,0' N - 013°34,500' V og 65°16,195' N - 013°34,500' V.
6. Á Mjóafirði allt árið innan línu, sem dregin er milli Hofs og Kross.

7. Á Eskifirði allt árið innan línu, sem dregin er milli Mjóeyrar og Skeleyrar.
8. a. Á Reyðarfirði. Allt árið innan línu, sem dregin er frá Ljósá í Handarhald sunnan fjarðarins.
b. Frá og með 1. febrúar til og með 15. maí innan línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Vattarnesvita.
9. Á Fáskrúðsfirði innan línu, sem dregin er milli Víkurskers og Kumlaskers á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með 30. júní.
10. Á Stöðvarfirði innan línu, sem dregin er frá Landatanga í Kambanes á tímabilinu frá og með 1. apríl til og með 15. júní.
11. Á Berufirði innan línu, sem dregin er milli Svartaskers og Karlsstaðatanga á tímabilinu frá og með 1. febrúar til og með 31. maí.
12. Bátum sem eru lengri er 22 metrar (mesta lengd) eru bannaðar dragnótaveiðar allt árið innan línu sem dregin er á milli eftirgreindra staða:
 - a. Landsendi (í norðanverðum Loðmundarfirði)
 - b. Dalatangi
 - c. Norðfjarðarhorn
 - d. Gerpisflös
 - e. Kambanesviti
 - f. Hlaða
 - g. Knarrarsundfles (austan Djúpavogs)

Í kjölfar fréttatilkynningar sjávarútvegsráðherra í apríl 2010 var gefin út reglugerð 2. júní 2010, nr. 475/2010, um bann við dragnótaveiðum, þar sem sex svæðum var lokað fyrir dragnótaveiðum tímabundið frá og með 7. júní 2010 til og með 6. júní 2015. Þessi sex svæði voru á: Húnaafirði, Skagafirði, Hrutafirði – Miðfirði, Húnaflóa, Seyðisfirði – Loðmundarfirði og Önundarfirði.

Þann 1. sept. 2010 var reglugerð nr. 475/2010 felld úr gildi og í hennar stað gefin út reglugerð nr. 678/2010, um bann við dragnótaveiðum. Reglugerðin tók til sömu sex svæða og var áfram tímabundin, en nú frá og með 1. september 2010 til og með 31. ágúst 2015.

Þann 5. janúar 2013 var gefin út reglugerð nr. 13/2013, um bann við dragnótaveiðum fyrir Norðausturlandi og Austfjörðum. Með útgáfu þessarar reglugerðar voru ákvæði sérveiðileyfisins (12 tl.) sett í reglugerð.

Þann 29. nóvember 2013 var reglugerð nr. 13/2013 felld úr gildi og í hennar stað gefin út reglugerð nr. 1063/2013, um dragnótaveiðar fyrir Norðausturlandi og Austfjörðum. Reglugerðin tók til sömu svæða og reglugerðar nr. 13/2013. Jafnframt var sett ákvæði til bráðabirgða tímabundið, að allar dragnótaveiðar væru bannaðar á tilteknu svæði úti fyrir Skálaneshlíð til og með 31. ágúst 2017 með undanþáguákvæði, að veiðar með dragnót væru heimilar á tímabilinu frá og með 1. október til og með 30. nóvember.

Sérveiðileyfi til dragnótaveiða fyrir Suður- og Vesturland.

Ákvæði í sérveiðileyfi fyrir tíma reglugerða: (*Fiskveiðiárið 1. september 2010 - 31. ágúst 2011*)

Dragnótaveiðar eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Á Faxaflóa innan línu, sem dregin er milli Garðskagavita og Hellnanes.
2. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi vestur frá Garðskaga og réttvísandi suður frá Reykjanesi, eru allar dragnótaveiðar bannaðar innan fjögurra sjómílna frá fjörumarki frá kl. 18:00 á laugardögum til kl. 07:00 á mánudögum.

3. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi vestur frá Öndverðarnesi að línu sem dregin er réttvísandi 240° frá Hellnanesi, eru dragnótaveiðar bannaðar á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst, að báðum dögum meðtöldum, frá kl. 08:00 á laugardögum til kl. 07:00 á mánudögum.

Reglugerð um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi, sem tók fyrst í stað (1987) aðeins til veiða með fiskibotnvörpu, en frá árinu 1992 einnig til veiða með dragnót í tilefni bágs ástands ýsustofnsins. Gildandi reglugerð er nr. 1065/2013.

Sérveiðileyfi til dragnótaveiða í Faxaflóa.

Ákvæði í sérveiðileyfi fyrir tíma reglugerða: (1. september 2010 - 20. desember 2010)

Í sérveiðileyfinu voru upptalin í 11 tl. ýmis skilyrði varðandi „leyfi til skarkolaveiða eð dragnót í Faxaflóa“ s.s. hlutfall þorsks og sum árin fleiri tegunda í heildarafla, lámárgsmöskvastærð (155 mm), óheimilt að hafa önnur veiðarfæri um borð o.fl.

Þá voru veiðar bannaðar frá kl. 19.00 að kvöldi til kl. 07.00 að morgni. Einnig eru veiðar bannaðar á laugardögum og sunnudögum og á Hafursfirði norðan og austan línu sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 64°39,60 N - 22°27,20 V
2. 64°40,00 N - 22°50,00 V
3. 64°48,00 N - 22°50,00 V

Þann 14. desember 1997 var gefin út reglugerð nr. 687/1997, um dragnótaveiðar. Í þessari reglugerð var í fyrsta skipti sett í reglugerð ákvæði um svæðaskiptinguna (landshlutar), kolaveiðisvæðin (2) og um Faxaflóann. Fram að því lutu ákvæði í reglugerðum um dragnótaveiðar (t.d. regl. nr. 334/1997) s.s. að: dragnótaveiðar væru óheimilar án sérstaks leyfis (ráðuneytis/Fiskistofu), hver lágmarksstöskvastærð væri og um útbúnað veiðarfærisins. Öll önnur ákvæði/skilyrði varðandi dragnótaveiðar var af finna í leyfisbréfum. Varðandi Faxaflóaleyfið lutu ákvæði reglugerðar nr. 687/1997, m.a. að: veiðitímabili, veiðisvæði, að eingöngu væri heimilt að veita þeim skipum dragnótaleyfi í Faxaflóa sem slík leyfi fengu á árinu 1997, um hlutfall bolfisks í heildaafla og um flutning dragnótaleyfis milli skipa.

Þann 30. mars 2005 var reglugerð nr. 687/1997 felld úr gildi og í hennar stað gefin út reglugerð nr. 382/2005, um bann við dragnótaveiðar. Ákvæði reglugerð var að mestu leyti sambærileg við ákvæði reglugerð nr. 687/1997, en að ýmsu leyti ítarlegri.

Þann 20. september 2006 var reglugerð nr. 382/2005 felld úr gildi og í hennar stað gefin út reglugerð nr. 788/2006, um dragnótaveiðar. Ákvæði reglugerð var að mestu leyti sambærileg við ákvæði reglugerð nr. 382/2005, en að ýmsu leyti ítarlegri.

Þann 29. nóvember 2013 var reglugerð nr. 788/2006 felld úr gildi og í hennar stað gefnar út tvær reglugerð nr. 1061/2013, um dragnótaveiðar og nr. 1066/2013, um dragnótaveiðar í Faxaflóa. Þar var í fyrsta skipti sem sett var sérstök reglugerð um dragnótaveiðar í Faxaflóa. Í reglugerð voru tekin inn ákvæði úr reglugerð nr. 788/2006 þ.e. þau ákvæði er lutu að dragnótaveiðum í Faxaflóa, en jafnframt flest öll ákvæði (tl.) sérveiðileyfisins þ.m.t. ákvæði um bann við veiðum með dragnót í Hafursfirði.

Álit starfshópsins varðandi bannsvæði fyrir veiðum með dragnót

Hluti ofangreindra ákvæða um bannsvæði fyrir veiðum með dragnót hafa verið til staðar í sérveiðileyfum, árum og sum jafnvel áratugum saman. Reglugerðarákvæðin sem koma í kjölfar fréttatilkynningar sjávarútvegsráðherra í apríl 2010 voru ekki tilkomin að undangengnum

fiskifræðilegum rannsóknum né að fengnu álit Hafrannsóknastofnunar. Engar fiskifræðilegar rannsóknir lágu því til grundvallar fyrrgreindum ákvæðum, að undanskildum ákvæði í reglugerð nr. 1065, um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi (Eyrarbyggubugur) og ákvæði í reglugerð nr. 1066/2013, um dragnótaveiðar í Faxaflóa (Hafursfjörður). Ákvæði um bann við veiðum með dragnót hafa oftast orðið til sem „pólítískar“ ákvarðanir. Eins og áður hefur komið fram voru ákvæðin sett sem einhvers konar málamiðlun eða tilraun til sátta milli ólíkra sjónarmið. Starfshópurinn lagði því til í maí 2017 að ákvæði reglugerðanna um bann við veiðum með dragnót á framangreindum tilteknum svæðum yrði felld úr gildi úr gildi að undanskildu ákvæði í reglugerð um lokun Hafursfjarðar til verndunar skarkolaungviðis. Þess ber að geta að reglugerðarákvæði um lokun svæðis í Eyrarbyggubug var felld brott 21. ágúst 2017.

Tillaga starfshópsins

Sérveiðileyfi til veiða með dragnót

Eftir að hafa fjallað um málið og farið yfir umsagnir Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og hagsmunaaðila var það niðurstaða starfshópsins að engin efnisleg rök standi til að viðhalda útgáfu svæðabundinna sérveiðileyfa til veiða með dragnót. Afnám þessara sérveiðileyfa hefði ekki áhrif á aðrar reglur sem í gildi eru s.s. varðandi veiðitímabil, veiðiskip, gerð og búnað veiðarfæris og veiðisvæði.

Ef ákveðið verður að afnema framangreind sérveiðileyfi kallar það á breytingu bæði á 5. gr. og 6. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eða setningu almennrar reglugerðar til veiða með dragnót á grunni 5 gr. laganna og afnema núgildandi svæðaskiptingu. Hægt væri að byrja á að einfalda reglurnar/kerfið með því að afnema svæðaskiptinguna án lagabreytingar. Væri þá sú leið farin að eftir sem áður þyrfti sérstakt leyfi frá Fiskistofu við „veiðar með dragnót nær landi en um ræðir í 5. gr.“, en sérveiðileyfið næði þá til dragnótaveiða við Ísland.

Svæði sem nú eru lokuð fyrir veiðum með dragnót

Engin efnisleg verndunar- eða fiskifræðileg rök lágu að baki ákvörðunar um lokun flestra bannsvæða fyrir veiðum með dragnót. Starfshópurinn leggur því til að ákvæði varðandi framangreind bannsvæði verði felld úr gildi að undanskildu ákvæði í reglugerð nr. 1066/2103 um lokun uppeldissvæða skarkola í Hafursfirði.

Starfshópurinn telur þó rétt að samráð verði haft við sveitarfélög á viðkomandi svæðum áður en tillögurnar kæmu til framkvæmda.

Starfshópurinn áréttar að framangreind tillaga tekur ekki til svæða þar sem veiðar eru bannaðar að tillögum Hafrannsóknastofnunar, s.s. vegna hrygningar nytjastofna, verndunar ungvíðis eða verndunar búsvæða.

Starfshópurinn skilaði ofangreindum tillögum til ráðuneytisins í maí 2017.

4. KJÖRHÆFNI VEIÐARFÆRA

4.1. FISKIBOTNVARPA

Eitt af verkefnum starfshópsins, sem fram kom í skipunarbréfi, var að kanna, með hliðsjón af nýjustu þekkingu og umsögnum hagsmunaaðila „hvort þörf sé að breyta, þ.m.t. einfalda og leita nýrra útfærslna, lögum og reglugerðum“ er varða m.a. kjörhæfni fiskibotnvörpu.

Á undangengnum áratugum hafa átt sér stað miklar breytingar á umhverfi fiskveiða þ.m.t. togveiða bæði með tilkomu aflamarks, sem stjórnar því hve mikið veitt er af hverri tegund, en ekki síður með fækkun togveiðiskipa. Samkvæmt upplýsingum á vef Fiskistofu var aflaheimildum fyrir fiskveiðiárið 2001/2002 úthlutað á 92 togara en fyrir fiskveiðiárið 2017/2018 var aflaheimildum úthlutað á 39 togara.

Þá hafa síðustu ár verið gerðar miklar rannsóknir á virkni botnvörpu, bæði á veiðarfærinu sjálfu en einnig á hegðun fisks gagnvart botnvörpunni, í þeim tilgangi að auka kjörhæfni. Sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að hægt sé að auka kjörhæfni með því að breyta botnvörpunni s.s. uppsetningu, efnisgerð og legu möskva. Þessar rannsóknir hafa leitt af sér mikla þróun í gerð botnvarpa bæði hvað varðar efni og uppsetningu. Það er því nokkuð ljóst að reglugerð sem taka ætti til allra þátta, varðandi möskvastærð, efnisgerð og uppsetningu fiskibotnvörpu, yrði seint tæmandi og trúlega afar fljótt úrelt.

Óskað var greinargerðar Hafrannsóknastofnunar um kjörhæfni fiskibotnvörpu (fylgiskjal 17). Þar kemur m.a. fram að „það er ljóst að gerð og útbúnaður togveiðarfæra, sér í lagi poka, getur haft mikil áhrif á þá aflasamsetningu sem kemur um bord. Þar sem aflamark ákvarðar það magn sem veitt er úr stofni má samt spyrja hvort það skipti máli að skilja út smáfisk. Grundvallar spurning er kemur að veiðarfærum er: "Hver er æskileg kjörhæfni?". Öll lög og reglugerðir um útbúnað og gerð veiðarfæra þurfa að taka mið af þeirri spurningu. Það er því ekki hægt að koma með tillögur að einhverri ákveðinni gerð veiðarfæra nema að horfa á hlutina í samhengi við viðmiðunarmörk helstu nytjastofna. Þá eru ýmsir aðrir þættir sem skipta máli eins og gæði hráefnis, orkunotkun við veiðar og áhrif veiðarfæra á botninn og reglugerðir mega ekki hindra framþróun í greininni svo framarlega sem þróunin snýst um skynsamlega nýtingu eða umhverfisvernd. Ljóst er að stunda þarf kjörhæfnimælingar á nýjum útfærslum veiðarfæra þar sem erfitt er að spá fyrir um hvaða áhrif breytingar geta haft á kjörhæfni líkt og sést á þeim rannsóknum sem fjallað er um að ofan.“

Gildandi reglugerðir um fiskibotnvörpu (veiðarfærið)

Ákvæði um fiskibotnvörpu er að finna í tveimur reglugerðum:

1. Reglugerð nr. 543/2002, um möskvastærðir- og útbúnað varpa til veiða á botnfiski, rækju og humri, með síðari breytingum.
2. Reglugerð nr. 724/2006, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju og notkun á 155 mm poka í botnvörpu.

Hvað ræður kjörhæfni fiskibotnvörpu

Kjörhæfni veiðarfæris (botnvörpu) er mælikvarði á hæfni veiðarfærisins til þess að velja fisk eftir stærð þannig að t.d. undirmálsfiskur veiðist í sem minnstum mæli og/eða til að veiða tiltekna fisktegund.

Margir þættir hafa áhrif á kjörhæfni botnvörpu.

Botnvörpur. Fiski, rækju- og humarvörpur. Áhrifaþættir á kjörhæfni, til lengdar og tegunda.:

- *Umhverfisaþættir (ljósmagn, hitastig, botngerð o.fl.)*
- *Hlerabil (hornið á grandara í drætti)*
- *Toghraði*
- *Gerð fótrepis (rockhopper, þyngd, körtur o.fl.)*
- *Hönnun topps og belgs (smug annarstaðar en í poka)*
- *Skiljur, gluggar og annað slíkt*
- *Möskvastærð og hvernig hann snýr (0°, 45°, 90°)*
- *Efni í netum*
- *Stærð og hönnun vörpunnar*
- *Ummál poka (fjöldi möskva hringinn)*
- *Fjöldi byrða í poka*
- *Slaki í neti (felld eða ófelld)*
- *Mottur, indjánaþils og hlífar*
- *Flæði aftur í poka*
- *Hegðun fiska*

(Kjörhæfni veiðarfæra (glærur) Haraldur A. Einarsson, Hafrannsóknastofnun, nóv. 2015).

Helstu botnfiskstegundir (þorskur, ufsi, karfi, ýsa og grálúða) eru ólíkar bæði hvað varðar stærð og lögun. Hvorki sama möskvastærð né uppsetning botnvörpunnar, út frá kjörhæfni, á því endilega við um allar þessar helstu botnfiskstegundir.

– *Við þorsk- og ufsaveiðar hentar 155 mm möskvi, kjörhæfni væri sennilega frá 46 cm upp í ~ 60 cm.*

– *Við ýsuveiðar hentar 135 mm möskvi, reikna mætti með kjörhæfni frá 30 til 42 cm ýsu.*

– *Við karfaveiðar á e.t.v. að setja hámark möskvastærð sem gæti verið á bilinu 80-120 mm.*

(Kjörhæfni veiðarfæra (glærur) H.A.E. Hafró, nóv. 2015).

Lokun veiðisvæða

Önnur leið til að draga úr veiðum á smáfiski er lokun veiðisvæða, tímabundið eða ótímabundið, þar sem mikið hefur orðið vart við smáfisk. Takmörkun á veiðum með lokun veiðisvæða er í aðalatriðum tvenns konar. Svæðum er lokað til að vernda smáfisk (ungviði) tímabundið með skyndilokun eða ótímabundið eða tímabundið með reglugerð. Svæðum er lokað til þess að vernda botngerð og/eða búsvæði ótímabundið með reglugerð.

Viðmiðunarmörk/skyndilokanir

Viðmiðunarmörk hafa verið sett fyrir 14 tegundir nytjastofna sjávar. Viðmiðunarmörk segja til um hversu hátt hlutfall afla undir tiltekinni lengd má vera í afla án þess að veiðar teljast vera skaðlegar. Veiðar teljast vera skaðlegar þegar smáfiskur í afla fer yfir þau viðmiðunarmörk sem ráðherra hefur ákveðið að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar. Sama gildir um veiðar á smáhumri, smárækju eða öðrum tegundum nytjastofna, enda hafi verið sett viðmiðunarmörk fyrir hlutaðeigandi stofna. Hafrannsóknastofnun er heimilt að grípa til skyndilokana vegna skaðlegra veiða sem gildir í allt að 14 daga sbr. Lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Nokkrar hugsanlegar leiðir við á útfærslu reglna um fiskibotnvörpu:

A Regla sem kveður á um lágmarksmöskvastærð og um annan útbúnað

- Óbreyttar reglur – Óbreytt eftirlit

B Regla um mismunandi lágmarksmöskvastærð eftir svæðum og um annan útbúnað

- Breyttar reglur – Aukið eftirlit

C Engar reglur um lágmarksmöskvastærð og engar eða litlar reglur um annan útbúnað, en krafa að togvarpa skili út smáfiski

- Mikið breyttar reglur – Aukið, en fyrst og fremst breytt eftirlit

Þá ræddi starfshópurinn fleiri möguleika t.d. að halda áfram með lágmarksmöskva (135 mm) en togskipum heimiluð notkun smærri möskva að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, s.s. að eftirlitsmaður sé um borð.

Leið A

Regla sem kveður á um lágmarksmöskvastærð og hlífar (núverandi aðferð)

Við takmörkun veiða á smáfiski hafa stjórnvöld fyrst og fremst horft til þess að festa í reglugerð allt sem lýtur að kjörhæfni veiðarfærisins (botnvörpunni). Þannig eru reglur til um:

- gerð og frágang pokans.
- lágmarksmöskvastærð (ath. sérreglur v. úthafskarfa, blálöngu og gulllax).
- annann útbúnað, s.s.
 - slitnet
 - slitmottur
 - styrktarnet
 - styrktargjarðir
 - steinamottur
 - nautshúðir
 - þvermál fótrepis

Í Skýrslu Hafrannsóknastofnunar til starfshópsins (fylgiskjal 17) kemur m.a. fram að „*ef gerð poka á botnvörpum á að vera notuð á virkan hátt sem stjórnæki, verða reglur að vera mun skýrari og taka yfir fleiri þætti en þær gera í dag. Ummál poka, hlífar (mottur), gerð nets, þvermál garns í neti, einfalt eða tvöfalt garn, stærð hnúta og eðlisþyngd (þéttleiki) garnsins. Öll þessi atriði eru í reglugerðum hjá mörgum þjóðum, að undanskilinni eðlisþyngdinni.*“

Eftir að reglum um lágmarksmöskvastærð í botnvörpu var breytt úr 135 mm í 155 mm, fyrir um fjörutíu árum, komu fljótlega fram óskir um minni möskva til karfaveiða. Þá kom einnig fljótlega í ljós að 155 mm lágmarksmöskvi hentaði illa til ýsuveiða. Lausn stjórnvalda var að setja reglur um svokallaða pokalínu.

„Árið 1975 lagði Hafrannsóknastofnunin til að nota skuli poka með 155 mm möskva að innanmáli við botnfiskveiðar með þeirri undantekningu að poka með 135 mm möskva skuli beitt við karfaveiðar (Guðni Þorsteinsson, 1979). Þessar tillögur lágu að baki löggjöf um möskvastærðir. Síðar, m.a. vegna þrýstings frá útgerðum, var leyft að nota poka með 135 mm möskva á stærri svæðum til botnfiskveiða. Helstu vandkvæði við beitingu 155 mm möskva í poka voru að illa gekk að veiða tegundir eins og ýsu. Þar sem minna var veitt af ýsu fyrir Norðurlandi á þessum tíma voru settar út svo kallaðar "pokalínur" sem mörkuðu svæði þar sem leyft var að nota 135 mm möskva sunnan megin en 155 mm norðan við. Síðar var reglugerðinni breytt á þá vegu að leyfilegt var að nota styrktarnet (pólska hlíf) á pokum með 155 mm möskva norðan við skilgreinda línu (reglugerð 543/2002)“. Kjörhæfni botnvörpu H.A.E. (fylgiskjal 17).

Gífurleg þróun á botnvörpu hefur átt sér stað, á síðustu árum, bæði hvað varðar efnisgerð og uppsetningu. Veiðarfærarannsóknir Hafrannsóknastofnunar sem og framleiðanda hafa leitt í ljós að fjölmörg önnur atriði en möskvastærð (lágmarks- eða hámarksmöskvi) hafa áhrif á kjörhæfni. Efnisgerð (stíf- og sverleiki garns), uppsetning s.s.: lega möskva (upptaka, leggur

eða síða), fjöldi byrða, ummál poka, slaki í neti o.fl. getur einnig haft mikil áhrif á kjörhæfni botnvörpunnar. Af þessum sökum er erfitt jafnvel illmögulegt, í reglugerð, að ná utan um öll möguleg tilvik er varða uppsetningu og efnisgerð fiskibotnvörpu.

Leið B

Mismunandi lágmarksmöskvastærð fiskibotnvörpu eftir svæðum (pokalínur) með eða án hlífa

„Ef viðmiðunarmörk veiðitegunda kalla á mismunandi möskvastærðir, eða mismunandi gerðir poka verði notaðir eftir marktegund eða veiðisvæðum verður að setja reglur um hvenær eða hvar hver gerð af poka eða möskvastærð skuli notuð.“ (Kjörhæfni botnvörpu H.A.E. fylgiskjal 17).

Á undanförunum árum og áratugum hafa oft komið fram óskir um heimild til að nota minni möskva en 135 mm við tiltekna veiðar s.s. á karfa og ýsu. Samhliða þessum óskum hefur gjarnan fylgt hvatning um auknar rannsóknir á kjörhæfni með breyttri möskvastærð og/eða uppsetningu. Margvíslegar rannsóknir á kjörhæfni botnvörpu hafa verið gerðar af hálfu Hafrannsóknastofnunar á undanförunum árum. Í stuttu máli má segja að möskvastærð er einungis eitt atriði af mörgum sem hafa áhrif á kjörhæfni botnvörpu. Um nánari niðurstöður kjörhæfnis rannsókna vísast til meðfylgjandi greinargerðar Hafrannsóknastofnunar, Kjörhæfni botnvörpu, H.A.E. (*fylgiskjal 17*).

Í umsögn FFSÍ varðandi kjörhæfni fiskibotnvörpu (fylgiskjal 1) kemur m.a. fram að „155 mm fjögurra byrða poki með þverneti sem dreginn er á línunum hefur komið afgerandi betur út en aðrir valkostir og ætti því, þar sem því verður við komið, að nota slíka poka á hefðbundnum slóðum þar sem þorsk, ufsa og ýmsar aðrar fisktegundir er að finna. Ýsu og karfaslóðir þarfnast eftir sem áður sérákvæða sem endalaust má fabúlera um án endanlegrar lausnar. Á viðurkenndum karfa og ýsuslóðum mætti jafnvel smækka möskva frá því sem nú er þar sem smug í þessum tegundum er talið valda umtalsverðum óskilgreindum fiskdauða.“

Leið C

Engar reglur um lágmarksmöskvastærð fiskibotnvörpu né hlífar pokans, en krafa að togvarpa skili út smáfiski

Starfshópurinn fjallaði um þær hugmyndir að horfið verði frá þeim ýtarlegu reglum um gerð og búnað fiskibotnvörpu og þess í stað verði gerð rík krafa til útgerða og skipstjórnarmanna að ekki séu stundaðar veiðar á smáfiski. Hlutfall smáfisks í afla fari ekki yfir tiltekin viðmiðunarmörk viðkomandi tegundar. Er í raun um sambærilega reglu og viðgengst í dag ef frá eru skildar reglur um veiðarfærið sjálft. Verði skip uppvíst að slíkum veiðum (eftir mælingu úr afla) lokist veiðisvæðið, með skyndilokun, fyrir veiðum með botnvörpu.

Til þess að hamla að ítrekað séu stundaðar veiðar á smáfiski (skaðlegar veiðar) gæti lausnin verið að bæta inn viðurlagaheimild, s.s. skriflegri áminningu, sviptingu veiðileyfis og sektarákvæði, sem þá beindist einungis gegn viðkomandi skipi.

Slík breyting á regluverki um fiskibotnvörpu kallar á aukið, en fyrst og fremst breytt eftirlit. Í stað núverandi framkvæmdar, þar sem eftirlitsmenn Fiskistofu eru sendir með togveiðiskipi og eru um borð alla veiðiferðina, yrði trúlega markvissara að eftirlitsmenn færu um borð úti á sjó. Með þeim hætti yrðu þeir einungis, eftir aðstæðum, um borð hluta veiðiferðarinnar. Slík framkvæmd gæti gert veiðieftirliti Fiskistofu mögulegt að fylgjast betur með tilteknum veiðisvæðum og þar með tilteknum fisktegundum. Þetta krefst aðgengis veiðieftirlitsins að sérstökum bát/bátum og/eða skipum/þyrlum Landhelgisgæslunnar. Eðli málsins samkvæmt, er

mikilvægt að slíkar breytingar yrðu gerðar í samráði við stjórnendur Fiskistofu og Landhelgisgæslu.

Eftirlit með veiðum

Í Barentshafi eru fiskiskip leigð til að rannsaka helstu veiðisvæði og eru sérhæfðir eftirlitsmenn um borð. Leiga skipanna er fjármögnuð með sölu aflans og laun eftirlitsmanna greidd af ríkinu. (úr greinargerð Hafrannsóknastofnunar um gildi lokana veiðisvæða, Jón Sólmundsson, fylgiskjal 15). Með þeim hætti hefur eftirlitsmaður tök á að kanna veiðisvæði en í dag hefur eftirlitsmaður ekkert um það að segja.

Rafrænt eftirlit með myndavélum er leið sem verið er að prófa og innleiða víða um heim. Í tengslum við þær breytingar á fiskveiðistefnu Evrópusambandsins (CFP) að skylt verði að landa öllum afla hafa nokkur lönd innan sambandsins (s.s. Danmörk, Bretland, Þýskaland) verið með tilraunafloata til prófunar á slíkum búnaði allt frá árinu 2011. Sjálfboðaliðar hafa tekið þátt í þessum tilraunaverkefnum. Skipin sem taka þátt fá 30-40% auknar aflaheimildir og koma með allan afla að landi. Að sögn þeirra sem stýra og taka þátt í þessum verkefnum hafa þau gefið góða raun.

Í Alaska er áætlað að taka upp slíkt eftirlit á minni bátum (12-18 metrar að lengd) á árinu 2018 og fyrirhugað að setja samskonar búnað í stærri skip á næstu árum. Á Nýja Sjálandi hefur slíkt eftirlit verið í prófun og þróun á undanförunum árum og fyrir Nýsjálenska þinginu liggur fyrir frumvarp um innleiðingu rafræns eftirlits á öllum veiðiskipum. Víða t.d. í Perú hefur slík tækni verið notuð til að fylgjast með meðafla af spendýrum og fuglum.

Víða er verið að þróa rafrænan búnað sem, auk eftirlits, getur tegundagreint afla og mælt stærð einstakra fiska með það í huga að hægt verði að nota gögnin í rannsóknaskyni t.d. í stofnstærðarlíkön. Nokkuð ljóst virðist að rafrænt eftirlit með sjálfvirkum myndavélabúnaði mun vart koma fyllilega í stað veiðieftirlits í núverandi mynd en ætti að geta gert eftirlitið árangursríkara, skilvirkara og hugsanlega ódýrara til lengri tíma lítið.

Tillögur starfshópsins varðandi reglur um fiskibotnvörpu

Gífurleg þróun á botnvörpu hefur átt sér stað, á síðustu árum, bæði hvað varðar efnisgerð og uppsetningu. Veiðarfærarannsóknir Hafrannsóknastofnunar sem og framleiðanda hafa leitt í ljós að fjölmörg önnur atriði en möskvastærð (lágmarks- eða hámarks möskvi) hafa áhrif á kjörhæfni. Efnisgerð (stíf- og sverleiki garns), uppsetning s.s.: lega möskva (upptaka, leggur eða síða), fjöldi byrða, ummál poka, slaki í neti o.fl. getur einnig haft mikil áhrif á kjörhæfni botnvörpunnar. Af þessum sökum er erfitt, jafnvel illmögulegt með reglugerð að ná utan um öll möguleg tilvik er varða uppsetningu og efnisgerð fiskibotnvörpu.

Hugmyndir um pokalínu eða svæðisbundnar reglur um lágmarksmöskva hafa marg sinnis komið fram hjá togaraskipstjórum, en erfitt hefur reynst að afmarka svæði, þar sem gilda ættu sérákvæði um lágmarksmöskva. Það er bæði vegna þess að fisktegundir hafa verið að færa sig um set vegna breyttra umhverfisáhrifa, en einnig að á flestum veiðisvæðum, a.m.k. hluta úr ári, getur aflinn verið mjög tegundablandaður.

Það er mat starfshópsins í ljósi aukinar vitneskju á virkni (kjörhæfni) botnvörpu og mikilla breytingar á umhverfi veiða með botnvörpu s.s. fækkun skipa og aukins skilnings á orkusparnaði, kalli það á breytingar á regluverki varðandi fiskibotnvörpu.

Í ljósi þess, sem að framan greinir, leggur starfshópurinn til að núverandi reglum um fiskibotnvörpu verði breytt í þá veru að fellt verði út ákvæði um lágmarksmöskva, sem í dag er 135 mm. Einnig verði fellt út ákvæði um smáfiskaskilju sem og margvíslegar reglur um styrktarbúnað á poka.

Samhliða því að ákvæði um lágmarksmöskvastærð verði fellt úr gildi leggur starfshópurinn til að bætt verði við viðurlagaheimild í lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þar verði kveðið á um heimild til að áminna og síðan svipta skip veiðileyfi þegar um er að ræða ítrekuð tilvik um skaðlegar veiðar (veiðar á ungvíði).

Slík grundvallarbreyting á reglum (niðurfelling á 135 mm lágmarksmöskva) kallar að mati starfshópsins á aukið og breytt eftirlit. Eftirlitsbátar í eigu eða leigðir af Landhelgisgæslunni, sem gerðu eftirliti kleift að fara um borð úti á sjó, eru trúlega virkustu leiðirnar til að stemma stigu við skaðlegum veiðum. Ný tækni s.s. myndavélaeftirlit gæti einnig nýst í sama tilgangi. Mikilvægt er að komi til breytinga á reglum sem kalla á breytt eftirlit, þá verði það gert í samráði við Fiskistofu og eftir atvikum Landhelgisgæslu.

Lagt er til að flytja ákvæði um rækju- og humarvörpu, sem í dag eru með ákvæðum um fiskibotnvörpu í reglugerð nr. 543/2002, í reglugerðir um humarveiðar og rækjuveiðar. Með því móti væru allar reglur um rækjuveiðar þ.m.t. rækjuvörpu að finna í einni reglugerð. Hið sama á við um humarveiðar og humarvörpu.

4.2. HUMARVARPA

Gildandi reglugerðir um humarvörpu

Ákvæði um humarvörpu er að finna í 2 reglugerðum:

1. Reglugerð nr. 214/2010, um humarveiðar, með síðari breytingum.
2. Reglugerð nr. 543/2002, um möskvastærðir- og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri, með síðari breytingum.

Ef ákvæði um humarvörpu (veiðarfærið) væru tekin út úr reglugerð 543/2002 og þau ákvæði færði í reglugerð 214/2010 væru allar reglugerðir um humarveiðar einungis að finna í einni reglugerð, þ.e. um humarveiðar. Myndi slík breyting tvímælalaust leiða til einföldunar fyrir alla aðila þ.e. útgerð, sjómenn og stjórnvöld/eftirlit.

Á kynningarfundum starfshópsins með hagsmunaaðilum, þann 25. nóvember árið 2015, kom m.a. fram í kynningu Haraldar A. Einarssonar að lágmarksmöskvi í humarvörpu er 80 mm í poka (90 mm almennt notað), en nágrannaþjóðir væru með stærri möskva. Þá kom einnig fram að engar reglur væru um ummál poka og að veiðarfæratilraunir bendi til að hægt væri að skilja í sundur fisk og humar í veiðarfærinu, en á það hefur ekki verið reynt við humarveiðar.

Tillaga starfshópsins varðandi reglur um humarvörpu

Það er mat starfshópsins að sameining reglugerða um humarveiðar og humarvörpur væri til einföldunar ekki síst fyrir sjómenn og útgerðarmenn sem stunda humarveiðar.

- Starfshópurinn telur ekki forsendur til breytinga á reglum um lágmarksmöskva humarvarpa þ.e. *lágmarksmöskvastærð í netþaki humarvörpu skal vera 135 mm en 80 mm í öðrum hlutum vörpunnar.*
- Starfshópurinn telur heldur ekki forsendur til breytinga á reglum um notkun leggglugga við veiðar á humar.
- Starfshópurinn hvetur til frekari rannsókna á aðskilnaði humars og fisks enda leiði það til bættrar meðferðar afla auk þess sem hægt væri að hafa stærri möskva í þeim hluta pokans sem fiskur er leiddur í.

4.3. RÆKJUVARPA

Ákvæði um rækjuvörpu og smárækjuskilju er að finna í 5 reglugerðum:

1. Reglugerð nr. 396/2005, um úthafs-rækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar, með síðari breytingum. Þar er m.a. að finna eftirfarandi ákvæði:
 - *Skyldu til að nota seiðaskilju (22 mm rimlabil með u.þ.b. 45-50 gráðu halla).*
 - *Heimild til að nota yfirpoka þar sem viðkomandi skipum eru heimilar veiðar með fiskibotnvörpu sbr. 5. gr. laga nr. 79/1997.*
 - *A.m.k. 8 öftustu metrar yfirpokans skulu vera með lágmarksmöskvastærð 135 mm.*
2. Reglugerð nr. 258/2012, um rækjuveiðar innfjarða, með síðari breytingum, þar er m.a. að finna eftirfarandi ákvæði:
 - *Lágmarksmöskvastærð rækjuvörpu skal vera 45 mm í vængjum aftur að þaki (miðneti) og 36 mm í öðrum hlutum vörpunnar.*

- *Við veiðar á rækju innfjarða skal nota net á legg í a.m.k. fjórum öftustu metrum vörpunnar eða smárækjuskilju sbr. reglugerð um gerð og búnað smárækjuskilju.*
 - *Um gerð og búnað vörpunnar vísast til reglugerðar um möskvastærðir og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri með síðari breytingum.*
 - *Skylt er við rækjuveiðar á Eldeyjarsvæði að nota seiðaskilju við veiðarnar (22 mm rimlabil með u.þ.b. 45-50 gráðu halla). Sama ákvæði, til bráðabirgða, við rækjuveiðar á Skjálfandaflóa.*
3. Reglugerð nr. 542/2014, um veiðar á rækjustofninum á miðunum við Snæfellsnes, með síðari breytingum, þar er m.a. að finna eftirfarandi ákvæði:
- *Skylt er að nota seiðaskilju við veiðarnar (22 mm rimlabil með u.þ.b. 45-50 gráðu halla).*
 - *Þá skulu skip búin smárækjuskilju eða net á legg í a.m.k. fjórum öftustu metrum vörpunnar.*
 - *Um gerð og búnað vörpunnar vísast til reglugerðar um möskvastærðir og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri með síðari breytingum.*
4. Reglugerð nr. 543/2002, um möskvastærðir- og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri, með síðari breytingum, þar er m.a. að finna eftirfarandi ákvæði:
- *Lágmarksmöskvastærð rækjuvörpu skal vera 45 mm í vængjum aftur að þaki (miðneti) og 36 mm í öðrum hlutum vörpunnar.*
 - *Á tilteknu svæði skal við rækjuveiðar nota net á legg í a.m.k. 8 öftustu metrum vörpunnar eða smárækjuskilju samkvæmt reglum þar um. Lágmarksmöskvastærð leggpokans á þessu svæði skal vera a.m.k. 40 mm.*
 - *Heimild til að nota hlífðarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarksmöskvastærð slíks hlífðarpoka skal vera 100 mm.*
 - *Heimild til að binda fyrir rækjupoka allt að 40 cm fyrir ofan pokaendann og stinga lausa netinu inn í pokann til að þétta pokahnútinn.*
 - *Rækjupokinn skal ekki vera meira en 50 cm lengri en hlífðarpokinn. Heimilt er að binda fyrir hlífðarpokann að aftan.*
5. Reglugerð nr. 739/2000, um gerð og útbúnað smárækjuskilju, þar er m.a. að finna eftirfarandi ákvæði:
- *Smárækjuskilja er tæki eða útbúnaður, sem komið er fyrir í togveiðarfærum í þeim tilgangi að flokka rækju eftir stærð í vörpunni, þannig að smárækja skiljist lifandi úr vörpunni. Smárækjuskilja skal ekki hafa áhrif á uppsetningu og eiginleika vörpunnar að öðru leyti.*
 - *Ef rækjuveiðar á tilgreindum svæðum eru bundnar því skilyrði, að varpan sé útbúin smárækjuskilju, skal eingöngu nota þær gerðir skilja sem ráðuneytið hefur viðurkennt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar. Í viðaukum við reglugerð þessa skal birta hvaða gerðir smárækjuskilju eru viðurkenndar og hvernig þeim skuli komið fyrir í vörpunni.*

Í viðauka með reglugerð um gerð og útbúnað smárækjuskilju eru tvær tegundir smárækjuskilja viðurkenndar, Húsavíkurskilja og ICEDAN skilja. Í viðaukanum kemur m.a. fram að:

- *Bil milli rimla í skiljugrindinni skuli vera a.m.k. 7 mm neðst, og a.m.k. 9 mm efst, miðað við meðaltal 10 mælinga.*
- *Smárækjuskiljan skuli vera staðsett í belg vörpunnar, aftan við seiðaskilju.*

- Rimlar grindarinnar liggi samsíða belg vörpunnar. Skiljunni verði komið þannig fyrir að neðri hlutinn verði fremstur og hún halli aftur í u.þ.b. 35° til 45°.

Skiljur við rækjuveiðar

„Skiljur eru rimlagrindur úr stáli/plasti sem settar eru inn í vörpur af ýmsu tagi fyrir framan pokann. Allar tegundir sem veiðast lenda á lóðréttum rimlum á skiljunni og með mismunandi rimlabil eftir því hvaða veiðar eru stundaðar má aðskilja aflann eftir stærð. Rimlabil í skiljum virkar á sama hátt og möskvar í poka þannig að aukið rimlabil sleppir út stærri fiski á sama hátt og stærri möskvi í poka. Með skilju minnkar hins vegar sjálfraði fiska til að reyna smug eða ekki svo að skilvirkni þeirra er í undirstöðuatriðum meiri. Hins vegar minnkar virkni þeirra þegar mikill afli kemur inn á stuttum tíma eins og einnig gerist í pokanum og skiljur eiga það til að stíflast, t.d. af þara.

Fyrstu skiljur voru þróaðar til að draga úr aukaafli við rækjuveiðar sem óhjákvæmilega eru stundaðar með smáum möskvum. Þessi skilja, svokölluð **fiskiskilja**, er reist og fest með ákveðnum afturliggjandi halla í belg rækjuvörpunnar. **Rimlabil í þessari skilju er haft lítið (22 mm)** þannig að rækjan fer í gegn aftur í pokann en öllum fiski er beint upp og út um op á efra byrði vörpunnar. Þannig veiðist nánast enginn aukaafli með rækjunni nema þeir fiskar eða önnur dýr sem eru af svipaðri stærð og rækja. Fiskiskilja er skilyrt við allar úthafs rækjuveiðar við Vestur-, Norður- og Austurland. Þar sem fiskiskiljan skilur ekki út þorsk- og ýsuseiði á 1. aldursári sem eru á stærð við rækju, er notaður leggpoki í stað hennar við rækjuveiðar innfjarða þar sem stundum er mikið af fiskseiðum, eins og áður greinir.“

.....[kafla um smáfiskaskilju er sleppt].....

„Loks ber að nefna **smárækjuskiljur**, en tvær íslenskar gerðir þeirra eru viðurkenndar við rækjuveiðar hérlendis. Þær virka á svipaðan hátt og smáfiskaskiljan nema **rimlabilíð miðast við lengdardreifingu rækju og er því aðeins 7-9 mm**. Smærri rækjan sleppur þannig í gegnum skiljuna og út úr vörpunni en stærri dýrin lenda í pokanum. Nýlega var gert skylt að nota smárækjuskilju eða lengri gerð af leggpoka með stærri möskva en annars staðar á stóru svæði við Norðausturland þar sem oft er mikið um smárækju. Með þessu móti er stórlega dregið úr veiðum á smárækju.“ (Hrafnkell Eiríksson, Hafró, Morgunblaðið 1. nóv. 2000).

Á kynningarfundum starfshópsins með hagsmunaaðilum, þann 25. nóvember árið 2015, kom m.a. fram í kynningu Haraldar A. Einarssonar, veiðarfærasérfræðings Hafrannsóknastofnunar, að lágmarksmöskvi í rækjuvörpu sem er 40 mm á legg á flestum veiðisvæðum væri sennilega of smár möskvi, þá kom einnig fram hjá Haraldi að:

- Leggmöskvi aflagast fljótt í pokum við notkun og kjörhæfni fellur niður.
- Smárækjuskiljur virka sennilega ágætlega rétt uppsettar. Auðvelt að gera þær lítt virkar á „löglegan“ hátt.
- Seiðaskilja í rækjuvörpu virkar mjög vel, skilur út nánast allan meðafla. En hún veldur aflatapi (~10-14%) stundum verulegu aflatapi.
- Nýjar aðferðir eru í prófunum og lofa góðu.

Notkun smárækju- og fiskiskilju (seiðaskilju) við rækjuveiðar á grunnslóð

Óskað var greinargerðar frá Hafrannsóknastofnun varðandi notkun smárækju- og fiskiskilju (seiðaskilju) við rækjuveiðar á grunnslóð. Í greinargerð Hafrannsóknastofnunar (fylgiskjal 11), kemur m.a. fram að við rækjuveiðar hjá nágrannaþjóðum sé skylda að nota seiðaskilju með 19 mm rimlabil til að minnka veiðar á smáfiski/seiðum. Fjöl margar rannsóknir hafi verið gerðar sem staðfesti virkni skiljunnar. Í einstaka tilvikum s.s. þegar laust þang eða rusl kemur í vörpuna geti afli tapast.

Þá er vakin athygli á veiðarfærarannsóknnum (rækjuvörpu) Hafrannsóknastofnunar. Ný gerð af rækjuvörpu, þar sem höfuðlína er færð aftur fyrir fótreiði hafi verið prófuð. Slík útfærsla hafi minnkað magn seiða fyrst og fremst þorskseiða en einnig nokkuð ýsuseiða. Einnig hefur verið prófað að hafa ljós við fótreiði, sem reynist minnka verulega magn meðaflla flestra tegunda. Þá er minnst á nýja gerð af pokum (þvernetspoka) við rækjuveiðar, sem reynst hafi mjög vel við veiðar á þorski og karfa. Ekki liggi nægjanlegar rannsóknir fyrir, en þær sem gerðar hafi verið lofi góðu. Þá segir í greinargerð Hafró, (fylgiskjal 11):

„Með öðrum orðum, skiljan (seiðaskilja) virkar vel ef ekkert þang eða rusl veldur truflun, en leggpoki eins og notaður hefur verið um árabíl heldur háu hlutfalli af smárækju inni og einnig nánast öllum seiðum sem og stærri fiskum. Varpa með höfuðlínu aftur fyrir fótreiði virkar að mörgu leiti vel þó að merkja meggi minni rækjuaflla. Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar í bréfi 24.4.2012 stendur því enn. Hinsvegar eru aðrar lausnir komnar fram sem e.t.v. eru jafngóðar (breyttur riðill í poka). Það verður líka að benda á að það er mikil mótstaða hjá sumum hagsmunaaðilum við að taka upp skilju þrátt fyrir litla reynslu þeirra við notkun hennar.“

Hafrannsóknastofnun áréttaði með bréfi í mars 2018, (fylgiskjal 12) eftirfarandi atriði varðandi poka og skilju við rækjuveiðar:

„Á síðastliðinni rækjuvertíð í Ísafjarðardjúpi var veitt undanþága til notkunar þvernetspoka af annari gerð en þeirri sem lýst er í reglugerð. Hinn nýi poki er settur upp með sama netefni og venjulega er notað við rækjuveiðar (40+mm möskva, heilmöskvi). Það sem er ólíkt er að netinu er snúið í 90° og kallast þá þvernet. Einnig er pokinn settur upp í fjórum byrðum í stað tveggja. Við það verða fjórir saumar á pokanum og eru línur settar þar til styrkingar. Línurnar eru vanalega litlu lengri en netið sjálft, en í þessari nýju uppsetningu eru línurnar styttri. Það gerir það að verkum að netið er slakt við veiðarnar, þar sem þyngdin fer öll á línurnar í stað netsins.

Kjörhæfni þvernetspoka var mæld við rækjuveiðar og meðafli metinn samhliða stofnmælingaleiðangri rækju innfjarðar sl. haust. Mælingin tókst vel og voru niðurstöðurnar bornar saman við mælingu á leggpoka sem er samkvæmt reglugerð í sama leiðangri. Niðurstaðan úr rannsókninni var að þvernetspoki skilur smárækju svipað út, ef ekki betur en leggpoki en reikna má með að ývið meira af rækju stærri en viðmiðunarmörk skiljist út. Að auki mátti sjá að þvernetspoki var að skilja út marktækt stærri þorskfiskum en leggpoki og á sú niðurstaða sennilega einnig við um aðrar fisktegundir af sömu stærð (<13 cm) séu þær á veiðislóð.

Hafrannsóknastofnun leggur því til að þvernetspoki settur upp með fjórum byrðum og með stuttum línunum verði settur í reglugerð um veiðar á rækju innfjarðar sem valkostur við leggpoka sem er fyrir í reglugerð. Einnig skal bent á að það kemur sterklega til greina að heimila eða jafnvel skylda notkun á þvernetspoka við úthafs rækjuveiðar og um leið fella út reglugerð um notkun á smárækjuskilju, enda eru sterkar vísbendingar um að þvernetspoki af þessari gerð skilji betur út smárækju en skiljan gerir.

Að lokum skal bent á að fyrrgreindir pokar (leggpoki eða fjögurra byrða þvernetspoki) skilja ekki út fisk sem er stærri en 15 cm. Í mörgum tilfellum er um að ræða nytjategundir sem ekki er markaðsvara sökum smæðar og því verulegar líkur á brottkasti nema að fiskurinn sé við viðmiðunarlengd viðkomandi tegundar. Undanþágu frá því að nota smáfiskaskilju (rimlabil 19 mm) ætti því ekki að veita nema sýnt sé að óverulegt magn af þessum fisktegundum sé í aflla á veiðisvæði. Sé undanþága veitt ætti eftirlit að vera meira en að venju til að tryggja edlilega og ábyrga umgengni um vistkerfi sjávar.“

Notkun smárækjuskilju samtímis seiðaskilju hefur ekki verið almenn. Flestir hafa fremur notað leggpoka með seiðaskiljunni. Nokkrar efasemdir eru uppi um að leggpokinn skili nægjanlegri virkni. Fyrsta reynsla af notkun „þvernetspoka“ í stað smárækjuskilju eða leggpoka lofar afar góðu.

Eins og fyrr segir er ákvæði um rækjuvörpu og smárækjuskilju að finna í fjórum reglugerðum. Það væri til mikillar einföldunar að ákvæði um rækjuvörpu (veiðarfærið) væri einungis að finna í einni reglugerð. Starfshópurinn hefur lagt til að sameina reglugerðir um veiðar á innfjarðarækju og rækju við Snæfellsnes. Ef til vill væri rétt að stíga stærra skref og sameina þessar tvær og reglugerð um veiðar á úthafsækju. Verði ákvæði um rækjuvörpu (veiðarfærið) tekin út úr reglugerð um möskvastærðir- og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri og bætt þar inn þá væri í einni reglugerð allt sem lyti að veiðum á rækju. Slíkar breytingar væru óumdeilanlega til mikillar einföldunar fyrir alla aðila þ.e. útgerð, sjómenn og stjórnvöld/eftirlit.

Tillaga starfshópsins varðandi reglur um rækjuvörpu

Það er mat starfshópsins að sameining reglugerða um rækjuveiðar, rækjuvörpur og rækjuskiljur, eða eftir atvikum brottfall, væri til einföldunar ekki síst fyrir sjómenn og útgerðarmenn sem stunda rækjuveiðar.

- Starfshópurinn telur ekki forsendur til breytinga á reglum um lágmarksmöskva rækjuvarpna þ.e. *45 mm í vængjum aftur að þaki (miðneti) og 36 mm í öðrum hlutum vörpunnar.*
- Starfshópurinn leggur til að notkun þvernetspoka verði gerð að skyldu í stað smárækjuskilju eða leggpoka. Samhliða verði reglugerð um smárækjuskilju felld brott.
- Starfshópurinn telur ekki forsendur til breytinga á reglum um notkun yfirpoka við veiðar á úthafsækju.
- Starfshópurinn leggur til að skylt verði að nota seiðaskilju við allar rækjuveiðar. Seiðaskilju með að hámarki 19 mm teinabili innan viðmiðunarlínu og seiðaskilju með að hámarki 22 mm teinabili utan viðmiðunarlínu.
- Starfshópurinn vekur athygli á rannsókn á breyttri uppsetningu á rækjuvörpu. Þar sem höfuðlína er færð aftur fyrir fótrepni. Þessi breyting á vörpu hefur áhrif á magn seiða í afla þannig að töluvert minnkar af þorskseiðum og nokkuð af ýsuseiðum.

5. LOKANIR VEIÐISVÆÐA

Starfshópurinn óskaði eftir greinargerð frá Hafrannsóknastofnun um gildi lokana veiðisvæða. Í greinargerðinni kemur m.a. fram að þrátt fyrir að langtíma lokanir veiðisvæða (friðunarsvæði) hafi verið veigamikill þáttur í stjórnkerfi fiskveiða á Íslandsmiðum í áratugi, þá er lítið um mæligögn sem staðfesta áhrif þeirra aðgerða á afrakstur fiskistofna. Það þýði samt ekki að aðgerðirnar hafi ekki skilað árangri.

Í greinargerð Hafrannsóknastofnunar um gildi lokana veiðisvæða, (fylgiskjal 15) kemur m.a. eftirfarandi fram að ef „tekið er mið af vistkerfisnálgun við stjórnun fiskveiða (sjá Inngang), en jafnframt kröfum um sveigjanleika, gæti svæðastjórnun fiskveiða í framtíðinni verið tvenns konar, eftir því hvað vernda skal:

- I. Föst friðunarsvæði sem taka mið af fjölbreytilegum þáttum s.s. búsvæðagerð, botnlífverum, magni fiskungviðis og fjölbreytileika fisktegunda. Allar veiðar sem eru „skaðlegar“ m.t.t. þessara þátta væru bannaðar. Verndarsvæði kórals suður af landinu eru dæmi um slík svæði, þótt smá séu.
- II. Tímabundnar, sveigjanlegar svæðalokanir sem tækju einungis mið af útbreiðslu fiska sem vernda þarfsérstaklega, t.d. smáfisks, hrygningarfisks, viðkvæmra stofneininga eða annars óæskilegs afla.

Helsti kostur skyndilokana er að þær byggja á sveigjanlegu og skilvirku kerfi sem tekur mið af breytingum á útbreiðslu og hlutfalli smáfisks. Þeirra er ekki þörf nema líkur séu á skaðlegum veiðum. Sveigjanlegar lokanir henta betur en langtíma friðunarsvæði fyrir fiska sem geta synt langar vegalengdir á stuttum tíma, eða breyta útbreiðslu sinni frá ári til árs. Helstu gallar núverandi skyndilokanakerfis eru smæð svæðanna og stuttur gildistími. Lokanir ná oftast yfir lítið svæði og lítið er vitað um ástandið á aðliggjandi svæðum. Með skyndilokun gæti veiðum jafnvel verið beint af smáfiskasvæði á svæði með svipað smáum eða enn smærri fiski. Skyndilokanir gilda í stuttan tíma og engin eftirfylgni á sér stað eftir opnun; ekki er skoðað hvort ástandið hafi breyst.

Þess vegna er hér settar fram vangaveltur höfundar um kerfi sem komið gæti í stað núverandi skyndilokana og reglugerðarhólfa:

1. Skyndilokanir gildi í lengri tíma en nú er, t.d. 4 vikur (hámark 2 vikur hjá ufsa vegna gönguhegðunar).
2. Hlutfallsmörk hækkuð (eða lengdarmörk lækkuð) til að auka líkur á að einungis mestu smáfiskasvæðunum sé lokað.
3. Skyndilokunarsvæði verði í flestum tilfellum afmörkuð af veiðieftirlitsmönnum og stjórnanda veiðieftirlits, eins og nú er.
4. Auk þess verði fyrirfram afmörkuð helstu smáfiskasvæði allt í kringum landið út frá fyrirliggjandi gögnum um skyndilokanir og reglugerðarhólf undanfarin ár. Það mætti gera í samráði við sjómenn og útgerðir. Ef fiskur mælist undir viðmiðunarmörkum innan slíks svæðis er því öllu lokað. Líklega væri ástæða til að hafa gildistíma lengri en annarra skyndilokana, eða jafnvel að láta opnun ráðast af endurskoðun, líkt og gert er í Barentshafi (sjá skýringaramma).

Með þessu fyrirkomulagi myndu skyndilokanir frekar verða þar sem þeirra er virkilega þörf (lokað á smærri fisk), þær myndu hafa meiri áhrif (lengri gildistími), en kerfið myndi áfram laga sig að breytingum á útbreiðslu smáfisks og byggja á skýrum reglum.“

5.1. VIÐMIÐUNARMÖRK

Óskað var umsagnar Hafrannsóknastofnunar varðandi viðmiðunarmörk til lokunar veiðisvæða.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar (fylgiskjal 16) kemur m.a. fram að viðmiðunarmörk flestra nytjategunda hafa verið óbreytt í langan tíma. Á sama tíma hafi fiskveiðistjórnun breyst mikið s.s. með aflamarkskerfi ásamt aflareglum fyrir helstu tegundir. Vakin er athygli á að núverandi viðmiðunarmörk geti verið íþyngjandi sérstaklega á grunnslóð. Ekki sé þó ráðlegt að hverfa frá lokunum svæða ef smár fiskur veiðist. Skynsamlegt sé að stöðva veiðar á svæðum ef óhóflega er veitt af ungvíði. Þá segir í umsögn Hafrannsóknastofnunar:

„Hafrannsóknastofnun leggur til að viðmiðunarmörk fyrir þorsk, ýsu og ufsa verði við 50% af fjölda, í stað 25% í þorski og 30% í ýsu og ufsa, en lengdarmörk verði óbreytt 55 cm í þorski og ufsa og 45 cm í ýsu.

Hafrannsóknastofnun telur ekki þörf á að breyta viðmiðunarmörkum í öðrum tegundum að svo stöddu.“

5.2. SVÆÐALOKANIR Á GRUNNSLÓÐ

Í vaxandi mæli hafa veiðisvæði á mjög grunnu vatni lokast vegna handfæraveiða (strandveiða). Oft er verið að loka á mjög lítinn afla, 500 til 1.000 kg, pr. bát. Þó um sé að ræða marga handfærabáta á sömu veiðislóð og heildar dagsaflinn nokkur tonn er sá hluti aflans sem er yfir viðmiðunarmörkum (smáfiskur) oft einungis örfá tonn. Þegar skyndilokanir ná yfir ólíkar botngerðir eða misdýpi geta þær valdið óþarfa óhagræði fyrir þá sem stunda sjósókn á viðkomandi svæði. Framkvæmd veiðieftirlits krefst töluverðrar vinnu og kostnaðar af hálfu Fiskistofu ásamt aðkomu vakthafandi fiskifræðings á Hafrannsóknastofnun. Það er með framangreint í huga sem starfshópurinn telur rétt að endurskoða tilgang, framkvæmd og gagnsemi skyndilokunarkerfisins, sem hefur verið í gildi lítt breytt sl. fjörutíu ár.

Haustið 2017 átti starfshópurinn fund með fulltrúum þriggja samtaka; Erni Pálssyni frá Landsambandi smábátaeigenda (LS), Hrefnu Karlsdóttur og Kristjáni Þórarinssyni frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) og Ásbirni Óttarssyni og Bárði Guðmundssyni frá Samtökum smærri útgerða (SSÚ). Auk þeirra mættu á fundinn Jóhann Guðmundsson, Baldur P. Erlingsson og Arnór Snæbjörnsson frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Til fundarins var boðað til að kynna hlutaðeigandi það verkefni starfshópsins að endurskoða framkvæmd lokana veiðisvæða vegna hás hlutfalls smáfisks í afla.

Á fundinum kom fram að endurskoðunin tæki til ýmissa þátta s.s. viðmiðunarmarkna til lokunar veiðisvæða og tímalengdar skyndilokana. Í þessum áfanga væri starfshópurinn að huga að framkvæmd lokana veiðisvæða á grunnslóð, sem fyrst og fremst hafa beinst að línu og handfærum.

Þá kom fram að á undanförunum árum hefði skyndilokunum á djúpslóð fækkað, en fjölgað á grunnslóð. Með öðrum orðum þá hefði skyndilokanir færst af hefðbundnum veiðisvæðum togarafлотans inn á grunnslóðina, þar sem hluti línubátanna en þó sérstaklega handfærabátarnir stunduðu veiðar. Að mati starfshópsins þá réði árgangaskipan helstu nytjastofna og aukin sókn mestu um fjölda skyndilokana, en utanaðkomandi þættir gætu trúlega einnig spilað þar inn í s.s.

gæftir og fiskverð. Þá væri ekki ósennilegt að eftirlitslegir þættir gætu einnig haft áhrif þ.e. hvernig veiðieftirlitið forgangsraðar sínum mannafla/verkefnum.

Töluverðar umræður urðu á fundinum, en fram kom hjá öllum fundarmönnum ríkur vilji til að vinna saman að endurskoðun á framkvæmd skyndilokana svæða vegna hás hlutfalls smáfisks í afla.

Reglugerðir í gildi um bann við veiðum með línu og/eða handfærum á grunnslóð.

(sjást á mynd 1, gullituð, bls. 7)

1. Nr. 970/2010, um bann við línuveiðum á Húnaflóa. (lokað 1/10.-31/5. ár hvert)
2. Nr. 709/2015, um bann við línuveiðum á Fljótagrunni.
3. Nr. 588/2015, um bann við handfæraveiðum fyrir sunnanverðum Austfjörðum (lokað 15/5.- 15/7. ár hvert)
4. Nr. 1044/2012, um bann við línuveiðum á norðanverðum Faxaflóa. (lokað 15/10.- 15/1. ár hvert)
5. Nr. 810/2009, um bann við línuveiðum á sunnanverðum Breiðafirði.
6. Nr. 193/2007, um bann við línuveiðum á norðanverðum Breiðafirði.
 - a. Nr. 433/2008, um breytingu á reglugerð nr. 193/2007. (hluti opinn 15./3.-31/5. ár hvert)
7. Nr. 693/2007, um bann við handfæraveiðum suður af Látrabjargi.
 - a. Nr. 1076/2011, um breytingu á reglugerð nr. 693/2007. (lokað 1/6.-31/8. ár hvert)
 - b. Nr. 748/2014, um (2.) breytingu á reglugerð nr. 693/2007. (undanþága fyrir handfæraveiðar á makríl)

Í kynningu starfshópsins á verkefninu, sem síðar var send hagsmunaaðilum sagði m.a.:

Í þessu samhengi telur starfshópurinn mikilvægt að endurskoða lokanir veiðisvæða á grunnslóð s.s. varðandi mörk svæðalokana og gildistíma og að slík vinna verði unnin í samstarfi og samráði við þá sem gerst þekkja þ.e. heimamenn á viðkomandi svæði.

Starfshópurinn hefur horft til nokkurra atriða, sem hann telur að einsýnt að líta til við endurskoðun svæðalokana á grunnslóð s.s.:

- **Loka svæðum, þar sem mest hefur verið um skyndilokanir, varanlega eða árstímabundið.** Unnið í samráði við heimamenn (staðkunnuga).
- **Breyta viðmiðunarmörkum.** Hlutfallsmörk hækkuð (eða lengdarmörk stytt) til að auka líkur á að einungis mestu smáfiskasvæðunum sé lokað. Unnið í samráði við Hafrannsóknastofnun.
- **Skyndilokanir gildi til lengri tíma og nái yfir stærri svæði.** Breytilegt eftir tegundum. Unnið í samráði við Hafrannsóknastofnun.
- **Svæði verði lokað fyrir tilteknum bátum.** Tillaga frá aðalfundi LS 2015. Þarf lögfræðilega skoðun.

Starfshópurinn skipti, til hagræðingar, grunnslóðinni upp í sex svæði og útbjó upplýsingapakka fyrir hvert svæði, svæðin voru:

Svæði I: Faxaflói (sunnanverður).


Svæði II: Breiðafjörður og norðanverður Faxaflói.

Svæði III: Vestfirðir.

Svæði IV: Norðurland vestra (Húnaflói og Skagafjörður).

Svæði V: Norðurland eystra (Eyjafjörður til Vopnafjarðar).

Svæði VI: Austfirðir (Borgarfjörður eystri til Hornafjarðar).



26

Mynd 3, svæði I til VI.

Í hverjum pakka voru upplýsingar um skyndilokanir á króka (línu og handfæri) sl. 5 ár fyrir viðkomandi svæði. Sér kort var útbúið fyrir hvert ár, þar sem hlutfall afla yfir viðmiðunarmörkum er meira en 50% og einnig þar sem hlutfallið er yfir 70%. Að lokum var tafla með upplýsingum um allar skyndilokanir sl. 5 ár, þar sem fram kom; dagsetning, nr. skyndilokunar, veiðarfæri, fisktegund, staðsetning lokunar og hlutfall yfir viðmiðunarmörkum.

Í framhaldi af fundinum, með fulltrúum LS, SFS og SSÚ, leitaði starfshópurinn til heimamanna á fyrrgreindum sex svæðum með ósk um samstarf og samráð og að heimamenn, með staðþekkingu sinni, mótuðu tillögur að svæðum þar sem að þeirra mati væru helstu uppeldisstöðvar (smáfiskasvæði) á þeirra heimasvæði. Tækist vel til gætu slíkar tillögur orðið grundvöllur tillagna starfshópsins til ráðuneytis um lokanir veiðisvæða til lengri tíma.

- LS voru sendar upplýsingar fyrir öll svæðin og formönnum allra svæðisfélaga innan LS að undanskildum félögunum í Þorlákshöfn og Vestmannaeyjum voru sendar upplýsingar fyrir viðkomandi svæði.
- SSÚ voru sendar upplýsingar fyrir fjögur svæði þ.e. Svæði I: Faxaflói, Svæði II: Breiðafjörður, Svæði III: Vestfirðir og svæði IV: Húnaflói - Skagafjörður.
- SFS voru sendar upplýsingar fyrir öll svæðin.

Þá kynnti starfshópurinn að hann myndi boða til fundar með heimamönnum, á viðkomandi svæði. Jafnframt að starfshópurinn vonaðist til að fyrir þann fund yrðu heimamenn búnir að móta tillögur sínar um varanlegar eða árstímabundnar lokanir veiðisvæða fyrir krókaveiðar á grunnslóð.

Fundir með heimamönnum.

Starfshópurinn hélt fundi á sex stöðum með heimamönnum á viðkomandi svæði; í Reykjavík, Ólafsvík, Ísafirði, Hvammstanga, Húsavík og Reyðarfirði. Á fundunum var upplýsingapakinn útskýrður og heimamönnum kynnt fyrirætlun starfshópsins varðandi endurskoðun á lokunum

svæða. Jafnframt var óskað eftir samstarfi og samráði við heimamenn varðandi tillögugerð um svæðalokanir á grunnslóð þar sem á undanförunum árum hefði farið saman fjöldi skyndilokana og hátt hlutfall af smáfiski. Mikill skilningur og vilji var af hálfu heimamanna til að endurskoða framkvæmd svæðalokana.

Margvísleg sjónarmið komu fram á fundunum s.s.: að miklar breytingar á útbreiðslu tegunda, um mikilvægi þess að taka tillit til mismunandi dýpis og botngerðar við svæðalokanir, um nauðsyn þess að breyta viðmiðunarmörkum, um undanþágu fyrir handfæraveiðar í hrygningarstoppi, að skoða reglugerðarhólf með reglubundnum hætti, um kjörhæfni veiðarfæra – beitustærð, um mikilvægi þess að viðhafa jafnræði milli veiðarfæra, um samspil kyrrstæðra og dreginna veiðarfæra (krókar/dragnot), um áhrif sæbjúgnaveiða (plógur) á lífríki sjávar og þá var einnig rætt um orma í fiskholdi.

Drög að tillögum starfshópsins.


Að loknum fundahöldum með heimamönnum sendi starfshópurinn drög að tillögum um breytingar á framkvæmd skyndilokana til heimamanna. Annars vegar um breytingu á viðmiðunarmörkum og hina vegar um lokun svæða á grunnslóð, þar sem saman hafði farið fjöldi skyndilokana og mjög hátt hlutfall smáfisks í afla sl. fimm ár. Í bréfi til heimamanna kom m.a. eftirfarandi fram:

Breytt viðmiðunarmörk.

Viðmiðunarmörk fyrir skyndilokun svæða fyrir þorsk, ýsu og ufsa yrði 50% af fjölda. Núgildandi hlutfall er 30% fyrir ýsu og ufsa og 25% fyrir þorsk. Lengdarmörkin, 55 cm fyrir þorsk og ufsa og 45 cm fyrir ýsu, yrði óbreytt. Viðmiðunarmörk fyrir aðrar tegundir yrðu óbreytt.

Lokun svæða á grunnslóð.

Starfshópurinn gekk út frá því að forsenda þess að viðmiðunarmörkum yrði breytt sé að samhliða verði lokað svæðum á grunnslóð, allt árið eða hluta úr ári fyrir handfæra- og/eða línuveiðum. Svæðum sem lokað yrði eru svæði þar sem mælingar undanfarinna ára sýna háa tíðni skyndilokana og hátt hlutfall smáfisks. Eins og kynnt hafi verið á fundum með hagsmunaaðilum og smábátsjómönnum hafi starfshópurinn kortlagt þau svæði þar sem mikið hafi verið um skyndilokanir og hátt hlutfall smáfisks á undanförunum árum. Byggt á þessum gögnum hafi verið teiknaður rammi utan um þau svæði sem starfshópurinn telji rétt að verði notuð til viðmiðunar við endanlegt val á svæðum. Svæðin (mynd 4) séu aðeins gróf viðmið og óskað sé eftir að sjómenn er best þekkja til á hverju svæði hnitsetji nákvæma afmörkun svæðanna og verði þá m.a. miðað við dýpi og botngerð. Starfshópurinn leitar einnig til staðþekkingar heimamanna varðandi tímamörk þ.e. hvort einstakar lokanir eigi að gilda allt árið eða hluta úr árinu.



Mynd 4. Veðisvæði þar sem mikið hefur verið um skyndilokanir á undanförunum árum eru afmörkuð með rauðum lit, gildandi reglugerðir með gulum. Hluti af upplýsingapakka.

Jafnframt kom fram að það væri tillaga starfshópsins að komi til reglugerðar um lokanir svæða fyrir handfæra- og/eða línuveiðum á grunnslóð yrði það tilraunaverkefni til tveggja eða þriggja ára.


Starfshópurinn óskaði eftir hugmyndum heimamanna um framangreindar tillögur, bæði hvað varðar svæðamörk og gildistíma. Svör/tillögur bárust frá tíu aðilum, alls tólf svör, sjá fylgiskjöl.

Forsendur tillagna starfshópsins eftir svæðum


Faxaflói (Svæði - I)

Heimamenn (formenn 3ja svæðisfélaga LS við Faxaflóa) telja ekki rök fyrir því að loka svæðum vegna handfæraveiða. Hlutfallslega lítill afli og lokanir skipti ekki máli fyrir heildarafrakstur fiskistofna á Íslandsmiðum. Lokanir í Faxaflóa séu galnar og munu gera smærri bátum erfitt fyrir yfir vetrarmánuðina. Þá vilja þeir að handfæraveiðar verði undanskildar á svæðinu austur af Arnarstapa. Í viðræðum á fundi með LS og aðilum af svæðinu kom fram að mjög fáir smábátar stunduðu nú veiðar í Faxaflóa frá heimahöfnum eða einungis um 5 bátar að þeirra sögn, fylgiskjöl 20 og 22).


Þó nokkuð hefur verið um skyndilokanir á viðmiðunartímabilinu (2013-2017) og er meirihluti þeirra vegna línuveiða:







Nokkuð er um að mælt hlutfall smáfisks hafi verið hærra en 60%:



Á tímabilinu maí - júlí var eingöngu lokað vegna handfæraveiða:



Á tímanum janúar - apríl og ágúst - desember var eingöngu lokað vegna línuveiða:



Byggt á sögu skyndilokana í sunnanverðum Faxaflóa leggur starfshópurinn til að eftirfarandi svæði verði lokað fyrir veiðum með línu á tímabilinu 1. janúar til 1. mars.


Svæðið afmarkast af línunum á milli eftirfarandi hnita:

- | | |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 64°20,00'N – 22°16,00'V | 7. 64°10,00'N – 21°44,00'V |
| 2. 64°20,00'N – 22°05,00'V | 8. 64°00,00'N – 22°09,00'V |
| 3. 64°18,00'N – 22°00,00'V | 9. 64°02,00'N – 22°16,00'V |
| 4. 64°27,00'N – 21°28,00'V | 10. 64°14,00'N – 22°05,50'V |
| 5. 64°22,00'N – 21°28,00'V | 11. 64°17,00'N – 22°16,00'V |
| 6. 64°16,50'N – 21°51,00'V | |

Jafnframt leggur starfshópurinn til að eftirfarandi svæði vestur af Akranesi verði lokað fyrir veiðum með línu og handfærum á tímabilinu 1. maí til 31. júlí.

Svæðið afmarkast af línunum á milli eftirfarandi hnita:


- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 64°22,00'N – 22°14,00'V | 3. 64°17,00'N – 22°07,00'V |
| 2. 64°22,00'N – 22°05,00'V | 4. 64°17,00'N – 22°16,00'V |




Mynd 5. Tillaga starfshópsins, um svæðalokanir við sunnanverðan Faxaflóa, byggð á sögu skyndilokana.

Breiðafjörður og norður hluti Faxaflóa (Svæði - II)

Skyndilokanir hafa verið tíðar á þessu svæði á viðmiðunartímabilinu og eru lokanir vegna smáfisks í afla línubáta mest áberandi:




Á sumum svæðum s.s. á norðanverðum Faxaflóa, við Búland og Breka hefur hlutfall undir viðmiðunarmörkum oft verið hærra en 60%:



Samtök Smærri Útgerða (SSÚ) sendi starfshópnum tillögur (fylgiskjal 23) að lokun svæða fyrir línu og handfærum. Snæfell, félag smábátaeigenda á Snæfellsnesi, lýsti sig samþykkt þeim tillögum (fylgiskjal 24).

Lagt er til að eftirtalin svæði á Breiðafirði verði lokað fyrir veiðum með línu og handfærum á tímabilinu 16. júní/1. júlí til 31. janúar/14. febrúar:



Mynd 6. Tillaga staðkunnugra sjómanna, um svæðalokanir í Breiðafirði, í bláum lit og núgildandi reglugerðalokanir í gulum lit.

Búland:


1. 64°57,00'N – 23°29,00'V
2. 65°01,00'N – 23°10,00'V
3. 65°09,00'N – 23°16,00'V
4. 65°06,50'N – 23°24,00'V
5. 65°04,00'N – 23°23,00'V

Við Breka:

1. 65°07,00'N – 23°14,50'V
2. 65°13,00'N – 22°53,00'V
3. 65°16,00'N – 22°57,00'V
4. 65°11,00'N – 23°17,00'V
5. 65°07,00'N – 23°14,50'V

Viðbót við reglugerðarhólf á norðanverðum Breiðafirði (reglugerð nr. 193/2007):

1. 65°11,38'N – 23°47,90'V
2. 65°12,50'N – 23°36,00'V
3. 65°10,50'N – 23°32,50'V
4. 65°15,00'N – 23°17,00'V
5. 65°24,90'N – 23°57,14'V (Skorarviti)



Mynd 7. Tillaga staðkunnugra sjómanna, um svæðalokanir í norðanverðum Faxaflóa, í bláum lit og nágildandi reglugerðalokanir í gulum lit.

Staðarsveit:


1. 64°44,00'N – 23°39,00'V
2. 64°40,00'N – 22°52,00'V
3. 64°34,00'N – 22°56,00'V
4. 64°60,00'N – 22°28,00'V
5. 64°46,00'N – 22°24,00'V
6. 64°49,00'N – 23°33,00'V
7. 64°44,00'N – 23°39,00'V

Starfshópurinn leggur til að farið verði að tillögum heimamanna hvað svæði og svæðismörk varðar. Gildistíminn verði frá 1. júlí til 31. janúar og að öllum svæðunum verði lokað fyrir veiðum með línu- og handfærum.


Þá leggur starfshópurinn til að svæðið í norðanverðum Breiðafirði (reglugerð nr. 193/2007) verði lokað, á sama tíma fyrir veiðum með fiskibotnvörpu, en á hluta þess svæðis er skipum styttri en 29 metrar og með lægri aflvísi en 1.600 heimilt að stunda togveiðar á tímabilinu frá 1. sept. til 31. des. ár hvert.

Vestfirðir (Svæði - III)





Nokkuð hefur verið um skyndilokanir á Vestfjörðum, mest í mynni djúpsins (út af Deild, Skálavík) og vestur af Búðarhorni (Barðinn).




Í aðeins tveimur tilvikum hefur hlutfall smáfisks verið yfir 60% viðmiðunarmörkum en nokkrar lokanir hafa verið þar sem hlutfallið var hærra en 50%, mest vegna veiða með línu:



Skyndilokanir eftir tíma árs:



Mjög lítið hefur verið um dragnótaveiðar út af Skálavík.




Heimamenn á Vestfjörðum komu ekki með hnitsettar tillögur. Í umsögn Eldingar, félags smábátaeigenda á Vestfjörðum (fylgiskjal 25), kemur fram að steinbítsveiðar séu stundaðar á 8-40 faðma dýpi á tímabilinu frá febrúar til maí á Skálavíkinni og út af Barðanum. Í samtali við staðkunnugan heimamann kom einnig fram að nokkur ýsueiði hefur verið á tímabilinu frá júlí til september.

Byggt á sögu skyndilokana út af Skálavík leggur starfshópurinn til að eftirfarandi svæði verði lokað fyrir veiðum með línu á tímabilinu 1. október til 31. desember.

Svæðið afmarkast af línunum á milli eftirfarandi hnita:


1. 66°14,00'N – 23°49,00'V
2. 66°16,50'N – 23°40,00'V
3. 66°15,50'N – 23°30,00'V
4. 66°10,50'N – 23°13,00'V
5. 66°09,50'N – 23°15,00'V
6. 66°07,00'N – 23°39,00'V





Mynd 8. Tillaga starfshópsins, um svæðalokanir fyrir Vestfjörðum, byggð á sögu skyndilokana.

Húnaflói og Skagafjörður (Svæði - IV)


Mikið hefur verið um skyndilokanir á svæðinu undanfarin ár, flestar í Húnaflóa og á Fljótagrunni:




Það hefur ekki verið mikið um að mælt hlutfall smáfisks í Húnaflóa fari yfir 60% en töluvert þó yfir 50%:




Skyndilokanir vegna handfæraveiða hafa allar verið á tímabilinu maí til júlí:



Skyndilokanir vegna línuveiða hafa flestar verið á tímabilinu ágúst til september:



Einhverjar dragnótaveiðar hafa verið í maí til júlí út af Skagaströnd og vestur af Vatnsnesi:



Heimamenn (stjórn Skalla félags smábátæigenda á Norðurlandi vestra) sendu inn eftirfarandi tillögur (fylgiskjal 26):

Við norðanverðan Skaga:

1. 66°08,00'N – 20°29,50'V
2. 66°08,00'N – 20°16,00'V
3. 66°06,20'N – 20°16,00'V
4. 66°04,00'N – 20°25,00'V
5. 66°04,00'N – 20°28,20'V


„Á þessu svæði er smærri fiskur mest frá vori og fram eftir sumri.“

Og norður af Vatnsnesi:

1. 65°48,30'N – 20°50,30'V
2. 65°45,00'N – 20°51,00'V
3. 65°45,00'N – 20°48,00'V
4. 65°48,30'N – 20°47,20'V

Starfshópurinn leggur til að farið verði að tillögum heimamanna og að ofangreind svæði verði lokað fyrir veiðum með línu og handfærum á tímabilinu 15. maí til 31. júlí.

Jafnframt er lagt til að reglugerðalokanir á Fljótagrunni og vestanverðum Húnaflóa verði áfram í gildi.





Mynd 9. Tillaga staðkunnugra sjómanna, um svæðalokanir í Húnaflóa og Skagafirði, í bláum lit og núgildandi reglugerðalokanir í gulum lit.



NA land (Svæði - V)

Ekki bárust athugasemdir eða tillögur frá heimamönnum varðandi þetta svæði.

Út af Gjögurum (Gjögurtá)

Töluvert verið um skyndilokanir á þessu svæði á viðmiðunartímabilinu. Flestar skyndilokanirnar vegna handfæraveiða hafa verið á tímabilinu maí til júlí en lokanir vegna línu utan þess tímabils og eitthvað fjær landi. Lítið er um veiðar með dragnót á þessu svæði.






Byggt á sögu skyndilokana út af Gjögrum leggur starfshópurinn til að eftirfarandi svæði verði lokað fyrir veiðum með handfærum á tímabilinu 15. maí til 31. júlí.

Svæðið afmarkast af línum á milli eftirfarandi hnita:



1. 66°05,00'N – 18°18,00'V
2. 66°05,00'N – 18°21,00'V
3. 66°09,00'N – 18°21,00'V
4. 66°12,50'N – 18°18,50'V
5. 66°10,50'N – 18°06,50'V
6. 66°11,50'N – 17°47,50'V
7. 66°08,50'N – 17°47,00'V
8. 66°07,50'N – 17°57,00'V
9. 66°10,00'N – 18°17,00'V




Mynd 10. Tillaga starfshópsins um svæðalokanir við Norðausturland - vesturhluta, byggð á sögu skyndilokana.

Norðan við Langanes

Mikið hefur verið um skyndilokanir norðan við Langanes (nr. 16) á viðmiðunartímabilinu (2013-2017):




Þessar skyndilokanir hafa að mestu verið yfir sumarið. Nokkur dragnóta og netaveiði er á þessu svæði en þó aðalega utan sumarmánaða.



Byggt á sögu skyndilokana norðan við Langanes leggur starfshópurinn til að eftirfarandi svæði verði lokað fyrir veiðum með handfærum á tímabilinu 15. maí til 31. júlí.

Svæðið afmarkast af línum á milli eftirfarandi hnita:

1. $66^{\circ}25,50'N - 15^{\circ}25,00'V$
2. $66^{\circ}25,50'N - 15^{\circ}13,50'V$
3. $66^{\circ}21,00'N - 15^{\circ}06,50'V$
4. $66^{\circ}24,50'N - 14^{\circ}54,70'V$
5. $66^{\circ}23,50'N - 14^{\circ}51,70'V$
6. $66^{\circ}05,50'N - 15^{\circ}24,00'V$
7. $66^{\circ}11,00'N - 15^{\circ}30,00'V$
8. $66^{\circ}20,00'N - 15^{\circ}19,00'V$






Mynd 11. Tillaga starfshópsins um svæðalokanir við Norðausturland - austurhluta, byggð á sögu skyndilokana.

Austursvæði (Svæði - VI)

Ólafur Hallgrímsson formaður félags smábátaeigenda á Austurlandi sendi inn athugasemdir (fylgiskjal 27), þar sem fram kemur sú skoðun að á svæði nr. 17 sé ekki smærri fiskur en annars staðar við strendur landsins. Mikilvægt sé að hafa þetta svæði opið, einkum þegar illa viðrar og erfitt að róa lengra frá landi. Lokun á svæðinu hefði neikvæð áhrif á útgerð og búsetu á Borgafirði eystra.

Á þessu svæði voru fimm skyndilokanir á árinu 2013, fjórar 2015 og þrjár 2016. Lokanir vegna handfæraveiða voru á tímabilinu frá 1. maí til 11. júlí en vegna lfnuveiða, fjær landi 2015, í september og nóvember.






Byggt á sögu skyndilokana á grunnslóð við og suður af Glettinganesi leggur starfshópurinn til að eftirfarandi svæði verði lokað fyrir veiðum með handfærum á tímabilinu 15. maí til 31. júlí.

Svæðið afmarkast af línnum á milli eftirfarandi hnita:

- | | |
|--|--|
| 1. $65^{\circ}33,00'N - 13^{\circ}40,50'V$ | 4. $65^{\circ}24,70'N - 13^{\circ}30,20'V$ |
| 2. $65^{\circ}33,00'N - 13^{\circ}38,90'V$ | 5. $65^{\circ}21,55'N - 13^{\circ}39,10'V$ |
| 3. $65^{\circ}31,70'N - 13^{\circ}35,00'V$ | 6. $65^{\circ}21,60'N - 13^{\circ}42,60'V$ |




Mynd 12. Tillaga starfshópsins um svæðalokanir við norðanverða Austfirði, byggð á sögu skyndilokana.

Guðlaugur Birgisson stjórnarmaður Félags smábátaeigenda á Austurlandi sendi inn athugasemdir, sem snúa að svæðinu fyrir sunnanverðum Austfjörðum, nr. 18 í útsendum gögnum. Í athugasemdunum kemur m.a. fram að ekki er talið rétt að Berufjörður verði lokaðar, þar hafi aðeins einu sinni komið til skyndilokana á tímabilinu 2013-2017 og þar sé að jafnaði stór fiskur. Lagt er til að syðri mörk núgildandi reglugerðarhólfs (reglugerð nr. 588/2015) miðist við línu sem dregin er á milli $64^{\circ}41,00'N - 14^{\circ}10,00'V$ og $64^{\circ}40,00'N - 13^{\circ}56,00'V$.


Jafnframt komu fram áhyggjur um að lokanir á þessu svæði muni draga úr möguleikum til steinbítsveiða þar sem steinbítur veiðist á svæðinu frá miðjum febrúar til loka september. Gögn sem til eru um sókn og afla sýna að lítil sókn hefur verið með línu og dragnót á þessu svæði á undanförunum árum. Sama gildir um steinbítsafla á þeim árstíma (15.maí – 15. júlí) sem um ræðir (fylgiskjöl 28 og 29).

Starfshópurinn telur rétt að taka tillit til ábendinga um suðurmörk svæðisins og leggur til eftirfarandi svæðismörk, breyting á reglugerð nr. 588/2015:

1. $64^{\circ}55,00'N - 13^{\circ}46,00'V$
2. $64^{\circ}54,00'N - 13^{\circ}36,00'V$
3. $64^{\circ}40,10'N - 13^{\circ}57,34'V$
4. $64^{\circ}41,00'N - 14^{\circ}10,00'V$
5. $64^{\circ}42,00'N - 14^{\circ}13,00'V$



Mynd 13. Tillaga staðkunnugra sjómanna, um svæðalokanir, við sunnanverða Austfirði.



Mynd 14. Tillaga starfshópsins að svæðalokunum á grunnslóð (blá svæði) og gildandi reglugerðir vegna lokana svæða fyrir veiðum með línu og/eða handfærum (gul svæði).

Tillögur starfshópsins

Eftir að hafa farið yfir innsendar tillögur og athugasemdir leggur starfshópurinn til að eftirfarandi svæðum verði lokað með reglugerð sem gildi tímabundið til tveggja til þriggja ára (sjást á mynd 14, blálituð):

1. Svæði í sunnanverðum Faxaflóa fyrir veiðum með línu (lokað 1/1. – 1/3.).
Byggt á sögu skyndilokana.
2. Svæði vestur af Akranesi fyrir veiðum með línu og handfærum (lokað 1/5. – 31/7.).
Byggt á sögu skyndilokana.
3. Svæði á Búðargrunni fyrir veiðum með línu og handfærum (lokað 1/7. – 31/1.).
Breyting á reglugerð nr. 1044/2012 (svæðismörkum - svæði stækkað og gildistíma breytt).
Tillaga staðkunnugra sjómanna.
4. Svæði út af Búlandshöfða fyrir veiðum með línu og handfærum (lokað 1/7. – 31/1.).
Breyting á reglugerð nr. 810/2009 (svæðismörkum - svæði minnkað og gildistíma breytt).
Tillaga staðkunnugra sjómanna.
5. Svæði við Breka fyrir veiðum með línu og handfærum (lokað 1/7. – 31/1.).
Tillaga staðkunnugra sjómanna.

6. Svæði á norðanverðum Breiðafirði fyrir veiðum með línu, handfærum og fiskibotnvörpu (lokað 1/7. – 31/1.). Breyting á reglugerð nr. 193/2007 (svæðismörkum – svæði stækkað, gildistíma og veiðarfærum breytt).
Tillaga staðkunnugra sjómanna.
7. Svæði út af Skálavík fyrir veiðum með línu (lokað 1/10. – 31/12.).
Byggt á sögu skyndilokana.
8. Svæði við norðanverðan Skaga fyrir veiðum með línu og handfærum (lokað 15/5. – 31/7.).
Tillaga staðkunnugra sjómanna.
9. Svæði norður af Vatnsnesi fyrir veiðum með línu og handfærum (lokað 15/5. – 31/7.).
Tillaga staðkunnugra sjómanna.
10. Svæði út af Gjögurum fyrir veiðum með handfærum (lokað 15/5. – 31/7.).
Byggt á sögu skyndilokana.
11. Svæði norðan við Langanes fyrir veiðum með handfærum (lokað 15/5. – 31/7.).
Byggt á sögu skyndilokana.
12. Svæði við og suður af Glettinganesi fyrir veiðum með handfærum (lokað 15/5. – 31/7.).
Byggt á sögu skyndilokana.
13. Svæði fyrir sunnaverðum Austfjörðum fyrir veiðum með handfærum (lokað 15/5. – 15/7.) Breyting á reglugerð nr. 588/2015 (svæðismörkum breytt – svæði minnkað).
Tillaga staðkunnugra sjómanna.

5.3. AÐRAR SVÆÐALOKANIR

Eitt af verkefnum starfshópsins var að koma með tillögur til einföldunar regluverksins. Í gildi eru um fjörutíu stofnreglugerðir auk um tuttugu breytingareglugerða, sem fjalla um bann við veiðum á afmörkuðum svæðum. Ýmist er um að ræða bann við veiðum á tiltekinni tegund eða með tilteknu veiðarfæri. Auk þess er víða að finna í reglugerðum um veiðar á einstökum tegundum ákvæði um afmörkuð svæði, þar sem ekki er heimilt að stunda veiðar á viðkomandi tegund.

Reglugerðir er varða bann við veiðum með fiskibotnvörpu er að finna í þrettán reglugerðum, þar af eru fjórar sem fjalla um skiljusvæði. Þau skip sem stunda veiðar með fiskibotnvörpu eru fæst að stunda mjög svæðisbundnar veiðar. Þvert á móti sækja flest þessara skipa veiðisvæði vítt og breitt á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Það sama á við um báta sem stunda veiðar með línu. Reglugerðir er varða bann við veiðum með línu er að finna í tíu reglugerðum. Flestir bátar bæði aflamarks- og krókaflamarksbátar sem búnir eru beitningarvélum stunda veiðar vítt og breitt á hafsvæðinu umhverfis Ísland.

Að mati starfshópsins yrði sameining allra reglugerða er varða bann við veiðum með fiskibotnvörpu í eina reglugerð til mikillar einföldunar. Það sama á einnig við um reglugerðir er varða bann við veiðum með línu. Þetta væri ávinningur fyrir alla aðila þ.e. bæði útgerðar- og sjómenn en einnig stjórnvöld þ.e. þá sem sinna eftirliti með viðkomandi veiðum.

Einföldun með sameiningu reglugerða á einnig við um aðrar reglugerðir sem banna veiðar með tilteknu veiðarfæri þó fjöldi þeirra reglugerða sé ekki sambærilegur og hvað varðar veiðar með fiskibotnvörpu eða línu.

6. FRIDUNARSVÆÐI – VERNDUN BÚSVÆÐA

Í skipunarbréfi starfshópsins sem vann þessa skýrslu kemur fram að honum er ætlað að hefja faglega endurskoðun á verndunarsvæðum á Íslandsmiðum. Starfshópurinn lítur svo á að með verndunarsvæðum sé átt við öll þau svæði sem lokuð eru fyrir veiðum með einu eða fleiri veiðarfærum til lengri eða skemmri tíma með laga- eða reglugerðarákvæðum.

Almennt um friðunarsvæði

Allt frá upphafi tuttugustu aldar hefur verið mikil umræða um fiskvernd við Íslandsstrendur, oft í formi landhelgisbaráttu. Með landgrunnslögunum frá 1948 var stigið afar stórt skref í sögu fiskverndar við Íslandsstrendur. Stækkun landhelginnar í 12 sjómílnur og síðar fiskveiðilögsögunnar í 50 og 200 sjómílnur var undirstaða þess að hægt væri að koma í veg fyrir ofveiði helstu nytjastofna á Íslandsmiðum. Lengi vel snerist þessi barátta um að verjast ágangi erlendra veiðiskipa og þá fyrst og fremst togskipa. Samhliða þessum stækkunum á fiskveiðilögsögunni fylgdu gjarnan ákvarðanir um ný og stærri fiskverndarsvæði og þá oftast svæði þar sem togveiðar voru bannaðar.

Núgildandi reglur um fiskverndunarsvæði eru annars vegar bundnar í lög og hins vegar er þær að finna í reglugerðarákvæðum.

Í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eru veiðar með fiskibotn- og flotvörpu og dragnót bannaðar innan 12 sjómílna með nokkrum undantekningum.

Reglugerð nr. 310/2007, um friðunarsvæði við Ísland, byggir efnislega að mestu á reglum, um bannsvæði, sem settar voru í vegna mikils smáfisks í afla og tíðra skyndilokana á árunum 1992 og 1993. Í samvinnu við hagsmunaaðila var ákveðið að loka helstu smáfiskasvæðum umhverfis landið, ýmist fyrir togveiðum eða bæði tog- og línuveiðum. Friðunarsvæðunum var frá upphafi ætlað að standa til lengri tíma.

Reglugerð nr. 942/2016 fjallar um verndun kóralsvæða út af Suður- og Suðausturlandi en hluti þeirra svæða var fyrst lokað með reglugerð árið 2005. Á kóralsvæðum eru allar veiðar bannaðar nema veiðar á uppsjávarfiski með flotvörpu og hringnót.

Þá eru fjölmargar reglugerðir þar sem ýmist veiðar á tiltekinni fisktegund er bönnuð eða veiðar með tilteknu veiðarfæri/veiðarfærum eru bannaðar. Nokkrar þessara ótímabundnu reglugerða eru einungis í gildi hluta úr árinu s.s. friðun hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð.

Starfshópi þriggja ráðuneyta (utanríkisráðuneytis, umhverfis- og auðlindaráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis) sem stofnaður var 2013 hefur verið fengið það hlutverk að vinna að stefnumótun íslenskra stjórnvalda varðandi verndarsvæði í hafi. Jafnframt er starfandi "Samstarfsnefnd um bættu umgengni um auðlindir sjávar" á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem er m.a. ætlað að fjalla um endurskoðun á friðunarsvæðum á Íslandsmiðum.


Friðunarsvæði til verndunar á smáfiski

Í samantekt Sigfúsar A. Schopka árið 2007 (Hafrannsóknastofnun, Fjölrit nr.133) bar mikið á smáfiski í afla fiskveiðiárið 1992/1993 sem leiddi til tíðra skyndilokana. „Þar sem tíðar skyndilokanir hafa í för með sér ýmiss konar óhagræði fyrir sjómenn og útgerð tóku Hafrannsóknastofnun og Fiskistofa saman upplýsingar aftur í tímann um útbreiðslu smáfisks og dreifingu skyndilokana. Þessi gögn voru svo til umfjöllunar hjá samtökum

sjómanna og útvegsmanna. Á grundvelli þeirrar umfjöllunar voru sett tíu föst friðunarsvæði við landið auk þess sem lokað var tveimur tilgreindum svæðum til viðbótar. Þann 20. júlí 1993 voru gefnar út þrjár reglugerðir af þessu tilefni, reglugerð nr. 283 um friðunarsvæði við Ísland og tók hún yfir föstu friðunarsvæðin, reglugerð nr. 284 um bann við tog- og línuveiðum norður af Horni og reglugerð nr. 285 um bann við tog- og línuveiðum á Halamiðum. Föstu friðunarsvæðin voru misstór, en hugsunin með þeim var sú að þau yrðu friðuð fyrir veiðum um lengri tíma, a.m.k. um nokkurra ára skeið, en svæðin norður af Horni og á Halanum væru reglulega tekin til endurskoðunar.

Að undanteknu friðunarsvæðinu út af Vesturlandi, sem er karfafriðunarhólf, beinist lokun hinna svæðanna að verndun smáþorsks. Á friðunarsvæðunum eru allar veiðar með línu, flotvörpu og fiskibotnvörpu bannaðar, en aðrar veiðar heimilrar, eins og síld og loðnuveiðar með flotvörpu, veiðar með handfærum, hringnót og rækjuvörpu. Þorskerndunarsvæðin eru staðsett norðaustur af Horni, á Sporðagrunni, norðan Haganesvíkur, fyrir Norðausturlandi, á Langanesgrunni, á Digranesflaki, Glettinganesgrunni, Breiðdalsgrunni og við Hrollaugseyjar. Þessar þrjár reglugerðir gengu í gildi þann 23. júlí 1993 og féllu eldri reglugerð um friðunarsvæði við Ísland og ellefu aðrar reglugerðir úr gildi frá sama tíma.“

Í reglugerð nr. 310/2007, um friðunarsvæði við Ísland eru tiltekin svæði þar sem bannað er að stunda veiðar, annars vegar svæði þar sem veiðar með fiskibotn- og flotvörpu eru bannaðar og hins vegar svæði þar sem veiðar með fiskibotn- og flotvörpu og línu eru bannaðar (mynd 15). Þessi svæði hafa verið lokað fyrir fyrrgreindum veiðum, lítt breytt, í a.m.k. aldarfjórðung. Reglugerðin er tvískipt annarsvegar eru ákvæði um bann við veiðum með fiskibotn- og flotvörpu og hins vegar eru ákvæði um bann við veiðum með fiskibotn- og flotvörpu og við línuveiðum.



Mynd 15. Friðunarsvæði samkvæmt reglugerð nr. 310/2007. Svæðin sem eingöngu er lokað fyrir fiskibotn- og flotvörpu eru lituð gul (nr. 1-7 í seinni hluta (II) reglugerðarinnar). Svæðin sem eru jafnframt lokað fyrir línuveiðum eru lituð græn (nr. 1-3 í fyrri hluta (I) reglugerðarinnar). Svæði nr. 1A, 1B og 2 eru opin hluta úr ári.

Úrdráttur úr reglugerðinni:

I. Bann við veiðum með fiskibotn- og flotvörpu.

1. Fyrir Vesturlandi svæði, sem er um 12 til 15 sjómílna breitt u.þ.b. 60 til 90 sjómíflur frá landi og nær frá 62°58'N til 65°36'N eða um 160 sjómílna langt. Þó er heimilt á ákv. tímabilum að stunda veiðar innan svæðisins á tveimur svæðum (A og B).
 - A) Á Jökultungu frá kl. 20:00 til kl. 08:00 á tímabilinu frá 1. október til 1. apríl.
 - B) Á Mehlsack á tímabilinu frá 1. febrúar til 15. apr.
2. Á Tánni á tímabilinu frá 1. jún. til 31. október
3. Við Hrollaugseyjar á svæði sem nær upp að fjöru (var áður einnig bannað fyrir línuveiðum)

II. Bann við veiðum með fiskibotn- og flotvörpu og línu.


1. Norður af Horni frá 1. mars til kl. 17:00, 17. ágúst (svæðið nær upp að 12 sjómílum frá viðmiðunarlínu)
2. Norðaustur af Horni
3. Á Sporðagrunni
4. Norðan Haganesvíkur (svæðið nær upp að 12 sjómílum frá viðmiðunarlínu)
5. Fyrir Norðausturlandi (svæðið nær upp að 12 sjómílum og út að 20 sjómílum frá viðmiðunarlínu)
6. Á Langanesgrunni
7. Á Digranesflaki

Líkt og fyrr segir hafa framangreind svæði verið lokað fyrir tilteknum veiðum í a.m.k. aldarfjórðung og sum svæðin jafnvel mun lengur. Ekki er þó um að ræða altækt bann við öllum veiðum, t.d. eru veiðar með rækjuvörpu, dragnót og handfærum heimilar á öllum svæðunum og með línu á hluta svæðanna.

Svæðalokanir fyrir fiskibotnvarpu

Auk svæða sem tiltekin eru í reglugerð 310/2007 (mynd 15) eru nokkur svæði lokað, allt árið eða hluta úr ári, fyrir veiðum með fiskibotnvörpu til verndunar smáfiski.

- Á fjórum svæðum (grænlituð á mynd 16) út af NA-landi er heimilt að stunda botnvörpuveiðar ef varpan er búin smáfiskaskilju eða notaður poki með 155 mm möskvastærð, jafnan kölluð skiljusvæði.
- Gula svæðið (mynd 16) austur af landinu, Rauða torgið, hefur verið lokað allt árið frá árinu 2012 (reglugerð nr. 34/2012) til verndunar uppvaðandi grálúðu.
- Gula svæðið (mynd 16) djúpt vestur af Vestfjörðum, í Víkurál, er lokað allt árið frá kl. 08.00 að morgni til kl. 20.00 að kvöldi (reglugerð nr. 875/2005). Forsendur þessarar lokunar er að smár karfi sem er á svæðinu leitar botns degi til og að nóttu til hefur fengist góður ufsaafli.
- Gulu svæðin (mynd 16) vestur af Vestmannaeyjum (reglugerðir nr. 861/2005, nr. 100/2008 og nr. 520/2010) voru sett til verndunar smáýsu.
- Lítið svæði suðvestur af Malarriði (sést vart á mynd 16 sökum smæðar, um 3 sjm²) hefur verið lokað fyrir botnvörpuveiðum frá árinu 2002 (reglugerð nr. 162/2002) vegna smáufsa.
- Bláa svæðið (mynd 16) norður af landinu, á Sléttugrunni, hefur verið lokað fyrir veiðum með fiskibotnvörpu og línuveiðum frá árinu 2003 (reglugerð 68/2003) vegna smáþorsks á svæðinu.




Mynd 16. Reglugerðarlökanir fyrir fiskibotnvörpu auk þeirra sem tilgreindar eru í reglugerð 210/2007. Grænu svæðin eru svo kölluð skiljusvæði og bláa svæðið er einnig lokað fyrir veiðum með línu.

Svæðalökanir fyrir línu- og handfæraveiðum

Alls eru tilgreind 15 svæði (mynd 17) í reglugerðum þar sem óheimilt er að stunda veiðar með línu eða handfærum hluta úr ári eða allt árið auk þeirra svæða sem tilgreind eru í reglugerðinni um friðunarsvæði við Ísland (310/2007).

- Þar af eru tvö svæði (græn á mynd 17) þar sem handfæraveiðar eru óheimilar. Svæðið suður af Látrabjargi er lokað allt árið en svæðið fyrir sunnanverðum Austfjörðum aðeins í maí - júlí.
- Suður og SA af landinu eru sjö svæði (gul á mynd 17) lokað til verndunar smákeilu, þar af fjögur, næst landi, lokað allt árið en hin þrjú í ágúst - desember.
- Önnur svæði (gul á mynd 17) sem lokað eru fyrir línuveiðum eru sett til verndunar uppvaxandi ýsu og þorsks. Svæðin á Fljótagrunni og á sunnanverðum Breiðafirði eru lokað allt árið en önnur svæði hluta úr ári.



Mynd 17. Svæði sem lokað eru fyrir línuveiðum, hluta úr ári eða allt árið (gul). Svæði sem lokað eru fyrir handfæraveiðum, hluta úr ári eða allt árið (græn). Bláa svæðið á Sléttugrunni er lokað fyrir veiðum með línu og fiskibotnvörpu.

Svæðalokanir fyrir dragnót


Í gildi eru fimm reglugerðir (1062/2013, 1063/2013, 1065/2013, 1066/2013, 780/2015) um svæðisbundin bönn við veiðum með dragnót á grunnslóð. Flest þessara svæði eru lokuð fyrir dragnótaveiðum sem einhverskonar málamiðlun til að setta sjónarmið á milli ólíkra sjónarmiða og/eða hagsmuna. Undantekning er Hafursfjörður sem er lokaður fyrir dragnótaveiðum til friðunar uppvaðandi skarkola (1066/2013, 4. gr.). Í kafla 4.2 er fjallað sérstaklega um dragnótaveiðar.

Veiðar með vörpu og dragnót innan fiskveiðilandhelginnar


Í lögum nr. 79/1997, um fiskveiðilandhelgi Íslands segir að allar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót séu bannaðar nema annað sé sérstaklega tilgreint í lögnum. Þannig eru veiðar með dragnót innan fiskveiðilandhelginnar einungis heimilar með sérstöku leyfi Fiskistofu. Heimildir til togveiða innan fiskveiðilandhelginnar eru takmarkaðar við ákveðna lengd togskipa og afl þeirra (aflvísir). Togskipum er skipt í þrjá flokka eftir framangreindum eiginleikum og fer heimild þeirra til veiða á ákveðnum svæðum og árstímum innan fiskveiðilandhelginnar eftir þessum flokkum. Ekki verður fjallað nánar um þessar heimildir hér.

Friðun hrygningarsvæða

Frá árinu 2005 er í gildi reglugerð nr. 50/2005, um friðun hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð, (mynd 18) sem lokar fyrir veiðar á hrygningartíma á helstu hrygningarsvæðum þessara tegunda. Forsenda þessara svæðalokana er að gefa fiskinum frið til hrygningar og auka þannig líkur á að klak og heppnist og að það leiði til góðrar nýliðunar. Hrygningarsvæði steinbíts á Látragrunni (reglugerð 754/2015) og blálöngu (reglugerð 202/2004) suður af Vestmannaeyjum og á Franshól (mynd 19) eru einnig lokuð fyrir öllum veiðum á hrygningartíma í sama tilgangi. Hrygningarsvæði annara nytjafiska eru ekki friðuð sérstaklega.




Mynd 18. Friðun hrygningarsvæða þorsks og skarkola.



Mynd 19. Friðun hrygningarsvæða steinbíts og blálögu.

Friðunarsvæði til verndunar kóröllum

Í gildi er reglugerð nr. 942/2016, um verndun kóralsvæða út af Suður- og Suðausturlandi. Voru áður í tveimur reglugerðum frá árunum 2005 og 2011. Á svæðunum (mynd 20) sem eru tíu talsins eru allar veiðar nema veiðar á uppsjávarfiski með flotvörpu og hringnót bannaðar.



Mynd 20. Friðunarsvæði til verndunar kóröllum.

Ýmsar svæðalokanir

- Skilgreind eru þrjú veiðisvæði fyrir sæbjúgu, við Suðausturland, í Faxaflóa og í Aðalvík. Þessi svæði eru lokað á hrygningartíma sæbjúgna og þegar úthlutuðu aflamarki er náð (reglugerð 795/2013).
- Veiðum á ígulkerjum er einnig stjórnað með afmörkun veiðisvæða og lokun þeirra þegar aflamarki er náð (reglugerð 1010/2013).
- Svæði út af Rífsbanka hefur verið lokað fyrir úthafs-rækjuveiðum frá árinu 2004 vegna smárrar rækju á svæðinu (reglugerð 766/2004).
- Á nokkuð víðfeðmu svæði suðaustur af landinu við Þórsbanka er óheimilt að stunda kolmunnaveiðar nema að notuð sé meðaflaskilja (reglugerð 696/2005).
- Allt frá árinu 1967 hafa allar þorskfisknetaveiðar verið bannaðar á innanverðum Breiðafirði (reglugerð 115/2006).
- Allar veiðar eru óheimilar á milli lands og Vestmannaeyja vegna raf- og vatnslagna (reglugerð 732/1997) og á skilgreindu friðlandi Surtseyjar og kringum hverastrýtu í Eyjafirði.

Tillögur starfshópsins

Starfshópurinn leggur til að eftirtaldar breytingar verði gerðar á framangreindum verndunarsvæðum.

1. Verndunarsvæði

Eftirtalin fjögur svæði sem tiltekin eru í reglugerðinni um friðunarsvæði við Ísland (reglugerð 310/2007) og sýnd eru númeruð á korti á mynd 14 hér að framan verði skilgreind sem verndarsvæði og lokað varanlega fyrir öllum veiðum nema veiðum á uppsjávarfiski með flotvörpu og hringnót.

- A. Fyrir Vesturlandi - nr. 1 í I. hluta reglugerðarinnar
- B. Norðaustur af Horni - nr. 2 í II. hluta reglugerðarinnar
- C. Fyrir Norðausturland - nr. 5 í II. hluta reglugerðarinnar
- D. Á Langanesgrunni - nr. 6 í II. hluta reglugerðarinnar

Ekki er lagt til að svæði 1A og 1B fyrir Vesturlandi (sjá mynd 15) verði hluti verndunarsvæðisins þar sem þau svæði hafa verið opin fyrir veiðum með botnvörpu hluta úr ári.

Starfshópurinn byggir þessar tillögur sínar á skýrslu Hafrannsóknastofnunar "Svæði innan landhelgi Íslands og viðkvæm vistkerfi" sem unnin var að beiðni ANR (Tilv. ANR17030129/11.1.4) vegna vinnu starfshóps á vegum þriggja ráðuneyta um verndarsvæði í hafi. Í skýrslunni er fjallað um 16 hafsvæði sem lokað hafa verið fyrir botnveiðum, að hluta eða alveg, í meira en áratug. Fjallað er ítarlega um hvert svæði fyrir sig og lagt mat á verndargildi þeirra út frá alþjóðlegum viðmiðunum. Í samantekt skýrslunnar segir m.a.:

„Fjögur svæði skera sig úr, þar sem talsverðar rannsóknir hafa farið fram innan þeirra. Um er að ræða svæði nr. 1; Vesturland, nr. 4; Norðaustur af Horni, nr. 8; fyrir Norðausturlandi og nr. 9; á Langanesgrunni.

Þessi svæði eru öll nokkuð stór (980-5972 km²) og því mun verndun þeirra því líklega þjóna tilgangi sínum við vernd vistkerfa og þar af leiðandi mikilvæg við útnefningar svæða til nets vistkerfa, þó vissulega væri æskilegt að hafa slík verndarsvæði allt í kringum landið og við ólíkar aðstæður.

Vesturland, svæði nr. 1: Ljóst er að innan þessa svæða er að finna fjölbreytt lífríki með viðkvæmum tegundum og vistkerfum á listum Ospar og ICES. Rannsóknir á áhrifum friðunar á svæðinu sýna að verndun hafi haft jákvæð áhrif, bæði á fiskungviði, einkum karfa, en einnig jákvæð áhrif á tegundafjölbreytileika fiska og svampa innan svæðisins miðað við utan þess. Fjölgeislamælingar sýna fjölbreytt landslag hafsbotsins innan svæðisins. Vísindaleg rök styðja varanlega lokun á svæðinu þar sem viðkvæm vistkerfi og mikilvæg uppeldissvæði er að finna innan þess.

Norðaustur af Horni, svæði nr. 4: Svæðið hefur verið lokað í yfir 20 ár en miklar botnvörpuveiðar fara fram á jöðrum svæðisins. Gögnum um botnlífríki hefur verið safnað tvisvar á svæðinu og á nærliggjandi veiðislóð undanfarin 13 ár til samanburðarannsóknna. Svæðið er því mikilvægt út frá vísindalegu sjónarmiði og fyrir beina áframhaldandi verndun lífríkis sem myndi skaðast beint ef það yrði opnað.

Fyrir Norðausturlandi, svæði nr. 8: Svæðið hefur verið lokað síðan 1976 og hefur því verið að mestu ósnert í yfir 40 ár. Rannsóknir á áhrifum svæðafriðunar á botnlífríki til samanburðar við nærliggjandi veiðislóð hefur farið fram. Svæðið hefur því vísindalegt gildi sem býður upp á tækifæri til að kanna áhrif friðunar á lífríki hafsbotsins yfir langt tímabil. Auk þess að vera lýsandi fyrir vistkerfi sem fengið hefur að vera óáreitt í yfir 40 ár sem er einstakt, einkum á grunnsævi.

Langanesgrunn, svæði nr. 9: Svæðið hefur verið lokað í tæp 25 ár. Rannsóknir á lífríki botnsins fóru fram samhliða rannsóknum á svæði nr. 8, og er því áhugavert út frá vísindalegu sjónarmiði og út frá sjónarmiði verndunar á vistkerfi sem hefur verið óraskað í yfir aldarfjöрдung."

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fól "Samstarfsnefnd um bættu umgengni um auðlindir sjávar" að fjalla um skýrslu Hafrannsóknastofnunar og skilaði nefndin álitni til ANR í bréfi dags. 8. mars 2018. Í álitni nefndarinnar segir m.a. um fjögur ofangreind svæði.:

"Nefndin telur þannig rétt að þau fjögur svæði sem koma fyrst til álita í þessu efni að mati Hafrannsóknastofnunar verði lýst með reglugerð sem verndarsvæði á þeim forsendum sem um ræðir". Nefndin hefur þó ýmsa fyrirvara svo sem; "Þá verði jafnframt gert ráð fyrir að unnt verði að líta til mikilvægra veiðihagsmuna á afmörkuðum hlutum viðkomandi verndarsvæða til endurskoðunar og rýmkunar, ef framvinda verður með þeim að kalli á slíkt og réttmætt þykir og ásættanlegt í ljósi fyrir veiðisögu og að öllu virtu"

Starfshópurinn ítrekar að hann leggur til að umrædd fjögur svæði verði að fullu vernduð og lokuð fyrir öllum veiðum nema veiðum á uppsjávarfiski með flotvörpu og hringnót þangað til að áður nefndur starfshópur þriggja ráðuneyta um verndarsvæði í hafi hefur lokið störfum.

2. Skiljusvæði

Tilraunir með smáfiskaskiljur á síðasta áratug síðustu aldar sýndu að með notkun þeirra mætti draga úr hlutfalli smáfisks við botnvörpuveiðar. Þessar niðurstöður voru í góðu samræmi við reynslu Norðmanna. Rannsóknir sýndu að á svæðum þar sem hlutfall smáfisks var yfir viðmiðunarmörkum ef notaður var 135 mm möskvastærð í poka var hlutfallið undir mörkum ef notuð var smáfiskaskilja eða 155 mm möskvi. Byggt á þessum athugun voru stór svæði fyrir Suðausturlandi og út af Vestfjörðum lokuð á árunum 1997-2001. Síðar bættust við svæðin fjögur út af Norðausturlandi og þau skilgreind sem skiljusvæði þ.e.a.s. einungis var heimilt að beita botnvörpu þar með smáfiskaskilju eða 155 mm möskva í poka. Þessar takmarkanir hafa

verið afnumdar á svæðunum út af Vestfjörðum og fyrir Suðausturlandi eftir að mælingar höfðu sýnt lágt hlutfall smáfisks á svæðunum.

Hafrannsóknastofnun hefur á undanförunum árum haft þá skoðun að betra sé að beita svæðalokunum í stað þess að heimila smáfiskaskilju á viðkomandi svæði þar sem mikið er um smáfisk. Þessi sjónarmið byggjast á mögulegum afföllum við smug og almennt skark á slóðinni.

Sjómenn hafa ítrekað lýst þeim sjónarmiðum að notkun skilju leiði til þess að fiskur verði blóðmarin og sé því lélegt hráefni. Þá hefur verið bent á aukna slyshættu við notkun skilju í vondum veðrum.

Í ljós þess sem að ofan greinir og í samræmi við tillögur starfshópsins, sem fram koma á í 4. kafla skýrslunnar, um að fella út ákvæði um lágmarksmöskvastærð í fiskibotnvörpu leggur starfshópurinn til að eftirtaldar reglugerðir verði felddar úr gildi þ.e.: Reglugerð nr. 747/2006 út af Héraðsflóa, reglugerð nr. 748/2006 á Glettinganesgrunni, reglugerð nr. 751/2006 á Langanesgrunni, og reglugerð nr. 757/2006 á Rifsbanka.

3. Aðrar tillögur

Nokkur af ofangreindum svæðum sem hafa verið til friðunar á ungfiski hafa sum verið lokað í meira en áratug s.s. svæði suðvestur af Malarrífi, vestur af Vestmannaeyjum, á Slettugrunni og á Rifsbanka, án þess að kannað hafi verið hvort ástandið á svæðunum hafi breyst. Lagt er til að þau svæði sem svo hagar til um verði könnuð og ákvarðanir um framhald lokunar teknar á grundvelli niðurstaðna slíkra kannana, þ.e. að Hafrannsóknastofnun leggi mat á niðurstöðurnar og veiti ráð á grundvelli þeirra. Starfshópurinn leggur til að lokun svæða til verndunar á kóröllum verði óbreytt enda eru þær lokanir til verndunar viðkvæmra vistkerfa en ekki á fiskverndarlegum forsendum.

Hafrannsóknastofnun hefur nýverið skilað greinargerð til ANR þar sem lagt er til að friðun hrygningarsvæða þorsks verði óbreytt. Starfshópurinn leggur jafnframt til að áfram verði í gildi reglur um friðun vegna hrygningar skarkola, steinbíts og blálöngu og telur rétt að Hafrannsóknastofnun taki afstöðu til þess hvort ástæða sé til að friða hrygningarsvæði annarra nytjafiska.

7. NÆSTU SKREF

Framsetning reglna - aðgengi

Í skipunarbréfi starfshópsins kemur fram að í endurskoðuninni felist m.a. að starfshópurinn kanni hvort þörf sé á að einfalda og leita nýrra útfærslna á regluverki er varðar notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum.

Í samskiptum starfshópsins við hagsmunaaðila hefur komið fram, hjá nánast öllum, að regluverkið sé flókið og slæmt aðgengi að gildandi reglum. Það sé í raun mjög erfitt að fá heildaryfirsýn yfir hvaða reglur séu í gildi á hverjum tíma. En einnig að ekki sé í boði að færa upplýsingar um t.d. lokuð svæði (hnit) með rafrænum hætti í siglingatæki fiskiskipa. Slíkar upplýsingar þurfi hver skipstjóri fyrir sig að slá inn (handvirkt) um borð í sínu skipi.

Til að einfalda regluverkið þarf, að mati starfshópsins, að huga að nokkrum atriðum. Eitt þeirra atriða er það verkefni sem starfshópurinn hefur m.a. þegar gert tillögur um. Það er uppfærsla, sameining og brottfall reglugerða. Annað atriði er hvernig hagsmunaaðilar (sjómenn, útgerðarmenn, og stjórnvöld) geta nálgast lög og reglur, sem í gildi eru, um fiskveiðar og umgengi um sjávarauðlindina.

Á vef sjávarútvegsráðuneytisins var í mörg ár listi með gildandi lögum og reglugerðum varðandi sjávarútveg. Í dag eru á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins undir – sjávarútvegur og fiskeldi – yfirlit yfir lög og listi yfir nýjustu reglugerðir. Nýjasta reglugerðin sem þar er skráð er frá ágúst 2017!!

Fiskistofa birtir upplýsingar, kort, um nokkur verndunarsvæði s.s. hrygningarstopp, hvalveiðibann, reglugerðarlokanir, skyndilokanir, grásleppuveiðisvæði, humarveiðisvæði og FAO veiðisvæði. Þessar upplýsingar Fiskistofu eru mörgum afar gagnlegar, en þær birtast í myndformi og eru ekki niðurhalanlegar í siglingatæki.

Þá birtir Fiskistofa margvíslegar aðrar upplýsingar um veiðar og veiðisvæði bæði innan og utan lögsögu. Í þeim upplýsingum er jafnan að finna hlekk eða hlekkir á gildandi reglur íslenskra og/eða erlendra stjórnvalda vegna viðkomandi veiðisvæða. Sú upplýsingagjöf Fiskistofu er öllum viðkomandi afar nytsamleg.

Eins og áður sagði er æskilegt að til staðar væri, á einum stað, tæmandi listi yfir öll lög, reglugerðir og auglýsingar sem í gildi eru. Hluta þessara reglna dugir að birtast í textaskjali, en reglum um veiðar, veiðisvæði og verndunarsvæði hvort sem það eru lög eða reglugerðir þarf, ásamt textaskjalinu, að fylgja kort af viðkomandi svæði. Slík kort þarf að vera tæknilega einfalt og auðvelt að hlaða niður í siglingatæki um borð í bátum og skipum.

Sameining, uppfærsla, brottfall reglugerða.

Í gildi eru um 40 stofnreglugerðir auk um 20 breytingareglugerða, sem fjalla um bann við veiðum á afmörkuðum svæðum. Ýmist bann við veiðum á tiltekinni tegund eða með tilteknu veiðarfæri. Auk þess er víða að finna í reglugerðum um veiðar á einstökum tegundum ákvæði um afmörkuð svæði, þar sem ekki er heimilt að stunda veiðar á viðkomandi tegund.

Að mati starfshópsins væri sameining einsleitra reglugerða þ.e. reglugerða er varða bann við veiðum með fiskibotnvörpu í eina reglugerð til mikillar einföldunar. Það sama á auðvitað einnig við um reglugerðir er varða bann við veiðum með línu. Þetta væri ávinningur fyrir alla aðila

þ.e. bæði útgerðar- og sjómenn en einnig stjórnvöld þ.e. þá sem sinna eftirliti með viðkomandi veiðum.

Einföldun með sameiningu reglugerða á einnig við um aðrar reglugerðir sem banna veiðar með tilteknu veiðarfæri þó fjöldi þeirra reglugerða sé ekki sambærilegur og hvað varðar veiðar með fiskibotnvörpu eða línu.

8. SÉRVERKEFNI

Auk þeirra verkþátta sem fram koma í skipunarbréfi starfshópsins fól atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hópnum að fjalla um tvö erindi sem ráðuneytinu höfðu borist frá hagsmunaaðilum. Erindin fjölluðu um stærðarmörk veiðiskipa og endurskoðun á reglugerð um bann við veiðum með dragnót í Eyrarbakkabug.

8.1. STÆRÐARMÖRK FISKISKIPA

Fyrrgreint erindi, sem framsent var til starfshópsins, var um stærðarmörk humarbáta frá Friðriki J. Arngrímssyni f.h.: Ramma hf., Skinneyjar-Þinganes hf., SP Þorlákshafnar ehf. og Vinnslustöðvarinnar hf., dags. 30.11.2016. Í erindinu var farið fram á að stærðarmörk og takmörkun vélarafls humarbáta yrði felld niður. Til vara skyldi einungis miða við 50 metra stærðarmörk skipa. Í reglugerð um humarveiðar er/var kveðið á um að: „*Humarveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eru aðeins heimilar fiskiskipum sem eru 540 BT og minni enda séu þau búin 740 kílóvatta aðalvél eða minni.*“

Nokkru síðar bættist einnig við annað erindi, sem framsent var til starfshópsins, það var um stærðarmörk innfjarða rækjubáta frá Gunnari Torfasyni varðandi Guðbjörgu Sigurðardóttur ÍS-508 (1664), ex Emma VE, dags. 2. des. 2016. Í erindinu var farið fram á að stærðarmörk innfjarðarækjubáta yrðu rýmkuð. Í reglugerð nr. 258/2012, um rækjuveiðar innfjarða er kveðið á um að: „*Aðeins er heimilt að veita skipi leyfi til rækjuveiða á ofangreindum svæðum að það hafi aflamark í rækju á viðkomandi svæði og sé minna en 230 brúttótonn að stærð.*“ Guðbjörg Sigurðardóttir ÍS-508 (1664) er 239 BT. Undir lok janúar 2017 óskaði Gunnar Torfason eftir fundi með ráðuneytinu varðandi takmörkun á stærð rækjubáta í Ísafjarðardjúpi. Ráðuneytið framsendi fundarbeiðni Gunnars Torfasonar til starfshópsins. Starfshópurinn bauð Gunnar Torfasyni að senda inn greinargerð, til starfshópsins, þar sem honum gæfist tækifæri til að kynna sjónarmið sín „*varðandi stærðarmörk skipa vegna rækjuveiða í Ísafjarðardjúpi*“. Svar barst ekki.

Að beiðni ráðuneytisins listaði starfshópurinn upp þær reglur, þar sem fram koma stærðarmörk veiðiskipa. Alls 15 ákvæði í lögum og reglugerðum. Í kjölfarið sendi ráðuneytið bréf, þar sem óskað var eftir viðhorfi um „*hin ýmsu stærðarmörk veiðiskipa við mismunandi veiðar*“ og óskaði ráðuneytið svars fyrir lok janúar 2017. Bréfið var sent til eftirfarandi aðila:

- Farmanna- og fiskimannasambands Íslands
- Fiskifélags Íslands
- Fiskistofu
- Hafrannsóknastofnunar
- Hampiðjunnar
- Landsambands smábátaeigenda
- Samtaka dragnótamanna
- Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi
- Samtaka smærri útgerða
- Sjómannasambands Íslands
- VM, Félags vélstjóra og málmtæknimanna

Ákvæði um stærðarmörk veiðiskipa og umsagnir aðila um þau;

1. Lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, **þar er ákv. um 12 sml. fiskveiðilandhelgi og þær undanþágur sem heimila veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót innan 12 sml.**

Undanþágurnar miðast við lengd og/eða aflvísi skips.

(Sé skip búið skráð er aflvísir þess reiknaður þannig: $HÖ \times \text{ÞS}$. Sé skip ekki búið skráð er aflvísir þess reiknaður þannig: $0,60 \times HÖ \times \text{ÞS}$. HÖ merkir hér skráð afl aðalvélar skipsins í hestöflum, ÞS merkir þvermál skráðu í metrum.)

Helstu aths. umsagnaraðila:

- a) **Fiskistofa:** leggur til að felld verði niður öll viðmið um aflvísa, en að notað verði lengdarmetra viðmið um stærðarmörk skipa.
 - b) **Sjómannasamband Íslands:** Aflvísir er reiknaður út frá afli aðalvélar og síðan hefur áhrif hvort skipið hefur skráð eða ekki. Algengt er orðið að hægt sé að keyra afl frá ljósavél út á skráðu og mætti taka tillit til þess þegar aflvísar eru reiknaðir.
 - c) **Landsamband smábátáeigenda:** leggur áherslu á að skerpt verði á skilgreiningum við útreikning á aflvísi. Þannig að tryggt verði að allt það vélarafl sem nýtist út í skráðu viðkomandi skips mælist með.
 - d) **Hafransóknastofnun:** Það eru engin sérstök fiskifræði- eða veiðitæknilegar ástæður fyrir þessum stærðarmörkum. Sum þeirra skipa sem eru undir gefnum mörkum geta notað öflugri veiðarfæri en stærri skip sem þurfa að vera utan við uppgefna línu. Í einhverjum tilfellum getur reynst nauðsynlegt að beita hamlandi reglugerðum til að auðvelda notkun staðbundinna veiðarfæra. Þær ættu þá að beinast að veiðarfærum fremur en að stærð báta. Þannig er t.d. hægt að takmarka lengd grandara, höfuðlínu og fiskilínu. Almenn séð þá er meira af ókynþroska fiski s.s. þorski og ýsu nær landi eða á grunnslóð. Því getur verið ástæða til þess að stuðla að minni sókn á þeim svæðum en annarsstaðar. Botndýr eru hins vegar almennt betur aðlöguð náttúrulegu álaga á grunnslóð (a.m.k. fyrir opnu hafi) en þau sem finnast á meira eða miklu dýpi.
2. Lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, **þar er krókaafلامarksbátur skilgreindur, bátur styttri en 15 metrar og minni en 30 brúttótonn.**

Helstu aths. umsagnaraðila:

- a) **Samtök smærri útgerða:** leggja til að stærðarmörk krókaafلامarksbáta verði eingöngu miðuð við 15 metra óháð brúttótonnum enda er það þannig í flestum öðrum flokkum báta að eingöngu er miðuð við lengdarmetra. Við hönnun 15 metra báta getur verið hagkvæmt að smíða þá breiðari en áður hefur verið leyfilegt til þess að auka gæði vinnslurýmis og vistarvera starfsmanna. Það er einnig óheppilegt að miða við ákveðna fyrirfram gefna breidd við smíði báts þegar leitað er að bestu hönnun vegna sjólags.
- b) **Fiskistofa:** leggur til að 15 metra viðmið fyrir krókaafلامarksbáta verði óbreytt en felld verði út öll viðmið um brúttótonn. Með breytingunni væru reglur einfaldaðar sem auðvelda hagsmunaaðilum, (útgerðum/sjómönum) og stofnunum ríkisins (Fiskistofa, Landhelgisgæsla Íslands) og ráðuneyti að rækja hlutverk sitt.
- c) **Sjómannasamband Íslands:** Árið 2013 var lögum um stjórn fiskveiða breytt þannig að nú geta skip sem eru styttri en 15 m og undir 30 BT verið á krókaafلامarki. Þar sem lítill munur er á krókaafلامarki annars vegar og almennu aflamarki hins vegar auk þess sem krókaafلامarkið er ekki lengur bundið við

smábáta telur Sjómannasamband Íslands að breyta ætti krókaafلامarkinu í almennt aflamark.

- d) **Landsamband smábátaeigenda:** telur stærðarmörk krókaafلامarbsbáta vera komin að þolmörkum. Þær viðvaranir sem LS kom með í umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða árið 2013 hafa því miður gengið eftir. Stærð bátanna og umfang hefur orðið til að veiðiheimildir hafa færst til báta sem eru efstir í stærðarmörkum.
- e) **Hafrannsóknastofnun:** Stærðarmörk krókabáta eru í litlu samhengi við veiðigetu þeirra. Það er fjöldi króka sem fara í sjó sem takmarka veiðigetu. Það eru mörg dæmi um smáa báta með vélbeitingakerfi um borð sem geta lagt margfalt fleiri króka en stærri bátar. Eftirlit með fjölda króka er einfalt, þar sem hægt er að hámarka heimild um hámarksfjöldi króka um borð. Fjareftirlit er einnig mögulegt að einhverju marki þar sem lengd línulagna sést nokkuð greinilega og því hægt að áætla fjölda króka. Við handfæraveiðar þá er það fjöldi rúlla og tími sem takmarkar veiðigetu, ef tveir bátar annar 5 metrar og hinn 50 og báðir væru með tvær handfærarúllur við veiðar, þá er allt eins víst að sá smærri myndi veiða betur.
3. Reglugerð (útg. árlega), um hrognkelsaveiðar eru ýmis ákvæði um stærð grásleppubáts, **gráleppubátur getur að hámarki verið 15 brúttótonn.**
Helstu athugasemdir umsagnaraðila:
- a) **Samtök smærri útgerða:** Af sömu ástæðu (sjá 2. tl. krókaafلامark) gera Samtök smærri útgerða athugasemd við að leyfi til hrognkelsaveiða sé bundið við báta að 15 brúttótonnum og leggja til að miðað sé við 15 metra.
- b) **Fiskistofa:** Leggur til að fellt verði niður viðmið um brúttótonn og notast verði við viðmið um 15 lengdarmetra. Stjórnun grásleppuveiða miðast við hámarksfjölda leyfa og fjölda neta við veiðarnar. Sú breyting að heimila stærri bátum að koma að veiðunum mun að mati Fiskistofu leiða af sér bætta umgengni um auðlindina og bætta aflameðferð.
- c) **Landsamband smábátaeigenda:** Er andvígt öllum breytingum á stærðarmörkum báta sem hafa leyfi til að stunda grásleppuveiðar.
- d) **Hafrannsóknastofnun:** Hér á það sama við og við krókabáta. Fjöldi neta er það sem takmarkar veiðigetu. Nú er farið fram á að menn landi grásleppu sem veidd er. Smáir bátar geta vitjað um færri net á dag en ef vel veiðist þyrftu þeir bátar að landa aflanum án þess að geta vitjað öll net. Grásleppubátar verða seint mjög stórir þar sem veiðar eru gjarnan á mjög grunnu vatni. En þeir geta vel verið stærri og það gæti verið hagræði í því. Það eru engin fiskifræðileg rök fyrir stærðarmörkum grásleppubáta.
4. Reglugerð nr. 1061/2013, um dragnótaveiðar, **almennt dragnótaleyfi einungis fyrir skip styttri en 42 metra eða skip með aflvísi lægri en 2.500.**
(Heimilt er öllum fiskiskipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands, að stunda veiðar með dragnót á þeim svæðum þar sem þeim er heimilt að stunda veiðar með botn- og flotvörpu, samkvæmt 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Veiðar með dragnót nær landi en um ræðir í 5. gr. laga nr. 79/1997 eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu.)
Helstu athugasemdir. umsagnaraðila:
- a) **Samtök dragnótamanna:** Við viljum ítreka ósk okkar um að fá rétta skilgreiningu á veiðarfærinu gagnvart lögum. Í núgildandi lögum um fiskveiðar er dragnótin skilgreind með botnvörpu, sem er allt annað veiðarfæri, og engin sérstök ákvæði er að finna um dragnótina og réttindi dragnótamanna. Að gefnu tilefni óska Samtök

dragnótamanna þess að ráðuneytið láti máefnaleg og fagleg sjónarmið ráða þegar ákvarðanir eru teknar varðandi lokanir veiðisvæða fyrir dragnótaveiðum og í sátt við þá sem veiðarnar stunda.

- b) **Fiskistofa:** Leggur til að fella út viðmiðanir um aflvísa og að einungis verði miðað við metra.
- c) **Landsamband smábátæigenda:** Það er skoðun Landssambands smábátæigenda að dragnótaveiðar eigi einungis að heimila til veiða á flatfiski. Allt skark með dragnót á grunnsævi við beinar veiðar á bolfiski verði óheimilar. Að öðru leyti eigi á grundvelli breytinga sem gerðar hafa verið á veiðarfærinu að gilda um það sömu reglur og við togveiðar.
- d) **Hafrannsóknastofnun:** Stærðarmörk dragnótabáta eru dreginn ýmist við 20, 22, 24 eða 42 metra. Það ljóst að engin fiskifræðileg rök eru fyrir þessum stærðarmörkum enda er veiðigeta dragnótabáta í nánast engum atriðum tengd lengd þeirra. Veiðiálag dragnótar er fremur lítið hér við land og einskorðast af svæðum þar sem hægt er að nota hana. Í sumum tilfellum er dragnót nánast eina veiðarfærið sem hentar til að ná í ákveðna fiskistofna. Ef takmarka þyrfti veiðiálag af völdum dragnótar á einhverju svæði, t.d. ef um staðbundin stofn af einhverri tegund væri að ræða mætti nota aðrar aðferðir eins og veiðitímabil, fjölda kasta á tímabili, og/eða lengd tóga sem sett eru út. Lengd tóga er auðvelt í fjareftirliti þar sem hringferð báts sést vel í eftirlitsbúnaði LHG. Allt eru þetta mun markvissari verndaraðgerðir en mörk á stærð veiðiskips.
5. Reglugerð nr. 1066/2013, um dragnótaveiðar í Faxaflóa, **hámarksstærð dragnótabáts til veiða í Faxaflóa miðuð við lengd að 24 metrum.**
Helstu aths. umsagnaraðila:
- a) **Samtök dragnótamanna:** Við viljum ítreka ósk okkar um að fá rétta skilgreiningu á veiðarfærinu gagnvart lögum. Í núgildandi lögum um fiskveiðar er dragnótin skilgreind með botnvörpu, sem er allt annað veiðarfæri, og engin sérstök ákvæði er að finna um dragnótina og réttindi dragnótamanna
- b) **Landsamband smábátæigenda:** Það er skoðun Landssambands smábátæigenda að dragnótaveiðar eigi einungis að heimila til veiða á flatfiski. Allt skark með dragnót á grunnsævi við beinar veiðar á bolfiski verði óheimilar. Að öðru leyti eigi á grundvelli breytinga sem gerðar hafa verið á veiðarfærinu að gilda um það sömu reglur og við togveiðar.
6. Reglugerð nr. 1062/2013, um bann við dragnótaveiðum í fjörðum Vestfjarða og út af Ströndum, **undanþágu ákvæði fyrir báta styttri en 20 metrar.**
M.a. tímabundin lokun (til 31. ágúst 2017) á svæði út af Ströndum.
Helstu athugasemdir umsagnaraðila:
- a) **Samtök dragnótamanna:** Við viljum ítreka ósk okkar um að fá rétta skilgreiningu á veiðarfærinu gagnvart lögum. Í núgildandi lögum um fiskveiðar er dragnótin skilgreind með botnvörpu, sem er allt annað veiðarfæri, og engin sérstök ákvæði er að finna um dragnótina og réttindi dragnótamanna. Að gefnu tilefni óska Samtök dragnótamanna þess að ráðuneytið láti máefnaleg og fagleg sjónarmið ráða þegar ákvarðanir eru teknar varðandi lokanir veiðisvæða fyrir dragnótaveiðum og í sátt við þá sem veiðarnar stunda.
- b) **Fiskistofa:** Leggur til að felldar verði úr gildi allar sérreglur varðandi lengd skipa við dragnótaveiðar. Annað hvort væri þá dragnót heimiluð eða bönnuð á tilteknum veiðisvæðum. Leggur Fiskistofa til að leitað verði til Hafrannsóknastofnunar um ráðgjöf varðandi staðsetningu leyfilegra veiðisvæða fyrir dragnót.

- c) **Landsamband smábátaeigenda:** Það er skoðun Landssambands smábátaeigenda að dragnótaveiðar eigi einungis að heimila til veiða á flatfiski. Allt skark með dragnót á grunnsævi við beinar veiðar á bolfiski verði óheimilar. Að öðru leyti eigi á grundvelli breytinga sem gerðar hafa verið á veiðarfærinu að gilda um það sömu reglur og við togveiðar.
7. Reglugerð nr. 1063/2013, um dragnótaveiðar fyrir Norðausturlandi og Austfjörðum, **svæði lokað fyrir veiðum dragnótabáta lengri en 22 metrar.**
M.a. tímabundin lokun (til 31. ágúst 2017) á svæði út af Seyðisfirði.
Helstu aths. umsagnaraðila:
- a) **Samtök dragnótamanna:** Við viljum ítreka ósk okkar um að fá rétta skilgreiningu á veiðarfærinu gagnvart lögum. Í núgildandi lögum um fiskveiðar er dragnótin skilgreind með botnvörpu, sem er allt annað veiðarfæri, og engin sérstök ákvæði er að finna um dragnótina og réttindi dragnótamanna. Að gefnu tilefni óska Samtök dragnótamanna þess að ráðuneytið láti máefnaleg og fagleg sjónarmið ráða þegar ákvarðanir eru teknar varðandi lokanir veiðisvæða fyrir dragnótaveiðum og í sátt við þá sem veiðarnar stunda.
- b) **Fiskistofa:** Leggur til að felldar verði úr gildi allar sérreglur varðandi lengd skipa við dragnótaveiðar. Annað hvort væri þá dragnót heimiluð eða bönnuð á tilteknum veiðisvæðum. Leggur Fiskistofa til að leitað verði til Hafrannsóknastofnunar um ráðgjöf varðandi staðsetningu leyfilegra veiðisvæða fyrir dragnót.
- c) **Landsamband smábátaeigenda:** Það er skoðun Landssambands smábátaeigenda að dragnótaveiðar eigi einungis að heimila til veiða á flatfiski. Allt skark með dragnót á grunnsævi við beinar veiðar á bolfiski verði óheimilar. Að öðru leyti eigi á grundvelli breytinga sem gerðar hafa verið á veiðarfærinu að gilda um það sömu reglur og við togveiðar.
8. Reglugerð nr. 780/2015, um bann við dragnótaveiðum fyrir Norðurlandi, **svæði lokað fyrir veiðum dragnótabáta lengri er 22 metrar.**
M.a. tímabundin lokun (til 31. ágúst 2017) á svæði út af Ströndum, á Húnaflóa og á Skagafirði.
Helstu aths. umsagnaraðila:
- a) **Samtök dragnótamanna:** Við viljum ítreka ósk okkar um að fá rétta skilgreiningu á veiðarfærinu gagnvart lögum. Í núgildandi lögum um fiskveiðar er dragnótin skilgreind með botnvörpu, sem er allt annað veiðarfæri, og engin sérstök ákvæði er að finna um dragnótina og réttindi dragnótamanna. Að gefnu tilefni óska Samtök dragnótamanna þess að ráðuneytið láti máefnaleg og fagleg sjónarmið ráða þegar ákvarðanir eru teknar varðandi lokanir veiðisvæða fyrir dragnótaveiðum og í sátt við þá sem veiðarnar stunda.
- b) **Fiskistofa:** Leggur til að felldar verði úr gildi allar sérreglur varðandi lengd skipa við dragnótaveiðar. Annað hvort væri þá dragnót heimiluð eða bönnuð á tilteknum veiðisvæðum. Leggur Fiskistofa til að leitað verði til Hafrannsóknastofnunar um ráðgjöf varðandi staðsetningu leyfilegra veiðisvæða fyrir dragnót.
- c) **Landsamband smábátaeigenda:** Það er skoðun Landssambands smábátaeigenda að dragnótaveiðar eigi einungis að heimila til veiða á flatfiski. Allt skark með dragnót á grunnsævi við beinar veiðar á bolfiski verði óheimilar. Að öðru leyti eigi á grundvelli breytinga sem gerðar hafa verið á veiðarfærinu að gilda um það sömu reglur og við togveiðar.

9. Reglugerð nr. 214/2010, um humarveiðar, **humarveiðar aðeins heimilar skipum sem eru 50 metrar eða styttri.**

(reglugerð breytt þ.e. stærðarmörk rýmkuð með reglugerð nr. 4/2017)

Helstu aths. umsagnaraðila:

- a) **Fiskistofa:** Leggur til að felld verði burt ákvæði um aflvísa og að miðað verði við lengd í metrum enda aflaheimildum stýrt með kvótaúthlutun. Bætt aflameðferð fæst með stærri skipum og miðað við núverandi reglugerð eru stærðarmörkin 49 metrar.
- b) **Hafrannsóknastofnun:** Undanfarin ár hafa humarveiðar með fótreipisvörpu breyst. Bæði hafa vörpur stækkað en einnig er algengt að draga tvær eða jafnvel fleiri vörpur samtímis. Þá hefur lárétt opnun veiðarfæra aukist án þess að auka við lengd fótreipis en þannig er flatamál veiðisvæðisins aukið. Veiðigeta humarbáta er í litlu samhengi við lengd eða vélarafi báta. Ef ástæða er fyrir því að takmarka veiðiálag ákveðinna svæða ætti fremur að setja reglur um gerð veiðarfæra og/eða loka svæðum.
10. Reglugerð nr. 396/2005, um úthafsækjuveiðar, **svæði lokað fyrir veiðum á úthafsækju skipum lengri en 36 metrar** og annað svæði opið skipum styttri en 26 metrar.

Helstu aths. umsagnaraðila:

- a) **Fiskistofa:** Leggur til að fella út öll stærðarmörk og aflviðmið fyrir skip við úthafsækjuveiðar. Veiðum sé þegar stýrt bæði með kvótaúthlutun og svæðalokunum.
- b) **Hafrannsóknastofnun (Almennt um rækjuveiðar):** Um rækjuveiðar gildir það sama og með dragnóta- og humarveiðar að það að takmarka stærð skipa sem stundar veiðarnar hefur lítið gildi til að takmarka veiðar. Það þarf ekki að vera neikvætt að aflamark sé tekið á skömmum tíma með öflugum skipum þar sem álag á veiðisvæði yrði e.t.v. minna. Stærð vörpunnar er oft takmarkandi þáttur á afla á togtíma. Ef hægt er að nota stærri vörpu og þá með aflmeiri skip þá gætu veiðarnar orðið hagkvæmari, bæði fjárhagslega sem og út frá umhverfis sjónamiðum.

11. Reglugerð nr. 258/2012, um rækjuveiðar innfjarða, **rækjuveiðar innfjarða aðeins heimilar skipum minni en 230 brúttótonn.**

(reglugerð breytt þ.e. stærðarmörk rýmkuð með reglugerð nr. 865/2012)

Helstu athugasemdir umsagnaraðila:

- a) **Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi:** vísað til fyrri erinda og rökstuðnings SFS þar sem m.a. hefur verið lagst gegn tillögu um hækkun stærðarmarkna rækjuveiðiskipa í Ísafjarðardjúpi.“
- b) **Fiskistofa:** leggur til að fella út öll stærðarmörk og aflviðmið fyrir skip við veiðarnar, enda er þeim stýrt með kvótaúthlutun, svæðalokunum og togveiðiheimildum.
12. Reglugerð nr. 542/2014, um veiðar á rækjustofninum á miðunum við Snæfellsnes, **svæði opið fyrir veiðar á rækju skipum minni en 105 brúttólestir.**

Helstu aths. umsagnaraðila:

- a) **Fiskistofa:** leggur til að fella út öll stærðarmörk og aflviðmið fyrir skip við veiðarnar, enda er þeim stýrt bæði með kvótaúthlutun og svæðalokunum.

13. Reglugerð nr. 549/2009, um leyfisskyldar frístundaveiðar sérstakt **ákv. v. báta undir 6 metrum.**

Helstu aths. umsagnaraðila:

- a) **Hafrannsóknastofnun:** Þessar veiðar eru í dag eingöngu krókaveiðar. Svo framarlega sem veiðar eru innan aflamarks þá hefur Hafrannsóknastofnun ekki athugasemdir um þessar veiðar né stærð þeirra báta sem notaðir eru við veiðarnar.

14. Reglugerð (útgefin árlega), um makrílveiðar, **margvísleg ákvæði við ráðstöfun aflaheimilda í makríl, m.v. bátastærð (BT).**

Helstu athugasemdir umsagnaraðila:

- a) **Fiskistofa:** Stærðartakmarkanir reglugerðarinnar tengjast úthlutun veiðiheimilda þ.e. úthlutuðu magni miðað við kvóta og tengist ekki veiðiaðferðum eða veiðisvæðum. Því álítur Fiskistofa á að hér gildi annars konar stýring stjórnvalda. Í reglugerð er skipum skipt upp þannig að þau fá mismunandi heimildir eftir því hvort þau séu stærri eða minni en 200 BT. Í reglugerð er skipum einnig skipt upp þannig að þau fá mismunandi heimildir eftir því hvort þau séu stærri en 2.400 BT, milli 800 og 2.400 BT eða minni en 800 BT.
- b) **Fiskistofa:** Í reglugerð um ráðstöfun 2.000 tonna viðbótarheimilda í markíl á árinu 2016, er viðbótarúthlutun takmörkuð við stærð skipa og veiðarfæri. Aðeins má veiða með línu- og handfærum og skipið má vera mest 15m og 30 BT og gilda því sömu skýringar Fiskistofu hér. Jafnframt gilda hér veiðarfæratakmarkanir og vísast í því tilliti til ráðlegginga Hafrannsóknastofnunar. Til einföldunar væri hægt að hafa tvo flokka skipa eftir stærð. Þá sem eru undir 15 metrum og skip stærri en 15 metrar. Þannig gætu útgerðir fært á milli sín kvóta en útgerðir smærri báta halda sinni úthlutun innan smærri flokksins.
- c) **Landsamband smábátæigenda:** Varðandi reglur um veiðar á makríl skorar LS á sjávarútvegsráðherra að fella úr gildi ákvæði reglugerðar um kvótasetningu á færaveiðar. Færaveiðar smábáta verði án takmarkana þar til hlutdeild þeirra í heildarveiði verði 16%. LS gerir ekki ágreining um núverandi stærðarmörk við færaveiðar eins og þær eru skilyrtar í reglum til umsóknar um sérstaka úthlutun aflaheimilda í makríl samkvæmt reglugerð 756/2016. Úthlutunin nái til skipa sem eru styttri en 15 metrar að mestu lengd og minni en 30 brúttótonn að stærð og stunda veiðar með línu og handfærum.
- d) **Hafrannsóknastofnun:** Í þessari reglugerð er vísað til stærða skipa við úthlutun kvóta. Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemdir um stærð þeirra báta sem notaðir eru við veiðarnar.

15. Reglugerð (útg. árlega), um túnfiskveiðar, **túnfiskveiðar aðeins heimilar skipum sem eru að lágmarki 500 brúttótonn að stærð.**

Helstu athugasemdir umsagnaraðila:

- a) **Fiskistofa:** Stærðartakmarkanir í brúttótonnum vegna túnfiskveiða tryggja að skipin geti sótt afla á djúpmið, veiðarfæri taka mikið pláss auk þess sem veiðarnar eru mannaflafrekar. Fiskistofa leggur einnig til að stærðarviðmið verði miðað við lengd í stað brúttótonna túnfiskveiðiskipa.
- b) **Landsamband smábátæigenda:** Til þessa hefur túnfiskur verið veiddur á fjarlægum miðum, langt frá veiðislóð minni skipa. Það hefur því verið fullt tilefni til að takmarka stærð þeirra skipa sem veiðarnar stunda. Ennfremur þegar litið er til búnaðar við veiðarnar og aðstöðu til meðhöndlunar aflans. Allt er þó hverfullt þegar fiskveiðar og meðhöndlun á fiski eru annars vegar. Líta má til annarra landa þar sem jafnvel smábátar stunda túnfiskveiðar. Eins og staðan er í dag gerir LS ekki

athugasemdir við gildandi fyrirkomulag, en áskilur sér rétt til annarra sjónarmiða gangi túnfiskur nær landi í veiðanlegu magni.

- c) **Hafrannsóknastofnun:** Í þessu tilfelli er sjálfsagt verið að horfa til öryggismála vegna úthafsveiða. En það eru engar athugasemdir um stærðarmörk skipa sem skipta máli frá sjónarmiðum Hafrannsóknastofnunar.

Eins og fyrr greinir er ákvæði um stærðarmörk veiðiskipa að finna í a.m.k. 15 tilvikum í lögum og reglugerðum er varða fiskveiðar.

1. Lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, - þar er ákvæði um 12 sjómílna fiskveiðilandhelgi og þær undanþágur sem heimila veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót innan 12 sjómílna. Þar er bæði miðað við lengd og/eða aflvísi skips.

Útfærsla landhelginnar sl. 70 ár (4, 12, 50 og 200 sjómíllur) gerði íslenskum stjórnvöldum betur kleift að ákvarða nýtingu nytjastofna sjávar. Útfærslurnar beindust að því að hamla aðgengi erlenda fiskiskipa (einkum togara) til veiða á íslenska landgrunninu. Samhliða var íslenskum veiðiskipum einkum togurum og dragnótabátum settar ýmsar skorður varðandi veiðar innan landhelginnar. Önnur sjónarmið voru þó einnig uppi s.s. fjárhags- og atvinnusjónarmið, sem fólust í ýmiskonar undanþágum fyrir togveiðar innan landhelginnar.

Frá 1970 hafa viðmiðunarstærðir varðandi undanþágu til togveiða innan 12 sjómílna landhelgi tekið nokkrum breytingum. Með lögum nr. 102/1973, var togskipum skipt í 3 flokka, þ.e. minni en 105 brl, 105 til 350 brl og stærri en 350 brl. Við gildistöku laga nr. 81/1976, var ákveðið að miða við lengd skipa í stað brl. Áfram var togskipum skipt í 3 flokka þ.e. styttri en 26 mtr, 26 til 39 mtr og lengri en 39 mtr. Í núgildandi lögum nr. 79/1997, eru viðmiðunarstærð miðuð bæði við lengd og aflvísi, jafnframt sem ákvæðið tekur einnig til dragnótaveiða.

Í aths. með frumvarpi til laga (79/1997) kemur m.a. fram varðandi breytingu á viðmiðunarstærð þ.e. úr lengd í lengd og aflvísi að „þróunin hefur orðið sú að togkraftur skipa hefur aukist gífurlega undanfarin ár. Varðandi flokk skipa undir 26 metrum má benda á að þegar lög nr. 81/1976 voru samþykkt var mesti togkraftur skipa sem voru tæpir 26 metrar á bilinu 6–7 tonn (aflvísir 600–700). Togkraftur jafnlangra skipa, sem smíðuð hafa verið á undanförunum árum, er 15–16 tonn (aflvísir 2.100–2.500)“ Þá segir einnig í athugasemdum. „Í frumvarpinu er lagt til að miðað verði við mestu lengdir skipa en þó geti skip farið upp um flokk ef togveiðikraftur þess er mikill. Ljóst er að ef ekki yrði breyting gerð á gildandi lögum þá héldi sú þróun áfram að smíðuð yrðu stutt en æ afkastameiri togskip. Slík hefur raunin orðið varðandi gildistíma laga nr. 81/1976 og hefur það vissulega valdið misræmi og óánægju. Vitanlega verður aldrei hjá því komist að útgerðaraðilar taki við ákvarðanir sínar um smíði fiskiskipa mið af reglum og reyni að ná sem ríkustum togveiðiheimildum með sem afkastamestum skipum, en með því að miða einnig við aflvísa skipa má vænta þess að koma megi í veg fyrir verulegar breytingar að þessu leyti“.

Aflvísir sem er margfeldi hestafla aðalvélar og þvermáls skrófu, auk þess sem tillit skal taka til skrófuhings sé skip þannig útbúið. Á seinni árum hefur sú breyting komið til að hægt er að keyra afl ljósavélar út á skrófu, hugsað sem öryggisbúnaður, án þess að aflvísir breytist. Fyrir fiskveiðiárið 2001/2002 var aflaheimildum úthlutað til 92 togara, en fyrir 2017/2018 var aflaheimildum úthlutað til 39 togara (sbr. vef Fiskistofu). Það er því ljóst að umfang togveiða (fiskibotnvörpu) a.m.k. hvað varðar fjölda skipa hefur breyst mikið.

Á sama tíma hefur komið til gífurleg framþróun í gerð botnvörpu s.s. í uppsetningu, efnisgerð og legu möskva samfara notkun ofurtóga í stað togvira og notkun hlera sem snerta ekki botn. Það eru því sterkar vísbendingar um að þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar við samningu laga nr. 79/1997 hafi breyst umtalsvert.

Standi vilji ráðherra til endurskoðunar á ákvæðum umræddra laga telur starfshópurinn að slíkt verði varla gert nema með víðtæku samráði hagsmunaaðila, vísindamanna og stjórnvalda.
Starfshópurinn tekur í því ljósi ekki afstöðu til stærðarmarka fiskiskipa í lögum nr. 79/1997.

2. Lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, - þar er krókaaflamarksbátur skilgreindur, bátur styttri en 15 metrar og minni en 30 brúttótonn.

Á meðan í gildi er sérstakt veiðikerfi fyrir smábáta (krókaaflamark) getur verið þörf með einhverjum hætti, að afmarka það. Stærðarmörk veiðiskipa er ein leið til slíkrar afmörkunar.
Starfshópurinn tekur ekki afstöðu til stærðarmarka sem afmarka báta í krókaaflamarkskerfinu.

3. Reglugerð (útg. árlega), um hrognkelsaveiðar - eru ýmis ákv. um stærð grásleppubáts. Grásleppubátur getur að hámarki verið 15 brúttótonn.

Grásleppuveiðum er stýrt með fjölda leyfa og hvert leyfi með fjölda daga og neta pr. bát. Nýlega var reglum breytt, þar sem skylt er að koma með öll hrognkelsi að landi, en slíkt krefst aukins pláss um borð í bátum sem ekki er alltof mikið fyrir. Þá er aukin krafa um að net séu dregin oftast vegna meðafla, sem einnig kallar á stærri báta.
Starfshópurinn telur í því ljósi varasamt að hamla um of stækkun grásleppubáta.

4. Reglugerð nr. 1061/2013, um dragnótaveiðar, - almennt dragnótaleyfi einungis fyrir skip styttri en 42 metrar eða skip með aflvísi lægri en 2.500.

5. Reglugerð nr. 1066/2013, um dragnótaveiðar í Faxaflóa, - hámarksstærð dragnótabáts til veiða í Faxaflóa miðuð við lengd að 24 metrum.

6. Reglugerð nr. 1062/2013, um bann við dragnótaveiðum í fjörðum Vestfjarða og út af Ströndum, - undanþágu ákvæði fyrir báta styttri en 20 metrar.

7. Reglugerð nr. 1063/2013, um dragnótaveiðar fyrir Norðausturlandi og Austfjörðum, - svæði lokað fyrir veiðum dragnótabáta lengri er 22 metrar.

8. Reglugerð nr. 780/2013, um bann við dragnótaveiðum fyrir Norðurlandi, - svæði lokað fyrir veiðum dragnótabáta lengri er 22 metrar.

Varðandi dragnótaveiðar eru í gangi mismunandi stærðartakmarkanir dragnótabáta. Engin fiskifræðileg eða vistfræðileg rök eru fyrir þessum stærðartakmörkum. Sú skýring að við ákvarðanir á þessum stærðartakmörkum hafi ýmist ráðið að verið var að hamla aðgengi tiltekins báts eða báta eða verið að opna fyrir aðgengi tiltekins báts eða báta, er eftir því sem best verður séð, eina haldbæra skýringin.

Starfshópurinn leggur til að stærðartakmarkanir vegna dragnótabáta verði afnumdar.

9. Reglugerð nr. 214/2010, um humarveiðar, - humarveiðar aðeins heimilar skipum sem eru 50 metrar eða styttri.

Humar er í aflamarki. Hvorki fiskifræðileg né vistfræðileg rök eru fyrir stærðartakmörkum á humarbátum. Á síðasta fiskveiðiári (2016/2017) stunduðu tíu bátar humarveiðar og lönduðu rúmlega 360 tonnum. Þar af lönduðu sjö bátar rúmlega 350 tonnum. Til samanburðar stunduðu 35 bátar humarveiðar fiskveiðiárið 2001/2002, 23 bátar 2006/2007 og 18 bátar 2011/2012.

Í janúar 2017 voru stærðartakmarkanir á humarbátum rýmkuð úr „fiskiskipum sem eru 540 BT og minni enda séu þau búin 740 kílówatta aðalvél eða minni“ í „fiskiskip sem eru 50 metrar

að skráningarlengd eða styttri“ má segja að ákvæði um stærðarmörk humarbáta séu áhrifalaus a.m.k. áhrifalítill.

Starfshópurinn leggur til að stærðartakmarkanir vegna humarbáta verði afnumdar.

10. Reglugerð nr. 396/2005, um úthafs-rækjuveiðar, - svæði lokað fyrir veiðum á úthafs-rækju skipum lengri en 36 metrar og annað svæði opið skipum styttri en 26 metrar.

11. Reglugerð nr. 258/2012, um rækjuveiðar innfjarða, - rækjuveiðar innfjarða aðeins heimilar skipum minni en 230 brúttótonn.

12. Reglugerð nr. 542/2014, um veiðar á rækjustofninum á miðunum við Snæfellsnes, - svæði opið fyrir veiðar á rækju skipum minni en 105 brúttólestir.

Rækja er í aflamarki. Varðandi rækjuveiðar eru í gildi mismunandi stærðartakmarkanir rækjubáta. Hvorki fiskifræðileg né vistfræðileg rök eru fyrir þessum stærðartakmörkum.

Sú skýring að við ákvarðanir á þessum stærðartakmörkum hafi ýmist ráðið að verið var að hamla aðgengi tiltekins báts eða báta eða verið að opna fyrir aðgengi tiltekins báts eða báta, er að því best verður séð, eina haldbæra skýringin.

Starfshópurinn leggur til að stærðartakmarkanir vegna rækjubáta verði afnumdar eða í það minnsta rýmkaðar til að auka öryggi og aðbúnað áhafnar og möguleika á betri aflameðferð.

13. Reglugerð nr. 549/2009, um leyfisskyldar frístundaveiðar - sérstakt ákv. varðandi báta undir 6 metrum.

Ákvæði varðandi báta undir 6 metrum er til þess að gefa þeim bátum sem eru skrásettir á sérstakri skrá Samgöngustofu fyrir báta undir 6 metrum sömu stöðu og þeim bátum sem eru skrásettir á skipaskrá Samgöngustofu.

Starfshópurinn tekur ekki afstöðu til þessara stærðarmarkna.

14. Reglugerð (útg. árlega), um makrílveiðar, - margvísleg ákvæði við ráðstöfun aflaheimilda í makríl, m.v. bátastærð (BT).

Makrill er ekki í aflamarki. Við árlega „ráðstöfun“ aflaheimilda á makríl er skipum bæði skipt í flokka eftir stærð og veiðarfærum. Bátastærð er þar af leiðandi notuð til „flokunar“ veiðiskipa við veiðistjórnun.

Starfshópurinn tekur ekki afstöðu til stærðarmarkna fiskiskipa varðandi makrílveiðar.

15. Reglugerð (útg. árlega), um túnfiskveiðar, - túnfiskveiðar aðeins heimilar skipum sem eru að lágmarki 500 brúttótonn að stærð.

Túnfiskveiðar eru stundaðar djúpt út af Suðurlandi. Með kröfu um lágmarksstærð skipa við túnfiskveiðar er fyrst of fremst verið að horfa til öryggissjónarmiða.

Starfshópurinn tekur ekki afstöðu til stærðarmarkna fiskiskipa við túnfiskveiðar.

Niðurstaða starfshópsins

Ákvæði um stærðarmörk veiðiskipa hafa gilt lengi, sum þeirra jafnvel áratugum saman. Þau virðast flest hafa verið sett vegna fjárhagslegra sjónarmiða þ.e. út frá hagkvæmni og/eða atvinnusköpun, en einnig sem málamiðlun eða tilraun til sátta milli ólíkra sjónarmiða s.s. milli landshluta, sveitarfélaga, veiðarfæra eða bátastærða. Ákvæði þessi byggjast hvorki á fiskifræðilegum né vistfræðilegum forsendum. Það er álit starfshópsins að í mörgum tilvikum sé illfrankvæmanlegt að meta, með faglegum rökstuðningi, gildandi reglur um

hvað sé „rétt stærð veiðiskips“ hvort sem það er við veiðar á einstökum tegundum eða á tilteknum veiðisvæðum.

Almennt er það mat starfshópsins að of miklar stærðartakmarkanir stjórnvalda á veiðiskipum geti hamlað framþróun s.s. til bættrar aflameðferðar, aðbúnaðar áhafnar og öryggismála. Að sama skapi telur starfshópurinn afar mikilvægt við ákvörðun á nýtingu á nytjastofnum sjávar sé tekið fullt tillit til fiskifræðilegra og vistfræðilegra þátta.

Í ljósi umfangsmikilla breytinga á fiskiskipastólnum og í gerð og búnaði veiðarfæra telur starfshópurinn mikilvægt að ákvæði um stærðarmörk veiðiskipa séu endurskoðuð með reglubundnum hætti.

Starfshópurinn skilaði ofangreindum tillögum, til ráðuneytisins, í maí 2017.

8.2. ENDURSKOÐUN REGLUGERÐAR VARÐANDI EYRARBAKKABUG


Starfshópurinn fékk til umfjöllunar erindi frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu varðandi 5. gr. reglugerðar nr. 1065/2013, um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi og svaraði erindi ráðuneytisins með eftirfarandi hætti.

Í 5. gr. reglugerðar nr. 1065/2013, um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi, er að finna eftirfarandi ákvæði:

Allar dragnótaveiðar eru bannaðar á svæði í Eyrarbakkabug, sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. $63^{\circ}46,33\text{ N} - 20^{\circ}47,40\text{ V}$
2. $63^{\circ}43,64\text{ N} - 20^{\circ}50,18\text{ V}$
3. $63^{\circ}46,95\text{ N} - 21^{\circ}01,72\text{ V}$
4. $63^{\circ}48,90\text{ N} - 21^{\circ}21,55\text{ V}$
5. $63^{\circ}50,60\text{ N} - 21^{\circ}23,50\text{ V}$

Að norðan markast svæðið af fjöruborði lands.



Mynd 21 af svæðinu (ath. svæðismörk að norðan fylgja fjöruborði)

Upphaf lokunar svæðisins fyrir dragnótaveiðum má rekja til tíðra skyndilokana vegna hásmáýsu í afla dragnótabáta í Eyrarbakkabug haustið 2009, þar sem mikið var um smáýsu við suðurströndina þegar sterkur árgangur ýsu frá árinu 2007 var þar í uppvexti. Í kjölfarið var sett reglugerð 5. feb. nr. 94/2010, um bann við dragnótaveiðum í Eyrarbakkabug.

Að ósk útgerða var svæðið kannað í september 2010 og reyndist enn töluvert af smáýsu á svæðinu og ekki þótti tilefni til að aflétta lokuninni (afnema reglugerðina). Svæðið var síðan kannað aftur í mars 2012 að ósk Útvegsmannafélags Þorlákshafnar og stóðst aflinn þá viðmiðunarmörk. Í bréfi til ráðuneytisins dags. 04.04.2012 lagði Hafrannsóknastofnun til að

reglugerðin yrði afnumin þar sem forsendur lokunarinnar væru ekki lengur fyrir hendi. Ráðuneytið virðist þó ekki hafa talið ástæðu til að fella reglugerðina úr gildi.

Fyrir nokkrum mánuðum óskaði Guðni Birgisson, skipstjóri á Reginn ÁR í Þorlákshöfn, að fá að kanna svæðið. Ráðuneytið heimilaði með bréfi dags. 26. jan. 2017, að svæðið yrði kannað með því skilyrði að það yrði gert í samráði við veiðieftirlit Hafrannsóknastofnunar og að eftirlitsmaður Fiskistofu yrði um borð, á meðan könnunin stæði yfir, á kostnað útgerðar.

Könnunin fór fram 3. feb. 2017 í samræmi við fyrrgreinda heimild ráðuneytisins. Alls voru tekin 6 köst í könnuninni sem dreifðust vel um svæðið. Uppistaðan í aflanum var stór þorskur og voru einungis 1,7% undir 55 cm lengd (viðmiðunarmörk 25%). Sú ýsa sem veiddist í könnuninni var einnig stór 11% voru undir 45 cm lengd (viðmiðunarmörk 30%). Í ljósi þessarar niðurstöðu taldi Hafrannsóknastofnun að forsendur lokunar væru ekki lengur til staðar og lagði til, með bréfi til ráðuneytisins dags. 8. feb. 2017, að lokuninni yrði aflétt.

Almennt hefur þeim vinnubrögðum verið fylgt, á undanförunum áratugum, að loka svæðum til skemmri eða lengri tíma með reglugerðarákvæðum þegar skyndilokanir hafa verið tíðar á viðkomandi svæði. Slíkur framgangsmáti hefur verið til staðar allt frá 1976 þ.e. þegar skyndilokanakerfinu var komið á. Ef ekki er um að ræða skilgreind langtíma friðunarsvæði hefur þótt eðlilegt að kanna hvort forsendur fyrir lokun slíkra svæða hafi breyst komi um það rökstudd ósk frá hagsmunaaðilum. Mikið var um smáýsu við suðurströndina við lok síðasta áratugar þar sem stór ýsuárgangur frá árinu 2007 var að koma inn í veiðistofn ýsu og því töluvert um lokanir veiðisvæða á þeim tíma. Sterkur ýsuárgangur frá árinu 2014 er nú að koma inn í ýsuveiðina en sú breyting hefur orðið á útbreiðslu, vegna hlýnunar sjávar, að sá árgangur heldur sig að meiri hluta til við norðurströndina. Forsendur fyrir reglugerðarlokun á Eyrarbyggubak til verndunar smáýsu eru því ekki lengur fyrir hendi.

Starfshópurinn er því sammála niðurstöðu Hafrannsóknastofnunar og leggur til að umræddri lokun verði aflétt.

Starfshópurinn skilaði ofangreindu álitni, til ráðuneytisins, í maí 2017.

10. FYLGISKJÖL

Umsagnir varðandi verkefni starfshópsins:

Farmanna- og fiskimannssamband Íslands
Landsamband smábátaeigenda
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
Samantekt tillagna um svæðalokanir í umsögnum.

Umsagnir varðandi sérveiðileyfi

Fiskistofa
Hafrannsóknastofnun
Samtök dragnótamanna, Ályktun aðalfundar
SFS, kolmunn, norsk- ísl. síld og úthafskarfi
SFS, gulllax, ísl. sumargotssíld, innfjarðarækja og hörpudiskur
LS, aths. varðandi sérveiðileyfi

Umsagnir varðandi rækjuvörpu

Hafrannsóknastofnun, skilja, leggpoki o.fl. varðandi rækjuveiðar
Hafrannsóknastofnun, Vörpupoki og skilja við rækjuveiðar

Umsagnir varðandi notkun flotvörpu við uppsjávarveiðar

SFS, veiðar á sumargotssíld og loðnu með flotvörpu
Hafrannsóknastofnun, veiðar á sumargotssíld og loðnu með flotvörpu

Umsagnir varðandi gildi skyndilokana og viðmiðunarmörk

Hafrannsóknastofnun, Gildi skyndilokana, greinargerð (Jón Sólmundsson)
Hafrannsóknastofnun, viðmiðunarmörk

Umsagnir varðandi kjörhæfni botnvörpu

Hafrannsóknastofnun, Kjörhæfni botnvörpu, greinargerð (Haraldur Einarsson)

Erindi og umsögn varðandi hrygningarstopp

SFS, hrygningarstopp, erindi
Hafrannsóknastofnun, hrygningarstopp, umsögn

Umsagnir og tillögur varðandi lokanir svæða á grunnslóð

Í kjölfar kynningarfundar

Formenn þriggja svæðisfélaga LS við Faxaflóa
Halldóri G. Ólafsson, Skagaströnd

Í kjölfar tillögu starfshópsins

Formenn þriggja svæðisfélaga LS við Faxaflóa
Bárður Guðmundsson, formaður SSÚ
Stjórn Snæfells félags smábátaeigenda á Snæfellsnesi
Stjórn Eldingar félags smábátaeigenda í Ísafjarðarsýslum
Stjórn Skalla, félags smábátaeigenda á Norðurlandi vestra
Smábátasjómenn á Borgarfirði eystra
Guðlaugur Birgisson, stjórnarmaður í Félagi smábátaeigenda á Austurlandi
Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri á Djúpavogi
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (I)
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (II)

Umsagnir varðandi stærðarmörk fiskiskipa;

Hampiðjan
FFSÍ
SFS
Samtök dragnótamanna
Samtök smærri útgerða
Fiskistofu
Sjómannasamband Íslands
Landssamband smábátaeigenda
Hafrannsóknastofnun

Fylgiskjal 1.

Umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands varðandi heildarendurskoðun á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum.

Þetta verkefni er ærið umfangsmikið og svo ekki sé meira sagt. Ljóst er að ekki verður að hálfu FFSÍ reynt að kryfja einstaka liði heldur fremur að vekja athygli á þeim þáttum sem að okkar álit eru til þess fallnir að bæta umgengni um auðlindina.

1. Hvað varðar botnvörpu þá er né þegar ljóst að bæta mætti kjörhæfni trolla með því að þrengja reglur um gerð og uppsetningu á trollpokum þannig að fækkað verði valkostum og útfærslur bundnar við þá poka sem bestum árangri hafa skilað i samanburðarrannsóknnum Hafrannsóknastofnunar. 155 mm fjögurra byrða poki með þverneti sem dreginn er á línunum hefur komið afgerandi betur út en aðrir valkostir og ætti því, þar sem því verður við komið, að nota slíka poka á hefðbundnum slóðum þar sem þorsk, ufsa og ýmsar aðrar fisktegundir er að finna. Ýsu og karfaslóðir þarfnast eftir sem áður sérákvæða sem endalaust má fabúlera um án endanlegrar lausnar. Á viðurkenndum karfa og ýsuslóðum mætti jafnvel smækka möskva frá því sem nú er þar sem smug i þessum tegundum er talið valda umtalsverðum óskilgreindum fiskdauða. Benda má á að lágmarkslengd (stærðarmörk) á þorski < 55 cm og ýsu < 45 cm eru hærrí hÉrlendis en t.d. i Noregi þar sem viðmiðunarlengd þorsks er < 45 cm og ýsu < 40 cm. Það má því segja að fyrsta ákvörðun þessa vinnuhóps hljóti að vera að ákveða stærðarmörk og það hlutfall sem að hámarki má vera undir þeim mörkum.
2. Samkvæmt rannsóknnum veiðarfæra sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar ræðst stærðarsamsetning á línuveiðum af tveimur megin faktorum. Þ.e.a.s. beitustærð og af því dýpi sem línan liggur. Dýpra vatn = vænni fiskur. Hætt er við að línu útgerðir yrðu ekki sáttar við reglur um lágmarksdýpi, enda er sagður viðurkenndur fórnarkostnaður á línuveiðum sem felst i því, að ætli útgerðir línubáta að ná í sínar heimildir i ýsu þá verði að sækja grunnt og fá þar með smáan þorsk sem meðafla og á stundum meira af honum en ýsunni. Ljóst er samt sem áður að þorri allra skyndilokana undanfarin ár er v/ línuveiða á grunnslóð og rökrétt að endurskoða fyrirkomulag lokana á þeim svæðum sem sannanlega eru uppeldisstöðvar yngstu árganga okkar helstu nytjafiska.
3. Netaveiðar (þorskur, ufsi) u.þ.b. 10 % af bolfiski aðallega þorskur veiddur i net. Þar sem möskvastærð stýrir alfarið kjörhæfni Þá eru net heppilegt veiðarfæri til að veiða stærsta fiskinn þ.e. fisk sem nýttur er á sérhæfðan saltfiskmarkað. Netaveiði mun væntanlega ráðast af viðgangi þessa markaðar. Spurning um að banna smærri möskva; Grásleppunet: Of margar frásagnir af of miklum meðafla sem skilar sér ekki i land. Net látin liggja of lengi.
4. Ekkert veiðarfæri kemur i stað nótarinnar sem þrátt fyrir sína galla hefur mikilvægu hlutverki að gegna. (engin kjörhæfni)
5. Flotvarpa hefur gengt vaxandi hlutverki í íslenskum sjávarútvegi undanfarin ár. MakrÍllinn okkar nýjasti nytjastofn er nánast alfarið veiddur i flotvörpu og þáttur flottrolls i síldveiðum hefur farið vaxandi, ef undan er skilin mikil nótaveiði i Breiðafirði (Kolgrafarfjörður). Einnig hefur þáttur flotvörpu verið vaxandi í veiðum á loðnu en þær veiðar hafa verið gagnrýndar af hluta skipstjórnarmanna. Leggja þarf aukna áherslu á að rannsaka áhrif flottrolls á hegðunarmynstur loðnunnar.
6. Dragnót er okkar helsta veiðarfæri á flatfiski og nýtist nánast eingöngu á mjúkum botni. Ályktun um dragnótaveiðar frá ný afstöðnu þingi FFSÍ.

Þing Farmanna og fiskimanna haldið 26.-27. nóvember 2015 skorar á sjávarútvegsráðherra að endurskoða gildandi reglugerð um dragnótaveiðar. Í stað þess að skipta miðunum i kring um landið i fjögur svæði, verði aðeins eitt svæði.

Greinagerð:

Síðan þessi reglugerð tók gildi hafa orðið miklar breytingar á sókn á dragnót, skipum fækkað mikið þannig að álag á einstök svæði verður aldrei of mikil. Þannig verði hægt að stýra veiðum með meiri hagkvæmni með tilliti til veðurs og fiskigengdar.

7. Landgrunnið/Botnvarpa.

FFSÍ fagnar samþykkt ríkisstjórnarinnar um að veita fjármagn til að ljúka kortlagningu hafsbotsins. Íslenska landgrunnið er nú þegar mjög vel kortlagt með tilliti til fiskveiða þótt ekki sé, nema að litlu leiti um að ræða, myndræn fjölgeislamæliskort. Þegar á heildina er litið þá eru viðkvæm búsvæði sem og svæði sem eru ófær fyrir botnvörpu vel þekkt og afmörkuð eftir áratuga gagnasöfnun og kortlagningu íslenskra fiskiskipstjóra. Festur og flök, botnlag og botngerð, allt eru þetta upplýsingar sem eru til staðar hjá skipstjórnarmönnum sem hafa með aukinni þekkingu og vitund um mikilvægi búsvæða átt þátt í að stuðla að friðun slíkra svæða. Auk þessa er það staðreynd að stóraukinn veiðanleiki á hefðbundnum slóðum á mörgum af okkar helstu nytjastofnum hefur leitt til þess að oft á tíðum má líkja veiðiferðum togara við áætlunarferðir strætisvagna. Í því ljósi er sú kenning að botnvarpan skaði vöxt og viðgang fiskistofna ærið langsótt þegar horft er til þeirrar jákvæðu þróunar sem átt hefur sér stað á okkar gjöfulustu fiskimiðum þar sem allar aðstæður benda til hins gagnstæða með auknum fjölbreytileika lífríkisins og stórauknum aflabrögðum.

Að lokum skal bent á að á Íslandsmiðum er ávallt allra veðra von og tíðarfari þannig háttáð að það orki í það minnsta tvímælis að hlutur smábáta aukist frá ári til árs þar sem aðstæður og aðbúnaður á slíkum bátum verður aldrei sambærilegur við þau skip sem tekist geta á við íslenskt veðurfar árið um kring.

F.h. FFSÍ
Árni Bjarnason

Viðauki sem barst frá Árna Bjarnasyni eftir fund, 19. feb. 2016, með hagsmunaaðilum.
Ég var hér í gær og hlýddi á fyrirlestur Haraldar Einarssonar um þessi mál. Eitt af því athyglisverðasta sem þar kom fram var að útgerðir sem byggja sinn rekstur á svokölluðum beinum viðskiptum, þ.e.a.s. Kaupa aflann af eigin skipum til eigin fiskvinnslu, gera talsvert að því að selja smæsta fiskinn úr farminum á fiskmarkaði. Þar fæst iðulega hærra verð fyrir undirmálið heldur en útgerðirnar eru að kosta til fyrir vænni fiskinn sem þær kaupa af sjálfum sér í beinum viðskiptum. Þetta tvöfalda verðmyndunarkerfi leiðir til þess að sá hvati sem ætti við eðlilegar aðstæður að vera til staðar til að veiða vænni, er ekki fyrir hendi, sem er að sjálfsögðu vægt til orða tekið, öfugsnúið fyrirkomulag. Úr þessu verður ekki bætt með öðrum hætti en að eitt heilstætt verðmyndunarkerfi verði lögfest fyrir alla bolfisk sem landað er í íslenskum höfnum þannig að verð hækki með eðlilegum hætti eftir stærð og þyngd.

Fylgiskjal 2.

Umsögn Landsambands smábátæigenda varðandi heildarendurskoðun á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum.

Frá því bréf ráðuneytisins barst hafa svæðisfélög LS, 15 að tölu haft málefnið til umsagnar. Nokkrar ábendingar bárust til LS sem komið verður hér á framfæri auk þess sem umsögnin verður byggð samþykktum aðalfunda síðastliðin ár.

Dragnót

Landssamband smábátæigenda fagnar þeim mikla árangri sem náðst hefur í friðun grunnslóðar með víðtækum bönnum á notkun togveiðarfæra. Veiðar með dragnót falla undir þann flokk. LS hvetur til að við endurskoðun reglna verði þau svæði sem nú eru lokuð fyrir dragnótaveiðum tímabundið felld inn í lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Ennfremur að óheimilt verði að stunda dragnótaveiðar innfjarða og innan 3 sjómílna frá ströndum landsins.

LS vill að það komi skýrt fram að dragnótaveiðar voru heimilaðar til nýtingar á flatfiski. Við slíkar veiðar er veiðarfærið ákjósanlegt. Á undanförunum árum hefur notkun veiðarfærisins hins vegar þróast til veiða á bolfiski. LS leggur áherslu á að við endurskoðun regluverks verði leyfi til veiða með dragnót skilyrt við veiðar á flatfiski.

Veiðar með flotvörpu

LS leggur áherslu á að dregið verði úr flotvörpuveiðum og þær heyri sögunni til innan fárra ára. Notkun veiðarfærisins kallar á gríðarlega losun gróðurhúsalofttegunda sem samkomulag er um að draga úr. Einnig er flotvarpa afar stórvirkt veiðarfæri sem fullyrða má að umtalsverður meðafli fylgi við veiðarnar. Veiðar á uppsjávarfiski verði þannig bundnar við leyfi með nót og netum. Bent skal á að Ísland er eitt fárra landa, ef ekki án undantekningar, sem heimilar veiðar með flotvörpu á landgrunni.

LS leggur til að uppsjárskip sem fá veiðileyfi með flotvörpu verði útbúin stórfiskaskilju þannig að fiskur (meðafli) eins og t.d. grásleppa endi ekki ofan í lestum heldur flokkist frá, og fari lifandi í hafið aftur.

Botnvarpa

Landssamband smábátæigenda telur brýnt að óheimilt verði með öllu að stunda veiðar með botnvörpu nær landi er 12 sjómíllur.

Veiðarfæri

LS vekur athygli á að krókaafلامarksbátum er óheimilt að nota gildirur eða plóga við veiðar. Félagið leggur áherslu á að notkun þessara veiðarfæra verði heimiluð að undangenginni skilgreiningu á stærð þess.

Veiðisvæði

LS leggur áherslu á að veiðar með línu í eftirtöldum hölfum verði tafarlaust heimilaðar:

„Keiluhólf“ S-austur af Hrollaugseyjum

Veiðisvæði á norðanverðum Breiðafirði

Skyndilokanir

LS leggur til að allsherjarúttekt verði gerð á skyndilokunum og árangur þeirra metinn. Félagið hefur lengi haft þá skoðun að viðmiðunarmörk verði að vera fljótandi. T.d. er ástæða til þess nú að færa þær niður í 50 cm í þorski. Þá telur LS ástæðu til að aldursgreining verði ávallt gerð áður en ákvörðun er tekin um reglugerðarlokanir. Það þurfi að vera hafið yfir allan vafa að ekki

sé lokað á veiðar á 4 ára og eldri fiski sem myndar veiðistofn. Reglugerðarlokanir vegna ítrekaða skyndilokana standi ekki lengur en 6 mánuði.

Þá leggur LS til að verði það niðurstaða úttektar að rétt sé að halda í skyndilokanir muni lokanir miðast við einstaka báta við línu- og handfæraveiðar sem gerist ítrekað sekir um veiðar á smáfiski. Eftirfarandi var samþykkt á aðalfundi LS 2015 er varðar skyndilokanir:

„Aðalfundur LS fer þess á leit að handfærabátar sem ítrekað eru staðnir að því að brjóta reglur um hlutfall smáfisks í afla skulu sæta viðurlögum, í stað þess að öllum bátum á veiðislóðinni sé refsað með skyndi- og reglugerðarlokunum.“

Undirmál

LS leggur til að samræmd sé skilgreining á undirmáli milli fiskmarkaða og vigtunar til kvóta. Við veiðar nú verður að flokka undirmál á tvo flokka, eftir söluþyngd á markaði og eftir lengd gagnvart reglum um hversu mikið fer til aflamarks.

Í dag eru viðmiðunarmörk á undirmáli í þorski til kvóta 50 cm og stærri, en skilgreining hjá fiskmörkuðum er viðmiðunin að þorskur undir 1,3 kg er seldur sem undirmál.

Virðingarfyllt,
Halldór Ármannsson, formaður
Örn Pálsson, framkvæmdastjóri

Fylgiskjal 3.

Umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi varðandi heildarendurskoðun á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) fagna því að ráðuneytið taki gildandi regluverk til endurskoðunar enda má vera ljóst að aðlaga þarf regluverk á hverjum tíma breytingum, nýjungum og framþróun sem á sér stað t.a.m. í veiðarfærum, tæknibúnaði, hafrannsóknnum sem og nýrri og áreiðanlegri vísindagögnum og þekkingu. Allar breytingar sem miða að einföldun, hagræði og skynsamlegra fyrirkomulagi eru augljóslega hagsmunamál allra sem starfa í sjávarútvegi. Forgangsmál er að fara yfir og einfalda og skipulag og framsetningu á upplýsingum um þær reglur og takmarkanir sem eiga við á hverjum tíma.

Það er afstaða SFS að heppilegra hefði verið að samtökunum hefði verið boðin aðkoma og þátttaka í vinnuhópi ráðuneytisins, enda ljóst að viðfangsefnið er umfangsmikið og áriðandi að öll fyrirliggjandi þekking og reynsla skili sér inn í yfirferðina og endurskoðunina. Þá eru af því augljósir hagsmunir að fyrirkomulag regluverksins, sem er til skoðunar, og mögulegar breytingar á því byggja á bestu upplýsingum og rannsóknum sem og standist faglega skoðun.

Ekki kemur fram með skýrum hætti í erindi ráðuneytisins hvað stjórnvöld ætlast fyrir með þessari vinnu né heldur hver markmið hennar nákvæmlega eru. Af þessum sökum er það nokkrum vandkvæðum bundið að skila inn umsögn þar sem óljóst er hvað nákvæmlega er til skoðunar og hverjar eru forsendur boðaðrar endurskoðunar. Í ljósi þessa fer SFS því fram á að fá tækifæri til að koma að frekari sjónarmiðum og athugasemdum þegar meira liggur fyrir um hverjar áherslur vinnuhópsins nákvæmlega verða og einnig begar drög að tillögum liggja fyrir.

Með vísan til þess sem að ofan er rakið eru eftirfarandi fyrstu ábendingar og tillögur SFS til vinnuhópsins sem óskað er eftir að teknar verði til faglegrar skoðunar:

Dragnótaveiðar

Of mörg dæmi eru um lokanir fyrir dragnótaveiðum án þess að fyrir hafi legið líffræðilegar eða vistfræðilegar forsendur. Er því farið fram á að farið verði á faglegum grunni yfir forsendur lokana og takmarkanna á veiðum með dragnót við Ísland.

Lokanir frá árunum 2010 og 2011 voru settar á afar hæpnum forsendum og hafa komið sérstaklega illa niður á dragnótaveiðum við Ísland. Var t.a.m. gengið mjög hart fram í að loka stórum svæðum í Húnaflóa og Skagafirði. Í Skagafirði hafði skömmu áður farið fram sérstök rannsókn á áhrifum dragnótaveiða á lífríkið. Niðurstaðan úr þeirri rannsókn var dragnótinni í vil, en svo virðist sem ekkert hafi verið gert með þá niðurstöðu. Þessháttar vinnubrögð eru mjög gagnrýniverð og þarft að leiðrétta.

Farið er fram á það að forsendur gildandi lokana og takmarkana á dragnótaveiðum verði allar yfirfarnar og ekki verði lokað fyrir dragnótaveiðar nema að fyrir því liggja fagleg rök. Þá er tilefni til að áréttu að ekki er viðeigandi að stuðst sé við samþykktir sveitarstjórna, eða önnur þau sjónarmið sem óviðeigandi verður að teljast að ráði fyrirkomulagi veiðistjórnunar við Ísland.

Það er forgangsmál að opna aftur þau svæði sem lokað var árin 2010 og 2011. Svæðin eru við Vestfirði, úti fyrir Ströndum, Við Norðurland og Austurland. Á svæðunum eru tegundir eins og sandkoli, skrápflúra og langlúra sem ekki verða nýttar með öðrum hætti. Þá verði forsendur annarra takmarkana endurskoðaðar auk fyrirkomulags við stjórn dragnótaveiða.

Hólf og lokuð svæði (reglugerðir og skyndilokanir)

Augljós réttarbót fælist í því að framsetning upplýsinga um gildandi reglur og takmarkanir séu gerðar skýrari og aðgengilegri. Margt hefur verið gert vel í því en ljóst að gera má átak í því að bæta skýrleika og einfalda aðgengi að gildandi reglum. Fækka þarf reglugerðum og sameina, í tilvikum þar sem stofnreglugerðum hefur ítrekað verið breytt; þetta á við um reglugerðir um lokuð hólf og svæði sem og aðrar takmarkanir. Það á að vera auðvelt á hverjum tíma að nálgast nýjustu útgáfu af reglugerð, en oft er það mjög snúið að finna út úr því hvað á við þegar stofnreglugerð hefur ítrekað verið breytt. Jafnframt er rétt að framsetning á afmörkun svæða byggji á nýjustu tækni, og sé samræmd, og þannig sé frekar notast við hnit en ekki línur og viðmiðunarpunkta eins og enn er raunin. Þá er rétt að tímasetning lokana, það er miðnætti, sé skoðuð, og þá hvort það er heppilegasta tímasetningin með tilliti til framkvæmdar.

Þá er eðlilegt að heildstæð skoðun eigi sér stað á þeim forsendum sem liggja að baki núverandi reglugerðarlokunum og friðunarsvæðum. Eðlilegt er að slík skoðun sé unnin í góðri samvinnu við skipstjórnarmenn sem búa yfir mikilli og verðmætri þekkingu. Horfa þarf fyrst og fremst til líffræðilegra- og vistfræðilegra þátta með tilliti til ábyrgrar veiðistjórnunar. Forsenda slíkrar vinnu er góð þekking á veiðarfærum, kjörhæfni þeirra og mismunandi áhrifum. Hafa ber í huga að mikil þróun hefur orðið í gerð og eiginleikum veiðarfæra á nýliðnum árum. Af þeim sökum er brýnt að veiðarfærarannsóknir verði eflar til muna frá því sem nú er. Virkt samstarf fiskifræðinga, framleiðenda veiðarfæra, skipstjórnarmanna og útgerða er best til þess fallið að efla veiðarfærarannsóknir.

Skiljuhólf

Fara þarf yfir forsendur skiljuhólfa m.a. í ljósi frampróunar og breytinga sem orðið hafa á veiðarfærum, aukinni þekkingu á kjörhæfni netbúnaðar og áhrifum skilju á gæði fisks ofl. Síðustu ár hefur skiljuhólfum farið fækkandi en fullt tilefni er til að skoða enn frekar forsendur þeirra sem eftir standa og þá hvort raunverulegar forsendur standi til að viðhalda þeim.

Tillögur um breytingar á tilteknum hólfum

Varðandi langtímalokanir þá þarf að taka almenna umræðu út frá ólíkum forsendum sem snerta stjórn fiskveiða í heild. Eftirfarandi tillögur hafa komið fram:

Hólfíð út af Kögri

Lokað frá 1. mars til 17. ágúst ár hvert verði opið allt árið. Hólfíð afmarkast af eftirfarandi hnitum:

1. 66°36,40' N - 23°22,00' V
2. 66°42,50' N - 23°42,50' V
3. 66°57,50' N - 22°00,00' V
4. 67°02,00' N - 22°00,00' V
5. 67°02,94' N - 21°45,00' V
6. 66°29,20' N - 21°45,00' V
7. Svo 12 sml að sunnanverðu.

Á þessu svæði er fyrst og fremst ýsa og steinbitur og góður borskur.

Hornbanki

Lagt er til að hólfíð verði opnað nema það svæði sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:

1. 66°50,0' N – 21°08,5' V
2. 66°50,0' N – 21°45,0' V
3. 66°45,3' N – 21°45,0' V
4. 66°40,8' N – 21°23,2' V

Skoðaðar verði forsendur fyrir lokun á svo stóru hólfi. Við svæðið hefur orðið vart við stóran fisk. Hólfið var opnað að hluta til um tíma fyrir nokkrum árum og var þá bara stór fiskur á svæðinu.

Sporðagrunn. Friðunarsvæði rgl. nr. 310/2007.

Taka af hólfinu utan- og austanverðu þar sem fiskstærð hefur tekið miklum breytingum.

Rifsbanki og Langesgrunn. Skiljusvæði rgl. nr. 752/2006 og nr. 751/2006. Forsendur þessara skiljuhólfa verði skoðaðar. Verið er að draga með 155 mm hefðbundnum- og/eða T90°-möskva. Spurning hvort skilyrða ætti T90° möskva í poka.

Vopnafjarðargrunn/Digranesflak. Skiljusvæði rgl. nr. 747/2006.

Forsendur hólsins verði skoðaðar. Nú eru skip eingöngu farin að notast við 155 mm hefðbundinn- og/eða T90° poka.

Rauðatorgið. Veiðibann rgl. nr. 34/2012.

Endurskoða tilvist þessa hóls á grunni vísbendinga um breytta stærðar samsetningu grálúðu á svæðinu.

Skoðaðar verði forsendur við banni við veiðum á fiskibotnvörpu norðvestur af Heimaey og Eyrarbakkaug sbr. reglugerðir nr. 861/2006 og nr. 100/2008.

Veiðar á síld, makríl og loðnu

Heimildir til notkunar flotvörpu við veiðar síld, makríl og loðnu á hefðbundnum veiðisvæðum verði teknar til skoðunar. Sú þróun sem hefur átt sér stað á þessu veiðarfæri gefur tilefni til skoðunar gildandi reglna. Horft verði til áhrifa þess á aðra veiðstofna að heimila veiðar, samhliða mati á ávinningi.

Heimilt verði að vera með flottroll við veiðar á síld og makríl þar sem reglugerðarlokanir eru fyrir fiskibotnvörpu. Fallið verði frá banni við flottrollsveiðar í makríl á milli 65°30'N og 68°30'N milli 27°V og 17°V.

Opna það hól sem takmarkar loðnuveiðar með vörpu. Færa vesturmörk hólsins vestur á Þverálshorn. Með þessu má fá betri og breiðvirkari vöktun á svæðinu. Þetta mundi leiða af sér umtalsvert hagkvæmari veiðar þar sem eftirfylgni göngunnar mundi draga úr tilefnislausri leit á ólíklegum veiðisvæðum. Samfara þessari opnun mætti nýta eftirlitsmenn Fiskistofu til að vakta veiðarnar með mælingum um borð í veiðiskipunum eftir því sem metið er nauðsynlegt.

Kolmunnaveiðar

Unnið verði að því að samræma viðmiðunarmörk um stærð kolmunna og verndaraðgerðir meðal strandríkja og veiðiríkja sem veiða úr sameignlegum kolmunnastofni.

Humarveiðar

Veiðar á humri takmarkast við afmörkuð hól þar sem veiðarnar eru heimilar. Fyrir liggur að finna má humar, í veiðanlegu magni, á fleiri svæðum. Þess vegna er eðlilegt að möguleikar til veiða á nýrri veiðislóð séu skoðaðir.

Hvatt er til aukinna rannsókna á humri, - stofni, útbreiðslu og búsvæðum. Gagnlegt væri að fá betri skýringar á líklegum ástæðum þeirrar niðursveiflu sem átt hefur sér stað og skorti á nýliðun

sem nú er að koma fram, bæði í mælingum og veiðum. Fallið verði frá því að stærð humarbáta takmarkist við flokk 3 heldur geti verið samkvæmt flokki 2 eins og skilgreint er í 5. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997.

Ekki leikur vafi á því að þegar humarbátar stækkuðu batnaði aflameðferð til muna frá því sem verið hafði. Nú eru að ryðja sér til rúms nýjar aðferðir við kælingu og meðferð afla sem gætu bætt gæði þessarar verðmætu afurðar enn frekar. Búnaður sem fylgir þessum nýju aðferðum er plássfrekur. Vert er að benda á að humarveiðar eru vertíðarbundnar og bátar sem stunda humarveiðar þurfa því einnig að henta til annarra veiða s.s. fiskibotnvörpu. Um borð í bátunum þarf því einnig að rúmast búnaður til að meðhöndla annan afla en humar.

Möskvastærðir

Almennt verði farið yfir forsendur möskvastærðar með tilliti til ánetjunar.

Heimilað verði að nota smærri möskva en 135 mm á veiðisvæðum frá Víkurál norður og austur um, fyrir neðan 200 faðma. Rök fyrir þessu eru mikil ánetjun grálúðu við veiðar sem skilar sér í mun hærra hlutfalli af verðminni afurðum sem og skemmdum á hráefni.

Þá er bent á að veiðarfærarannsóknir hafa sýnt að karfi, allt að 800 gr., fer út um möskva sem eru 135 mm. Það ætti því að koma til skoðunar að leyfa smærri möskva á karfamíðum.

Skoðað verði að leyfa karfaveiðar á Melsekk allt árið frá Ræsinu og norður undir Jökuldýpi.

Veiðar við Kolbeinsey

Tekið verði til skoðunar að færa landhelgislínu umhverfis Kolbeinsey úr 12 sml. niður í 5 sml. sem væri til samræmis viðmiðunarlínunnar umhverfis Hvalbak. Með slíkri breytingu væri opnað á togveiðislóðir sem eru að óbreyttu lokaðar fyrir togveiðum.

Aflvísir

Mikil þróun hefur átt sér stað í hönnun og rekstri fiskiskipa sl. 20 ár. Stöðugt er unnið að því að draga úr neikvæðum umhverfisþáttum í umhverfi sjávarútvegsfyrirtækja. Mikilvægt er að leitast við að draga úr kolefnislosun, bæta orkunýtingu, niðurgírur véla og skrúfustærð og fleiri þættir skipta æ meira máli í rekstrarumhverfinu í dag. Mælieiningin aflvísir styður ekki við þessa þróun og spurning er hvort tilefni sé til að endurskoða hvort þessi mælieining sé að ná því markmiði sem upphaflega var að stefnt.


Niðurlag

Það er afstaða Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi að í grunninn sé gildandi fyrirkomulag regluverks er varðar notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndarsvæði við Ísland ásættanlegt. Ekki séu því forsendur eða sérstakar ástæður til þess að ráðast í meiriháttar breytingar á því fyrirkomulagi sem í gildi er og þróað hefur verið í áratugi og aðilar í sjávarútvegi hafa aðlagð sig að. Hinsvegar er hvatt til endurbóta sem miða að einföldun, réttarbótum og auknu hagræði og eru til þess fallnar að tryggja að skýrt liggi fyrir hvaða reglur gilda á hverjum tíma. Þá er það grundvallarafstaða SFS að allar ákvarðanir um takmarkanir, ásamt veiðistjórnun í víðara samhengi, skuli byggja á bestu vísindalegu upplýsingum og öðrum málefnalegum rökum og ástæðum.


Virðingarfyllst,
Steinar Ingi Matthíasson

Fylgiskjal 4.


Samantekt helstu tillagna SFS og LS varðandi breytingar á gildandi svæðalokunum.




Hólfið út af Kögri. Friðunarsvæði reglugerð nr. 310/2007.
Lokað frá 1. mars til 17. ágúst ár hvert, verði opið allt árið.
(frá SFS)




Sporðagrunn. Friðunarsvæði reglugerð nr. 310/2007.
Taka af hólfinu utan- og austanverðu þar sem fiskstærð hefur tekið miklum breytingum. (frá SFS)




Rífsbanki Skiljusvæði reglugerð nr. 752/2006.
Forsendur þessa skiljuhólfs verði skoðaðar. Verið að er að draga með 155 mm hefðbundnum- og/eða T 90° -möskva.
Spurning hvort skilyrða ætti T 90°möskva í poka. (frá SFS)




Langanesgrunn. Skiljusvæði reglugerð nr. 751/2006.
Forsendur þessa skiljuhólfs verði skoðuð. Verið að er að draga með 155 mm hefðbundnum- og/eða T 90° -möskva.
Spurning hvort skilyrða ætti T 90°möskva í poka. (frá SFS)



Vopnafjarðargrunn/Digranesflak. Skiljusvæði reglugerð nr. 747/2006.
Forsendur hólfsins verði skoðaðar. Nú eru skip eingöngu farin að notast við 155 mm hefðbundinn- og/eða T90°poka. (frá SFS)




Rauðatorgið. Veiðibann reglugerð nr. 34/2012.
Endurskoða tilvist þessa hólfs á grunni vísendinga um breytta stærðar samsetningu grálúðu á svæðinu. (frá SFS)




Opna það hölf sem takmarkar loðnuveiðar með vörpu. Færa vestur mörk hólsins vestur á Þverálshorn.

Loðnu reglugerð


Með þessu mætti fá betri og breiðvirkar vöktun á svæðinu. Þetta mundi leiða af sér umtalsvert hagkvæmari veiðar þar sem eftirfylgni göngunnar mundi draga úr tilefnislausri leit á ólíklegum veiðisvæðum. Samfara þessu mætti nýta eftirlitsmenn Fiskistofu til að vakta veiðarnar með mælingum um borð í veiðiskipum eftir því sem metir er nauðsynlegt. (frá SFS)




Skoðaðar verði forsendur við banni við veiðum á fiskibotnvörpu á Eyrarbakkabug sbr. reglugerð 100/2008. (frá SFS)



Hornbankahólfíð
Fríðunarsvæði reglugerð nr. 310/2007.




Skoðaðar verði forsendur fyrir banni við veiðum með fiskibotnvörpu norðvestur af Heimacy sbr. reglugerð nr. 861/2006. (frá SFS)




Fallið verði frá banni við flottrollsveiðar í makríl á milli 65°30'N og 68°30'N milli 27°V og 17°V. Makríl reglugerð (frá SFS)




Tekið verði til skoðunar að færa landhelgislínu umhverfis Kolbeinsey úr 12 sml. í 5 sml. sem væri til samræmis viðmiðunarlínnar umhverfis Hvalbak. lög nr. 79/1997 (frá SFS)




Hornbankahólfíð minnkað í þessa stærð (frá SFS)



Svæði á norðanverðum Breiðafirði, reglugerð nr. 193/2007
 LS leggur áherslu á að veiðar með línu á svæðinu verði tafarlaust heimilaðar. (frá LS)



Keiluhólf* S-austur af Hrollaugseyjum, reglugerð nr. 887/2009
 (sv.II)
 LS leggur áherslu á að veiðar með línu á svæðinu verði tafarlaust heimilaðar. (frá LS)



Að óheimilt verði með öllu að stunda veiðar með botnvörpu nær landi en 12 sjómílur. lög nr. 79/1997 (frá LS)

Ath.

Kortin eru í mismunandi skala og gefa því ekki rétta mynd við samanburð á stærð svæðanna

Öll þessi kort (myndir) eru tekin í UV grunninum (Upplýsingakerfi veiðisvæða), nema Kolbeinseyjarkortið, Hornbankahólfíð (breytingin) og Landhelgin 12 sml.

Auk ofangreindra tillagna frá SFS & LS komu einnig nokkrar fleiri tillögur s.s.:

- Að óheimilt verði að stunda dragnótaveiðar innfjarða og innan 3 sjómílna frá ströndum landsins. (frá LS)
- Farið er fram á það að forsendur gildandi lokana og takmarkana á dragnótaveiðum verði allar yfirfarnar og ekki verði lokað fyrir dragnótaveiðar nema að fyrir því liggi fagleg rök. Það er forgangsmál að opna aftur þau svæði sem lokað var árin 2010 og 2011. Svæðin eru við Vestfirði, úti fyrir Ströndum, við Norðurland og Austurland. Á svæðunum eru tegundir eins og sandkoli, skrápflúra og langlúra sem ekki verða nýttar með öðrum hætti. (frá SFS)
- Fara þar yfir forsendur skiljuhólfa m.a. í ljósi framþróunar og breytinga sem orðið hafa á veiðarfærum (frá SFS)
- Veiðar á humri takmarkast við afmörkuð hólf þar sem veiðarnar eru heimilar. Fyrir liggur að finna má humar, í veiðanlegu magni, á fleiri svæðum. Þess vegna er eðlilegt að möguleikar til veiða á nýrri veiðislóð séu skoðaðir. (frá SFS)
- Heimilað verði að nota smærri möskva en 135 mm á veiðisvæðum frá Víkurál norður og austur um, fyrir neðan 200 faðma (frá SFS)
- Skoðað verði að leyfa karfaveiðar á Melsekk allt árið frá Ræsinu norður undir Jökuldýpi. (frá SFS)

Fylgiskjal 5.

Umsögn Fiskistofu varðandi útgáfu sérveiðileyfa.

Fiskistofa hefur lagt mat á hvort þörf sé á útgáfu tiltekinna átta sérveiðileyfa og svarar erindinu sem hér segir.

Fiskistofa telur ekki ástæðu til að gefa út sérveiðileyfi til að veiða tegundir sem eru í aflamarki út frá þörfum veiðieftirlits þar sem hægt er að fylgjast með veiðum og aflamagni þeirra tegunda í gegnum GAFL aflaskráningakerfi Fiskistofu. Það sama gildir um sérveiðileyfi sem eru að auki með svæðaskiptingu þar sem að veiðisvæði slíks afla eru jafnframt skráð í Gaflinn. Þó skal tekið fram að verndunarsjónarmið gætu stutt útgáfu slíkra leyfa en Hafrannsóknastofnun er best til þess fallin að fjalla um þau sjónarmið.

F.h. Fiskistofu
Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir
sviðsstjóri veiðieftirlits

Fylgiskjal 6.

Umsögn Hafrannsóknastofnunar varðandi útgáfu sérveiðileyfa.

Visað er til ofangreinds erindis ráðuneytis varðandi það hvort Hafrannsóknastofnun telji að þörf sé á útgáfu 8 sérveiðileyfa vegna veiða íslenskra skipa með tilliti til umgengni við auðlindir sjávar.

Alþjóðahafrannsóknaráðið og/eða Hafrannsóknastofnun veita ráðgjöf um hámarksafla allra þeirra tegunda sem sérveiðileyfi gilda um og er aflamarki úthlutað til skipa á grunni þeirrar ráðgjafar. Í sumum tegundum er um fleiri en einn stofn/veiðisvæði að ræða og í þeim tilfellum er ráðgjöf veitt í samræmi við það. Hafrannsóknastofnun telur því ekki fiskifræðileg rök fyrir því að gefa út sérveiðileyfi vegna veiða á þessum tegundum né til veiða á ákveðnum svæðum.

F.h. Hafrannsóknastofnunar
Ólafur S. Ástþórsson

Fylgiskjal 7.

Ályktun aðalfundar Samtaka dragnótamanna 2016.

Aðalfundur Samtaka dragnótamanna haldinn á Fosshótel Lind 26. nóvember 2016 samþykkti svohljóðandi ályktun til starfshóps um faglega heildarendurskoðun á regluverki er varðar notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum.

Félagsmenn Samtaka dragnótamanna hafa farið yfir hvaða væntingar þeir hafi til heildarendurskoðunar á regluverki er varðar notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum.

Skiptar skoðanir eru á því hvað ganga skuli langt í að opna milli svæða, allt frá því að hafa óbreytt ástand yfir í að miðin umhverfis landið séu eitt svæði.

Við teljum að það þurfi fyrst og fremst að ráðast að rótum þess að hlutirnir eru með þeim hætti sem unnið er eftir.

Dragnótin hefur verið ranglega skilgreind í lögum um fiskveiðar frá 1997. Þar er veiðarfærið skilgreint sem togveiðarfæri og sett undir ákvæði um veiðar með botnvörpu. Þannig er dragnótinni ætlað að vera utan við nánast öll þau svæði þar sem veiðarfærið getur athafnað sig sem er mjúkur leirbotn. Slíkan botn er aðallega að finna nálægt landi, utan við vatnsföll sem hafa borið leir til sjávar. Vegna þessa ósamræmis milli ákvæða laganna og þess sem þarf til að hægt sé að stunda veiðarnar, hefur þurft að hafa dragnótina undir sérleyfum. Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) og Matvælastofnun Sameinuðu Þjóðanna (FAO) skilgreina dragnótina sem „seine net“ sem er nót, strand nót, hringnót, enda er dragnótin fyrst og fremst grunnveiðarfæri sem kastað er í hring og dregið saman og híft án þess að nótin fari út úr kasthringnum.

Veiðar í dragnót þurfa sitt regluverk eins og önnur veiðarfæri. Einnig þurfa að vera skýrar reglur um það hvað þurfi til að loka svæðum fyrir dragnótaveiðum. Eins og fyrirkomulagið er í dag þá er ekki byggt á skýrum viðmiðum eða verklagsreglum heldur hefur nægt að trillusjómenn óski eftir lokunum fyrir dragnótaveiðum án haldbærra raka og gildir þá einu þótt fagaðilar hafi ekki séð gagn né nauðsyn lokana. Dragnótaflotinn situr því uppi með fjölda reglugerðalokana byggt á geðþótta.

Við þetta ástand mála verður ekki unað lengur. Dragnót er vistvænt veiðarfæri og mikilvægt til nýtingar fiskistofna á grunnslóð. Nauðsynlegt er að endurskoða lagaramma dragnótaveiða þannig að þetta verði viðurkennt og dragnótin fái notið sannmælis og að réttur dragnótamanna verði viðurkenndur og virtur. Í því nýja samhengi væri síðan eðlilegt að taka til endurskoðunar reglur um svæðaskiptingu.

F.h. Samtaka dragnótamanna
Friðrik G. Halldórsson

Fylgiskjal 8.

Umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi varðandi útgáfu sérveiðileyfa í þremur tegundum deilistofna.

Í ljósi þess að veiðar á kolmunna, norsk-íslenskri síld og úthafskarfa eru einungis heimilar hafi fiskiskip aflahlutdeild í viðkomandi tegund og þess að veiðum er ekki stjórnað með svæðaskiptingu er vandséð að útgáfa sérveiðileyfa þjóni nokkrum tilgangi við stjórnun þessara veiða. Í þessu sambandi vilja samtökin þó áréttta að tryggt sé að mögulegt afnám þeirra leiði ekki af sér vandamál vegna tilkynninga fánarikja við hafnríkiseftirlit (NEAFC PS).

Með vísan til ofangreinds er það afstaða Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi að umrædd sérveiðileyfi þjóni engum tilgangi og eru samtökin því fylgjandi tillögu um afnám sérveiðileyfa til fiskveiða á fyrrgreindum þremur tegundum.

Virðingarfyllst

Steinar Ingi Matthíasson

Fylgiskjal 9.

Umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi varðandi útgáfu sérveiðileyfa í fjórum tegundum innan lögsögu.

Útgáfa sérveiðileyfa vegna veiða á gulllaxi, íslenskri sumargotssíld í vörpu, hörpudiski og innfjarðarrækju

Í ljósi þess að veiðar á gulllaxi, íslenskri sumargotssíld, hörpudiski og innfjarðarrækju eru einungis heimilar hafi fiskiskip aflahlutdeild í viðkomandi tegund eða aflahlutdeild í viðkomandi tegund og á viðkomandi svæði er vandséð að útgáfa sérveiðileyfa þjóni sérstökum tilgangi við stjórnun þessara veiða enda kom það skýrt fram á fundi SFS með starfshópi ráðherra að ekki verði um neinar efnislegar breytingar að ræða sem lúta að stjórn veiðanna, s.s. gildandi stærðarmörk veiðiskipa, komi til þess að útgáfa sérveiðileyfa verði felld niður.

Hvað varðar þá hugmynd starfshópsins að sameina reglugerð nr. 542/2014 um veiðar á rækjustofninum á miðunum við Snæfellsnes og reglugerð nr. 258/2012 um rækjuveiðar innfjarðar þá er það skilningur SFS að það væri einungis gert til einföldunar og því fylgi ekki neinar efnislegar breytingar á gildandi veiðistjórnun s.s. afmörkun veiðisvæða. Þá er það afstaða SFS að rök standi til þess að mismunandi reglur geti gilt um notkun veiðarfæra við rækjuveiðar staðbundið s.s. við Ísafjarðardjúp. Með þeim fyrirvara að ekki komi til neinna efnislegra breytinga af þeim sökum leggjast samtökin ekki gegn hugmynd um sameiningu þessara tveggja reglugerða enda megi telja sérstakt hagræði í því.

Þó svo að það hafi komið skýrt fram á fundi starfshóps ráðherra með fulltrúum SFS að hópurinn væri ekki með til skoðunar breytingar á gildandi stærðarmörkun veiðiskipa liggur fyrir að ráðuneytið var með til skoðunar beiðni eins aflahlutdeildarhafa um hækkun stærðarmarka rækjuveiðiskipa í Ísafjarðardjúpi úr 230 BT skv. núgildandi reglugerð í 250 BT. Er hér með áréttuð sú afstaða og rök SFS sem fram kom í umsögn samtakanna til ráðuneytisins dags., 9. nóvember 2016, þar sem alfarið er lagst gegn slíkri breytingu. Þessu til viðbótar er rétt að halda því til haga að breyting sem gerð var árið 2012 þegar stærðarmörk voru færð upp í 230 BT var gerð án alls samráðs við hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Er það afstaða SFS að rétt sé að færa

stærðarmörkin í Ísafjarðardjúpi niður í 105 BT en flest veiðiskipin sem stunda þessar rækjuveiðar í dag eru 65 BT eða smærri.

Með vísan til umræðu á áður nefndum fundi fulltrúa SFS og starfshóp rááherra, 10. janúar sl., þar sem veiðar á grálúðu komu m.a. til umræðu vilja samtökin koma því á framfæri að skoðaðar verði forsendur þess að heimilaðar verði veiðar á grálúðu með smærri möskvum enda minnki það ánetjun og tryggi betri meðferð á afla. Þetta sem og önnur atriði sem snúa að kjörhæfni veiðarfæra verði skoðað í samráði við SFS eftir því sem vinnu starfshópsins vindur fram.

Að lokum skal áréttá mikilvægi þess að tekið sé fullt tillit til þeirra sjónarmiða og ábendinga sem hagsmunaaðilar í dragnótaveiðum komu á framfæri á sérstökum fundi þeirra með starfshópnum í desember sl.

Með vísan til ofangreinds, og þeirra fyrirvara sem fram eru settir, er það afstaða Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi að umrædd sérveiðileyfi þjóni ekki sérstökum tilgangi. Eru samtökin því ekki mótfallinn tillögu um afnám sérveiðileyfa til fiskveiða á fyrrgreindum fjórum tegundum.

Virðingarfyllt
Steinar Ingi Matthíasson

Fylgiskjal 10.

Umsögn Landsambands smábátaeigenda varðandi útgáfu sérveiðileyfa.

Vitnað er í tillögu til ráðherra frá starfshópi um heildarendurskoðun á regluverki er varðar notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum. Lagt er til að fella niður kröfu um sérstakt leyfi til veiða á tegundum sem einnig lúta aflamarki.

LS er sammála efni tillögunnar að ekki sé ástæða til sérveiðileyfis í þessum tegundum. Auk einföldunar spara viðkomandi útgerðir sér greiðslu fyrir hvert leyfi sem nú er kr. 22 þúsund.

LS lítur svo á að með breytingum sem þarna eru lagðar til eigi það sama að gilda um makríl og grásleppu. Í báðum tilvikum er um lokaða hópa að ræða sem eiga rétt til veiðanna. LS telur að ekki sé eðlismunur á þótt tegundir byggji á aflahlutdeild og leggur til að árlegt gjald vegna grásleppuleyfis og leyfis til makrílveiða verði fellt úr gildi.

Í tilfelli grásleppuleyfa liggur fyrir með reglugerð veiðitímabil og hversu marga daga má stunda veiðarnar. Við veiðar á makríl er ljóst hvert það magn er sem hver bátur má veiða hverju sinni.

Virðingarfyllt

Axel Helgason, formaður

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri

Fylgiskjal 11.

Umsögn Hafrannsóknastofnunar varðandi notkun smárækju- og fiskiskilju við rækjuveiðar á grunnslóð.

Í erindi starfshópsins er nefnt að hópurinn skoði hvort skylda eigi notkun seiðaskilju við rækjuveiðar. Jafnframt er spurt hvort niðurstöður veiðarfærarannsóknna, sem miða að því að skilja smáfisk frá við rækjuveiðar, hafi komið fram á undanförunum árum.

Hjá nágrennapjóðum sem veiða kampalampa (*Pandalus borealis*) er skylda að nota seiðaskilju með 19 mm rimlabili (sk. Nordmöre skilja), til að minnka veiðar á smáfiski/seiðum. Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar erlendis á virkni skiljunnar. Minna en 5 % tap var mælt af rækju í norskri rannsókn (Isaksen et.al. 1992). Í sömu rannsókn kom í ljós að allur þorskur og ýsa stærri en 20 cm fer út og einnig 18 cm og stærri karfi. Reiknað var út að u.þ.b. helmingur af ýsu 12 cm að stærð færi út. Hafrannsóknastofnun hefur staðið fyrir svipuðum rannsóknum og staðfesta þær í flestum atriðum fyrri rannsóknir um virkni skiljunnar (19 mm). Þannig að ljóst er að megnið af seiðum (stærri en ~12-15 cm) fer út með notkun skiljunnar. Ef engin seiðaskilja er notuð þá sleppa einungis allra minnstu seiðin út (m.v. leggpoka). Hins vegar kom í ljós að eitthvað og stundum verulegt magn getur tapast af rækju sé seiðaskilja notuð. Ástæðan fyrir því er aðallega þegar laust þang (eða rusl) fer í vörpuna og lokar fyrir leið rækjunnar í gegnum skiljuna. Þetta gerist einna helst á þeim stöðum þar sem laust þang er til staðar (í botni fjarðar/álum).

Ný gerð af vörpu var einnig prófuð þar sem höfuðlína er færð aftur fyrir fótreiði. Þessi breyting á vörpu hefur áhrif á magn seiða þannig að töluvert minnkar af þorskseiðum og nokkuð af ýsuseiðum. Einnig kom í ljós að nýja varpan (með höfuðlínu færða aftur) veiddi að einhverju leyti minna magn af rækju en óbreytt varpa. Hins vegar var miklu meira af undirmáls rækju í

afla í óbreyttri vörpu með leggpoka. Með því að nota ljós við fótreiði lækkar verulega magn af meðafla af flestum fiskitegundum miðað við sama veiðarfæri án ljóss. En það eru margar rannsóknir í gangi erlendis á áhrifum ljóss til minnkunar á meðafla í rækjuveiðum, ein nýleg óbirt rannsókn náði að minnka meðafla um 98% með því að staðsetja ljós á sérstakan hátt. Því er mögulegt að nýjar áður óþekktar útfærslur komi fram á næstu misserum.

Eins og starfshópi er kunnugt og kemur fram í erindi, þá hefur nýverið komið fram ný gerð af poka sem hefur reynst mjög vel í öðrum veiðum (þorsk og karfa) og hafa nokkrir rækjubátar fengið undanþágu með að nota slíkan poka með rækjuriðli. Að sögn sjómanna veiðist mun minna hlutfall af smárækju og telja þeir að seiðamagn sé einnig mun minna. Í haust stefnir stofnunin á að kjörhæfnismæla þennan poka til að sannreyna virkni hans. Þessi nýja útfærsla á pokanum gæti þannig minnkað álag á smárækju og seiðum, en stærri fiskur en u.þ.b. 20 cm veiðist þó líklega sé hann til staðar á slóðinni. Samantekt á þessum niðurstöðum verður ekki tiltæk fyrr en eftir ofangreinda könnun. Hvort Hafrannsóknastofnun leggi til að sá poki verði notaður fremur en aðrar aðferðir fer eftir niðurstöðum rannsókna í haust.

Með öðrum orðum, skiljan virkar vel ef ekkert þang eða rusl veldur truflun, en leggpoki eins og notaður hefur verið um árabíl heldur háu hlutfalli af smárækju inni og einnig nánast öllum seiðum sem og öðrum stærri fiskum. Varpa með höfuðlínu aftur fyrir fótreiði virkar að mörgu leiti vel þó merkja megi minni rækjuafli. Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar í bréfi frá 24.4. 2012 stendur því enn. Hins vegar eru aðrar lausnir komnar fram sem e.t.v. eru jafngóðar (breyttur riðill í poka). Það verður líka að benda á að það er mikil mótstaða hjá sumum hagsmunaaðilum við að taka upp skilju, þrátt fyrir litla reynslu þeirra við notkun hennar.

Í lok erindis frá starfshópi er spurt um hvort Hafrannsóknastofnun hafi upplýsingar um vélræna flokkun á afla um borð í fiskiskipum. Engar slíkar upplýsingar eða gagnasöfn eru til af slíkum tækjum hjá Hafrannsóknastofnun enda er um að ræða meðferð á afla. Hafrannsóknastofnun er hins vegar kunnugt um að slík tæki hafa verið notuð við rækjuveiðar en einnig í einhverjum tilfellum við uppsjávarveiðar. Vélræn flokkun á afla um borð í fiskiskipum þar sem hluti aflans er flokkaður frá og kastað er brottkast og ætti því að falla undir slíkan málaflokk hjá viðkomandi eftirlitsstofnunum.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókna- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,
Guðmundur Þórðarson

Fylgiskjal 12.

Greinargerð Hafrannsóknastofnunar, varðandi vörpupoka og skiljur við rækjuveiðar

Á síðastliðinni rækjuvertíð í Ísafjarðardjúpi var veitt undanþága til notkunar þvernetspoka af annarri gerð en þeirri sem lýst er í reglugerð. Hinn nýji poki er settur upp með sama netefni og venjulega er notað við rækjuveiðar (40+mm möskva, heilmöskvi). Það sem er ólíkt er að netinu snúið í 90° og kallast þá þvernet. Einnig er pokinn settur upp í fjórum byrðum í stað tveggja. Við það verða fjórir saumar á pokanum og því eru línur settar til styrkingar. Línurnar eru vanalega litlu lengri en netið sjálft en í þessari nýju uppsetningu eru línurnar styttri. Það gerir það að verkum að netið er slakt við veiðar, þar sem þyngdin fer öll á línurnar í stað netsins.

Kjörhæfni þvernetspoka var mæld við rækjuveiðar og meðafli metinn samhliða stofnmælingaleiðangri rækju innfjarðar sl. haust. Mælingin tókst vel og voru niðurstöðurnar bornar saman við mælingu á leggþoka sem er samkvæmt reglugerð í sama leiðangri. Niðurstaðan úr rannsókninni var að þvernetspoki skilur smárækju svipað út, ef ekki betur en leggþoki en reikna má með að ýfið meira af rækju stærri en viðmiðunarmörk skiljist út. Að auki mátti sjá að þvernetspoki var að skilja út marktækt stærri þorskfiskum en leggþoki og á sú niðurstaða sennilega einnig við aðrar fiskitegundir af sömu stærð (<13cm) séu þær á veiðislóð.

Hafrannsóknastofnun leggur því til að þvernetspoki settur upp með fjórum byrðum og með stuttum leysislínum verði settur í reglugerð um veiðar á rækju innfjarðar sem valkostur við leggþoka sem er fyrir í reglugerð. Einnig skal bent á að það kemur sterklega til greina að heimila eða jafnvel skylda notkun á þvernetspoka við úthafs rækjuveiðar og um leið fella út reglugerð um notkun á smárækjuskilju, enda eru sterkar vísbendingar um að þvernetspoki af þessari gerð skilji betur út smárækju en skiljan gerir.

Að lokum skal bent á að fyrnefndir pokar (leggþoki eða fjögurra byrða þvernetspoki) skilja ekki út fisk sem er stærri en 15 cm. Í mörgum tilfellum er um að ræða nytjategundir sem ekki er markaðsvara sökum smæðar og því verulegar líkur á brottkasti nema að fiskurinn sé við viðmiðunarlengd viðkomandi tegundar. Undanþága frá því að nota smáfiskaskilju (rimabil 19 mm) ætti því ekki að veita nema sýnt sé að óverulegt magn af þessum fiskitegundum sé í afla á veiðisvæði. Sé undanþága veitt ætti eftirlit að vera meira en að venju til að tryggja eðlilega og ábyrga umgengni um vistkerfi sjávar.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna
Guðmundur Þórðarson

Fylgiskjal 13.

Umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi varðandi veiðar með flotvörpu á síld og loðnu.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur með bréfi dags. 8. september sl. óskað eftir álitum Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) varðandi veiðar á sumargotssíld og loðnu með flotvörpu. Er þar vísað til umræðu í starfshópi á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem fæst við heildarendurskoðun á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum. Þar er greint frá umræðu innan starfshópsins um hvort ástæða sé til að leyfa ofangreindar veiðar þar sem „vísbendingar gætu verið um að slíkar veiðar hefðu neikvæð áhrif á stofnana“, og vísað í möguleg afföll vegna smugs auk hugsanlegra áhrifa á torfumyndun og gönguhegðun hjá þessum fiskistofnum.

Þessi umræða er ekki ný af nálinni. Þannig ályktuðu okkar samtök með samhljóða hætti um þessi mál árin 2005 og 2007, sbr. hjálagt fylgiskjal. Sjónarmiðum samtakanna var í kjölfarið komið á framfæri við stjórnvöld og stofnanir beirra.

Vegna þessa erindis er rétt að halda því til haga, að vissulega má sjá bæði kost og löst á hverri þeirri aðferð og hverju því veiðarfæri sem beitt er við fiskveiðar og hefur flotvarpan enga sérstöðu hvað það varðar. Atvinnugreinin hefur lengi hvatt til aukinna veiðarfærarannsókna og ávallt óskað eftir bestu fánlegri vísindaráðgjöf í þessum efnum og telur slíka ráðgjöf nauðsynlega forsendu upplýstrar umræðu á þessu sviði. Við þær aðstæður sem nú eru uppi gegnir flotvarpan mikilvægu hlutverki við nýtingu umræddra fiskistofna og sköpun verðmæta.

Virðingarfyllt
f.h. SFS
Kristján Þórarinsson

Fylgiskjal.

Aðalfundur Landssambands íslenskra útvegsmanna haldinn í Reykjavík 25. og 26. október 2007 ítrekar samþykkt aðalfundar frá árinu 2005 um að beina því til sjávarútvegsráðherra og Hafrannsóknastofnunarinnar að loðnurannsóknir verði auknar til mikilla muna. Rannsóknir beinist meðal annars að eftirfarandi:

- að leggja mat á reynslu af nógildandi reglu við stjórn loðnuveiða, sem gerir ráð fyrir að 400 þúsund tonn séu skilin eftir til hrygningar.
- að kanna magn og útbreiðslu unglöðnu og göngur hrygningarloðnu með hliðsjón af útbreiðslu þorsks.
- að rannsaka vistfræði loðnu í ætisgöngum norður í haf að sumarlagi.
- að kanna umfang möskvasmugs við veiðar í flotvörpu.
- að kanna hvort veiðar í flotvörpu hafi áhrif á göngur loðnunnar og þá hvernig og í hvaða mæli.

Jafnframt verði áhrif flotvörpu við síldveiðar rannsökuð.

Fylgiskjal 14.

Umsögn Hafrannsóknastofnunar varðandi veiðar með flotvörpu á síld og loðnu.

Í gegnum tíðina hafa verið uppi mismunandi skoðanir á notkun flotvörpu við uppsjávarveiðar, sérstaklega á það við um veiðar á sumargotssíld og loðnu. Því er t.d. haldið fram að trollið drepi miklu meira en kemur inn fyrir borðstokkinn, einkum vegna smugs eins og augljóst megi vera af ánetjun í hluta vörpunnar. Á hinn bóginn skili nótin nánast öllu sem hún lokar inni. Annað, sem flotvörpunni hefur verið fundið til foráttu, er sú truflun sem stanslausar veiðar allan sólarhringinn hafi umfram nótaveiðar sem liggja oftast niðri nema um takmarkaðan tíma sólarhringsins. Þá fari notkun þessara veiðarfæra illa saman þar sem torfur leysist upp begar búið er að toga í þeim og nótin því gangslaust veiðarfæri við þær aðstæður.

Flotvarpan hefur það hins vegar fram yfir nótina, að oft er hægt að fá góðan afla í flotvörpu þegar fiskur stendur of djúpt fyrir nót. Af þeirri ástæðu er auðveldara að halda uppi jöfnum afla eins og mikilvægt er þegar veiðar eru til vinnslu um borð eða í landi.

Umræðan hefur því í raun verið tvíþætt. Í fyrsta lagi um áhrif veiðarfæra og langvarandi skarks á möguleg afföll (og þar með afrakstur) og í öðru lagi um stýringu veiða þar sem erfitt er að vinna með þessi tvö veiðarfæri á sama svæði.

Hafrannsóknastofnun er ekki kunnugt um rannsóknir á áhrifum flotvörpu- og nótaveiða á gönguafurli síldar eða loðnu. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið erlendis eru með áherslu á áhrif skipaumferðar. Því miður er þekking okkar í dag því þess eðlis að erfitt er að leggja afgerandi mat á mögulega skaðsemi flotvörpuveiða en í grunninn má skipta mögulegum áhrifum í tvennt; áhrif vegna möskvasmugs og áhrif á atferli.

Möskvasmug

Veiðar með flotvörpu á svæðum sem unglöðna heldur sig á eru líklegar til að vera skaðlegar stofninum þar sem smáloðna smýgur auðveldlega út um möskva í poka vörpunnar. Af þeim sökum hefur Hafrannsóknastofnun, allt frá því að flotvörpuveiðar á loðnu hófust, lagt það til að ekki séu stundaðar loðnuveiðar með flotvörpu á þeim svæðum þar sem mælingar sýna að unglöðna er til staðar.

Á síðasta áratug sýndu rannsóknir Hafrannsóknastofnunar að fullorðin loðna bregst lítið við flotvörpu á annan hátt en að synda í togstefnu vörpunnar. Þetta veldur því að megnið af loðnunni fer í gegnum stóru möskvana mögulega oft án þess að snerta vörpuna. Jafnframt sýndu athuganir með neðansjávarmyndatökum við loðnuveiðar að ánetjun var til staðar en að mestu í möskvastærðum 80 og 160 mm. Í framhaldi af þeim athugunum var lagt til að sú möskvastærð yrði fjarlægð úr loðnuvörpum. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum smugs á loðnu eða síld hérlendis og ljóst að slíkar rannsóknir eru, ef hægt er að framkvæma, mjög umfangsmiklar. Rannsóknir í Eystrasalti sýndu að hlutfall síldar sem slyppi út í gegnum möskva trollpokans hafði svipaða dauðatíðni og síld sem fór út í gegnum opinn pokann, Suuronen, P., D.L. Erickson, A. Orrensaló 1996. Mortality of herring escaping pelagic trawl codends. Fisheries Research 25:305-321.

Síldin hafði hinsvegar misst hreistur og hafði sár sem gætu verið afleiðingar af snertingu við trollið áður en hún kom inn í pokann og höfundar ályktuðu að þetta ásamt því að síldin var uppgefin eftir að hafa synt með trollinu gætu skýrt marktækan hluta af séðum fiskdauða Suuronen, P., Perez-Comas, J. A., Lehtonen, E., and Tschernij, V. 1996. Size-related mortality of herring (*Clupea harengus* L.) escaping through a rigid sorting grid and trawl codend meshes. ICES Journal of Marine Science, 53: 691—700. Þessi flotvarpa í rannsóknunum í Eystrasalti var umtalsvert minni í sniðum en þær sem notaðar eru hérlendis og því verður að hafa þann fyrirvara á. Engu að síður er ekki ástæða

til að ætla annað en að eitthvað af síld sem sleppur úr flotvörpum hérlendis kunni að drepast af þess völdum þótt ekkert sé hægt að segja um stærðargráðu þess.

Áhrif á atferli

Um langt skeið hafa menn haft áhyggjur af áhrifum flotvörpunnar á gönguhegðun. Árið 2006 skilaði Hafrannsóknastofnun greinargerð með tillögum um afmörkun veiðisvæða flotvörpuveiða í loðnu. Enda þótt engar sannanir væru fyrir hendi var, á grunni varfærnisjónarmiða, lagt til að veiðar með flotvörpu væru ekki stundaðar sunnan við það svæði sem loðnan safnast yfirleitt saman áður en hún fer í hraða hrygningargöngu úti fyrir Suðausturlandi. Ráðuneytið setti í framhaldi þeirrar umsagnar reglugerð um bann við loðnuveiðum með flotvörpu út af Austurlandi, sunnan 65°10' N.

Síðustu ár hafa veiðar á sumargotssíld á haustin nær eingöngu verið stundaðar með flotvörpu. Helgast það af því að veiðar með nót hafa gengið treglega fyrir Vesturlandi þar sem síldin hefur verið mjög dreifð og erfið viðureignar með nót. Það hefur komið fram í samtölum starfsmanna Hafrannsóknastofnunar við nokkra skipstjórnarmenn sem stunda þessar veiðar að ástæða þess að síldin þétti sig seint og illa sé að þeirra mati vegna skarks sem hún verði fyrir þegar skipin togi stöðugt í gegnum lóðningar.

Við flotvörpuveiðar á síld er oft togað í marga klukkutíma í senn og það er stýrt á torfur/þéttleika og togað í gegnum þær. Veiðisvæðið er stórt og skipin dreifð en það er öruggt að síld er ekki jafndreifð um svæðið heldur er verið að toga þar sem mesti þéttleikinn er samkvæmt fiskleitartækjum. Þegar trolað er í gegnum síldartorfur fælist síldin og torfan skiptir sér (m.a. þetta sjáum við vel á rannsóknarskipum Hafrannsóknastofnunar), en það er hinsvegar óþekkt hversu mikið hún skiptir sér og hversu langan tíma tekur það fyrir torfurnar að sameinast aftur. Með öðrum orðum, veiðarnar hafa áhrif á torfur sem togað er í gegnum en hversu mikið og hversu langvarandi þau áhrif eru er óþekkt og er flókið rannsóknarefni. Hvort þessi áhrif af völdum flotvörpuveiða á torfuhegðunina hafi áhrif á göngumynstur stofnsins er ekkert vitað um.

Áhrif flotvörpuveiða á torfumyndun sumargotssíldar hafa ekki verið rannsökuð, hvorki möguleg skammtímaáhrif né hvort flotvörpuveiðar hafi áhrif á gönguhegðun. Óvenjuleg hegðun sumargotssíldar á undanförunum vertíðum er því ekki með vísindalegri nálgun hægt að rekja til hess hvaða veiðarfærum er beitt við veiðarnar. Rannsókn á því hvort rekja megi breytt atferli til notkunar flotvörpu væri umfangsmikil og gæti falist í því að hafa a.m.k. stóran hluta veiðisvæðis lokað fyrir flotvörpu og hluta veiðisvæðis einungis opið fyrir veiðum með nót. Slík rannsókn væri áhugaverð í ljósi þess að nánast engin þekking er til á áhrifum skarks á torfumyndun síldar. Hinsvegar er óljóst hvort að slík rannsókn gæfi afgerandi niðurstöðu varðandi hegðun enda margt annað en athafnir mannanna sem áhrif getur haft á hegðun fiskistofna. Þar er nærtækast að nefna umhverfis- og vistfræðilegar breytingar sem orðið hafa samhliða breytingum í útbreiðslu síldar og loðnu á undanförunum árum.

Líkt og fram kemur hér að ofan er ljóst að rannsóknir á áhrifum flotvörpu á afdrif og langvarandi hegðun fiska er skammt á veg komin og fyrirséð að slíkar rannsóknir verða vart unnar á komandi árum enda aðferðir til slíks ekki til staðar nema ef kanna á skammtímaáhrif á hegðun. Ráðgjöf um það hvort veiðar með flotvörpu séu skaðlegar verður því ekki veitt á grundvelli fyrirliggjandi vísindabekkingar.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna
Sólmundur Már Jónsson

Fylgiskjal 15.

Greinargerð Hafrannsóknastofnunar um gildi lokana veiðisvæða.

Yfirlit yfir stöðu mála og tilurð reglna og hugmyndir að breytingum, Jón Sólmundsson.

Inngangur

Langtíma lokanir á veiðisvæðum (hér nefnd friðunarsvæði) hafa lengi og víða verið notaðar sem tæki við stjórnun fiskveiða, þótt deilt sé um árangurinn (Gell & Roberts 2003; Jones 2007; Dunn et al. 2011). Margar tegundir nytjafiska ganga langar vegalengdir milli svæða og gagnrýnendur benda á takmarkað gildi þess að friða fisk á einu svæði ef hann er veiddur á öðru. Svæðið er fast en fiskurinn hreyfist og umhverfisaðstæður breytast. Í stjórnkerfi fiskveiða þar sem ákveðinn heildarafl er leyfður, leiðir friðun á einu veiðisvæði auk þess til aukins veiðiálags á öðrum. Samt sem áður hefur verndun fiska á viðkvæmu æviskeiði verið talin líkleg til að skila árangri, t.d. lokanir á uppeldissvæðum og hrygningarsvæðum. Áhrif friðunarsvæða ráðast að miklu leyti af göngumynstri fiska, og mikilvægt er að göngur séu þekktar við ákvörðun á stærð og útbreiðslu svæðanna (Gunnar Stefánsson & Rosenberg 2005).

Friðunarsvæði eru ekki einungis notuð í fiskveiðistjórnun sem beinist að ákveðnum marktegundum, heldur einnig til að vernda fjölbreytileika lífríkis og viðkvæm búsvæði (Dunn et al. 2011). Slík nálgun tengist hugmyndafræði sem nefnd hefur verið vistkerfisnálgun við stjórnun fiskveiða, þar sem meginmarkmið er að viðhalda heilbrigði vistkerfa sem eru grundvöllur fiskveiðanna. Í því felst að við fiskveiðar skuli forðast hvers konar óafturkræfar skemmdir á vistkerfum og samfélögum tegunda, og viðhalda þannig félagslegum og efnahagslegum ávinningi veiðanna. Einnig ber að auka þekking á vistkerfisferlum til að meta megi afleiðingar athafna. Því minni sem þekkingin er, því varfærnari þarf fiskveiðistjórnunin að vera (FAO, 2003; Pikitch et al. 2004).

Undanfarin ár hefur umræða aukist um sveigjanlega svæðastjórnun sem tekur mið af breytingum í hafinu, á útbreiðslu eða ástandi fiska og dreifingu veiðanna (Maxwell et al. 2015). Sveigjanlegar og tímabundnar svæðalokanar er aðferðarfræði sem t.d. getur hentað vel til að vanda smáfisk eða minnka óæskilegan meðafla (Dunn et al. 2011; Gullestad et al. 2015; Little et al. 2015). Sem dæmi um slíkt má nefna tímabundnar skyndilokanir. Lokanir á þekktum hrygningarsvæðum sem vara einungis meðan á hrygningu stendur flokkast undir sveigjanlega svæðastjórnun.

Friðunarsvæði

Fyrstu skrefin við lokanir veiðisvæða á Íslandsmiðum tengjast útfærslu lögsögunnar. Landgrunnslögin 1948 mörkuðu tímamót í landhelgissögu Íslendinga og þar var Sjávarútvegsráðuneytinu fyrst veitt heimild til að setja reglugerðir um friðunarsvæði á landgrunninu. Árið 1950 voru allar veiðar með botnvörpu og dragnót bannaðar innan grunnlínu sem dregin er utan fjarða og flóa fyrir Norðurlandi og slíkar friðanir náðu til allra landshluta með útfærslu landhelginnar í 12 sjómílur árið 1958.


Árið 1972 var lögsagan færð í 50 sjómílur og í framhaldinu sett út sérstök friðunarsvæði fyrir suðvestan („Frímerkið“), norðaustan (út af Langanesi) og norðvestan („Gildran“) land. Í kjölfarið fylgdu lokanir á svæðum á Strandagrunni og í Reykjafjarðarál. Árið 1976 voru

samþykkt lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands m.a. um bann við botnvörpuveiðum í 3-12 sml fjarlægð frá landi. Áfram voru í gildi reglugerðir um áður nefnd friðunarsvæði og bætt var við verndarsvæðum við Hvalbak, Suðausturland, Kolbeinsey og á Karfahryggnum út af Breiðafirði. Þetta er í grunnurinn að því fyrirkomulagi sem enn er við líði, en auk þess ber að nefna að árið 1993 var sett á reglugerð um 10 fóst friðunarsvæði, flest utan 12 sjómílna, þar sem veiðar með fiskibotnvörpu, flotvörpu og línu voru bannaðar.

Þótt fjöldi og útbreiðsla friðaðra svæða á Íslandsmiðum séu nokkuð mikill, þá takmarkast friðunaraðgerðir yfirleitt við ákveðin veiðarfæri, árstíma eða tíma sólarhrings. Undantekning á þessu er verndun kóralsvæða fyrir sunnan og suðaustan land þar sem notkun allra botnlægra veiðarfæra er bönnuð árið um kring. Rækjuveiðar eru heimilar á mörgum svæðum þar sem veiðar með fiskibotnvörpu eru bannaðar, bæði innfjarða og á friðunarsvæðum utan 12 sjómílna.

Of langt mál yrði að telja upp allar lokanir á öll veiðarfæri, en nefna má að veiðar með rækjuvörpu eru bannaðar fyrir Suðurlandi og veiðar með humarvörpu eru einungis heimilar á sérstökum veiðisvæðum fyrir Suður- og Suðvesturlandi. Um dragnótaveiðar gilda nokkuð flóknar reglur þar sem bæði koma til sérstök dragnótaleyfi fyrir ákveðin svæði og lokanir á fjörðum og flóum fyrir öllum eða sumum dragnótabátum. Lítið er um svæðalokanir vegna handfæraveiða, en sett hafa verið á reglugerðarhólf í kjölfar tíðra skyndilokana á handfæraveiðar.

Friðunarsvæði á Íslandsmiðum eru sum lögbundin en önnur sett á með reglugerðum. Vísað er í sögulegt yfirlit Sigfúsar A. Schopka (2007) varðandi friðun veiðisvæða á Íslandsmiðum. Á 1. mynd eru sýnd svæði sem nú eru friðuð fyrir botnvörpu og línu árið um kring.




1. mynd: Hafsvæði við Ísland þar sem allar veiðar með fiskibotnvörpu (t.v.) og línu (t.h.) eru bannaðar árið um kring. Ekki eru sýnd svæði sem lokað eru hluta árs eða sólarhrings eða einungis fyrir ákveðnum stærðum skipa. Gult svæði umhverfis landið og svæði umhverfis Kolbeinsey, Grímsey og Hvalbak eru skv. lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem rekja má aftur til 1976. Rauð svæði sýna friðunarsvæði sem flest má rekja aftur til ársins 1993. Sum svæðanna tengjast lokunum sem eiga sér lengri sögu, allt til 1975 eins og svæði norðaustur af landinu. Önnur reglugerðarsvæði eru appelsínugul og þar eru m.a. svæði sem lokað hefur verið með reglugerð um óákveðinn tíma vegna tíðra skyndilokana á smáfisk. Einnig eru sýnd verndunarsvæði kóralla við suðurströndina þar sem allar veiðar nema með flotvörpu og hringnót eru bannaðar. Bláir punktar sýna dreifingu veiða með fiskibotnvörpu og línu árið 2015.

Skyndilokanir

Kerfi skyndilokana á Íslandsmiðum má rekja til ársins 1976. Tilgangurinn með skyndilokun svæða er verndun smáfisks með það fyrir augum að draga úr smáfiskadrápi og líklegu brottkasti (Kristján Kristinsson o.fl. 2005). Varðandi sögulegt yfirlit um framkvæmd, gildistíma, viðmiðunarmörk og hlutfallsmörk fyrir mismunandi tegundir vísast í grein Sigfúsar A. Schopka (2007) og Handbók um veiðieftirlit á Íslandsmiðum (Fiskistofa, Landhelgisgæslan, Hafrannsóknastofnun, 2015). Samkvæmt gagnagrunni Hafrannsóknastofnunar eru skyndilokanir frá upphafi alls 3548; þar af eru 39% vegna línuveiða og 32% vegna veiða með fiskibotnvörpu. Fyrstu árin var oftast lokað á fiskibotnvörpu og flotvörpu, en síðari ár á línu og handfæri (2. mynd). Oftast hefur verið lokað vegna þorsks (64% lokana) eða ýsu (19%).

Íslenska skyndilokanakerfið hefur hlotið vaxandi athygli undanfarin ár (Little et al. 2015). Kerfið tekur bæði mið af útbreiðslu smáfisks og flotans og einungis er lokað þar sem „skaðlegar“ veiðar eru taldar eiga sér stað. Segja má að kerfið sé mjög skilvirkt varðandi þann tíma sem tekur að loka, kynningu meðal hagsmunaaðila og sömuleiðis áhrifin, þ.e.a.s. brotthvarf skipa af svæðinu. Opnun svæðisins að tveimur vikum liðnum gerist sjálfkrafa, án tillits til hlutfalls smáfisks, og á svæðinu gilda þá sömu reglur og á öðrum veiðisvæðum.



2. mynd: Fjöldi skyndilokana eftir veiðarfærum (t.v.) og tegundum (t.h.) frá 1976 til apríl 2016.

Íslensk fiskveiðistjórnun tekur ekki einungis mið af fiskifræðilegum forsendum, heldur einnig félagslegum. Félagslegi þátturinn er til kominn vegna ákvarðana stjórnvalda, óháð ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Án þess að það fyrirkomulag sé gagnrýnt, má benda á að með því getur ákveðið ósamræmi komið fram í fiskveiðistjórnuninni. Sem dæmi má nefna að stjórnvöld hafa stutt við útgerðir smábáta sem veiða nálægt landi, t.d. með kvótaívilnun til línubáta og strandveiðum handfærabáta. Þar sem hlutfall þorsks og ýsu undir viðmiðunarmörkum er almennt hæst næst landi, hefur þetta leitt til fleiri skyndilokana og reglugerðarlokana. Því má segja að skyndilokanakerfið vinni gegn því félagslega.

Reglugerðarlokanir vegna tíðra skyndilokana

Þegar sýnt þykir, að mikið sé af smáfiski á tilteknu svæði og skyndilokanir nægi ekki sem verndunaraðgerðir, getur Hafrannsóknastofnun gert tillögu um reglugerðarlokun ótímabundið eða í tiltekinn tíma. Sigfús Schopka (2007) gerir ítarlega grein fyrir þessum þætti

fiskveiðistjórnunar með sögulegu yfirliti og tilgreinir fjölda og útbreiðslu reglugerðarlokana frá 1976-2005.

Lokun hrygningarsvæða

Helstu hrygningarsvæði nokkurra nytjafiska hafa verið friðuð á hrygningartíma. Hrygningarsvæði þorsks hafa verið friðuð fyrir öllum veiðum frá árinu 1992, hrygningarsvæði steinbíts á Látragrunni (allar veiðar) frá árinu 2002, hrygningarsvæði blálöngu suður af Vestmannaeyjum og á Franshól (fiskibotnvarpa og lína) frá 2004 og hrygningarsvæði skarkola á Selvogsbanka, Hafnaleir og í Breiðafirði (botnvarpa, dragnót, kolanet) frá 2002. Sjá nánar: Sigfús A. Schopka (2007) og http://www.fiskistofa.is/media/veidisvaedi/Hrygningarstopp_2.pdf.

Rannsóknir á áhrifum friðunarsvæða

Svæðalokunum við Ísland hefur aldrei verið fylgt úr hlaði með rannsóknáætlunum um það hvernig meta skuli áhrif aðgerðanna. Það hefur frekar verið tekið sem gefið að sú aðgerð að beina fiskiskipum frá smáfiski/hrygningarfiski hljóti að hafa jákvæð áhrif og auka afrakstur. Þessi skortur á gögnum hefur þýtt að til lengri tíma hefur reynst erfitt að standast þrýsting hagsmunaaðila um opnun svæðanna.

Hafa þarf í huga að flókið getur verið að meta áhrif friðunar því margar breytur spila inn í myndina. Sem dæmi má nefna umhverfisþætti eins og hitastig og strauma, breytingar á nýliðun og útbreiðslu tegunda, og ekki síst breytingar á veiðum, aflamarki og öðrum þáttum fiskveiðistjórnunarkerfisins. Allur þessi breytileiki getur líka þýtt að þótt ástæða hafi verið til að friða ákveðinn stærðarflokk fisks á ákveðnu svæði fyrir mörgum árum síðan, geta aðrar aðstæður verið fyrir hendi í dag. Þess vegna eru rannsóknir og vöktun á svæðunum mikilvæg.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á friðunarsvæðum hafa m.a. beinst að því að meta hvað verður um þann fisk sem nýtur friðunar innan svæðanna. Merkingar á þorski á friðunarsvæðum og veiðislóð fyrir norðvestan land árin 1994-1995 þóttu benda til að svæðin kæmu að gagni sem verndarsvæði fyrir smáþorsk <55 cm (Sigfús A. Schopka o.fl. 2006; 2010). Þegar þorskurinn verður kynþroska leitar hann á hrygningarsvæði vestan og suðvestanlands. Merkingar á svipuðum slóðum árin 2004-2005 sýndu svipað göngumynstur, en merkingar á friðunarsvæðum fyrir norðaustan land sýndu meiri tengingu við Austfjarðamið (Jón Sólmundsson & Stefán Á. Ragnarsson 2012). Ólíkt göngumynstur bendir til þess að friðunarsvæðin fyrir norðaustan og norðvestan snerti fiskveiðar á ólíkum svæðum við landið.

Jaworski o.fl. (2006) notuðu gögn úr stofnmælingum til að skoða þróun í magni og stærð fiska innan friðunarsvæða á Digranesflaki og Breiðdalsgrunni og báru saman við aðliggjandi veiðislóð. Niðurstöður bentu til að lokun á Digranesflaki hefði haft jákvæð áhrif á ýsu og skrápflúru á Digranesflaki, og ýsu og þorsk á Breiðdalsgrunni. Þessi áhrif gengu til baka á Breiðdalsgrunni þegar svæðið var opnað aftur fyrir veiðum. Þrátt fyrir þennan mun milli friðunarsvæða og veiðislóðar er ekki hægt að fullyrða út frá þeim gögnum að friðunarsvæðin hafi leitt til aukins afraksturs viðkomandi fiskistofna.

Rannsóknir á botndýrum á friðunarsvæðum fyrir norðaustan land sýndu að botndýralíf var gróskumeira innan friðunarsvæða en á aðliggjandi veiðislóð. Þær niðurstöður hafa því miður ekki verið birtar í skýrslum eða vísindaritum.

Rannsóknir á áhrifum skyndilokana

Úttekt á skyndilokunum á botnvörpu vegna smáþorsks á Vestfjarða- og NV-miðum þótti benda til að „*ein skyndilokun til skamms tíma komi að takmörkuðu leyti í veg fyrir veiðar á smáfiski. Í kjölfar fleiri skyndilokana var gripið til reglugerðarlokana, sem annars hefðu ekki komið til framkvæmda. [.....] Líkur eru á að kerfið hafi reynst þýðingarmikið tæki til þess að draga úr veiðum og brottkasti á smáfiski*“ (Kristján Kristinsson o.fl. 2005). Eftir sem áður liggja ekki fyrir mælingar á áhrifum reglugerðarlokana.

Björn Björnsson o.fl. (2015) skoðuðu lengdardreifingu þorsks og ýsu við línuveiðar allt í kringum landið árin 2005-2013. Markmiðið var að staðsetja svæði þar sem hlutfall smáfisks var hátt, með það í huga að flestar skyndilokanir á þessu tímabili voru vegna línuveiða og hlutfall línu af heildarafla þorsks og ýsu hafði farið vaxandi. Helstu niðurstöður voru að hlutfall þorsks og ýsu undir viðmiðunarmörkum (55 og 45 cm) lækkaði með dýpi og fjarlægð frá landi. Á bilinu 0-10 km frá landi var hlutfallið að meðaltali 34-41% fyrir þorsk, sem þótti benda til að tíðar skyndilokanir á línuveiðar hafi ekki náð að koma í veg fyrir veiði á þorski undir viðmiðunarmörkum. Höfundar bentu á að varanlegri friðun þyrfti til að koma í veg fyrir hátt hlutfall smáþorsks við línuveiðar nálægt landi.

Umræða

Þessi samantekt sýnir að þrátt fyrir að langtíma lokanir veiðisvæða (friðunarsvæði) hafi verið veigamikill þáttur í stjórnkerfi fiskveiða á Íslandsmiðum í áratugi, þá er lítið um mæligögn sem staðfesta áhrif þeirra aðgerða á afrakstur fiskistofna. Það þýðir samt ekki að aðgerðirnar hafi ekki skilað árangri og spyrja má: Af hverju að laga eitthvað sem ekki er bilað og sæmileg sátt er um? Nefna má friðun grunnslóðar fyrir veiðum með fiskibotnvörpu með lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands frá árinu 1976 (gul svæði á 1. mynd; friðun sem að hluta má rekja allt til ársins 1950). Tilgangur laganna var að „*stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu nytjastofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu*“. Miðað við umfang og eðli botnvörpuveiða og dreifingu fiskungviðis verður að teljast mjög líklegt að sú friðunaraðgerð hafi skilað miklum árangri, þótt rannsóknir vanti.

Almennt séð virðist góð sátt ríkja um þær aðgerðir sem nú gilda um friðun hrygningarfisks, þ.e. þorsks, steinbíts, skarkola og blálöngu, en engar beinar rannsóknir hafi þó verið gerðar á áhrifum af friðun hrygningarsvæða. Með friðun er hrygningarfiskur látinn njóta vafans, enda friðun líkleg til að gefa næði til hrygningar (og umönnunar hroga þar sem það á við). Því er mælt með því hér að friðun hrygningarsvæða verði áfram í gildi.

Ef tekið er mið af vistkerfisnálgun við stjórnun fiskveiða (sjá Inngang), en jafnframt kröfum um sveigjanleika, gæti svæðastjórnun fiskveiða í framtíðinni verið tvenns konar, eftir því hvað vernda skal:

- I. Föst friðunarsvæði sem taka mið af fjölbreytilegum þáttum s.s. búsvæðagerð, botnlífverum, magni fiskungviðis og fjölbreytileika fisktegunda. Allar veiðar sem eru „skaðlegar“ m.t.t. þessara þátta væru bannaðar. Verndarsvæði kórals suður af landinu eru dæmi um slík svæði, þótt smá séu.
- II. Tímabundnar, sveigjanlegar svæðalokanir sem tækju einungis mið af útbreiðslu fiska sem vernda þarf sérstaklega, t.d. smáfisks, hrygningarfisks, viðkvæmra stofneininga eða annars óæskilegs afla.

Á næsta áratug er fyrirhugað áttak í kortlagningu hafsbotnsins umhverfis Ísland. Æskilegt er að staðsetning friðunarsvæða framtíðarinnar byggja á slíkri kortlagningu og segja má að ótímabært væri að ráðast í breytingar skv. lið I áður en hún hefur farið fram. Einnig væri mikilvægt að safna myndefni af botninum. Hugmyndin er að saman geti farið verndun viðkvæmra búsvæða og botndýra og uppeldissvæða nytjafiska. Verndunin væri bæði búsvæðanna vegna, sem og fiskungviðisins enda helst þetta tvennt í hendur. Einnig má nefna að hrygning sumra tegunda nytjafiska fer fram á viðkvæmum búsvæðum, t.d. steinbíts sem hrygnir og gætir eggja sinna í gjótum á botninum. Slík friðunarsvæði yrðu sett á til langs tíma (áratuga).

Helsti kostur skyndilokana er að þær byggja á sveigjanlegu og skilvirku kerfi sem tekur mið af breytingum á útbreiðslu og hlutfalli smáfisks. Þeirra er ekki þörf nema líkur séu á skaðlegum veiðum. Sveigjanlegar lokanir henta betur en langtíma friðunarsvæði fyrir fiska sem geta synt langar vegalengdir á stuttum tíma, eða breyta útbreiðslu sinni frá ári til árs. Helstu gallar núverandi skyndilokanakerfis eru smæð svæðanna og stuttur gildistími. Lokanir ná oftast yfir lítið svæði og lítið er vitað um ástandið á aðliggjandi svæðum. Með skyndilokun gæti veiðum jafnvel verið beint af smáfiskasvæði á svæði með svipað smáum eða enn smærri fiski. Skyndilokanir gilda í stuttan tíma og engin eftirfylgni á sér stað eftir opnun; ekki er skoðað hvort ástandið hafi breyst.

Ef gengið er út frá því að þörf sé á því að vernda þá aldurshópa sérstaklega sem eru u.þ.b. að „koma inn í veiðina“ og eru í hröðum vexti (t.d. 3 ára þorsk), þá er í fyrsta lagi ýmislegt sem bendir til að núverandi skyndilokanakerfi virki ekki nægjanlega vel. Í öðru lagi eru reglugerðarhólf vegna fjölda skyndilokana umdeild og ekki eru skýrar reglur um hvenær þau skuli sett á. Þess vegna er hér settar fram vangaveltur höfundar um kerfi sem komið gæti í stað núverandi skyndilokana og reglugerðarhólfa:

1. Skyndilokanir gildi í lengri tíma en nú er, t.d. 4 vikur (hámark 2 vikur hjá ufsa vegna gönguhegðunar).
2. Hlutfallsmörk hækkuð (eða lengdarmörk lækkuð) til að auka líkur á að einungis mestu smáfiskasvæðunum sé lokað.
3. Skyndilokunarsvæði verði í flestum tilfellum afmörkuð af veiðieftirlitsmönnum og stjórnanda veiðieftirlits, eins og nú er.
4. Auk þess verði fyrirfram afmörkuð helstu smáfiskasvæði allt í kringum landið út frá fyrirbyggjandi gögnum um skyndilokanir og reglugerðarhólf undanfarin ár. Það mætti gera í samráði við sjómenn og útgerðir. Ef fiskur mælist undir viðmiðunarmörkum innan slíks svæðis er því öllu lokað. Líklega væri ástæða til að hafa gildistíma lengri en annarra skyndilokana, eða jafnvel að láta opnun ráðast af endurskoðun, líkt og gert er í Barentshafi (sjá skýringaramma).

Með þessu fyrirkomulagi myndu skyndilokanir frekar verða þar sem þeirra er virkilega þörf (lokað á smærri fisk), þær myndu hafa meiri áhrif (lengri gildistími), en kerfið myndi áfram laga sig að breytingum á útbreiðslu smáfisks og byggja á skýrum reglum.

Þekkt eru ákveðin svæði á grunnslóð fyrir norðan land þar sem þorskur vex hægt og hugsanlega mætti hafa þau svæði utan skyndilokanakerfisins, þ.e. ef nánari rannsóknir staðfestu þetta.

Eins og áður er nefnt taka skyndilokanir, og þar með reglugerðarlokanir vegna þeirra og jafnvel sum friðunarsvæði, gildi ef hlutfalls fisks undir ákveðinni viðmiðunarstærð er yfir ákveðnum mörkum. Slík viðmiðunarmörk eru einnig notuð þegar ákvarðanir eru teknar um æskilega kjörhæfni veiðarfæra, t.d. möskvastærð. Vegna breyttra aðstæðna og meiri upplýsinga má segja

að kominn sé tími til að endurskoða þessi viðmiðunarmörk. Hér er vísað kafla í skýrslu Haraldar Arnar Einarssonar til starfshópsins um þessi mál.

Kerfi skyndilokana í Barentshafi

Kerfið þróað frá árinu 1984. Eftirlit nær í dag til allra helstu veiða.

Markmið: Að koma í veg fyrir veiðar á fiski undir löglegri lágmarksstærð, og meðafla verndaðra tegunda.

Fiskiskip eru leigð til að rannsaka helstu veiðisvæði. Sérhæfðir eftirlitsmenn um borð. Leiga skipa fjármögnuð með skatti á fyrstu sölu fishs, laun eftirlitsmanna greidd af ríkinu.


Umfang eftirlits metið ár hvert út frá áætlaðri dreifingu veiða og árgangastærð.

Botnvörpuveiðar: Lokað ef hlutfall þorsks, ýsu, ufsa undir lágmarksstærð er yfir **15%**. Lágmarksstærð þorsks er **44 cm**.

Lokuð svæði endurskoðuð eftir mislangan tíma; opnun ekki sjálfkrafa. Ef hátt hlutfall er undir mörkum varir ástandið oft lengi (mánuði frekar en vikur).

Að auki er fiskiskipum skylt skv. lögum að yfirgefa veiðisvæði ef hlutfall fishs undir lágmarksstærð fer yfir áður nefnd mörk.

Byggt á Gullestad et al. 2015.



Lokuð svæði í a) mars/apríl, og b) október 2005. Rauð svæði sýna skyndilokanir á rækjuvörpu, græn svæði á dragnot og fiskibotnvörpu.

Sá þáttur íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins sem lítur að lokunum veiðisvæða og kjörhæfni veiðarfæra byggir að mestu á rannsóknum, lögum, reglugerðum og hugmyndafræði árána 1976-1993, þ.e. þeim tíma er núverandi kvótakerfi var komið á. Á undanföllum árum hafa verið samþykktar aflareglur fyrir mikilvægustu nytjategundir og veiðihlutfall þeirra hefur lækkað. Það er því tímabært að endurmetið verði hvort þörf sé á að vernda ákveðinn hluta fiskistofna sérstaklega, t.d. smáfisk eða hrygningarfisk, og þá hvort breyta þurfi viðmiðunarmörkum. Einnig hefur komið fram krafa um vistkerfisnálgun við stjórnun fiskveiða sem taka þarf mið af.

Þessi skýrsla er greinargerð til starfshóps um faglega heildarendurskoðun á regluverki er varðar notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum. Skýrslan er unnin að beiðni Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins (Tilv.: ANR15090127/11.1.3).

HEIMILDIR

Björn Björnsson, Jón Sólmundsson, Ólafur K. Pálsson, 2015. Can permanent closures of nearshore areas reduce the proportions of undersized fish in the Icelandic longline fishery? ICES Journal of Marine Science 72: 841-850.

Daniel C Dunn, Andre M Boustany & Patrick N Halpin 2011. Spatio-temporal management of fisheries to reduce by-catch and increase fishing selectivity. Fish and Fisheries 12, 110-119.

- FAO, 2003. Fisheries management. 2. The ecosystem approach to fisheries. FAO technical guidelines for responsible fisheries 4 (Suppl. 2). 112 pp.
- Fiskistofa, Landhelgisgæslan, Hafrannsóknastofnun, 2015. Handbók um veiðieftirlit á Íslandsmiðum. Óbirt handrit.
- Gell, F.R. & Roberts, C.M., 2003. Benefits beyond boundaries: the fishery effects of marine reserves. *TRENDS in Ecology and Evolution* 18: 448-455.
- Gullestad, P., Blom, G., Bakke, G. & Bogstad, B., 2015. The “Discard Ban Package”: Experiments in efforts to improve the exploitation patterns in Norwegian fisheries. *Marine Policy* 54: 1-9.
- Gunnar Stefánsson & Rosenberg A.A., 2005. Combining control measures for more effective management of fisheries under uncertainty: quotas, effort limitation and protected areas. *Phil. Trans. R. Soc. B.* 360: 133-146.
- Jaworski, A., Jón Sólmundsson & Stefán Á. Ragnarsson, 2006. The effect of area closures on the demersal fish community off the east coast of Iceland. *ICES Journal of Marine Science* 63: 897-911.
- Jones, P.J.S. 2007. Point-of-View: Arguments for conventional fisheries management and against no-take marine protected areas: only half of the story? *Reviews in Fish Biology and Fisheries* 17: 31-43.
- Kristján Kristinsson, Björn Ævarr Steinarsson & Sigfús A. Schopka, 2005. Skyndilokanir á þorskveiðar í botnvörpu á Vestfjarðamiðum. Hafrannsóknastofnunin, fjölrít nr. 114. 29 bls.
- Little, A.S., Needle, C.L., Hilborn, R., Holland, D.S., & Marshall, C.T., 2015. Real-time spatial management approaches to reduce bycatch and discards: experiences from Europe and the United States. *Fish and Fisheries* 16: 576 – 602.
- Maxwell, S.M., et. al., 2015. Dynamic ocean management: Defining and conceptualizing real-time management of the ocean. *Marine Policy* 58: 42–50.
- Pikitch, E. K., et. al., 2004. Ecosystem-Based Fishery Management. *Science* 305: 346-347.
- Sigfús A. Schopka, Jón Sólmundsson, Stefán Á. Ragnarsson & Vilhjalmur Þorsteinsson (2010). Using tagging experiments to evaluate the potential of closed areas in protecting migratory Atlantic cod (*Gadus morhua*). *Journal of Marine Science* 67: 1024-1035
- Sigfús A. Schopka, Jón Sólmundsson & Vilhjalmur Þorsteinsson, 2006. Áhrif svæðafriðunar á vöxt og viðgang þorsks. Niðurstöður úr þorskmerkingum út af norðanverðum Vestfjörðum og Húnaflóa sumrin 1994 og 1995. Hafrannsóknastofnunin, fjölrít nr 123: 5-26.

Fylgiskjal 16.

Umsögn Hafrannsóknastofnunar varðandi viðmiðunarmörk.

Viðmiðunarmörk flestra nytjategunda hafa verið óbreytt í langan tíma en á sama tímabili hefur grundvöllur fyrir takmörkun á veiðum á smáfiski breyst. Helsta ástæðan er að með markvissari stjórnun veiða með aflamarkskerfi ásamt aflareglum helstu tegunda hefur fiskveiðidauði lækkað verulega sem og að smáfiskur er nú lítill hluti heildarafla. Þá hefur brottkast á smáfiski mælst lítið undanfarin ár. Einnig má telja að núverandi viðmiðunarmörk geti verið íþyngjandi á svæðum þar sem veiðiálag er tiltölulega lítið t.d. við strandveiðar inni á fjörðum. Aftur á móti er ekki ráðlegt að fella öll mörk niður og hverfa frá lokunum svæða ef smár fiskur veiðist. Skynsamlegt er að hafa aðhald og stöðva veiðar á svæðum ef óhóflega er veitt af ungvíði.

Í ljósi ofangreinds leggur Hafrannsóknastofnun til að viðmiðunarmörk fyrir þorsk, ýsu og ufsa verði við 50% af fjölda, í stað 25 eða 30%, undir skilgreindum lengdarmörkum. Hafrannsóknastofnun telur ekki þörf á að breyta viðmiðunarmörkum í öðrum tegundum að svo stöddu.

Tillögur að breytingum á viðmiðunarmörkum þorsks, ýsu og ufsa.

Tegund	Lengdarmörk	Núverandi hlutfall	Tillaga að hlutfalli
Þorskur	55 cm	25%	50%
Ýsa	45 cm	30%	50%
Ufsi	55 cm	30%	50%

f.h. Hafrannsóknastofnunar
Guðmundur Þórðarson

Fylgiskjal 17.

Greinargerð Hafrannsóknastofnunar um kjörhæfni botnvörpu

Saga, rannsóknir og staðan í dag. Haraldur Arnar Einarsson

Inngangur

Eftir að landhelgin var færð út í 200 mílur voru reglur settar um hvaða fisk bæri að forðast að veiða. Þetta var gert á tvennan hátt, annars vegar með lokunum á svæðum en hins vegar með því að skilyrða útbúnað poka á botnvörpum. Reglurnar beindust aðallega að möskvastærðum en einnig að öðrum atriðum um umbúnað pokans.

Hér verður farið yfir helstu niðurstöður í rannsóknum Hafrannsóknastofnunar á kjörhæfni botnvörpupoka. Helstu niðurstöður undanfarinna ára eru að margir þættir hafa áhrif á kjörhæfni botnvörpu, svo sem möskvastærð, gerð möskva, hönnun vörpunnar, útfærsla pokans og efnisval. Þessar niðurstöður benda því til að núverandi reglur um möskvastærðir þurfi að endurskoða.

Reglugerðir er snerta kjörhæfni

Skömmu eftir að landhelgin var færð út í 200 mílur árið 1975 var ákveðið að stækka möskva í botnvörpum úr 135 mm í 155 mm, og á svipuðum tíma var tekið upp kerfi skyndilokanna á veiðisvæðum þar sem smár fiskur mældist. Við þetta dró verulega úr sókn í smáfisk og mátti mæla lækkun á veiðidauða þorsks og ýsu í tugum prósentu (Sigfús Schopka, 2007).

Árið 1975 lagði Hafrannsóknastofnunin til að nota skuli poka með 155 mm möskva að innanmáli við botnfiskveiðar með þeirri undantekningu að poka með 135 mm möskva skuli beitt við karfaveiðar (Guðni Þorsteinsson, 1979). Þessar tillögur lágu að baki löggjöf um möskvastærðir. Síðar, m.a. vegna þrýstings frá útgerðum, var leyft að nota poka með 135 mm möskva á stærri svæðum til botnfiskveiða. Helstu vandkvæði við beitingu 155 mm möskva í poka voru að illa gekk að veiða tegundir eins og ýsu. Þar sem minna var veitt af ýsu fyrir Norðurlandi á þessum tíma voru settar út svo kallaðar "pokalínur" sem mörkuðu svæði þar sem leyft var að nota 135 mm möskva sunnan megin en 155 mm norðan við. Síðar var reglugerðinni breytt á þá vegu að leyfilegt var að nota styrktarnet (pólka hlíf) á pokum með 155 mm möskva norðan við skilgreinda línu (reglugerð 543/2002).

Árið 1997 var skilja með 55 mm rimabili lögleidd á ákveðnum svæðum að hætti Norðmanna. Meðal annars var stórt svæði við Suðausturland sett sem skiljusvæði með 55 mm rimabili (Sigfús A. Schopka, 2007). Markmiðið var að vernda smáýsu sem mikið var af á þeim tíma. Þó ákvæði væri í reglugerð að heimila 50 mm rimabili í skilju sem hentar betur fyrir ýsu, þá var það ekki gert. Skiljusvæðið við Suðausturland var síðan stækkað verulega til austurs 1998 og þá áfram með 55 mm rimabili, en hér er vísað til reglugerðar 724/2006 (Sigfús A. Schopka, 2007).

Skiljusvæðið við Suðausturland var afnumið árið 2006 með reglugerð nr. 910/2007, en þá féll líka úr gildi heimild til að nota leggglugga á poka. Sú heimild var sett fyrir smærri togara sem áttu erfitt með að nota skiljur en einfalt er að koma leggglugga fyrir á poka (engar rannsóknir fylgdu þeirri ákvörðun). Á árunum 2000 og 2001 var mikið af smáfiski á Vestfjarðamiðum og


ollu tíðum skyndilokunum sem leiddi af sér að hólf var skilgreint þar sem skilja með 55 mm rimabili var áskilin. Á þessum tíma voru tvær skiljur leyfðar, s.k. Sort-X sem þykir stór og óhentug og Sort-V sem er enn í dag algengasta skiljan í notkun.

Mælingar á kjörhæfni poka

Kjörhæfnimælingar árin 2003 til 2006

Kjörhæfnimælingar Hafrannsóknastofnunar hófust af fullum krafti árið 2003 eftir nokkurt hlé. Fyrsta markmiðið var að þróa skilvirkari aðferðir við að skilja út smáfisk en með Sort-V skiljunni. Ástæðan var að fiskur getur safnast upp fyrir framan skiljuna, eða hann festist í henni sem veldur mari í fiskholdi. Vegna straumleysis fyrir aftan skilju gengur fiskur illa aftur í poka og aflanemar virka því ekki sem skildi og því getur afli í poka orðið of mikill sem aftur hefur áhrif á gæði við vinnslu (mynd 1).


Eftir nokkra rannsóknaleiðangra var s.k. mjúkskilju bætt við sem valkosti. Hún var hins vegar dýrari í innkaupum en Sort-V og því aldrei vinsæl. Einnig kom í ljós að 155 mm möskvi í poka væri að skilja fisk út á svipaðan hátt og skiljur. Því var reglugerð um útbúnað smáfiskaskilju (reglug. 724/2006) breytt 2006 og heimilt var að nota poka án styrktarnets með 155 mm möskva að innanmáli innan þeirra svæða þar sem skilja var áskilin.



Mynd 1: Vandamál við notkun skilju. Fiskur safnast fyrir framan og veldur stíflu. Fiskur ánetjast í skilju og skemmist. Fiskur gengur ekki aftur í poka og vegna straumleysis í poka virka aflanemar ekki og hætta á of miklum afla eykst.


Kjörhæfnimælingar árin 2010 til 2012

Árið 2010 var mæld kjörhæfni á fjórum botnvörpupokum með mismunandi umgjörð. Sama möskvastærð var í öllum pokaútfærslum eða 135 mm. Pokarnir voru sekkur, spenapoki, mjór poki og stuttur poki (mynd 2.). Almennt í veiðum var sekkur fremur notaður til að veiða ýsu en spenapoki við þorsk og karfa.



Mynd 2: Uppsetning á pokum sem mældir voru 2010, allir með 135 mm möskva.


Niðurstaðan var að hefðbundinn sekkur, spenapoki og stuttur poki höfðu nánast sömu kjörlengd (þorskur ~43cm, ýsa ~40cm) en breytileiki í kjörlengd var þó mestur í spenapoka. Hins vegar gaf mjór poki hærri kjörlengd í þorski (47cm) og ýsu (45cm) miðað við hina pokana (mynd 3.). Að auki var mjór poki með lágsta gildi í kjörsviði (hallatala) en einnig minnsta breytileikan í kjörsviði (hæðsta og lágsta gildi) miðað við hina pokana. Svo mjór poki er þó ekki hentugur til veiða þar sem rúmmál hans er mun minna en spenapoka eða sekks (munar u.þ.b. helming) og einnig þrengir fremur að fiski sem veldur mari í holdi.



Mynd 3: Kjörlengd sýnd í kassamynd. Tölustafir tákna meðaltal, svört lína miðgildið. Neðri og efri mörk kassans sýna 25 og 75% dreifingu gagna en línan 95% dreifingu gagna. Mjór poki sker sig greinilega út frá öðrum gerðum. Allir pokar voru með sömu möskvastærð.

Árið 2012 var rannsökuð kjörhæfni við mismunandi uppsetningu poka. Annars vegar voru mæld áhrif þess að vera með tvo poka í fullri stærð í uppsetningu þar sem annar pokinn var að ofan en hinn undir og vörpunni jafnframt skipt að innan með láréttu netstykki (mynd 4). Neðri pokinn var með 155 mm möskva að innanmáli en efri 135 mm. Efri pokinn var mældur fyrir kjörhæfni til þorsks og ýsu og borinn saman við mælingu á samskonar poka á óskiptri vörpu (einn poki).


Kjörlengd fyrir þorsk og ýsu í lagskiptri vörpu var lægri (þorskur 36 cm, ýsa 34 cm) í efri pokanum með 135 mm möskva, borin saman við sama poka á óskiptri vörpu þar sem kjörhæfni fyrir þorsk var 43 cm en ýsu 40cm. Því var ekki hægt að mæla með notkun tveggja poka á þennan hátt þar sem kjörhæfni væri svo lág.



Mynd 4: Vörpu skipt í tvo hluta með láréttu netstykki og tvo poka uppi og niðri. Neðri pokinn var með 155 mm en efri 135 mm möskva. Efri pokinn var mældur með yfirneti. Megnið af ýsu fer í efri pokann en þorskur fer að stærri hluta í neðri poka.

Seinni leiðangurinn þetta ár var til mælinga á kjörhæfni á misbreiðum pokum og mismunandi möskvastærðum í humarvörpu. Bornir voru saman tvær möskvastærðir í poka, 90 mm sem er möskvastærð almennt er notuð við humarveiðar og 105 mm möskvi. Niðurstaðan var að ummál

pokans hafði mikil áhrif á kjörhæfnina (mynd 5.). Sver poki með 90 mm möskva hafði lægri kjörhæfni en poki með venjulegt ummál og sömu möskvastærð. En sver poki með 105 mm möskva og var með nánast sömu kjörhæfni og mjór poki með 90 mm möskva. Þetta sýnir að ef pokar eiga að hafa einhverja ákveðna kjörhæfni þá þarf að taka tillit til ummáls pokans jafnt sem möskvastærðar.




Mynd.5: Kjörhæfni poka á humarvörpu með 90 og 105 mm möskva og mismunandi ummál. Sama kjörhæfni hjá mjóum poka og 90 mm möskva í samanburði við víðan poka og 105 mm möskva.

Þessar rannsóknir sýndu fram á að umgjörð poka hefur töluverð áhrif á hversu hátt hlutfall af undirmáls fiski skilst út við veiðar. En þar sem engin almenn skilgreining er til um hver æskileg kjörhæfni botnvörpu er, var erfitt að koma með tillögur um breytingar á reglugerðum.

Kjörhæfnimælingar árin 2013 til 2015


Í lok árs 2012 óskaði sjávarútvegsfyrirtæki eftir því að prófað yrði hvort hægt væri að nota 120 mm möskva sem þvernet í poka í stað skilju. Þvernetsvörpur (Hemmer) voru orðnar vinsælar en í poka þeirra er netinu snúið á síðu. Talið var að of mikið að fiski myndi tapast út ef 135 mm möskvi væri notaður í þvernet. Þvernetsvarpa með 120 mm möskva var því borin saman við hefðbundinn poka með 135 mm möskva. Niðurstöðurnar komu nokkuð á óvart, því kjörhæfni hefðbundinnar vörpu mældist 30,4cm fyrir þorsk, en aldrei hafði mælst kjörlengd á þorski svo langt undir viðmiðunarlengd. Þetta gat þýtt að stór hluti togaraflotans væri að nota botnvörpur með hærri líkur á að veiða smáþorsk en gert var ráð fyrir, eða a.m.k. þau skip sem væru með samskonar botnvörpu (Bacalao). Þessi varpa var 75 metrar að lengd frá fiskilínu aftur að pokaenda og jafnframt voru snið og skurður nokkuð frábrugðin þeim botnvörpum sem fram að þessu höfðu verið notaðar við kjörhæfnirannsóknir (Gulltoppur).



Mynd. 6: Niðurstöður mælinga á þremur pokum um borð í Örfirisey í janúar 2013. Myndin sýnir kjörlengd (L50cm) þorsks (grænt) og ýsu (svart). Poki T90 var með 120 mm möskva, 135/47 táknað hefðbundinn poka með 135 mm möskva og 47 möskva að þvermáli (~97 í ummáli), en 135/30 er þrengdur poki með 135 mm möskva en 30 möskva í þvermáli (~60 í ummáli). Hefðbundin poki mælist aðeins með 30,4cm þorsk sem kjörlengd sem er langt undir viðmiðunarlengd.

Haustið 2013 voru tilraunir gerðar til að meta kjörhæfni mismunandi botnvörpu með samskonar pokum. Einnig voru mæld áhrif mismunandi garns í poka á kjörhæfni. Notast var við Gulltopp (lítill varpa) og Bacalao 612 (stór varpa). Tvær gerðir af garni voru prófaðar í pokunum þ.e. 6,2 mm tvöfalt PE sem litað er gult til aðgreiningar á eldri gerð af garni, og 6 mm PE grænt að lit. Græna garnið er léttara eða rúmlega 1kg/100m en það gula 1,5kg/100m. Að öðru leiti voru pokarnir eins: jafn langir, sama möskvastærð (135 mm) og ummál.


Niðurstöðurnar voru sláandi (mynd.7). Nánast enginn munur var á milli poka úr mismunandi garni á Gulltoppi (lítill varpa). Kjör lengd fyrir þorsk var langt fyrir neðan viðmiðunarlengd í báðum pokum eða um 37 cm. Þegar kjörhæfni sömu poka var mæld á Bacalao vörpunni (stór varpa), kom í ljós töluverður munur á milli poka úr mismunandi garni. Pokinn úr græna garninu var með kjör lengd í 32,8cm fyrir þorsk en pokinn úr gula garninu var í 25,7cm.




Mynd. 7. Kjör línur þorsks úr leiðangri á Árna Friðrikssyni 2013. Gulltoppur (Small trawl) var með nánast sömu kjörhæfni fyrir þorsk í báðum pokum. Sömu poka mældir í Bacalao (Large trawl) sýndu lægri og ólíka niðurstöður. Þyngri og stífari poki er vinstra megin merkt „Dense codend“, hefðbundin poki úr mýkra efni hægra megin merkt „Regular codend“.

Þar sem stór hluti togaraflotans er að nota stórar vörpur og þungt netefni (gult garn) má ætla að kjörhæfni veiðarfæra sé öllu jafna vel undir viðmiðunarlengdum. Þannig benda niðurstöður til að poki úr þyngra efninu (gult garn) á Bacalao sé að halda inni 75% af ~33cm þorski sé hann til staðar á veiðislóð. Hlutfall þorsks sem er á milli 50 og 55 cm (undirmál og viðmiðunarlengd) veiðist nánast allur sé hann til staðar (mynd. 8).

Þegar þessar niðurstöður lágu fyrir voru nokkrar útgerðir að prófa sig áfram með botnvörpur með fjögurra byrða poka með þverneti, en gæði fisksins virtust vera betri úr slíkum pokum. Með breytingum á reglugerð 24/1998 um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga (reglugerð 992/2014), varð mögulegt að þróa þessa poka frekar. Þá vaknaði spurningin um hvaða áhrif fjögur byrði í poka með venjulegu neti hefðu á kjörhæfni. Niðurstöður tilrauna var að slíkur poki hefði hærri kjörhæfni fyrir þorsk og ýsu en samskonar net í tveggja byrða poka (þorskur rétt undir 40cm en ýsa nálægt 43cm). Niðurstaðan var einnig að karfi tapaðist af miklum hluta út úr báðum gerðum af poka með 135 mm möskva, eða um 50% af karfa sem er ~1 kg af þyngd (~40cm).



Mynd. 8: Miðað við að stór hluti af flotanum sé að nota Bacalao eða sambærilega vörpu og gulan poka (þungt efni) má ætla að kjörhæfni sé mjög lág. Sé smáfiskur á veiðisvæði þessara skipa er nánast öruggt að stór hluti af honum sé veiddur og tekinn um borð.



Þvernet eða T90° net er venjulegt net (A) sem snúið er í 90 gráðu (B) (Sjá mynd 9.). Við það opnast möskvar meira vegna þess að netið er hnýtt og strekkt á hinn veginn (á milli upptaka). Þegar þvernet er notað í vörpu eða vörpupoka er hægt að nota u.þ.b. 30% minna net þar sem yfirborð netsins í notkun verður mikla meira. Áhrifin á kjörhæfni poka með þverneti eru því; færri möskvar í ummáli (hækkar kjörhæfni), möskvar eru opnari (hækkar kjörhæfni) og meira sjóstreymi aftur í poka (hækkar sennilega kjörhæfni).

Mynd 9 Samskonar net, en A er síðunet (hefðbundið) en B er netinu snúið í 90° og kallast þá þvernet.


Eftir reglugerðarbreytinguna um framkvæmd möskvamælinga, hófust prófanir á nýrri gerð poka með því markmiði að þeir myndu skilja betur út smáfisk og færi jafnframt betur með hráefnið. Niðurstaðan varð poki úr þverneti með 155 mm möskva, í fjórum byrðum. Netið var að auki fellt á línur sem halda þyngdinni, ólíkt hefðbundnum pokum þar sem þyngd fer á netið en línur eru slakar.

Reynslan á þessum poka var slík að sjómenn á dekki vildu helst að hann væri undir þar sem þeir losnuðu við allt „drasl“, fengu aðeins stærri fiskinn og sögðu hann líta betur út m.v. úr eldri gerðum poka. Í landvinnslu var tekið eftir betri gæðum hráefnis. Þróunin varð sú að flest skip HB-Granda og Samherja (u.þ.b. 10 skip) fóru að nota þennan poka við veiðar á þorski.

Ákveðið var að mæla kjörhæfni á þessum nýja poka til að kanna hvað væri í raun að fara út þegar hann væri í notkun í samanburði við hefðbundinn þorskpoka (tveggja byrða síðupoki með 155 mm möskva). Varpan sem notuð var í þessum leiðangri var samskonar og hafði áður mælst með mjög lága kjörhæfni (Bacalao).

Niðurstaðan var fremur afgerandi, þar sem í ljós kom að nýi pokinn reyndist vera með kjörhæfni rétt yfir viðmiðunarlengd í þorski eða 56cm. Athyglisvert var að hefðbundni þorskpokinn hafði lægri kjörlengd í þorski eða 46,9cm. Einnig var breytileikinn á milli mælinga miklu minni í þessum nýja poka m.v. hefðbundna pokann. Það er samt ljóst að meira af ýsu fer út úr svona poka eða meira en helmingur af ýsu sem er við viðmiðunarlengd (45cm). Einnig sýndi það sig að nánast allur karfi fór út frá þessum poka. Mikill karfi í afla hefur neikvæð áhrif á gæði þorskaflans, því líta sjómenn og útgerðarmenn sem eru að sækja í þorsk á það sem kost ef karfi er ekki með þorskaflanum.

Í lok árs 2015 er því búið að mæla kjörhæfni á þeim helstu pokum sem togarafлотinn notar við veiðar á þorski og ýsu. Helstu kjörlínur poka fyrir þorsk má sjá í mynd 10.



Mynd 10. Kjörlínur með 95% öryggislínum frá fjórum pokum fyrir þorsk. Frá vinstri; bleik línur, 135 mm möskvi úr stífu efni (stór varpa) ($L_{50}=27$ cm), bláur línur, 135 mm möskvi úr mýkra efni (minni varpa) ($L_{50}=37$ cm), gular línur, 155 mm hefðbundin þorskpoki (stór varpa) ($L_{50}=47$ cm) og síðast rauðar línur, 155 mm möskvi í þverneti og fjórum byrðum með slöku neti (stór varpa) ($L_{50}=56$ cm). Punkta lína er 55 cm viðmiðunarlengd þorsks.

Upplýsingar um gerð veiðarfæra

Ef gerð poka á botnvörpum á að vera notuð á virkan hátt sem stjórnþæki, verða reglur að vera mun skýrari og taka yfir fleiri þætti en þær gera í dag. Ummál poka, hlífar (mottur), gerð nets, þvermál garns í neti, einfalt eða tvöfalt garn, stærð hnúta og eðlisþyngd (þéttleiki) garnsins. Öll þessi atriði eru í reglugerðum hjá mörgum þjóðum, að undanskilinni eðlisþyngdinni.

Ef viðmiðunarmörk veiðitegunda kalla á mismunandi möskvastærðir, eða mismunandi gerðir poka verði notaðir eftir marktegund eða veiðisvæðum verður að setja reglur um hvenær eða hvar hver gerð af poka eða möskvastærð skuli notuð. Nokkrar leiðir eru að því markmiði.

- Skilgreindir pokar verði heimilaðir við veiðar á ákveðnum tegundum.
 - Sjómenn þekkja vel þá staði og staðhætti sem þeir eru að vinna á. Þeir vita vel hvaða aflasamsetningar er von þegar togað er við ákveðnar aðstæður á ákveðnum stöðum. Ef önnur aflasamsetning kæmi upp en þeir áttu von á þá myndu þeir skipta um poka fyrir næsta kast, ef þeir kasta aftur á sama stað.
 - Eftirlit með þessu færi fram í gegnum afladagbækur. En það gæti reynst örðugt að sjá hvort farið væri eftir því að nota þennan eða hinn pokann þar sem slíkt væri hægt að skrá eftir á. Á því er möguleg lausn (sjá hér neðar).
- Gefið frjálst hvaða poki notaður er.
 - Ef til vill þyrftu að vera leiðbeiningar eða tilmæli um að nota ákveðna pokagerðir við einhverjar veiðar.
 - Eftirlit þyrfti sennilega að vera nokkuð mikið til að fylgjast með að ekki stefndi í óefni ef mikið veiðiálag færi á mjög smáan fisk yfir langan tíma.
 - Ef lokunum væri beitt þyrfti að huga að því hvort ákveðnir pokar væru undanskildir við ákveðnar aðstæður.

Það er ekki líklegt að krafa til skipstjórnarmanna um aukna skráningu um gerð poka fyrir hvert hal auki nákvæmni gagnanna. Það hefur lengi verið álit undirritaðs og nokkurra netagerðarmeistara að þar sem gerð og aldur poka skiptir miklu máli (möskvar dragast saman með aldrinum), þá ætti að merkja hvern poka þannig að aldur og gerð sé þekkt fyrir hvern poka í notkun. Þetta má sjálfsagt framkvæma á ýmsan hátt. Hér að neðan er ein tillaga.

Útbúin yrðu merki af Fiskistofu. Netagerðir myndu merkja þá poka sem þeir selja og skrá í innsláttarform á vef Fiskistofu þau atriði sem teljast mikilvæg og sér í lagi þau atriði sem bundin væru í reglugerð um poka. Skipstjórnandi gæti því skráð kennitölu pokans í afladagbók með hverju hali en þyrfti ekki að skrá önnur atriði. Við þetta myndu upplýsingar um gerð veiðarfæra í notkun batna mikið.

Ef skilyrði verða sett um hvaða pokar eru notaðir á svæðum eða við ákveðnar aðstæður yrði að treysta á að skipstjórnarmenn færu eftir gildandi reglum. Eftirlit með slíku er alltaf erfitt. En merkið sem notað væri á pokanum getur innihaldið DST-merki. Til eru DST-merki sem byrja að skrá upplýsingar eftir að þau eru komin á ákveðið dýpi. Svona merki endast hæglega líftíma poka. Þannig myndi merki skrá dýpi og hita á veiðisvæði. Þar sem skipstjóri skráir kennitölu pokans í afladagbók fengist með þessum skráningum afli, staðsetning o.fl.

Lokaorð

Miðað við hvernig veiðum er háttað í dag er reglugerð 543/2002 orðin úrelt að hluta og þarfnast breytinga. Við endurskoðun reglugerðarinnar þarf að horfa til þess hvort núverandi viðmiðunarmörk séu það sem miða skal við og hvort breyta þurfi veiðimynstri. Þegar búið er að ákvarða þessa þætti má horfa til breytinga á regluverki um gerð veiðarfæra eins og möskvastærðir og umgjörð á botnvörpum, en einnig hvort þörf sé á stjórnun á útbúnaði veiðarfæra. Þessar ákvarðanir snerta því allt kerfið frá fiskifræðilegum bakgrunni, hvernig eftirliti er háttað og hvernig veiðar fara fram.

Það er ljóst að gerð og útbúnaður togveiðarfæra, sér í lagi poka, getur haft mikil áhrif á þá aflsamsetningu sem kemur um borð. Þar sem aflamark ákvarðar það magn sem veitt er úr stofni má samt spyrja hvort það skipti máli að skilja út smáfisk. Grundvallar spurning er kemur að veiðarfærum er: "Hver er æskileg kjörhæfni?". Öll lög og reglugerðir um útbúnað og gerð veiðarfæra þurfa að taka mið af þeirri spurningu. Það er því ekki hægt að koma með tillögur að einhverri ákveðinni gerð veiðarfæra nema að horfa á hlutina í samhengi við viðmiðunarmörk helstu nytjastofna. Þá eru ýmsir aðrir þættir sem skipta máli eins og gæði hráefnis, orkunotkun við veiðar og áhrif veiðarfæra á botninn og reglugerðir mega ekki hindra framþróun í greininni svo framarlega sem þróunin snýst um skynsamlega nýtingu eða umhverfisvernd. Ljóst er að stunda þarf kjörhæfnimælingar á nýjum útfærslum veiðarfæra þar sem erfitt er að spá fyrir um hvaða áhrif breytingar geta haft á kjörhæfni líkt og sést á þeim rannsóknum sem fjallað er um að ofan.

Með merkingu á veiðarfærum myndi upplýsingagildi afladagbóka aukast, sér í lagi ef lítill og fremur ódýr rafeindabúnaður sem mældi hita og dýpi færi með merkingu poka og skráningu í afladagbók.

Heimildaskrá

- Árni Magnússon – 2012. **Áhrif veiðimynsturs á stóran hrygningarporsk.** (Greinagerði til ANR, 26. september, 2012). 11s. (<http://www.hafro.is/~arnima/pdf/2012-codsel.pdf>)
- Guðni Þorsteinsson – 1979. **Netfræði.** Hafrannsóknir, 18: 1-78.
- Haraldur A. Einarsson og Ólafur A. Ingólfsson, 2016. **The effect of trawl dimensions and twine density on codend selectivity.** (Handrit í yfirllestri. Höfundar geta afhent handrit sé þess óskað).
- Ólafur K. Pálsson – 1978. **Um nýtingu þorskstofnsins.** *Ægir*, 71: 370-373.
- Sigfús A. Schopka -2007. Friðun svæða og skyndilokanir á Íslandsmiðum - Sögulegt yfirlit. Fjölrit 133.** Reykjavík 2007. 86 s. (*With English summary*)

Fylgiskjal 18.

Erindi SFS til ráðuneytis, um endurskoðun reglugerðar um hrygningarstopp

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi fara þess á leit að gildandi reglur (reglugerð nr. 39/2005) um hrygningarstopp verði teknar til umræðu og tímabærrar endurskoðunar. Í þessu sambandi verði tekið mið af því að forsendur og aðstæður hafa breyst verulega á þeim langa tíma sem liðinn er frá því að reglurnar voru settar.

Hér skal sérstaklega bent á, að sú meginforsenda hrygningarstopps á sínum tíma, að hrygningarstofn þorsks væri lítill og því þyrfti að vernda hrygningarfiskinn sérstaklega, á ekki lengur við með sama hætti og áður. Hér ber að líta til þess að minnkaðri sókn í hrygningarfisk fylgir aukið veiðiálag á smærri fisk, að gefnum sama heildarafla, og er því alls ekki einsýnt að slíkt leiði til betri nýtingar og meiri afraksturs fiskistofnanna heldur gæti hið gagnstæða vel átt við.

Þá skal bent á að mjög fáir bátar stunda nú veiðar í net á hrygningartíma og mun færri en þegar reglur þessar voru settar. Þar að auki hefur komið fram að lítil ásókn er í stóran hrygningarþorsk sem ekki er talinn heppilegt hráefni í þá framleiðslu sem nú tíðkast helst.

Með ofangreint í huga má færa fyrir því rök að ekki sé ástæða til að hamla sérstaklega veiði á hrygningarfiski.

Bent skal á að reglur þessar eru íþyngjandi fyrir veiðar félagsmanna samtakanna og torvelda t.d. veiðar á ufsa að þarflausu.

Þess er hér með farið á leit að stjórnvöld taki þessi mál til sérstakrar skoðunar á vettvangi ráðuneytis sjávarútvegsmála, Hafrannsóknastofnunar og nefndar um veiðarfæri og veiðisvæði sem ætlað er að skila álitni nú í haust. Jafnframt verði skoðaðir möguleikar á að reglum verði breytt til rýmkunar og afmörkuð veiðisvæði á hrygningarslóð höfð opin í aprílmánuði.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Kristján Þórarinsson

Fylgiskjal 19.

Greinargerð Hafrannsóknastofnunar varðandi hrygningarstopp

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hafa farið þess á leit að gildandi reglur (reglugerð nr. 39/2005) um hrygningarstopp verði teknar til umræðu og endurskoðunar. SFS bendir á að meginforsenda fyrir hrygningarstoppi, er það var sett á, hafi verið lítill hrygningarstofn þorsks sem ekki eigi við lengur og jafnframt að hrygningarstopp geti leitt til aukinnar sóknar í smærri þorsk. Netabátum hafi jafnframt fækkað mikið á undanförunum árum.

Þó færa megi rök fyrir því að upphaflegar ástæður hrygningarstopps eigi ekki lengur við þá hafa rannsóknir á síðastliðnum 20 árum leitt í ljós að við Suðurland losa stórar hrygnur egg nær landi í strandstraumnum sem eykur lýkur á að lifur berist á uppeldisslóð norðan við landið. Stórar hrygnur losa jafnframt fleiri egg á hvert kg líkamsþyngdar og yfir lengra tímabil en litlar hrygnur. Þá hafa komið fram sterkar vísbendingar um að smærri hrygningareiningar fyrir Norður- og Austurlandi séu mikilvægari en áður var talið til að viðhalda breytileika í eiginleikum stofnsins. Þegar á heildina er litið er talið að vernd hrygningarsvæða yfir hrygningartímamann, auki líkur á að klak heppnist við breytilegar umhverfisaðstæður á Íslandsmiðum.

Á undanförunum árum hefur hrygningarstofn þorsks stækkað mikið eða úr um 300 þús. tonnum árið 2010 í um 600 þús. tonn árið 2017 en nýliðun hefur verið fremur jöfn frá árinu 2000. Þrátt fyrir að þorski yngri en 8 ára hafi því fækkað hlutfallslega í stofni hefur veiðidánartala 3 til 7 ára þorsks verið tiltölulega stöðug. Því er ekki hægt að greina aukna sókn í smáan (ungan) þorsk á tímabilinu milli 2010 og 2017.

Í ljósi aukins skilnings á fjölbreytileika hrygningarstofns þorsks og líklegu mikilvægi ólíkra hluta hans sem auk lítilla breytinga í veiðimynstri á undanförunum árum telur Hafrannsóknastofnun ekki rétt að afnema hrygningarstopp að svo komnu máli.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna
Guðmundur Þórðarson

Tillögur og athugasemdir heimamanna varðandi lokanir svæða á grunnslóð.

Fylgiskjal 20.

Frá formönnum þriggja svæðisfélaga LS við Faxaflóa, í kjölfar kynningarfundar.

Varðandi lokanir veiðisvæða á grunnslóð fyrir krókaveiðum.

Undirritaðir þakka fyrir kynningarfundinn. Tillögur okkar til málefnsins eru eftirfarandi:

- A. Viðmiðunarmörk til lokana verði þau sömu og gilda um undirmálsafla að undanskildri ýsu þar sem mörkin verði 40 cm.
- B. Við handfæraveiðar verði lokað á báta þar sem afli er undir viðmiðunarmörkum. Viðkomandi verði óheimilaðar veiðar á lokunarsvæði. Mælingar til lokunar verði aðeins gildar við bestu veðurfarslegar aðstæður.
- C. Við ákvörðun um lokun svæða vegna línuveiða verði reynt að miða við dýptarlínur þar sem mörkin verði ákveðin í samráði við „heimamenn“.
- D. Heimilt verði að sleppa fiski undir viðmiðunarmörkum sem veiddur er á handfæri á innan við 35 fadma dýpi.

Leiðbeiningar um lofttæmingu: Goggstunga hægra megin á kviðnum, horft framan á hann, ef hann liggur á bakinu sem er þeim megin sem lifrin er minni, þá er auðvelt að koma honum lifandi niður aftur. Sama á hvaða dýpi hann er dreginn af. Einnig er ekkert mál að koma fiski lifandi niður, þó maginn sé kominn fram í kjaftinn á honum. Þá byrjar maður á því að lofttæma, með goggstungu eða sverri nál, og ýtir svo maganum gætilega niður í kviðinn með endanum á goggskafti eða skaftinu á hníf þangað til hann er kominn niður fyrir magaopið. Sá sem greinir svo frá er búinn að nota þessa aðferð við þúsundir fiska með mjög góðum árangri. Sérstaklega ánægjulegt að horfa á eftir honum synda niður aftur.

- E. Óheimilt er að loka á veiðislóð þar sem ætla má að afli í undangengnum mánuði hafi verið undir meðaltali sl. 6 mánaða, þ.e. sóknar (fjölda báta) á viðkomandi svæði.
- F. Handfæraveiðar verði undanskildar hrygningarstoppi.

Jóhannes M. Simonsen formaður Sæljóns, Þorvaldur Gunnlaugsson formaður Smábátafélags Reykjavíkur, Þorlákur Halldórsson formaður Reykjaness

Fylgiskjal 21.

Frá Halldóri G. Ólafssyni, Skagaströnd, í kjölfar kynningarfundar.

Varðandi tillögur til að minnka hlutfall smáfisks í strandveiðiafla held ég að væri sterkur leikur að færa kvóta frá maí og yfir í ágúst. Þá er í rauninni verið að beina sókninni í betri fisk og veður eru einnig yfirleitt betri þannig að menn þurfa ekki að leita vars og stunda veiðar upp í „kálgörðum“. Einnig finnst mér eðlilegt að horfa meira til dýpslína þegar verið er að loka ákveðnum svæðum. Oft hafa þessi svæði náð yfir allt of stórt svæði.

Halldóri G. Ólafssyni, Skagaströnd

Fylgiskjal 22.

Frá formönnum þriggja svæðisfélaga LS við Faxaflóa, sem svar við tillögu starfshópsins. Undirritaðir ítreka hér með efni bréfs sem þeir sendu starfshópnum í kjölfar kynningarfundar. Það eru þeim vonbrigði að sjónarmið þeirra hafi ekki átt hljómgrunn í starfshópnum þannig að þeirra sé getið í tillögu starfshópsins.

Samkvæmt skipunarbréfi starfshópsins er honum m.a. ætlað að vinna að heildarendurskoðun á regluverki er varðar notkun veiðarfæra, veiðisvæða og verndunarsvæða á Íslandsmiðum. Innan þess rúmast gildi skyndilokana sem fundurinn þann 22. febrúar snerist um. Undirritaðir ítreka sérstaklega eftirfarandi:

Það er sameiginleg skoðun undirritaðra að lokanir veiðisvæða vegna handfæraveiða eigi aldrei rétt á sér. Handfæraveiðar eru ekki og geta ekki orðið vandamál sem vinnur gegn uppbyggingu fiskistofna á Íslandsmiðum.

Friðunaraðgerðir á Íslandsmiðum eiga sér sögu frá því fyrir aldamótin 1900 þegar fyrst var farið að beita akveiðafærum.

Fyrsta friðunin sem byggð var á landgrunnslögunum var hins vegar tilkynnt í reglugerð frá 22. apríl 1950 um verndun fiskimiða fyrir Norðurlandi sem tók gildi 1. júní það ár. Landhelgin færð út í 4 sjómílu fyrir Norðurlandi og jafnframt var grunnlínan dregin fyrir mynni flóa og fjarða. Innan grunnlínu voru allar veiðar með botnvörpu og dragnót bannaðar¹.

Saga skyndilokana hófst hins vegar með útgáfu svörtu skýrslunnar 13. október 1975. Í henni kom m.a. fram að hámarksafrakstur þorsstofnsins væri nær 500 þúsundum tonnnum á ári. Til að ná þeim afla þyrfti að minnka sóknina um helming og koma í veg fyrir veiði á smáfiski og draga verulega úr veiðum á fjögurra ára fiski. Útreikningar sýndu að með því að ná hámarksafrakstri úr hverjum árgangi mætti veiðidánartala 3-4 ára þorsks ekki vera hærri en 0,2.² Í kjölfarið hófust skyndilokanir og var sú fyrsta gerð 1976, þegar lokað var fyrir veiðum á svæði sem fékk nafnið Gunnarshólmi eftir Gunnari Hjálmarssyni eftirlitsmanni Sjávarútvegsráðuneytisins.

Við skoðun á tilurð skyndilokana og því sem hefur verið skrifað um aðgerðina er ekki annað að sjá en hún hafi verið miðuð við magnveiði. Í öllum tilvikum er rætt veiðar togara, en önnur veiðarfæri, þ.e. lína kemur ekki inn fyrir en á 10. áratugnum. T.d. er lögð áhersla á að ákvarðanatáka um lokun taki stuttan tíma sem styður framangreint.

Það er ekki fyrr en strandveiðar hefjast sem farið er að loka á handfæri. Undirritaðir furða sig á þeirri ákvörðun sem á ekkert skylt við upphaflegt áform skyndilokana. Við handfæraveiðar er afrakstur af rennsli þar sem smáfiskur er aðeins örfáir fiskar á móti afla í tonnnavís í hverju togi hjá togara. Það sama má segja um línuveiðar dagróðrabáta, hver lína lögð á bletti þar sem verðmikill fiskur er. Skili balinn tómu rusli er sjálfhætt vegna kostnaðar við línuna. Þá skal það einnig sett hér í umræðuna að lokun veiðislóðar á smábáta jafngildir að gera viðkomandi sjómann tekjulausan, svipta hann atvinnunni í óákveðinn tíma sökum takmarkaðrar sjósóknar vegna stærðar bátsins.

¹ Saga skyndilokana – Sigfús Schopka – bls. 10

² Saga skyndilokana – Sigfús Schopka – bls. 47-48

Við eftirgrennslan er Ísland eina landið í veröldinni sem heftir handfæraveiðar á þennan hátt. Það er krafa undirritaðra að skyndilokunum vegna handfæraveiða verði tafarlaust hætt. Komi til rökstudd mótmæli vísindamanna Hafrannsóknastofnunar að því fylgi veruleg ógn við uppbyggingu þorskstofnsins verði skipuð nefnd til að meta hvort ávinningur að lokun sé yfir hagsmuni sjómanna á handfæraveiðum hafinn.

Undirrituðum þykir rétt að halda því til haga að þrátt fyrir að sókn í þorsk hafi á árinu 2016 aðeins verið 18% sem er ekki helmingur þess sem hún var 1975 (40%) og veiðidánartala 3 ára þorsks hafi aldrei farið yfir 0,2 og 4 ára þorsks verið undir 0,2 sl. 23 ár eða frá árinu 1995 bólar ekkert á að heimilt verði að veiða 500 þúsund tonn. Íslenskir útgerðar- og sjómenn eru orðnir langeygir eftir þeim árangri sem lofað var. Til þess færðu þeir fórnir sem fá dæmi eru um.

Tillögur starfshóps um lokanir veiðisvæða í innanverðum Faxaflóa finnast okkur galnar. Sökum stærðar svæðanna munu þær gera smærri bátum mjög erfitt fyrir á vetrarmánuðum. Á svæðinu róa nú orðið mjög fáir bátar eða innan við 5 talsins. Ef það er hins vegar ófrávíkjanleg krafa hópsins að leggja til framangreindar lokanir þá viljum við funda með fulltrúa Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu og hólfa svæðin niður. Vegna ótrúar okkar á árangri af lokunum verða tillögur okkar háðar eftirfarandi:

1. Lokanir verða tilraunaverkefni til eins eða tveggja ára
2. Engu svæði verði lokað fyrir handfæraveiðum
3. Hrygningarstopp verði aflagt
4. Svæði austur af Arnarstapa og teygir sig suður undir Þormóðssker eigi ekki við handfæraveiðar. Eins teljum við tillögu Snæfells að stækka svæðið suður að Þormóðsskeri ekki standast skoðun.

Jóhannes M. Simonsen formaður Sæljóns, Þorvaldur Gunnlaugsson formaður Smábátafélags Reykjavíkur, Þorlákur Halldórsson formaður Reykjaness

Fylgiskjal 23.**Frá Bárði Guðmundssyni, formanni SSÚ**

Eftirtalin svæði verði lokuð fyrir línu- og handfæraveiðum á tímabilinu 16. júní til 14. febrúar.

Búland:

1. 64°57,00'N – 23°29,00'V
2. 65°01,00'N – 23°10,00'V
3. 65°09,00'N – 23°16,00'V
4. 65°06,50'N – 23°24,00'V
5. 65°04,00'N – 23°23,00'V

Við Breka:

1. 65°07,00'N – 23°14,50'V
2. 65°13,00'N – 22°53,00'V
3. 65°16,00'N – 22°57,00'V
4. 65°11,00'N – 23°17,00'V
5. 65°07,00'N – 23°14,50'V

Viðbót við reglugerðarhólf á norðanverðum Breiðafirði (193/2007):

1. 65°11,38'N – 23°47,90'V
2. 65°12,50'N – 23°36,00'V
3. 65°10,50'N – 23°32,50'V
4. 65°15,00'N – 23°17,00'V
5. 65°24,90'N – 23°57,14'V (Skorarviti)

Staðarsveit:

1. 64°44,00'N – 23°39,00'V
2. 64°40,00'N – 22°52,00'V
3. 64°34,00'N – 22°56,00'V
4. 64°60,00'N – 22°28,00'V
5. 64°46,00'N – 22°24,00'V
6. 64°49,00'N – 23°33,00'V
7. 64°44,00'N – 23°39,00'V

Bárður Guðmundsson

Fylgiskjal 24.

Frá stjórn Snæfells félags smábátaeigenda á Snæfellsnesi

Stjórn Snæfells fundaði og fór yfir erindi starfshóps á vegum sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra varðandi svæðalokanir fyrir krókaveiðum og tillögur Samtaka smærri útgerða (SSÚ) þar að lútandi.

Niðurstaða fundarins var eftirfarandi:

Stjórn Snæfells lýst ágætlega á tillögur Samtaka smærri útgerða og styður þær. Forsenda þess að hægt sé að styðja svo miklar viðætur við núverandi lokanir er að allar lokanir skuli gilda eingöngu frá 1.júlí til 31.janúar. Hér er um að ræða svæði þar sem töluvert er um smáfisk á haustin en annars ekki.

Hólfín sem þar um ræðir eru eftirfarandi:

Við Búlandshöfða

1. 64°57,00'N – 23°29,00'V
2. 65°01,00'N – 23°10,00'V
3. 65°09,00'N – 23°16,00'V
4. 65°06,50'N – 23°24,00'V
5. 65°04,00'N – 23°23,00'V

Við Breka

1. 65°07,00'N – 23°14,50'V
2. 65°13,00'N – 22°53,00'V
3. 65°16,00'N – 22°57,00'V
4. 65°11,00'N – 23°17,00'V
5. 65°07,00'N – 23°14,50'V

Viðbót við núverandi reglugerðarhólf. (Hér er bætt austanvið núverandi reglugerðarhólf á Flákanum. Mikilvægt er að ekki sé bætt við reglugerðarhólfið að vestanverðu.)

SA horn núverandi reglugerðarhólfs á Fláka

1. 65°11,38'N – 23°47,90'V
2. 65°12,50'N – 23°36,00'V
3. 65°10,50'N – 23°32,50'V
4. 65°15,00'N – 23°17,00'V
5. 65°24,90'N – 23°57,14'V (Skorarviti)

Út af Staðarsveit

1. 64°44,00'N – 23°39,00'V
2. 64°40,00'N – 22°52,00'V
3. 64°34,00'N – 22°56,00'V
4. 64°60,00'N – 22°28,00'V
5. 64°46,00'N – 22°24,00'V
6. 64°49,00'N – 23°33,00'V
7. 64°44,00'N – 23°39,00'V

Ítrekað skal að forsenda þess að stjórn Snæfells styður þessar lokanir til varnar smáfiski er að þessar lokanir gildi eingöngu frá 1. júlí til 31 janúar ár hvert. Á öðrum tíma skuli allar lokanir falla niður.

Stjórn Snæfells lýsir furðu sinni á að loka skuli svæðum fyrir línuveiðum á Breiðafirði á sama tíma og togurum er leyft að trolla allt að fjórum mílum frá landi við Skor. Sýnt hefur verið fram á að stærðardreifing við trollveiðar er mjög sambærileg stærðardreifingu við línuveiðar á sama svæði og á sama tíma. Undarlegt er því að sjá til togara toga fram og til baka á haustin á svæðum sem eru lokuð með reglugerð um línuveiðar. Augljóst er að umræddir togarar eru að veiða smáfisk.

Varðandi handfæraveiðar mótmælir stjórn Snæfells hugmyndum um svæðalokanir fyrir handfæraveiðum. Óþarft er að loka svæðum fyrir veiðarfærum sem auðvelt er að taka upp og færa sig um set í stærri fisk. Stjórn Snæfells leggur til að tekin verði upp persónutengd viðurlög við smáfiskadrápi á handfæraveiðum, tengd skipstóra bats. Til dæmis sektir.

Stjórn Snæfells styður við að viðmiðunarmörk færist úr 25% af fjölda í 50% og telur það til bóta. Við bendum þó á þann galla að þá gæti komið til lokunar þar sem annar hver fiskur er t.d. 8kg sem hlýtur að teljast mjög vænn afli. Það myndi þýða að í 100 fiska úrtaki væru 400kg stórfiskur en 25kg smáfiskur. Sér það hver maður að galið væri að loka slíkri veiðislóð.

Örvar Marteinsson

Fylgiskjal 25.

Frá stjórn Eldingar félags smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum.

Við getum fallist á að hlutfall mælinga hækki í 50% eins og kemur fram hjá nefndinni, nauðsynlegt er þó að í mælingum sé um að ræða uppistöðu í afla í viðkomandi tegund.

Oft er það svo að það koma stórir árgangar af 1 tegund, þá er það ekki ásættanlegt að nokkrar ýsur eða smáufsi séu ástæða skyndilokunnar, *þannig teljum við að viðmiðunin líti einnig að því að sú tegund sem mæld er og gefur tilefni til lokunar sé að minnsta kosti 70% af afla viðkomandi báts.*

Varðandi langtímalokanir fyrir króka þá er ekki gott að finna það svæði á okkar (grunn)slóð. Hér er veiddur steinbítur á línu (króka) frá miðjum febrúar og út maí. Í ár hefur verið góð veiði út af „Barðanum“ en algengt er að veiðin hafi verið á „Skálavíkinni“ Yfirleitt er það þannig að steinbíturinn fer fyrst að gefa sig á 30 – 40 faðma dýpi en endar svo á 8 – 10 föðmum, lokun á þessu svæði á þessum tíma (febrúar – maí) kæmi mjög illa niður á steinbítsveiðinni. Bátar sem stunda steinbítsveiðar á króka á framangreindu tímabili fiska mjög lítið af öðrum fisktegundum. (í ár 1-5%)

Eftir að strandveiðikerfinu var breytt þannig að menn geta valið sér daga þá sjáum við ekkert að því að til skyndilokana geti komið yfir sumarmánuðina, við viljum vekja athygli á að síðast var lokað á handfæri við „Barðann“ fyrir 5 árum. Ef að til reglugerðarlokana koma þá vari sú reglugerð aldrei lengur en 3 mánuði og opnast þá svæðið sjálfkrafa, hægt verði þó að opna það fyrir með mælingum heimamanna og Hafró.

Hafa verður þó í huga að hér eru gerðir út um 40 stangveiðibátar fyrir ferðamenn, þeir eru með nýja áhöfn í hverri viku. Lokunum verður að haga þannig að hægt sé að framfylgja þeim á eðlilegan og sársaukalausán hátt fyrir öll fyrirtæki á svæðinu.

Á fundinum með nefndinni á Ísafirði, lögðum við áherslu á að hægt verði að fá upplýsingar um lokun svæða á einfaldan og öruggan hátt, þar kom einnig fram að svæðum geti verið lokað eftir dýpislínum frekar en beinum línum, það teljum við að sé til bóta.

Það hefur ekki komið fram mikil gagnrýni á hrygningarstoppið eins og það hefur verið framkvæmt hér á þessu svæði.

Um þessar mundir er það verðið á fiskinum sem ræður mestu í hvaða fisk menn sækja, það fæst allt að 100% herra verð fyrir stóran þorsk en smáan.

Við áskiljum okkur rétt til að fjalla frekar um tillögur nefndarinnar þegar að þær eru fullmótaðar.

Stjórn Eldingar

Ketill Elíasson, Þórður Sigurvinsson, Ásmundur Harðarson, Kristján Andri Guðjónsson, Karl Kjartansson, Páll Björnsson.

Fylgiskjal 26.**Frá stjórn Skalla, félags smábátæigenda á Norðurlandi vestra varðandi svæðalokanir fyrir krókaveiðum.**

Hér koma tillögur okkar varðandi svæðin sem smáfiskur heldur sig mest á að okkar mati.

Svæði I (við norðanverðan Skaga)

6. 66°08,00'N – 20°29,50'V
7. 66°08,00'N – 20°16,00'V
8. 66°06,20'N – 20°16,00'V
9. 66°04,00'N – 20°25,00'V
10. 66°04,00'N – 20°28,20'V

Á þessu svæði er smærri fiskur mest frá vori og fram eftir sumri.

Svæði II. (norður af Vatnsnesi)

5. 65°48,30'N – 20°50,30'V
6. 65°45,00'N – 20°51,00'V
7. 65°45,00'N – 20°48,00'V
8. 65°48,30'N – 20°47,20'V

Eins og kom fram á fundi með ykkur í starfshópnum á Hvammstanga í vetur myndu breytt viðmiðunarmörk fyrir skyndilokunum breyta miklu á þessu svæði að okkar mati.

Einkum eru það í maí og fram eftir júní sem smærri fiskur hefur verið talsvert á svæðinu enda ástand lífríkis gott og uppvaxandi fiskur víða.

Varðandi línuveiðar þar sem mikið er lagt á mismunandi dýpi myndi það breyta miklu ef dýpislínur yrðu skoðaðar og tekið tillit til þeirra varðandi lokanir.

Steinn Rögnvaldsson

Fylgiskjal 27.

Frá smábátasjóðmönnum á Borgarfirði eystra

Lokanir svæða fyrir króka og dragnótaveiðum á grunnslóð, varðar svæði 17.

Lokunar svæða út af Borgarfirði eystra og víkum.

Í óhnutsettum tillögum starfshópsins er ekki annað að sjá en gert sé ráð fyrir að loka gríðarstöru svæði út af Borgarfirði eystra og víkum sunnan Glettinganes.

Leiða má líkum að því að fjöldi skyndilokana á þessu svæði undanfarin ár sé komin til vegna þess að þetta eru mikilvæg og ein aðal fiskimið trillubáta frá Borgarfirði eystra.

Frá Borgarfirði eystra er stunduð öflug trillubátaútgerð enda uppistaða atvinnulífs á staðnum. Þar af leiðir að mjög margir róðrar eru farnir ár hvert á fyrirhugað lokunarsvæði einkum þegar ekki viðrar að róa lengra frá landi.

Teljum við að framansögðu að ekki sé hægt að fullyrða að á umræddu svæði sé smærri fiskur en annars staðar við strendur landsins.

Það er gríðarleg ábyrgð fólgin í því að leggja til að umræddu svæði eða hluta þess verði lokað fyrir veiðum þar sem slíkt hefði veruleg áhrif á útgerð og búsetu fólks á Borgarfirði eystra.

Tillögu hópsins er hér með mótmælt með ofangreindum rökum.

Verði það eigi að síður niðurstaða starfshópsins að leggja til að svæðum verði lokað fyrir veiðum hluta úr ári eða til frambúðar er það krafa okkar að fiskur sem veldur lokun verði aldursgreindur.

Smábátasjóðmenn Borgarfirði eystra

Ólafur Hallgrímsson formaður Félags smábátæigenda á Austurlandi

Fylgiskjal 28.

Frá Guðlaugi Birgissyni, stjórnarmanni í Félagi smábátæigenda á Austurlandi

Lokun veiðisvæða á Austfjörðum, varðar svæði 18

Í tillögum starfshópsins er gert ráð fyrir að loka gríðarstöru svæði út af Suðaustfjörðum. Tilurð þessara tillagna er ekki gripin úr lausu lofti því á grunnslóð Suðaustfjarða eru þekkt smáfiskasvæði. Þó er ein skekkja í tillögunum sem við heimamenn á Djúpavogi viljum koma á framfæri og fá leiðrétta, en það er lokun Berufjarðar. Eins höfum við áhyggjur af steinbítum miðum sem virðast fara inn í lokunarhólfið.

Tillögurnar eru óstaðsettar í lengd og breidd og munum við leggja til hnit fyrir syðri mörk lokunarhólfs 18.

Bein sókn í steinbít.

Ekki er annað hægt að sjá útfrá óhnutsettum tillögum starfshópsins en að öll steinbítisveiðisvæði Austfjarða lenti inn í lokunarhólfið, það er grafalvarlegt mál og mikið högg fyrir smábátáutgerð á Austurlandi ef ekki verður leyfð bein sókn í steinbít innan lokunarhólfs 18. Steinbítur veiðist á svæðinu frá miðjum febrúar til lok september.

Tilkoma reglugerðarlokunar frá árinu 2015 sem Berufjörður lenti inn í að ósekju.

Árin 2013-2015 kom ítrekað fyrir að loka þurfti veiðisvæði í minni Berufjarðar sem sjómenn kalla strandarland. Þetta svæði liggur gróflega milli Bjarnaskers, Kjöggs og Streitis þetta

veiðisvæði auk annara svæða sem liggja norður að Skrúði uppfyllti sannarlega skilyrði reglugerðarlokunar sem blasti við að setja þyrfti, og sett var á sumarið 2015.

Við upphaf strandveiðar 2015 vildi svo til að bræla var á Austfjarðamiðum og strandveiðiflotinn hélt til veiða úti með strandarlandinu og norður að Skrúð, nokkrir bátar fóru inn í Berufjörð. Við mælingar eftirlitsmanna Fiskistofu kom til skyndilokunar á strandalandið og víðar norður að Skrúð en einnig kom í fyrsta skipti til skyndilokunar í Berufirði.

Af einhverjum ástæðum var Berufjörður tekinn inn í reglugerðarlokun gegn handfæraveiðum frá Berufirði norður að Skrúði 2015. Berufjörður er ekki smáfiskasvæði, þar veiðist að meðaltali 2,5 kg til 4 kg fiskur. Til sönnunar þess bendi ég á að aðeins einu sinni á viðmiðunartímabilinu kom til skyndilokun á Berufjörð.

Hér eru okkar tillaga að syðri mörkum lokunarhólfsins
hnit 1: 64°41,00'N – 14°10,00'V
hnit 2: 64°40,00'N – 13°56,00'V

Atvinnulíf Djúpavogs hefur lent í verulegum hremmingum seinustu ár, lokun Berufjarðar væri enn einn steinn í götu okkar. Frá Djúpavogi er stunduð talsverð smábátabátaútgerð sem er eitt af hryggjarstykki atvinnulífs á staðnum. Lokun Berufjarðar hefði veruleg áhrif á smábátaútgerð á Djúpavogi og það að ósekju.

Tillögu hópsins er hér með mótmælt með ofangreindum rökum.
Guðlaugur Birgisson stjórnarmaður Félags smábátaeigenda á Austurlandi

Fylgiskjal 29.

Frá Gauta Jóhannessyni, sveitarstjóra á Djúpavogi

Undirrituðum bárust tillögur að lokunum svæða fyrir króka- og dragnótaveiðum á grunnslóð. Eftir að hafa farið yfir málið og verið í sambandi við ýmsa hagsmunaaðila, m.a. í samráði við Guðlaug Birgisson stjórnarmann í Félagi smábátaeigenda á Austurlandi, tek ég undir og geri að mínum athugasemdir hans um málið sem hann setur fram í tölvupósti til starfshópsins.

Gauti Jóhannesson

Fylgiskjal 30.

Frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (maí 2018)

SFS hafa fengið erindi nefndarinnar um ofangreint efni. Samtökunum þykir miður að þar skuli vera vikið af þeirri jákvæðu braut sem samráði um smáfiskavernd vegna krókaveiða á grunnslóð hafði áður verið mörkuð og dragnótaveiðum á síðustu stundu blandað inn í málið án þess að það væri hluti af yfirstandandi samráði nefndarinnar við SFS.

Grunnreglan hefur verið sú, að svæðum sé lokað til smáfiskaverndar fyrir þeim veiðarfærum sem leiða til háslutfalls smáfisks í afla samkvæmt mælingum. Stærðarsamsetning afla getur verið afar ólík í ólíkum veiðarfærum á sömu slóð á sama tíma og ráðist af ýmsum þáttum og eiginleikum fiskanna, veiðarfæranna og beitingu þeirra auk samspils slíkra þátta. Ekki verður því almennt talið málefnalegt að spyrða saman króka annars vegar og dragnót hins vegar þegar ákveða á um lokun tiltekinna svæða heldur væri slíkt verklag fremur undantekning en reglan.

Af þessum sökum, og með þessum rökum, telja SFS nauðsynlegt að farið sé í sams konar ferli um samráð vegna reglna um smáfisk í dragnótaafra eins og farið var í varðandi smáfisk í krókaafra.

Einnig vilja SFS spyrja hvað átt sé við með að lokanir geti talist tilraunaverkefni til allt að þriggja ára, eins kemur fram í bréfi nefndarinnar. Í hverju myndi tilraunin felast? Hvernig yrði árangurinn mældur og skráður? Hver yrði gagnsemi slíkrar tilraunastarfsemi?

SFS hefur nú þegar sett á stað samráðsferli vegna málsins með þeim sem stunda fiskveiðar með dragnót í samstarfi við Samtök dragnótamanna. Með þessu viljum við aðstoða nefndina við verk sitt með jákvæðum hætti.

Heiðmar Guðmundsson, Kristján Þórarinnsson

Fylgiskjal 31.

Frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (júní 2018)

Í bréfi starfshóps um veiðarfæri, veiðisvæði og verndunarsvæði, frá maí 2018, var óskað eftir hugmyndum heimamanna er varðar tillögugerð um svæðalokanir á grunnslóð. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) gagnrýndu strax að dragnótaveiðum vari blandað inn í málið án þess að það væri hluti af aðdraganda og yfirstandandi samráði. Í framhaldinu settu SFS, í samstarfi við Félag dragnótamanna, af stað samráðsferli með þeim sem stunda fiskveiðar með dragnót.

Þann 1. júní síðastliðinn áttu fulltrúar SFS og Samtaka dragnótamanna fund með starfshópnum þar sem upplýsingar úr samráðsferlinu voru kynntar og sjónarmið samtakanna voru reifuð. Í máli starfshópsins kom fram að ekki væri að búast við mikilli skörun lokunarsvæða við dragnótaveiðisvæði í tíma og rúmi. SFS telja þetta vera jákvæðar upplýsingar. Í þessu samhengi viljum við einnig ítreka, að grunnreglan hefur verið sú að svæðum sé eingöngu lokað til verndunar smáfisks fyrir þeim veiðarfærum þar sem hlutfall smáfisks í afla er hátt samkvæmt mælingum. Stærðarsamsetning afla getur verið afar ólík í ólíkum veiðarfærum á sömu slóð á sama tíma og ráðist af ýmsum þáttum og eiginleikum fiskanna, veiðarfæranna og beitingu þeirra auk samspils slíkra þátta. Ekki verður því almennt talið málefnalegt að spyrða saman króka annars vegar og dragnót hins vegar þegar ákveða á um lokun tiltekinna svæða heldur væri slíkt verklag fremur undantekning en reglan.

Einnig gefur það ákveðna vísbendingu að einungis ein skyndilokun hafi verið sett á dragnót undanfarið fimm ár. Á sama tímabili voru 512 skyndilokanir settar vegna línu- og handfæra.

Hér má einnig nefna að í úttekt Reiknistofu fiskmarkaða á sölu á þorski sem er veiddur með dragnót kemur fram, að 3,7% af seldum afla séu undir 2 kg og þá er undirmálsþorskur, sem er þó einungis 0,87% af heildinni, tekinn með í reikninginn.

Samtökin vilja jafnframt koma því á framfæri að „svæði“ sem eru merkt 1-18 í bréfi starfshópsins eru nánast öll veiðisvæði fyrir dragnót að einhverjum hluta og einhverjum tíma árs. Af þeim sökum óskum við eftir að fá að sjá útfærslu nefndarinnar á tillögum sínum áður en nefndin skilar beim af sér.

Samkvæmt öllu ofangreindu telja SFS mikilvægt að lokanir svæða vegna smáfisks í afla krókabáta takmarki ekki möguleika til veiði með dragnót.

Heiðmar Guðmundsson, Kristján Þórarinsson

Umsagnir varðandi stærðarmörk veiðiskipa

Fylgiskjal 32.

Umsögn Hampiðjunnar, um stærðarmörk fiskiskipa

Takk fyrir að gefa okkur tækifæri til að koma okkar skoðunum á framfæri. Varðandi stærðarmörk skipa þá höfum við ekki velt því mikið fyrir okkur og teljum að aðrir séu betur fallnir til að segja sitt álit á þeim málum.

Hins vegar ef kemur að því að ræða hvernig best sé að útfæra veiðarfærin með tilliti til gæða og stærðarflokkunar á fiski og þannig að best sé gengið um fiskistofnana þá höfum við töluvert til málanna að leggja og vildum gjarnan miðla af reynslu okkar og þekkingu á því sviði.

Bestu kveðjur
Hjörtur Erlendsson

Fylgiskjal 33.

Umsögn Farmanna og fiskimannasambands Íslands, um stærðarmörk fiskiskipa

Við höfum rætt þetta.

Okkar niðurstaða er sú að hafa ekki bein afskipti af stærðarflokkun fiskiskipa.

Farmanna & fiskimannasamband Íslands
Árni Bjarnason

Fylgiskjal 34.

Umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, um stærðarmörk fiskiskipa

Í erindi ráðuneytisins segir m.a. að starfshópi ráðherra hafi verið falið „að skoða hin ýmsu stærðarmörk veiðiskipa við mismunandi veiðar“ og fylgir með listi sem virðist (tæmandi?) samantekt úr lögum og reglugerðum þar sem stærðarmörk skipa koma fyrir. Í erindi ráðuneytisins kemur ekkert fram um fyrirætlun eða markmið með skoðun á hinum fjölmörgu ólíku stærðarmörkum sem talin eru upp né hvort og þá hvaða breytingar eru til skoðunar af hálfu ráðuneytisins og starfshópi ráðherra er ætlað að fjalla um. Þá kom fram á fundi fulltrúa SFS með starfshópnum að fulltrúum í starfshópnum væri alls ekki ljóst hvert markmiðið væri með þessari skoðun eða hvernig hann ætti að taka á erindinu.

Fyrir liggur að hin ýmsu stærðarmörk og takmarkanir sem þeim fylgja hafa orðið til og þróast á löngum tíma og er í raun „pólitísk“ niðurstaða í mörgum tilfellum í framhaldi af átökum ólíkra sjónarmiða um svæðaskiptingu og aðgengi tiltekinn skipaflokka og veiðarfæra. Þannig má halda því fram að stærðarmörkin séu liður í ákveðinni „umferðarstjórnun“ á miðunum allt í kringum landið. Þótt ef til vill megi halda því fram að vel sé hægt að framfylgja markmiðum um stjórn fiskveiða án allra stærðarmarkna skipa þá er það engu að síður mikil einföldun á flóknum raunveruleika. Ef almennt stendur til að gera breytingar á gildandi fyrirkomulagi þá er eðlilegt að það sé gert á sértækum, en ekki almennum, grunni þar sem rök eru færð fyrir breytingunum sem þá er hægt að taka efnislega afstöðu til.

Með vísan til ofangreinds verður því að telja nær ómögulegt að verða við svo víðtæku og almennu erindi þar sem óskað er eftir því að SFS viðri „viðhorf sín varðandi hin ýmsu stærðarmörk veiðiskipa við mismunandi veiðar“ án þess að nokkuð meira liggi fyrir um skoðun, tilgang eða áherslur ráðuneytisins varðandi mögulegar breytingar á gildandi stærðarmörkum.

Það er þannig vandséð hvernig Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi geta orðið við erindi ráðuneytisins nema skýrar komi fram fyrirætlun og rökstuðningur fyrir tilteknum breytingum. Að öðru leiti er vísað til fyrri erinda og rökstuðnings SFS þar sem m.a. hefur verið lagst gegn tillögu um hækkun stærðarmarkna rækjuveiðiskipa í Ísafjarðardjúpi.

Virðingarfyllt

Steinar Ingi Matthíasson

Fylgiskjal 35.

Umsögn Samtaka dragnótaveiðimanna, um stærðarmörk fiskiskipa

Samtök dragnótamanna hafa engar forsendur til að tjá sig um stærðarmörk veiðiskipa við mismunandi veiðar, sérstaklega skipa sem stunda veiðar með öðrum veiðarfærum en dragnót. Við höfum þegar gert grein fyrir afstöðu félagsmanna okkar hvað dragnótaveiðarnar varðar á fundi okkar með nefndinni í desember sl.

Við viljum þó nota tækifærið og ítreka ósk okkar um að fá rétta skilgreiningu á veiðarfærinu gagnvart lögum. Í núgildandi lögum um fiskveiðar er dragnótin skilgreind með botnvörpu, sem er allt annað veiðarfæri, og engin sérstök ákvæði er að finna um dragnótina og réttindi dragnótarmanna. Af þessum sökum hafa dragnótarveiðarnar verið stundaðar samkvæmt sérleyfum. Þannig hefur stjórn veiðanna m.a. markast af geðþótta þeirra sem stjórna hverju sinni og á síðustu árum með ómálefnalegum og óskiljanlegum breytingum og takmörkunum. Afleiðing þessa er að fækkað hefur verulega í flotanum.

Að gefnu tilefni óska Samtök dragnótamanna þess að ráðuneytið láti málefnaleg og fagleg sjónarmið ráða þegar ákvarðanir eru teknar varðandi lokanir veiðisvæða fyrir dragnótarveiðum og í sátt við þá sem veiðarnar stunda.

Samtök dragnótaveiðimanna
Friðrik G. Halldórsson

Fylgiskjal 36.

Umsögn Samtaka smærri útgerða, um stærðarmörk fiskiskipa

Samtök smærri útgerða hafa móttengið bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti frá 9. desember 2016 þar sem farið er fram á að Samtök smærri útgerða lýsi viðhorfi sínu varðandi hin ýmsu stærðarmörk veiðiskipa við mismunandi veiðar.

Samtök smærri útgerða gera ekki athugasemdir við stærðarmörk i öðrum flokkum en krókaafلامarki.

Í krókaafلامarsskerfi er leyfileg hámarksstærð báta 15 metrar og 30 brúttótonn. Samtök smærri útgerða leggja til að stærðarmörk krókaafلامarssbáta verði eingöngu miðuð við 15 metra óháð brúttótonnum enda er það þannig í flestum öðrum flokkum báta að eingöngu er miðað við lengdarmetra. Við hönnun 15 metra báta getur verið hagkvæmt að smíða þá breiðari en áður hefur verið leyfilegt til þess að auka gæði vinnslurýmis sem og vistarvera starfsmanna. Það er einnig óheppilegt að miða við ákveðna fyrirframgefna breidd við smíði báts þegar leitað er að bestu hönnun vegna sjólags.

Af sömu ástæðu gera Samtök smærri útgerða athugasemd við að leyfi til hrognkelsaveiða sé bundið við báta að 15 brúttótonnum og leggja til að miðað sé við 15 metra.

Virðingarfyllst
Bárður Guðmundsson
formaður

Fylgiskjal 37.

Umsögn Fiskistofu, um stærðarmörk fiskiskipa

Almennt tengjast stærðarmörk veiðiskipa aðferð til stýringar á úthlutun heimilda þ.e. úthlutuðu magni og tengist ekki veiðiaðferðum eða veiðisvæðum. Í einhverjum tilfellum, svo sem við friðun botndýra eða friðun viðkvæmra staðbundinna stofna, geta verndunarsjónarmið og öryggismörk verið að baki settum stærðarmörkum skipa og vísar þá Fiskistofa til Hafrannsóknastofnunar varðandi slík sjónarmið.

Fiskistofa telur ekki ástæðu til að gefa út sérveiðileyfi til að veiða tegundir sem eru í aflamarki út frá þörfum veiðieftirlits þar sem hægt er að fylgjast með veiðum og aflamagni þeirra tegunda í gegnum GAFL aflaskráningakerfi Fiskistofu. Það sama gildir um sérveiðileyfi sem eru að auki með svæðaskiptingu þar sem að veiðisvæði slíks afla eru jafnframt skráð í Gaflinn. Þó skal tekið fram að verndarsjónarmið gætu stutt útgáfu slíkra leyfa en Hafrannsóknastofnun er best til þess fallin að fjalla um þau sjónarmið.

Í fylgiskjali með erindi ráðuneytisins er upptalning á lögum og reglugerðum þar sem stærðartakmarkanir á veiðiskipum koma fyrir, hér að neðan eru tillögur Fiskistofu varðandi einstaka liði úr fylgiskjalinu:

1. Fiskveiðilandhelgin, 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.:
Fiskistofa leggur til að felld verði niður öll viðmið um aflvísa, en að notað verði lengdarmetra um stærðarmörk skipa.
2. Krókaaflamark, 1. mgr. 8. gr. reglugerð nr. 630/2016, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2016/2017.:
Fiskistofa leggur til að 15 metra viðmiði fyrir krókaaflamarksbáta verði óbreytt en felld verði út öll viðmið um brúttótonn. Með breytingunni væri einfaldað reglur sem auðvelda hagsmunaaðilum, (útgerðum/sjómönnum) og stofnunum ríkisins (Fiskistofa, Landhelgisgæsla Íslands) og ráðuneyti að rækja hlutverk sitt.
3. Grásleppuveiðar, 2. mgr. 4. gr. reglugerð nr. 202/2016, um hrognkelsaveiðar.:
Fiskistofa leggur til að felld verði niður viðmið um brúttótonn og notast verði við viðmið um 15 lengdarmetra. Stjórnun grásleppuveiða miðast við hámarksfjölda leyfa og fjölda neta við veiðarnar. Sú breyting að heimila stærri bátum að koma að veiðunum mun að mati Fiskistofu leiða af sér bætta umgengni um auðlindina og bætta aflaðferð.
4. Dragnót, 3. mgr. 3. gr. reglugerð nr. 1061/2013, um dragnótaveiðar.:
Fiskistofa leggur til að fella út viðmiðanir um aflvísa og að miðað verði einungis við metra.
5. Dragnót, 1. mgr. 3. gr. reglugerð nr. 1066/2013 um dragnótaveiðar í Faxaflóa.:
Fiskistofa leggur til að felldar verði út reglur um sérleyfi fyrir dragnót í Faxaflóa og vísar nánar til skýringa í áður gefinni umsögn til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins Tilv.: ANR15090127/11.1.3. um sérveiðileyfi.
6. 6.-8.liður: Dragnót, 1. og 2. gr. reglugerð nr. 1062/2013, um bann við dragnótaveiðum í fjörðum Vestfjarða og út af Ströndum; og Dragnót, 12. tl. 1. gr. reglugerð nr. 1063/2013, um dragnótaveiðar fyrir Norðausturlandi og Austfjörðum.:
Fiskistofa leggur til að felldar verði úr gildi allar sérreglur varðandi lengd skipa varðandi dragnótaveiðar, annað hvort væri þá dragnót heimiluð eða bönnuð á tilteknum veiðisvæðum og leggur Fiskistofa til að leitað verði til Hafrannsóknastofnunar um ráðgjöf varðandi staðsetningu leyfilegra veiðisvæða fyrir dragnót.
9. Humarveiðar, 2. mgr. 1. gr. reglugerð nr. 214/2010, um humarveiðar.:

Fiskistofa leggur til að felld verði burt ákvæði um aflvísa og að miðað verði við lengd í metrum enda afla stýrt með kvótaúthlutun. Bætt aflmeðferð fæst með stærri skipum og miðað við núverandi reglugerð eru og eru stærðarmörkin 49 metrar.

10. Úthafsækja, 3. tl. 1. gr. reglugerð nr. 396/2005, um úthafsækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.:

Fiskistofa leggur til að fella út öll stærðarmörk og aflviðmið fyrir skip við veiðarnar, enda er þeim stýrt bæði með kvótaúthlutun og svæðalokunum.

11. Innfjarðarækja, 3. gr. reglugerð nr. 258/2012, um rækjuveiðar innfjarða.:

Fiskistofa leggur til að fella út öll stærðarmörk og aflviðmið fyrir skip við veiðarnar, enda er þeim stýrt með kvótaúthlutun, svæðalokunum og togveiðiheimildum.

12. Rækjuveiðar við Snæfellsnes (Kolluáll), 2. gr. reglugerð nr. 542/2014, um veiðar á rækjustofninum á miðunum við Snæfellsnes.:

Fiskistofa leggur til að fella út öll stærðarmörk og aflviðmið fyrir skip við veiðarnar, enda er þeim stýrt bæði með kvótaúthlutun og svæðalokunum.

13. Frístundaveiðar, 2. mgr. 2. gr. reglugerð nr. 549/2009, um leyfisskyldar frístundaveiðar.:

Fiskistofa leggur ekki til sérstakar breytingar varðandi leyfisskyldar frístundaveiðar.

14. Makrill, 2. og 3. tl. 1. mgr. 2. gr. reglugerð nr. 284/2016, um stjórn makrillveiða íslenskra fiskiskipa árið 2016.:

Stærðartakmarkanir reglugerðarinnar tengjast úthlutun veiðiheimilda þ.e. úthlutuðu magni m.v. kvóta og tengist ekki veiðiaðferðum eða veiðisvæðum. Því álitur Fiskistofa að hér gildi annars konar stýring stjórnvalda. Í 2. tl. 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar er skipum skipt upp þannig að þau fá mismunandi heimildir eftir því hvort þau séu stærri eða minni en 200 BT. Í 3. tl. 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar er skipum skipt upp þannig að þau fá mismunandi heimildir eftir því hvort þau séu stærri en 2.400 BT, milli 800 og 2.400 BT eða minni en 800 BT. Auk þess ber að nefna reglugerð 786/2016 um ráðstöfun 2.000 tonna viðbótarheimilda í markíl á árinu 2016.: Þessi viðbótarúthlutun er takmörkuð við stærð skipa og veiðarfæri. Aðeins má veiða með línu- og handfærum og skipið má vera mest 15m og 30 BT og gilda því sömu skýringar Fiskistofu hér, en jafnframt gilda hér veiðarfæratáknir og vísast í því tilliti til ráðlegginga Hafrannsóknastofnunar. Til einföldunar væri hægt að hafa tvo flokka skipa eftir stærð, þá sem eru undir 15 metrum og skip stærri en 15 metrar, þá geta útgerðir fært á milli sín kvóta en útgerðir smærri báta halda sinni úthlutun innan smærri flokksins.

15. Túnfiskur, 1. mgr. 4. gr. reglugerð nr. 570/2016, um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski 2016.:

Stærðartakmarkanir í brúttótonnum vegna túnfiskveiða tryggja að skipin geti sótt afla á djúpmið, veiðarfæri taka mikið pláss auk þess sem veiðarnar eru mannaflafrekar. Fiskistofa leggur einnig til að stærðarviðmið verði sett í lengd metra í stað brúttótonnaviðmiða.

Sameina mætti reglugerðir um svæðisbundin veiðibönn t.d. eftir veiðarfærum og/eða fisktegundum. Slíkt gæti auðveldað hagsmunaaðilum (útgerðum/sjómönnum) og einnig stjórnvöldum s.s. Fiskistofu, Landhelgisgæslu Íslands og ráðuneytinu að rækja störf sín. Fiskistofa styður alla einföldun á regluverki sem miðar að skilvirkari og betri stjórnun veiða og eftirlits með þeim. Starfsfólk Fiskistofu er reiðubúið til að ræða og/eða skýra ofangreindar hugmyndir óski ráðuneytið eftir því.

F.h. Fiskistofu

Sævar Guðmundsson og Viðar Ólason

deildarstjórar veiðieftirlits Fiskistofu

Fylgiskjal 38.

Umsögn Sjómannasambands Íslands, um stærðarmörk fiskiskipa

Í bréfi dags. 9. desember 2016 fer ráðuneytið þess á leit að Sjómannasamband Íslands upplýsi um viðhorf sambandsins varðandi hin ýmsu stærðarmörk veiðiskipa við mismunandi veiðar. Er beiðni ráðuneytisins sett fram vegna starfshóps sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði í lok árs 2015 til að vinna að faglegri heildarendurskoðun á regluverki er varðar notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum. Með bréfi ráðuneytisins fylgdi listi með 15 atriðum til umfjöllunar.

Rétt er að benda á að aðild að Sjómannasambandi Íslands eiga 18 stéttarfélög sjómanna. Aðildarfélagar í þessum 18 stéttarfélögum eru hásetar, bátsmenn, netamenn, matsveinar og aðrir hásetar sem gegna öðrum stöðum um borð í fiskiskipum. Auk þess eru einnig vélstjórar aðilar að sumum aðildarfélögum Sjómannasambandsins. Hins vegar eiga skipstjórnarmenn ekki aðild að stéttarfélögum innan Sjómannasambands Íslands. Því er þekking á málefnum sem hér er til umfjöllunar minni hjá Sjómannasambandi Íslands en t.d. hjá stéttarfélögum skipstjórnarmanna og verða því svörin nokkuð lituð af því.

Varðandi ákvæði um stærðarflokkun í 5. gr. laga nr. 79/1997 eru skip flokkuð m.v. lengd og aflvísi. Aflvísir er reiknaður út frá aflí aðalvélar og síðan hefur áhrif hvort skipið er með skrófuhring eða ekki. Algengt er orðið að hægt sé að keyra afl frá ljósavél út á skrófu og mætti taka tillit til þess þegar aflvísar eru reiknaðir. Að öðru leyti tekur Sjómannasamband Íslands ekki afstöðu til þessa liðar.

Árið 2013 var lögum um stjórn fiskveiða breytt þannig að nú geta skip sem eru styttri en 15 m og undir 30 BT verið á krókaafلامarki. Áður voru það aðeins smábátar sem höfðu veiðileyfi með krókaafلامarki. Þar sem lítil munur er orðinn á krókaafلامarki annars vegar og almennu aflamarki hins vegar auk þess sem krókaafلامarkið er ekki lengur bundið við smábáta telur Sjómannasamband Íslands að breyta ætti krókaafلامarkinu í almennt aflamark.

Varðandi grásleppuna tekur Sjómannasambandið ekki afstöðu.

Varðandi dragnótina tekur Sjómannasambandið ekki afstöðu að öðru leyti en því að mikilvægt er að einhver líffræðileg rök séu fyrir takmörkunum á dragnótaveiðum. Því er mikilvægt að boð og bönn varðandi veiðar á dragnót byggist á rannsóknum.

Varðandi humarveiðar, rækjuveiðar og frístundaveiðar tekur Sjómannasamband Íslands ekki afstöðu.

Varðandi makríl og túnfiskveiðar telur Sjómannasambandið ekki þörf á breytingum frá því sem nú gildir.

Að öðru leyti vísast til samtaka skipstjórnarmanna sem þekkja þessi mál mun betur en hásetarnir.

f.h. Sjómannasambands Íslands
Hólmgeir Jónsson

Fylgiskjal 39.

Umsögn Landssambands smábátæigenda, um stærðarmörk fiskiskipa

Í upphafi þessa bréfs ítrekar LS áður senda umsögn félagsins dagsetta 6. janúar 2016. Umsögn LS byggist á fylgiblöðum bréfs ráðuneytisins dagsett 9. desember 2016 sbr. töluliði.

1. **Fiskveiðilandhelgin** - LS leggur áherslu á að skerpt verði á skilgreiningum við útreikning á aflvísi þannig að tryggt verði að allt það vélarafli sem nýtist út í skrófu viðkomandi skips mælist með.
2. **Krókaafلامark** - LS telur stærðarmörk krókaafلامarksbáta vera komin að þolmörkum. Þær viðvaranir sem LS kom með í umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða dags. 16. júní 2013 hafa því miður gengið eftir. Stærð bátanna og umfang hefur orðið til að veiðiheimildir hafa færst til báta sem eru efstir í stærðarmörkum. Aðgangur útgerða minni báta að fjármagni til kaupa á veiðiheimildum er ekki jafn greiður og þeirra sem stærstir eru.

Á 32. aðalfundi LS kom eftirfarandi fram í skýrslu framkvæmdastjóra LS um þetta málefni:

„Veiðiheimildir á færri hendur

Í júní árið 2013 ákváðu stjórnvöld að breyta stærðarviðmiðun krókaafلامarksbáta. Stærðarmörkin voru færð úr 15 brt í 30 brt þannig að lengd báts næði að 15 metrum. Ákvörðunin var gerð í óþökk Landssambandsins en að kröfu örfárra aðila, sem farið hafa í skrefum um stjórnkerfi fiskveiða án þess að byggja ákvörðun sína á hagsmunum heildarinnar. Og það sem meira er þá hafa stjórnvöld keypt kaleikinn. Tekið hagsmuni færri fram yfir heildina og þá ekki látið sig muna um að ganga þvert á yfirlýsingar sem þeir hafa gefið.

Afleiðingar þessa eru m.a. þær að gríðarlegt ójafnvægi hefur myndast milli þeirra sem eru með þessa stærri báta og hinna. Það lýsir sig einna helst í möguleikum til fyrirgreiðslu í kaupum á veiðiheimildum. Nánast ekki hlustað á menn sem eru með undir 200 tonn og vilja bæta við sig. Í umsögn LS til atvinnuveganefndar Alþingis 16. júní 2013 um stærðarmörkin segir þetta:



„LS ítrekar fyrri umsagnir sínar um sama efni og ítrekar þar sérstaklega sjónarmið sitt um að breytingar sem þessar geta leitt til óæskilegrar samþjöppunar í krókaafلامarkskerfinu og þar með einsleitari útgerðarflóru.“

Það sem LS varaði við hefur gengið eftir. Inn í krókaafلامarkið hafa komið sér fyrir stór útgerðarfyrirtæki með vinnslu sem eiga sér enga sögu í útgerð smábáta. Bátarnir gerðir út þar sem eigandinn er ekki sjálfur um borð gagnstætt því sem hefð er fyrir í smábátaútgerðinni. Veiðiheimildir nægar til að fiska 2.000 tonn. LS var um tíma bjartsýnt á að ríkisstjórnin mundi vinna gegn samþjöppun þegar fv. forsætisráðherra sagði eftirfarandi í stefnuræðu sinni 8. september 2015.:

„Í sjávarútvegi munum við leggja áherslu á að halda áfram að byggja upp fiskistofna og stuðla að aukinni verðmætasköpun en vinna um leið gegn samþjöppun í greininni og því að viðhalda störfum í byggðarlögum um allt land.“

Þróunin heldur áfram. Það eru sífellt færri bátar sem hafa aflahlutdeild sem gerir þeim kleift að gera út. En víkjum þá að þróuninni sem flæðir yfir okkur:

Fjöldi báta með hlutdeild í krókaafلامarkskerfinu er kominn niður í 277, þeim hefur fækkað um 77 frá því stækkunin var heimiluð eða um fjórðung. Á sama tíma voru 50 efstu bátarnir komnir með 80,5% samanlagða hlutdeild í þorskígildum.



Þá hefur fjöldi báta sem veiða í krókaafلامarkskerfinu fækkað um 79 á síðustu þremur fiskveiðiárum, úr 638 í 559.“

LS leggur áherslu á að afli sem veiddur er af krókaafلامarksbátum verði reiknaður til kvóta með stuðlinum 0,9. Stuðullinn skuli einnig gilda um netaveiðar. Ástæður þessa eru m.a. eftirtaldar:

- við veiðar kyrrstæðra veiðarfæra er engu rótað upp, lífverur sem þar eru skaðast ekki
- sótspor smábáta með kyrrstæð veiðarfæri er aðeins þriðjungur af því sem gerist við togveiðar
- engin mismunur er á afla sem veiðist og kemur um borð

- engar líkur á að fiskur kremjist við veiðar
3. **Grásleppuveiðar** - LS er andvígt öllum breytingum á stærðarmörkum báta sem hafa leyfi til að stunda grásleppuveiðar. Innan LS hefur verið umræða um fækkun veiðileyfa með því að heimila sameiningu þeirra. Á aðalfundi félagsins 2012 var eftirfarandi samþykkt:
- Aðalfundur LS leggur til að heimilað verði að sameina grásleppuleyfi. Við sameiningu fjölgi dögum hlutfallslega um 50%.

Sambærileg tillaga var síðan felld á aðalfundum 2014 og 2015, en kom ekki til umræðu á aðalfundinum 2016.

- 4., 5., 6., 7. og 8. tl. **Dragnót** - Það er skoðun Landssambands smábátaeigenda að dragnótaveiðar eigi einungis að heimila til veiða á flatfiski. Allt skark með dragnót á grunnsævi við beinar veiðar á bolfiski verði óheimilar. Að öðru leyti eigi á grundvelli breytinga sem gerðar hafa verið á veiðarfærinu að gilda um það sömu reglur og við togveiðar
9. **Humarveiðar** - LS leggst gegn veiðum á humri með vörpu. LS leggur til að gefinn verði þriggja ára aðlögunartími til að skipta úr humarveiðum með vörpu yfir í gildruveiðar.
10. – 13. **Úthafs-rækja, innfjarðarækja, rækjuveiðar við Snæfellsnes, frístundaveiðar** - LS gerir ekki athugasemdir við gildandi fyrirkomulag.
14. **Makrill** - Samþykktir LS varðandi makríl skora á sjávarútvegsráðherra að fella úr gildi ákvæði reglugerðar um kvótasetningu á færaveiðar. Færaveiðar smábáta verði án takmarkana þar til hlutdeild þeirra í heildarveiði verði 16%.
LS gerir ekki ágreining um núverandi stærðarmörk við færaveiðar eins og þær eru skilyrtar í reglum til umsóknar um sérstaka úthlutun aflaheimilda í makríl samkvæmt reglugerð 756/2016. Úthlutunin nái til skipa sem eru styttri en 15 metrar að mestu lengd og minni en 30 brúttó tonn að stærð og stunda veiðar með línu og handfærum.
15. **Túnfiskur** – Til þessa hefur túnfiskur verið veiddur á fjarlægum miðum, langt frá veiðislóð minni skipa. Það hefur því verið fullt tilefni til að takmarka stærð þeirra skipa sem veiðarnar stunda. Ennfremur þegar litið er til búnaðar við veiðarnar og aðstöðu til meðhöndlunar aflans.
Allt er þó hverfullt þegar fiskveiðar og meðhöndlun á fiski eru annars vegar. Líta má til annarra landa þar sem jafnvel smábátar stunda túnfiskveiðar.
Eins og staðan er í dag gerir LS ekki athugasemdir við gildandi fyrirkomulag, en áskilur sér rétt til annarra sjónarmiða gangi túnfiskur nær landi í veiðanlegu magni.

Virðingarfyllt

Axel Helgason, formaður, Örn Pálson, framkvæmdastjóri

Fylgiskjal 40.

Umsögn Hafrannsóknastofnunar, um stærðarmörk fiskiskipa

Hafrannsóknastofnun telur að takmarkanir á stærð fiskiskipa sé ekki öflugt stjórnæki við fiskveiðistjórnun. Út frá fiski- og náttúruverndarsjónarmiðum eru takmarkanir á aflamagni, úthaldi, stærð og gerð veiðarfæra, ásamt svæðalokunum hentugri til að minnka álag af völdum veiða. Á undanförmum árum hefur þróunin orðið sú að skip eru smíðuð til að rúmast innan ákveðinna skipaflokka en eru í raun mikið öflugri en eldri skip í sama stærðarflokki. Stærri skip eru yfirleitt öruggari, aðstaða áhafnar betri og vinnsla og geymsla afla auðveldari.

Í meðfylgjandi greinargerð er farið yfir þá skipaflokka sem taldir eru upp í erindi ANR og er niðurstaðan sú að Hafrannsóknastofnun telur að takmarkanir á stærð veiðiskipa séu óþarfar m.t.t. verndunar nytjastofna sem og annara þátta vistkerfisins.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna
Guðmundur Þórðarson

Greinargerð Hafrannsóknastofnunar

Takmarkanir á stærð fiskiskipa eru ekki öflug stjórnæki við fiskveiðistjórnun. Út frá fiskifræði sem og náttúruverndarsjónarmiðum eru takmarkanir á stærð og gerð veiðarfæra, ásamt svæðalokunum öflugri stjórnæki. Í mörgum tilfellum er betra að nota stærri skip til veiða þar sem orkunotkun fyrir gefin afla getur verið minni. Jafnframt er aðstaða um borð, bæði fyrir áhöfn sem fyrir vinnslu og geymslu afla oft betri í stærri skipum. Þá eru stærri skip yfirleitt öruggari en minni. Oftast hafa reglur um stærðarmörk veiðiskipa verið settar til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra ólíkra flota/útgerða en ekki út frá fiskverndarsjónarmiðum.

Athugasemdir koma hér í sömu númeraröð og er í tilvísun til reglugerða í innsendu erindi.

1. Fiskveiðilandhelgin.

Það eru engin sérstök fiskifræði eða veiðitæknilegar ástæður fyrir þessum stærðarmörkum.

Sum þeirra skipa sem eru undir gefnum mörkum geta notað öflugri veiðarfæri en stærri skip sem þurfa að vera utan við uppgefna línu. *Stutt skip (stór bátur?)*.

Í einhverjum tilfellum getur reynst nauðsynleg að beita hamlandi reglugerðum til að auðvelda notkun staðbundinna veiðarfæra en þær ættu þá að beinast að veiðarfærum fremur en að stærð báta t.d. takmarka lengd grandara, höfuðlínu og fiskilínu.




Almennt séð þá eru meira af ókynþroska fiski s.s. þorski og ýsu nær landi eða á grunnslóð. Því getur verið ástæða að stuðla að minni sókn á þeim svæðum en annarsstaðar. Botndýr eru

hinsvegar almennt betur aðlöguð náttúrulegu álagi á grunnslóð (a.m.k. fyrir opnu hafi) en þau sem finnast á meira eða miklu dýpi.

2. Krókaafmark.

Stærðarmörk krókabáta eru í litlu samhengi við veiðigetu þeirra. Það er fjöldi króka sem fara í sjó sem takmarka veiðigetu. Það eru mörg dæmi um smáa báta með vélbeitingakerfi um borð sem geta lagt margfalt fleiri króka en stærri bátar. Eftirlit með fjölda króka er einfalt, þar sem hægt er að hámarka heimild um hámarksfjölda króka um borð. Fjareftirlit er einnig mögulegt að einhverju marki þar sem lengd línulagna sést nokkuð greinilega og því hægt að áætla fjölda króka.



Við handfæraveiðar þá er það fjöldi rúlla og tími sem takmarkar veiðigetu, ef tveir bátar annar 5 metrar og hinn 50 og báðir væru með tvær handfærarúllur við veiðar, þá er allt eins víst að sá smærri myndi veiða betur.

3. Grásleppuveiðar.

Hér á það sama við og við krókabáta. Fjöldi neta er það sem takmarkar veiðigetu. Nú er farið fram á að menn landi grásleppu sem veidd er. Smáir bátar geta vitjað um færri net á dag en ef vel veiðist þyrftu þeir bátar að landa aflanum án þess að geta vitjað um öll net. Grásleppubátar verða seint mjög stórir þar sem veiðar eru gjarnan á mjög grunnu vatni. En þeir geta vel verið stærri og það gæti verið hagræði í því. Það eru engin fiskifræðileg rök fyrir stærðarmörkum grásleppubáta.

4. -8. Dragnót.

Stærðarmörk dragnótabáta eru dreginn ýmist við 20, 22, 24 eða 42 metra. Það ljóst að engin fiskifræðileg rök eru fyrir þessum stærðarmörkum enda er veiðigeta dragnótabáta í nánast engum atriðum tengd lengd þeirra. Veiðiálag dragnótar er fremur lítið hér við land og einskorðast af svæðum þar sem hægt er að nota hana. Í sumum tilfellum er dragnót nánast eina veiðarfærið sem hentar til að ná í ákveðna fiskistofna. Ef takmarka þyrfti veiðiálag af völdum dragnótar á einhverju svæði, t.d. ef um staðbundin stofn af einhverri tegund væri að ræða mætti nota aðrar aðferðir eins og veiðitímabil, fjölda kasta á tímabili, og/eða lengd tóga sem sett eru út. Lengd tóga er auðvelt í fjareftirliti þar sem hringferð báts sést vel í eftirlitsbúnaði LHG. Allt eru þetta mun markvissari verndaraðgerðir en mörk á stærð veiðiskips.

9. Humarveiðar.

Undanfarinn ár hafa humarveiðar með fótrepisvörpu breyst, bæði hafa vörpur stækkað en einnig er algengt að draga tvær eða jafnvel fleiri vörpur samtímis. Þá hefur lárétt opnun veiðarfæranna aukist án þess að auka við lengd fótrepis en þannig er flatamál veiðisvæðisins aukið. Veiðigeta humarbáta er í litlu samhengi við lengd eða vélarafli báta. Ef ástæða er fyrir því að takmarka veiðiálag ákveðinna svæða ætti fremur að setja reglur um gerð veiðarfæra og/eða loka svæðum.

10. – 12. Rækjuveiðar.

Við um rækjuveiðar gildir það sama og með dragnóta- og humarveiðar að það að takmarka stærð skipa sem stundar veiðarnar hefur lítið gildi til að takmarka veiðar. Það þarf ekki að vera neikvætt að aflamark sé tekið á skömmum tíma með öflugum skipum þar sem álag á veiðisvæði yrði e.t.v. minna. Stærð vörpunnar er oft takmarkandi þáttur á afla á togtíma. Ef hægt er að nota stærri vörpu og þá með aflmeiri skip þá gætu veiðarnar orðið hagkvæmari, bæði fjárhagslega sem og útfrá umhverfis sjónarmiðum.

13. Frístundaveiðar.

Þessar veiðar eru í dag eingöngu krókaveiðar. Svo framarlega sem veiðar eru innan aflamarks þá hefur Hafrannsóknastofnun ekki athugasemdir um þessar veiðar né stærð þeirra báta sem notaðir eru við veiðarnar.

14. Makrill.

Í þessari reglugerð er vísað til stærða skipa við úthlutun kvóta. Hafrannsóknastofnun ekki athugasemdir um stærð þeirra báta sem notaðir eru við veiðarnar.

15. Túnfiskur.

Í þessu tilfelli er sjálfsagt horft til öryggismála vegna úthafsveiða. En það eru engar athugasemdir um stærðarmörk skipa sem skipta máli frá sjónarmiðum Hafrannsóknastofnunar.

Viðauki

Vinnugagn starfshópsins. Safn reglugerða varðandi stjórn fiskveiða. Miðað við 31. ágúst 2018. Óvíst að hér sé um tæmandi talningu að ræða, reglugerðirnar eru tengdar netútgáfu (hyperlinkaðar)

REGLUGERÐIR VARÐANDI STJÓRN FISKVEIÐA

- | | |
|---|--|
| 1. Fiskveiðilandhelgin | 9. Veiðar erlendra skipa í ísl. fiskveiðilandhelgi |
| 2. Fiskveiðiárið 1. 9. 2017 – 31. 8. 2018 | 10. Fiskeldi |
| 3. Ýmsar veiðar og öflun gróðurs | 11. Hvalveiðar |
| 4. Veiðarfæri (möskvar-skiljur-möskvamælar) | 12. Eftirlit |
| 5. Svæðisbundin veiðibönn | 13. Skyndilokanir |
| 6. Vigtun / Nýting | 14. Skýrsluskil |
| 7. Uppboðsmarkaðir | 15. Verkefnasjóður sjávarútvegsins |
| 8. Veiðar utan íslenskrar lögsögu | |

Reglugerð fellur úr gildi á árinu

Reglugerð gildi fyrir síðast liðið fiskveiðiár eða almanaksár

Reglugerð gildir fyrir yfirstandandi fiskveiðiár eða almanaksár

Reglugerð gildir tímabundið á hverju ári

1. Fiskveiðilandhelgin

- Nr. 299/1975 REGLUGERÐ um fiskveiðilandhelgi Íslands.
 - Nr. 318/1979 REGLUGERÐ um breytingu á regl. nr. 299/1975.

2. Fiskveiðiárið 1. sept. 2018 - 31. ág. 2019

- Nr. 674/2018 REGLUGERÐ um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiarinu 2018/2019.
 - Nr. 776/2018 REGLUGERÐ um (1.) breyt. á regl. nr. 674/2018.
 - Nr. 789/2018 REGLUGERÐ um (2.) breyt. á regl. nr. 674/2018.
 - Nr. 793/2018 REGLUGERÐ um (3.) breyt. á regl. nr. 674/2018.
- Nr. 675/2018 REGLUGERÐ um þorskígildisstuðla samkv. 19. gr. laga nr. 116/2006, fiskveiðiárið 2018/2019.
- Nr. 681/2018 REGLUGERÐ um línuvöðun.
- Nr. 682/2018 REGLUGERÐ um sérstaka úthlutun til skel- og rækjubáta skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. 1. nr. 116/2006.
- Nr. 684/2018 REGLUGERÐ um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2018/2019.
- Nr. 685/2018 REGLUGERÐ um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2018/2019.

3. Fiskveiðiárið 1. sept. 2017 - 31. ág. 2018

- Nr. 560/2017 REGLUGERÐ um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiarinu 2017/2018.
- Nr. 607/2017 REGLUGERÐ um veiðar í atvinnuskyni 2017/2018.
 - Nr. 706/2017 REGLUGERÐ um (1.) breyt. á regl. nr. 607/2017.
 - Nr. 725/2017 REGLUGERÐ um (2.) breyt. á regl. nr. 607/2017.
 - Nr. 922/2017 REGLUGERÐ um (3.) breyt. á regl. nr. 607/2017.
 - Nr. 271/2018 REGLUGERÐ um (4.) breyt. á regl. nr. 607/2017.
 - Nr. 423/2018 REGLUGERÐ um (5.) breyt. á regl. nr. 607/2017.
- Nr. 428/2018 REGLUGERÐ um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda án vinnslu skv. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.
- Nr. 643/2016 REGLUGERÐ um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda samkvæmt 10. gr. laga nr. 116/2006.
 - Nr. 427/2018 REGLUGERÐ um (1.) breyt. á regl. nr. 643/2016.
- Nr. 602/2017 REGLUGERÐ um sérstaka úthlutun til skel- og rækjubáta skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. 1. nr. 116/2006.
- Nr. 603/2017 REGLUGERÐ um línuvöðun.
- Nr. 604/2017 REGLUGERÐ um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2017/2018.
 - Nr. 5/2018 Auglýsing (I) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.
 - Nr. 17/2018 Auglýsing (II) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.
 - Nr. 24/2018 Auglýsing (III) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.
 - Nr. 160/2018 Auglýsing (IV) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.
 - Nr. 227/2018 Auglýsing (V) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.
 - Nr. 336/2018 Auglýsing (VI) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

- g. Nr. 406/2018 Auglýsing (VII) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.
- 8. Nr. 605/2017 REGLUGERÐ um þorskígildisstuðla samkv. 19. gr. laga nr. 116/2006, fiskveiðiárið 2017/2018.
- 9. Nr. 606/2017 REGLUGERÐ um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2017/2018.
- 10. Nr. 637/2017 REGLUGERÐ um fjárhæð, álagningi og innheimtu veiðigjalds fiskveiðiárið 2017/2018.
 - a. Nr. 310/2018 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á regl. nr. 637/2017.
 - b. Nr. 683/2018 REGLUGERÐ um (2.) breytingu á regl. nr. 637/2017. (framlenging álagningar)
- 11. Nr. 696/2017 REGLUGERÐ um ráðstöfun 2.000 tonna viðbótarheimilda í makríl á árinu 2017.
- 12. Nr. 400/2018 REGLUGERÐ um sérstaka úthlutun aflaheimilda til frístundabáta.
- 13. Nr. 129/2017 REGLUGERÐ um upplýsingaöflun vegna ákvörðunar veiðigjalds.
- 14. Nr. 762/2018 REGLUGERÐ um ráðstöfun 2.000 tonna viðbótarheimildar í makríl á árinu 2018.
- 15. Nr. 790/2018 REGLUGERÐ um heimild til flutnings á allt að 100% aflamarks í humri frá fiskveiðiárinu 2017/2018 yfir á fiskveiðiárið 2018/2019.

3. Ýmsar veiðar og öflun gróðurs

- 1. Nr. 200/1975 REGLUGERÐ um takmarkaða heimild til hringnótaveiða.
- 2. Nr. 396/2005 REGLUGERÐ um úthafsækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.
 - a. Nr. 667/2005 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 396/2005.
 - b. Nr. 239/2009 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 396/2005.
 - c. Nr. 282/2009 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 396/2005.
 - d. Nr. 617/2015 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 396 /2005.
- 3. Nr. 770/2006 REGLUGERÐ um veiðar á íslenskri sumargotssíld.
 - a. Nr. 996/2007 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 770/2006.
 - b. Nr. 908/2009 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 770/2006.
 - c. Nr. 1033/2011 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 770/2006.
 - d. Nr. 813/2012 REGLUGERÐ um (9.) breytingu á reglugerð nr. 770/2006.
 - e. Nr. 634/2017 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 770/2006.
- ~~4. Nr. 611/2007 REGLUGERÐ um takmarkanir á heimild til veiða á kröbbum. (fellur úr gildi 1.sept. 2018).~~
- 5. Nr. 214/2010 REGLUGERÐ um humarveiðar.
 - a. Nr. 10/2014 REGLUGERÐ um (6.) breytingu á reglugerð nr. 214/2010.
 - b. Nr. 4/2017 REGLUGERÐ um (10.) breytingu á reglugerð nr. 214/2010.
- 6. Nr. 923/2010 REGLUGERÐ um veiðar á skötusel í net.
- 7. Nr. 807/2011 REGLUGERÐ um meðafla skipa sem stunda veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski.
- 8. Nr. 258/2012 REGLUGERÐ um rækjuveiðar innfjarða.
 - a. Nr. 865/2012 REGLUGERÐ um (3.) breytingu á reglugerð nr. 258/2012.
 - b. Nr. 540/2013 REGLUGERÐ um (7.) breytingu á reglugerð nr. 258/2012.
 - ~~c. Nr. 1148/2015 REGLUGERÐ um (13.) breytingu á reglugerð nr. 258/2012. (br.br. ákvæði til 222)~~
 - d. Nr. 384/2017 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 258/2012.
 - e. Nr. 415/2018 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 258/2012.
 - f. Nr. 431/2018 REGLUGERÐ um (19.) breytingu á reglugerð nr. 258/2012.
- 9. Nr. 470/2012 REGLUGERÐ um veiðar á lúðu.
 - a. Nr. 1028/2013 REGLUGERÐ um (2.) breytingu á reglugerð nr. 470/2012 .
- 10. Nr. 449/2013 REGLUGERÐ um búnað og frágang neta vegna veiða göngusilungs í sjó.
- 11. Nr. 795/2013 REGLUGERÐ um veiðar á sæbjúgum.
 - a. Nr. 1013/2013 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á reglugerð nr. 795/2013.
 - ~~b. Nr. 477/2014 REGLUGERÐ um (2.) breytingu á reglugerð nr. 795/2013.~~
 - c. Nr. 999/2015 REGLUGERÐ um (3.) breytingu á reglugerð nr. 795/2013.
 - ~~d. Nr. 946/2017 REGLUGERÐ um (4.) breytingu á reglugerð nr. 795/2013.~~
 - e. Nr. 424/2018 REGLUGERÐ um (5.) breytingu á reglugerð nr. 795/2013.
 - f. Nr. 736/2018 REGLUGERÐ um (6.) breytingu á reglugerð nr. 795/2013.
- 12. Nr. 1010/2013 REGLUGERÐ um veiðar á ígulkerum.
- 13. Nr. 1012/2013 REGLUGERÐ um veiðar á beitukóngi í gildrum.
- 14. Nr. 1061/2013 REGLUGERÐ um dragnótaveiðar.
- 15. Nr. 1066/2013 REGLUGERÐ um dragnótaveiðar í Faxaflóa.
 - a. Nr. 192/2014 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1066/2013.
 - b. Nr. 911/2014 REGLUGERÐ um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1066/2013.
 - c. Nr. 616/2015 REGLUGERÐ um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1066/2013.
 - d. Nr. 641/2015 REGLUGERÐ um (4.) breytingu á reglugerð nr. 1066/2013.

16. Nr. 542/2014 REGLUGERÐ um veiðar á rækjustofninum á miðunum við Snæfellsnes.
 - a. Nr. 431/2015 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á reglugerð nr. 542/2014.
- ~~17. Nr. 1070/2015 REGLUGERÐ um veiðar á kröbbum í Faxaflóa. (fellur úr gildi: 1. sept. 2018)~~
18. Nr. 382/2017 REGLUGERÐ um leyfisskyldar frístundaveiðar.
19. Nr. 456/2017 REGLUGERÐ um bann við veiðum á háfi, hámeri og beinhákarli.
20. Nr. 461/2017 REGLUGERÐ um veiðisvæði hörpudisks.
21. Nr. 462/2017 REGLUGERÐ um veiðar á gulllaxi.
22. Nr. 966/2017 REGLUGERÐ um loðnuveiðar íslenskra skipa á haust- og vetrarvertíð 2017 til 2018.
 - a. Nr. 125/20018 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á regl. nr. 966/2017.
23. Nr. 1106/2017 REGLUGERÐ um veiðar úr úthafskarfastofnum 2018.
24. Nr. 90/2018 REGLUGERÐ um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni.
25. Nr. 115/2018 REGLUGERÐ um togveiðar á kolmunna 2018.
 - a. Nr. 124/2018 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á regl. nr. 115/2018.
26. Nr. 218/2018, REGLUGERÐ um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-ísl. síldarstofninum árið 2018.
 - a. Nr. 470/2018 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á regl. nr. 218/2018.
27. Nr. 270/2018 REGLUGERÐ um hrognkelsaveiðar 2018.
 - a. Nr. 338/2018 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á regl. nr. 270/2018.
 - b. Nr. 384/2018 REGLUGERÐ um (2.) breytingu á regl. nr. 270/2018.
 - c. Nr. 416/2018 REGLUGERÐ um (3.) breytingu á regl. nr. 270/2018.
28. Nr. 351/2018 REGLUGERÐ um stjórn makrílveiða íslenskra skipa árið 2018.
 - a. Nr. 376/2018 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á regl. nr. 351/2018.
 - b. Nr. 771/2018 REGLUGERÐ um (3.) breytingu á regl. nr. 351/2018.
29. Nr. 414/2018 REGLUGERÐ um strandveiðar fiskveiðiárið 2017/2018.
30. Nr. 584/2018 REGLUGERÐ um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski 2018.
31. Nr. 671/2018 REGLUGERÐ um veiðar á kröbbum.
32. Nr. 711/2018 REGLUGERÐ um veiðar á kúfiskel.

4. Veiðarfæri (möskvastærð - búnaður - skiljur - möskvamælar)

1. Nr. 24/1998 REGLUGERÐ um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.
 - a. Nr. 992/2014 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 24/1998.
2. Nr. 739/2000 REGLUGERÐ um gerð og útbúnað smárækjuskilju.
3. Nr. 543/2002 REGLUGERÐ um möskvastærðir og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri.
 - a. Nr. 84/2003 REGLUGERÐ um breytingu á regl. 543/2002.
 - b. Nr. 412/2008 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 543/2002.
 - c. Nr. 494/2008 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 543/2002.
 - d. Nr. 432/2018 REGLUGERÐ um (6.) breytingu á reglugerð nr. 543/2002.
4. Nr. 115/2006 REGLUGERÐ um þorskfisknet.
 - a. Nr. 809/2012 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á reglugerð nr. 115/2006.
 - b. Nr. 225/2016 REGLUGERÐ um (2.) breytingu á reglugerð nr. 115/2006.
5. Nr. 724/2006 REGLUGERÐ um gerð og útbúnað smáfiskaskilju og notkun á 155 mm poka í botnvörpu.
6. Nr. 188/2014 REGLUGERÐ um gerð og útbúnað meðaflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski.

5. SVÆÐISBUNDIN VEIÐIBÖNN

1. Nr. 310/2007 REGLUGERÐ um friðunarsvæði við Ísland. (tímabundnar svæðalokanir – mörg svæði).
 - a. Nr. 752/2008 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 310/2007.
2. Nr. 732/1997 REGLUGERÐ um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyja.
3. Nr. 162/2002 REGLUGERÐ um bann við veiðum með fiskibotnvörpu suðvestur af Malarrífi.
4. Nr. 68/2003 REGLUGERÐ um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Sléttugrunni.
5. Nr. 230/2003 REGLUGERÐ um bann við línuveiðum á Kötlugrunni.
6. Nr. 311/2003 REGLUGERÐ um bann við línuveiðum við Suður- og Suðausturland.
 - a. Nr. 363/2003 REGLUGERÐ um breytingu á regl. 311/2003.
7. Nr. 202/2004 REGLUGERÐ um friðun blálöngu á hrygningartíma. (lokað 15/2.-30/4. ár hvert).
 - a. Nr. 252/2010 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 202/2004.
8. Nr. 766/2004 REGLUGERÐ um bann við rækjuveiðum norður af Rífsbanka.
9. Nr. 30/2005 REGLUGERÐ um friðun hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð (lokað 1./4.-15/5. ár hvert).
 - a. Nr. 225/2007 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 30/2005.
 - b. Nr. 380/2008 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 30/2005.

- c. Nr. 289/2010 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 30/2005.
10. Nr. 696/2005 REGLUGERÐ um bann við kolmunnaveiðum við Þórsbanka án meðaflaskilju.
- a. Nr. 771/2006 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 696/2005.
- b. Nr. 499/2017 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 696/2005.
11. Nr. 875/2005 REGLUGERÐ um bann við veiðum með fiskibotnvörpu í Víkurál.
12. Nr. 50/2006 AUGLÝSING um friðland í Surtsey.
13. Nr. 747/2006 REGLUGERÐ um bann við veiðum með fiskibotnvörpu austnorðaustur af Héraðsflóa nema notuð sé smáfiskaskilja eða 155 mm poki í botnvörpu.
14. Nr. 748/2006 REGLUGERÐ um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Glettinganesgrunni nema notuð sé smáfiskaskilja eða 155 mm poki í botnvörpu.
15. Nr. 751/2006 REGLUGERÐ um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Langanesgrunni nema notuð sé smáfiskaskilja eða 155 mm poki í botnvörpu.
16. Nr. 752/2006 REGLUGERÐ um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Rifsbanka nema notuð sé smáfiskaskilja eða 155 mm poki í botnvörpu.
17. Nr. 861/2006 REGLUGERÐ um bann við veiðum með fiskibotnvörpu norðvestur af Heimaey.
18. Nr. 193/2007 REGLUGERÐ um bann við línuveiðum á norðanverðum Breiðafirði. **(hluti opinn 15./3.-31/5. ár hvert).**
- a. Nr. 433/2008 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 193/2007.
19. Nr. 510/2007 AUGLÝSING um friðlýsingu hverastrýta á botni Eyjafjarðar, norður af Arnarnesnöfum.
20. Nr. 693/2007 REGLUGERÐ um bann við handfæraveiðum suður af Látrabjargi. **(lokað 1/6.-31/8. ár hvert).**
- a. Nr. 1076/2011 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 693/2007.
- b. Nr. 748/2014 REGLUGERÐ um (2.) breytingu á reglugerð nr. 693/2007.
21. Nr. 100/2008 REGLUGERÐ um bann við veiðum með fiskibotnvörpu í Eyrarbakkabug.
22. Nr. 810/2009 REGLUGERÐ um bann við línuveiðum á sunnanverðum Breiðafirði. .
23. Nr. 887/2009 REGLUGERÐ um bann við línuveiðum fyrir Suðausturlandi. **(lokað 1/8.-31/12. ár hvert).**
24. Nr. 110/2010 REGLUGERÐ um bann við veiðum á sæbjúgum í Faxaflóa.
25. Nr. 520/2010 REGLUGERÐ um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Álseyjarbleyðu.
26. Nr. 754/2010 REGLUGERÐ um friðun steinbíts á hrygningartíma á Látragranni **(lokað 15/9.-30/4. ár hvert).**
27. Nr. 970/2010 REGLUGERÐ um bann við línuveiðum á Húnaflóa. **(lokað 1/10.-31/5. ár hvert).**
28. Nr. 1044/2012 REGLUGERÐ um bann við línuveiðum á norðanverðum Faxaflóa. **(lokað 15/10.-15/1. ár hvert).**
29. Nr. 1062/2013 REGL. um bann við dragnótaveiðar í fjörðum Vestfjarða og út af Ströndum. **(mörg sv. og tímabil).**
- a. Nr. 755/2015 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1062/2013.
- b. Nr. 763/2017 REGLUGERÐ um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1062/2013.
30. Nr. 1063/2013 REGLUGERÐ um dragnótaveiðar fyrir Norðausturland og Austfjörðum **(mörg svæði og tímabil).**
- a. Nr. 1114/2013 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1063/2013.
- b. Nr. 756/2015 REGLUGERÐ um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1063/2013.
- c. Nr. 764/2017 REGLUGERÐ um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1063/2013.
31. Nr. 1065/2013 REGLUGERÐ um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi. **(mörg svæði, tímabil).**
- a. Nr. 797/2017 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1065/2013.
32. Nr. 709/2015 REGLUGERÐ um bann við línuveiðum á Fljótagrunni.
33. Nr. 588/2015 REGLUGERÐ um bann við handfærav. fyrir sunnanverðum Austfjörðum **(lokað 15/5.-15/7. ár hvert).**
34. Nr. 780/2015 REGLUGERÐ um bann við dragnótaveiðum fyrir Norðurlandi. **(mörg svæði og tímabil).**
- a. Nr. 762/2017 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á reglugerð nr. 780/2015.
35. Nr. 942/2016 REGLUGERÐ um verndun kóralsvæða út af Suður- og Suðausturlandi.
36. Nr. 31/2017 REGLUGERÐ um bann við veiðum á ígulkerum á veiðisvæði í innanverðum Breiðafirði.
37. Nr. 1086/2017 **REGLUGERÐ** um bann við veiðum á ígulkerum á austursvæði í innanverðum Breiðafirði **(g. til 31.8.2018)**
38. Nr. 13/2018 **REGLUGERÐ** um bann við veiðum á ígulkerum á vestursvæði í innanverðum Breiðafirði **(g. til 31.8.2018)**
39. Nr. 425/2018 **REGLUGERÐ** um bann við veiðum á sæbjúgum á veiðisvæði í Faxaflóa og úti fyrir Austurlandi **(g. til 31.8.2018)**

40. Nr. 680/2018 **REGLUGERÐ** um bann við veiðum á sæbjúgum á veiðisvæðinu við Aðalvík. (**gildir til 31.8. 2018**)
41. Nr. 733/2018 REGLUGERÐ um ótímabundið bann við veiðum á sæbjúgum í Breiðafirði.

6. Vigtun / Nýting

1. Nr. 601/1997 REGLUGERÐ um löndun á bræðslufiski erlendis.
2. Nr. 54/2003 REGLUGERÐ um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.
3. Nr. 55/2003 REGLUGERÐ, um leyfi til vinnslu afla um borð í skipum.
 - a. Nr. 1035/2015 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 55/2003.
4. Nr. 650/2007 **REGLUR** um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna. (útg. af Neytendastofu) (í 4. gr. reglugerðar nr. 224/2006, um vigtun og skráningu sjávarafla er vísað í þessa reglu.)
 - a. Nr. 20/2008 **AUGLÝSING** um breytingu á reglum nr. 650/2007.
5. Nr. 213/2010 **AUGLÝSING** um reglur um lágmarksúrtak og framkvæmd vigtunar við úrtaksvigtun.
6. Nr. 468/2013 REGLUGERÐ um nýtingu afla og aukaafurða.
7. Nr. 659/2014 REGLUGERÐ um vigtun og skráningu meðafla við veiðar á uppsjávarfiski.
8. Nr. 745/2016 REGLUGERÐ um vigtun og skráningu sjávarafla.
 - a. Nr. 1011/2017 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 745/2016.
 - b. Nr. 91/2018 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 745/2016.
 - c. Nr. 617/2018 REGLUGERÐ um (3.) breytingu á reglugerð nr. 745/2016
9. Nr. 947/2016 **AUGLÝSING** um grunnstuðla við mæl. á vinnslunýt. um borð í skipum sem vinna afla um borð.
10. Nr. 295/2018 REGLUGERÐ um skráningu afla á opinberum sjóstangaveiðimótum.

7. Uppboðsmarkaðir

1. Nr. 646/2007 REGLUGERÐ um uppboðsmarkaði sjávarafla.
 - a. Nr. 774/2007 REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 646/2007.
2. Nr. 941/2016 REGLUGERÐ um kostnað vegna sölu afla á uppboðsmarkaði.

8. Veiðar utan íslenskrar lögsögu

1. Nr. 306/1999 REGLUGERÐ um úthlutun þorskaflahlutdeildar í Barentshafi.
 - a. Nr. 397/1999 **REGLUGERÐ um breytingu á regl. nr. 306/1999.**
2. Nr. 620/2012 REGLUGERÐ um takmarkanir á veiðum ísl. skipa úr deilistofnum í lögsögu annarra ríkja.
 - a. Nr. 487/2013 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á reglugerð nr. 620/2012.
3. Nr. 431/2013 REGLUGERÐ um stjórn veiða á djúpsjávartegundum á samningssvæði NEAFC.
 - a. Nr. 339/2014 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á reglugerð nr. 431/2013.
4. Nr. 433/2013 REGLUGERÐ um stjórn veiða á samningssvæði NEAFC utan lögsögu ríkja.
 - a. Nr. 341/2014 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á reglugerð nr. 433/2013.
 - b. Nr. 611/2014 REGLUGERÐ um (2.) breytingu á reglugerð nr. 433/2013.
5. Nr. 431/2017 **REGLUGERÐ um veiðieftirlit á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar NAFO.**
6. Nr. 432/2017 REGLUGERÐ um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar NEAFC.
7. Nr. 11/2015 REGLUGERÐ um verndun kóralsvæða á samningssvæði NEAFC.
8. Nr. 175/2015 REGLUGERÐ um notkun botnveiðarf. á samningssvæði NEAFC.
9. Nr. 940/2016 REGLUGERÐ um mælingar á fiskilestum.
10. Nr. 1120/2017 **REGLUGERÐ** um veiðar ísl. skipa á Norðuríshafsporski árið 2018 innan efnahagslögsögu Noregs.
11. Nr. 256/2018 **REGLUGERÐ** um veiðar ísl. skipa á Norðuríshafsporski árið 2018 innan efnahagslögsögu Rússlands.
 - a. Nr. 409/2018 **REGLUGERÐ** um (1.) breytingu á reglugerð nr. 256/2018.

9. Veiðar erlendra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi

1. Nr. 1133/2013 REGLUGERÐ um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í ísl. fiskveiðilögsögu.
2. Nr. 1170/2013 **REGLUGERÐ um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagiöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands.**
 - a. Nr. 1032/2017 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á regl. nr. 1170/2013.
3. Nr. 1087/2017 **REGLUGERÐ** um loðnuveiðar norskra skipa í fiskveiðil. Ísl. á loðnuvertíðinni 2017/2018.
 - a. Nr. 127/2018 REGLUGERÐ um (1.) breytingu á regl. nr. 1087/2017.

4. Nr. 1088/2017 **REGLUGERÐ** um loðnuveiðar grænlenkra skipa í fiskveiðil. Ísl. á loðnuvert. 2017/2018.
 - a. Nr. 128/2018 **REGLUGERÐ** um (1.) breytingu á regl. nr. 1088/2017.
5. Nr. 1105/2017 **REGLUGERÐ** um línuveiðar norskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi 2018.
6. Nr. 97/2018 **REGLUGERÐ** um loðnuveiðar færeyskra skipa í fiskveiðil. Ísl. á loðnuvertíðinni 2017/2018.
 - a. Nr. 126/2018 **REGLUGERÐ** um (1.) breytingu á regl. nr. 97/2018.
7. Nr. 110/2018 **REGLUGERÐ** um botnfiskveiðar færeyskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi.
8. Nr. 607/2018 **REGLUGERÐ** um heimild færeyskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 2018.
9. Nr. 697/2018 **REGLUGERÐ** um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2018

10. Fiskeldi

1. Nr. 1054/2005 GJALDSKRÁ nr. 1054/2005, til innheimtu kostnaðar vegna eftirlits með eldi nytjastofna sjávar.
2. Nr. 736/2009 **REGLUGERÐ** um úthlutun aflaheimilda í þorski vegna tilrauna við föngun fisks til áframeldis og framkvæmd þess.
 - a. Nr. 10/2011 **REGLUGERÐ** um breytingu á reglugerð nr. 736/2009.
 - b. Nr. 640/2015 **REGLUGERÐ** um (2.) breytingu á reglugerð nr. 736/2009.
 - c. Nr. 642/2016 **REGLUGERÐ** um (3.) breytingu á reglugerð nr. 736/2009.
3. Nr. 401/2012 **REGLUGERÐ** um fiskeldi. (Heldur gildi gagnvart eldri leyfum)
 - a. Nr. 931/2015 **REGLUGERÐ** um breytingu á reglugerð nr. 401/2012, um fiskeldi.
4. Nr. 974/2013 GJALDSKRÁ vegna eftirlits með fiskeldisstöðvum.
5. Nr. 1170/2015 **REGLUGERÐ** um fiskeldi.
 - a. Nr. 283/2016 **REGLUGERÐ** um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1170/2015.
 - b. Nr. 93/2017 **REGLUGERÐ** um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1170/2015.
 - c. Nr. 561/2017 **REGLUGERÐ** um breytingu á reglugerð nr. 1170/2015.

11. Hvalveiðar

1. Nr. 163/1973 **REGLUGERÐ** um hvalveiðar.
 - a. Nr. 304/1973 **REGLUGERÐ** um breyting á regl. nr. 163/1973.
 - b. Nr. 239/1984 **REGLUGERÐ** um breyting á regl. nr. 163/1973.
 - c. Nr. 862/2006 **REGLUGERÐ** um breyting á regl. nr. 163/1973.
Viðauki nr. 862, 17. október 2006, við regl. nr. 163/1973.
 - d. Nr. 822/2007 **REGLUGERÐ** um breytingu á regl. nr. 163/1973.
 - e. Nr. 456/2008 **REGLUGERÐ** um breytingu á regl. nr. 163/1973.
 - f. Nr. 58/2009 **REGLUGERÐ** um breyting á regl. nr. 163/1973.
 - g. Nr. 263/2009 **REGLUGERÐ** um breyting á regl. nr. 163/1973.
 - h. Nr. 359/2009 **REGLUGERÐ** um breytingu á regl. nr. 163/1973.
 - i. Nr. 1116/2013 **REGLUGERÐ** um breyting á regl. nr. 163/1973.
 - j. Nr. 263/2014 **REGLUGERÐ** um breytingu á regl. nr. 163/1973.
2. Nr. 489/2009 **REGLUGERÐ** um vinnslu og heilbrigðiseftirlit með hvalaafurðum.
3. Nr. 528/2009 GJALDSKRÁ vegna vinnslu og heilbrigðiseftirlits með hvalaafurðum.
4. Nr. 1035/2017 **REGLUGERÐ** um bann við hvalveiðum á tilteknum svæðum.

12. Eftirlit

1. Nr. 812/1999 **REGLUGERÐ** um eftirlitsreglur hins opinbera.
2. Nr. 672/2006 **REGLUGERÐ** um vaktstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa.
 - a. Nr. 565/2009 **REGLUGERÐ** um breytingu á reglugerð nr. 672/2006.
3. Nr. 770/2008 **REGLUGERÐ** um fjareftirlit.
4. Nr. 1185/2017 GJALDSKRÁ Fiskistofu.

13. Skyndilokanir

1. Nr. 166/2008 AUGLÝSING um framkvæmd skyndilokana Hafrannsóknastofnunar.

14. Skýrsluskil

1. Nr. 994/2013 **REGLUGERÐ** um skýrsluskil vegna viðskipta með sjávarafla.
2. Nr. 746/2016 **REGLUGERÐ** um afladagbækur.
 - a. Nr. 92/2018 **REGLUGERÐ** um breytingu á regl. nr. 746/2016.

15. Verkefnasjóður sjávarútvegsins

1. Nr. 770/2011 **REGLUR** um stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og úthlutun úr sjóðnum.
Nr. 1131/2013 **REGLUR** um AVS - rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs.